

# **Forn skriðuföll á Norðurlandi**

**Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson**

Unnið fyrir Ofanflóðasjóð

NÍ-01030

Akureyri, desember 2001



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

**NÍ**Reykjavík Akureyri 

<b>Skýrsla nr</b> NÍ-01030	<b>Dags, Mán, Ár</b> 29.12.2001	<b>Dreifing</b> <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill</b> Forn skriðuföll á Norðurlandi		<b>Upplag 50</b>
		<b>Fjöldi síðna</b> 151
<b>Höfundar</b> Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson		<b>Verknúmer</b>
<b>Unnið fyrir</b> Ofanflóðasjóð		
<b>Samvinnuaðilar</b>		
<b>Útdráttur</b> Fjallað er um “forn” skriðuföll á Norðurlandi, þeim lýst og þau staðsett		
<b>Lykilorð</b> Skriðuföll, skriður og grjóthrun, grjóthrun vegna jarðskjálfta, Norðurland		<b>Yfirfarið</b>

# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b>	3
<b>STRANDASÝSLA (Hrútafjörður)</b>	4
<b>VESTUR HÚNAVATNSSÝSLA</b>	4
<b>AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLA</b>	9
<b>SKAGAFJARÐARSÝSLA</b>	34
<b>EYJAFJARÐARSÝSLA</b>	65
<b>SUÐUR ÞINGEYJARSÝSLA</b>	121
<b>NORÐUR ÞINGEYJARSÝSLA</b>	145
<b>EYJAFJARÐARSÝSLA (Grímsey)</b>	147

## Inngangur

Hér hefur verið tekið saman á á einn stað allt það efni sem við höfum fundið um forn skriðuföll á Norðurlandi, þ.e. þeim hluta Hrútafjarðar sem liggur í Strandasýslu, í báðum Húnavatnssýslum, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og báðum Þingeyjarsýslum. Er þessum upplýsingum raðað upp eftir sýslum, héraðsheitum, jörðum eða örnefnum. Gagnasöfnun þessi fór fram í tengslum við verkefni sem nefnt hefur verið „Skriðuannálar fyrri tíma“ og unnið er fyrir Ofanflóðasjóð.

Aðalheimildir okkar eru Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem tekin var saman um svæðið í byrjun 18. aldar og Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, teknar saman á árunum 1839-1874. Auk þess höfum við leitað fanga í byggða- og jarðalýsingum sem birst hafa í ýmsum tímaritum og bókum, svo sem Árbókum Ferðafélagsins, Árbókum Fornleifafélagsins, fornum annálum, ýmsum byggðalýsingum, ýmsum rit- og þjóðsagnasöfnum af Norðurlandi auk óbirtra örnefnaskráa úr Eyjafirði. Er skemmst frá því að segja gagnasafnið um forn skriðuföll á Norðurlandi er langstærst að vöxtum af þeim gagnasöfnum sem nú birtast. Má vel vera að hægt sé að skýra það að hluta með betri aðgangi að heimildum um skriðuföll á Norðurlandi. Af einhverjum ástæðum hafa t.d. sagnir um forn skriðuföll á Norðurlandi frekar ratað í forna annála en sagnir um skriðuföll annars staðar á landinu. Eflaust finnast fleiri sagnir um forn skriðuföll á Norðurlandi í þeim prentuðu heimildum sem okkur vannst ekki tími til að kanna innan ramma þessa verkefnis, og auk þess eru þær enn fleiri sem leynast í óbirtum heimildum, svo sem gömlum jarða- og fasteignamötum og örnefnaskráum.

## Strandasýsla

### Hrútafjörður

– **Fjarðarhorn:** ...Túnið hefur fordjarfast og liggur undir skemmdum af skriðu úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bæjarhreppur 1709*).

## Vestur Húnavatnssýsla

### Hrútafjörður

– **Hrútafjörður (alm.):** ...Landið hefur víða blásið upp, og leir og grjótskriður runnið á það úr brekkunum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðarsókn, 1848*).

– **Staður:** ...árnar brjóta árlega Staðarland til mikilla skemmda, og eins er hér leirrennsli úr brúninni töluvert (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðarsókn, 1848*).

– **Fallandastaðir:** ...skemmist árlega af leirlækjarrennsli (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðarsókn, 1848*).

– **Þóroddstaðir:** ...Aurar og mól falla um vortíð í leysingum á túnið, og kostar ábúandum erfiði að afvenda þeim skaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hrútafjarðarhreppur 1705*).

– **Þóroddsstaðir:** ...Leirrennsli úr brúninni skemmir hér landið tilfinnanlega á vorin og eyðir slægjum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Staðarsókn, 1848*).

– **Mýrar:** ...Túninu spillir stundum aurskriða af bæjarlæknum, og þó ekki merkilega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).

### Miðfjörður

– **Staðarbakki:** ...Engjarnar eru merkilega fordjarfaðar af vatni, sem fellur af hálsinum, en étur sig niður í engið til óbótaskemmda, ber og aurskriður með leir og mólgrjóti. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).

– **Hlíð/Huppahlíð:** ...Túninu spillir vatnságangur og skriða af ánni, og þetta hefur engið mestan part eyðilagt. ...Jarðföll spilla víða landinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).

– **Kollafoss:** ...Engjunum meinar lækjarskriða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).

- **Húkur:** ...Engið, sem best var með jörðunni, er merkilega fordjarfað af lækjarskriðu af hálsinum og svo af Vesturá. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).
  
- **Dalgeirsstaðir:** ...Túninu spillir jarðfall (skriða?) merkilega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).
  
- **Litla Tunga:** ...Landskuld er nú lx álnir, hefur áður lxx álnir verið inn til næstliðinna fjöggra ára, færðist þá skriða á völlinn og vildi ábúandinn ekki svo dýrt leigja sem áður hafði verið. ...Túnunum spillir lækjarskriða. Engjum, sem áður hafa á eyrlendinu verið, spillir grjótskriða af ánum Vesturá og Miðfjarðará á tvær síður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).
  
- **Neðri Núpur:** ...Túninu spillir lækjarskriða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).
  
- **Fremri Núpur:** ...Túnið fordjarfa lækjarskriður. Jarðföll spilla jörðunni merkilega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).
  
- **Þverá:** ...Túninu spillir skriða og verður ekki við séð. Hætt er fyrir foröðum og djújum og spilla jarðföll landi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).
  
- **Njálstaðir:** ...Annað fornt eyðiból, hefur í auðn verið yfir 200 ár kunn og ei aftur að byggjast, því skriður hafa spillt bæði túnstæði og engja. Nú er þar Þverár stekkur (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).
  
- **Hátún:** ...nýbýli, frá Neðra Núp, austan Núpalsár. ...Engjar öngvar nema í þerringslágum. Engjaflöt, sem þar fyrir neðan var, hefur skriða fordjarfað fyrir nokkrum árum og nú á ný í vetur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).
  
- **Bjargarstaðir:** ...Landskuld er nú lx álnir, og svo hefur verið í þrjú ár hin næstu, síðan skriða fordjarfaði túnið (1702). ...Tún merkilega spillt af skriðum. Hætt er bænum fyrir skriðu, því skriðan klýfst um bæinn þegar vatnagangur er. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).
  
- **Hreiðarsstaðir:** ...Högum og slægjum spilla skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).
  
- **Aðalból:** ...Túnunum spillir skriða til stórmeina, sem lækir gjöra ofan af hálsinum. Enginu spilla skriður í sama máta, þó er víðslægt og einkanlega á votlendi uppá hálsinum. Jarðföll spilla og jörðinni merkilega. ...Fyrriðið ár fyrir skriðufall og grasnám á túninu Anno 1704 þegið báðir ábúendur 20 álnir af landskuld, en nú 1705 tíu álnir af landsdrotni í því nafni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).
  
- **Skárastaðir:** ...Engjunum sem víðslæg eru í graslendisbrekkum spilla vor auralækir (skriður?). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).

- **Barkarstaðir:** ...Kolskóg hefur jörðin góðan átt, en hann er nú eyddur mest fyrir skriðum, svo varla fæst nú slóðhris eftir. ...Engjarnar fordjarfar skriða úr brattlendi árlega meir og meir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum í högum þeim, sem kallað er Barkastaðagil. Þetta er landspláss það sem skógurinn var í áður, sá er skriðurnar eyðilagt hafa. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).
- **Litli Bakki:** ...Engjunum spilla skriður af hálsinum að ofan, en Miðfjarðará að neðan. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).
- **Bjargshóll:** ...Engjar, sem áður voru, hefur grjótlækjarskriða fordjarfað og næsta því eyðilagt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Miðfjarðarhreppur 1705*).

## Vatnsnes

- **Syðsti Hvammur:** ...Túnið fordjarfar aurskriða úr Kirkjuhvammsá, og svo engi það, sem liggur næst fyrir neðan túnið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsnesshreppur 1705*).
- **Kirkjuhvammur:** ...Landskuld i c lx álnir og svo hefur verið næstliðin þrjú ár, áður voru ii c en því af slegið x aurum, að vatnsgangur og skriður spilti túni og engjum. ...Túninu spillir skriða af ánni nokkru meiri en áður getur um Syðsta-Hvamm. Enginu spilla sömu skriður, meir hér en í Syðsta-Hvammi. Enn granda aðrar skriður og jarðföll fjallhögum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsnesshreppur 1705*).
- **Helguhvammur/Kothvammur:** ...Það (engi) sem Jón yngri brúkar liggur hærra til fjallendis, en er með sama móti (votlent), þó er það nýlega spilt af stóru jarðfalli. ...Skriður og snjóflóð spilla högum og er kvikfé varla óhætt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsnesshreppur 1705*).
- **Almenningur:** ...Engjar má varla telja, og er það eitt sem í högum er barið í stórgrýtisskriðu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsnesshreppur 1705*).
- **Stapar:** ...Högunum spilla fjallskriður til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsnesshreppur 1705*).
- **Illugastaðir:** ...Fjallskriður spilla högum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsnesshreppur 1705*).
- **Geitafell:** ...Högunum spilla skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsnesshreppur 1705*).
- **Ásbjarnarstaðir:** ...Túninu spillir mýri og þó enn meir bæjarlækjarskriða og hafa ábuendur oft erfiði fyrir að ráða bót á skriðunni en tekst allmisjafnt. Hætt er jafnan að skriðan gjöri enn meiri skaða. ...Högunum er skaðavon af fjallskriðum árlega, og

spillist oftast nokkuð, en grær þó víða aftur, þar sem á votlendi eða mýrar fellur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsnesshreppur 1705*).

– **Þorgrímsstaðir:** ...Tún eru nær eyðilögð af skriðum og það hefur mest valdið að bólstaður þessi er í auðn fallinn (nýlega fyrir 1705). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsnesshreppur 1705*).

– **Katadalur:** ...Skriðuvon er og grandar hún högum, en hingað til hvorki túni né engjum. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vestara Hópshreppur 1705*).

– **Hindisvík:** ...Skriður spilla túninu sem kirkjunnar parti tilheyrir. Hætt er klausturpartinum fyrir sama skaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vestara Hópshreppur 1705*).

– **Krossanes:** ...Lækir úr fjalli grafa land og bera smáskriður, verða skriðurnar bættar en vatnsgröftur ekki. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vestara Hópshreppur 1705*).

## Vesturhóp

– **Vesturhóp (alm.):** ...Jöklar eru engir í þessu prestakalli, samt er mjög skriðuhætt í fjöllum, helst í votviðrum á móhellu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Breiðabólstaðar– og Viðidalstungusóknir, 1839*).

– **Kista:** ...hlaupa þar stundum skriður úr fjallinu í miklum rigningum og leysingum og bera grjót og leir á engið, en skriður þessa sökva að mestu, þegar frá líður, í mýrarnar og grasgróa á eftir (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Vesturhópshólasókn, 1858*).

– **Ytri-Þverá:** ...Engjum þeim er kóngsins parti fylgja, spillir áin með grjótskriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vestara Hópshreppur 1705*).

– **Syðri-Þverá:** ...Túnið er mikinn part af gamalli órækt fordjarfað, sumt í hrjósturmó, sumt í mýri komið. Líka spillir því lækjarskriða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vestara Hópshreppur 1705*).

– **Breiðabólstaður:** ...Snjóflóð spilla túni staðarins. Bæjarlækurinn spillir túninu og engjum með skriðum og hefur staðarhaldarinn oft miklu erfiði til kostað að afvenda þessu meini. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vestara Hópshreppur 1705*).

– **Breiðabólstaður:** ...Benefícium með hjálegunum Fossi og Bjarghúsum er talin 40 hndr. Þessi jörð hefur frá fornöld legið undir sandskriðuáfallum ofan úr svonefndu Sótafelli, rétt upp undan staðnum, sem hafa aftekið helming hins forna túns og borið sandhauga á hitt. Enn nú sést sprunga, nokkurra mannhæða djúp í fellinu, sem hótar máski gjörsamlegri eyðileggingu. ...Í þessum sóknarhring eru ei sjáanlega væntanleg skriðuföll – nema hér í Sótafelli. Jarðirnar hér hafa nú yfir 20 ár hvorki gengið af sér



né batnað (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Breiðabólstaðar– og Viðidalstungusóknir, 1839*).

– **Grund:** ...Sumarhagar eru mjög spilltir af skriðum. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vestara Hópshreppur 1705).

– **Böðvarshólar:** ...Ekki er óhætt fyrir snjóflóðum og hefur það til skaða komið bæði á túni og högum. Svo er högum og túni hætt fyrir skriðum og granda þær högum oftlega. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vestara Hópshreppur 1705).

– **Hörghóll:** ...Nú er sá engiteigur (í Böðvarshólalandi) af skriðum fordjarfaður, og svo grjóti af Reyðarlæk að nú sem stendur er þar af grasvon engin og óvíst hvort upp aftur vaxi. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vestara Hópshreppur 1705).

– **Urðarbak:** ...Engjatak á jörðin í Breiðabólstaðar engi, þar sem heitir Hurðarbaksteigur. Engjar eru slitiróttar nema teigurinn einn, og spillir honum skriða af Reyðarlæk. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vestara Hópshreppur 1705).

## Línakradalur

– **Þóreyjargnúpur:** Túnið fordjarfar bæjarlækurinn til merkilegs skaða með undirgreftri og jarðföllum. Hætt er bænum sjálfum fyrir þessum læk. Engjum í sama máta grandar þessi lækur með grjóti og skriðum, þó því einu, sem nær honum liggur. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsnesshreppur 1705).

– **Gauksmýri:** ...Landskuld er nú lxx álnir í næstu þrjú ár, hefur áður verið níutíu álnir en minkað fyrir þá orsök, að vatnagangur og skriður fordjarfaði tún og engjar. Túninu spillir skriða og svo engjum í sama máta, þó sekkur sá leir öðru hverju svo þá verður aftur að gagni, en þó ekki óhætt fyrir nýrri skaðavon. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsnesshreppur 1705).

– **Grafarkot:** ...Leigukúgildi eru nú iiii í næstu þrjú ár; áður voru vi og er tveimur fækað eftir bón ábúanda fyrir spjöll þau, er skriða gjörði á túni og engjum. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsnesshreppur 1705).

## Viðidalur

– **Kolugil:** ...Túninu er hætt fyrir skriðum, og hefur það af því skaða liðið, sem nú er nær því bættur. Engjarnar eru stórlega spilltar af skriðu. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Viðidalshreppur 1706).

– **Ásgeirsá:** ...skipt í 4 jarðir. ...Högunum spilla fjallsskriður. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Viðidalshreppur 1706).

– **Melrakkadalur:** ...Selstöðu, sem jörðin átti í eigin landi hafa skriður svo fordjarfað að nautahagi er eyðilagður, og verðu því ekki brúkað. Högunum er

meinhætt fyrir fjallskriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Víðidalshreppur 1706*).

– **Miðhóp:** ...Túninu spilla lækjarskriður stórlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Víðidalshreppur 1706*).

## Austur Húnavatnssýsla

### Vatnsdalur

– **Vatnsdalur (alm.):** ...Hlíðar hafa skemmst af skriðum og láglandið af vatnagangi með landbroti (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Grímsungukirkjusókn, 1844*).

– **Vatnsdalur:** ...Grímsunga, Haukagil, Saurbær, Gilá, Marðarnúpur, Guðrúnarstaðir, Vaglir, Kárdalstunga, Pórormstunga, Torfastaðir, Dalkot, Forsæludalur: ...Samt má heita milli þeirra, og flestir standa þeir undir fjalla- og hálsahlíðum, auk þeirra þriggja sem standa í ártungusporðum, sem nöfn þeirra vísa. Hagbeit þessara bæja álist betri en heyskapur, sem mjög er ringur í flestum stöðum. Flestallt undir iðulegum skriðuföllum af ám og lækjum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Grímsungukirkjusókn, 1844*).

– **Vatnsdalur:** ...Bjarnastaðir, Másstaðir, Grundarkot, Hjallaland, Hvammur, Eyjólfsstaðir, Bakki, Hof, Kötlustaðir, (Ás, Brúsastaðir, Snæringsstaðir, Undirfell, Kornsa, Gilstaðir, Flaga, Helgavatn, Hnjúkur). ...Allar ganga þær af sér fyrir sandfok, skriður, jarðföll, vatnayfirgang og uppblástur, sem sjá má þar af meðal annars, að í landnámatíð var dalurinn skógi vaxinn, en nú sér þar ekki nema í einstökum forarflóum smákvist að vestan, engan að austan (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Undirfellssókn, 1840*).

– **Helgavatn:** ...Túninu grandar lækjarskriða úr brattlendi, og er hætt við spjöllum árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neðri Vatnsdalshreppur 1713*).

– **Flaga:** ...Túninu grandar lækjarskriða úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).

– **Flaga:** ... (1783) Með apríl gjörði hláku og mikla vatnavexti svo menn mundu ekki slíkt, féllu þá skriður og skemmdu mjög tún á ýmsum bæjum í Húnavatnssýslu, svo sem á Strjúgstöðum og Litlu-Leifsstöðum, hvar þau að mestu tók af, en skemmdust á Geitisskarði, Bergstöðum og Flögu (*Djáknaannáll*).

– **Gilsstaðir:** ...Túninu grandar grjótskriða af brattlendis lækjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).

- **Kornsá:** ...Túninu grandar vatnsgangur, mýrar að neðan en leirlækir að ofan, og þverá sem hjá bænum fellur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).
- **Undirfell:** ...Túninu grandar vatnsgangur, mýrar að neðan en leirlækir að ofan, og þverá sem hjá bænum fellur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).
- **Brúsastaðir:** ...Túninu spillir skriða úr brattlendi, og lækur sem jarðföll gjörir í túninu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).
- **Saurbær:** ...Jarðföll skemma haglendi stórlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).
- **Grímstunga:** ...Túninu granda leirskriður af brattlendi. Ekki er fjárhúsi óhætt fyrir snjóflóði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).
- **Þórhallastaðir:** ...fornt eyðibýli, tilheyrir Grímstungu. Girðingarnar hafa brattlendisskriður og Vatnsdalsá eyðilagð og að manna meining aldrei bólstaður verið í 200 ár, eður lengur. Örvænt aftur að byggja, því skriður hafa töður og engjar öldungis eyðilagð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).
- **Þórhallastaðir:** ...Hinum megin (vestan) ár, gegnt Sunnuhlíð, sjást vallgrónar tættur á grænum bala í litlum hvammi. Þarna stóðu Þórhallastaðir, þar sem Grettir glímði við Glám. Hlíðin vestur og upp af bænum er allbrött, og má því með sannni segja, að skammdegi sé þar langt. Árni Magnússon segir, að bæjarstaðið sé öllum kunnugt, og haldi það enn nafninu. Girðingarnar hafi brattlendisskriður og Vatnsdalsá eyðilagð. „Þar hefur aldrei bólstaður verið í 200 ár eða lengur og skal átölulaust vera Grímstunguland um aldur og ævi (*Árbók FÍ, 1964*).
- **Forsæludalur:** ...Túninu grandar leirskriða. Engjar öngvar, nema það sem hent verður í haglendisbrekkum, og spilla smáskriður þeim árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).
- **Dalkot:** ... (hjáleiga norðan við túnið í Forsæludal) Landskuld er nú xl álnir, var áður lx og því aftur fært, að skriða fordjarfaði engið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).
- **Torfustaðir/Kot:** ...Enginu granda leirskriður úr fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).
- **Tungumúli, Kot:** ...Þá (2.–3. okt. 1887) féllu 57 skriður vestan í Tungumúlanum (framarlega í Vatnsdal) framan frá Friðmundará og út úr. Þrjár af skriðunum fóru yfir Vatnsdalsá í stórflóði og ein skriðan eyðilagði mikinn hluta túnsins í Koti (nú Sunnuhlíð). (*Bjarni Jónasson, Harðindin 1881–1887, Búsæld og barningur, (Svipir og Sagnir IV), 1955*).

– **Smiðshóll:** ...heitir örnefni í landsplássi því, sem Grímstungu er eignað millum Kots og Þóroddstungu (nú Þórarinstungu). ...Ætla menn að byggð muna hafa að fornu verið. Engin vita menn rök til þess og öngvar sjást hér girðinga né tófta leifar, og geta menn að skriða hafi það eyðilaggt. Ómögulegt er hér að byggja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).

– **Guðrúnarstaðir:** ...Túninu grandar lækjarskriða með grjóti. Ekki er kvikfé óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).

– **Guðrúnarstaðir:** ...(1825) Var rekjusamt og ógnarleg rigning nóttina 31. júlí. Féll þá stór skriða í Guðrúnarstaðahlíð úr fjallsbrún ofan í á. Var hún engri skepnu fær viku á eftir (*Brandsstaðaannáll*).

– **Gilá:** ...Túninu á þeim parti jarðarinnar, sem Giljaá heitir, granda leir- og grjótskriður úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).

– **Hof:** ...Túninu er merkilega hætt fyrir skriðu, og hefur hún á vorum dögum að miklum skaða orðið, sem nú er þó bættur, nema einn eyrirsvöllur, hann hefur skriðanaleytt. ...Enginu grandar lækjarskriða úr fjalli, og líka stundum Vatnsdalsá með grjóti og sandi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).

– **Gróustaðir:** ...Gróustaðir, heita enn skammt fyrir utan Hof. Þar hefir fallið skriða mikil (Gróustaðaskriða). Fyrir neðan hana sér fyrir óglöggum rústum, sem þó líta helst út fyrir að vera gamlir stekkir. Enda er af sögunni að ráða, að bæjarrústin geti eigi sést, því að skriðan hylji hana. (*Brynjúlfrur Jónsson, Rannsókn sögustaða í vesturhluta Húnavatnssýslu sumarið 1894, Árbók Fornleifafélagsins, 1895*).

– **Gróustaðir:** ...Gróustaðir voru norðan Hofsmela, og liggur vegurinn nú um túnið. Enn má merkja nokkrar byggðaleifar sunnan við skógræktargirðingu hreppsins. Þar mun hafa verið búið á 18. og 19. öld. Gróa sú, er kotið er kennt við, kemur við sögu í Vatnsdælu, og hafði hún það m.a. sér til ágætis að vera fjölkunnug. ...Lauk ævi Gróu svo, að hún fórst í skriðu, er þurrkaði bæinn út, og með henni allir menn er þar voru (*Sigurður J. Lindal og Stefán Á. Jónsson (ritstj.), Húnaþing III, 1989*).

– **Gróustaðir (Hof):** ...Lækur rennur úr hliðinni niður Hofstún og heitir Grjótá. Hann ber með sér aur á túnið, og stundum hafa fallið þar skriður. Gróustaða er getið í Vatnsdæla sögu nálægt Hofi og eyddist í skriðuhlaupi. Um 1700 var byggt þar hjáleigubýli frá Hofi. Nú horfið (*Árbók FÍ, 1964*).

– **Eyjólfsstaðir:** ...Í Eyjólfsstaðalandi er eyðibær, sem heitir Kárastaður. Þar er nú stekkur. ...og er sagt að bærinn hafi í fyrstu staðið þar, sem eyðibærinn Kárastaðir er, en verið síðan fluttur þangað sem nú eru Eyjólfsstaðir. Mun þar hafa þótt óhættara fyrir skriðum. Þá hefur bærinn að líkindum skipt um nafn. (*Brynjúlfrur Jónsson, Rannsókn sögustaða í vesturhluta Húnavatnssýslu sumarið 1894, Árbók Fornleifafélagsins, 1895*).

– **Hvammur:** ... (1701) Þriðjudag næstan eftir (20. sept.) kom víða um land regn ákaflegt af suðri með vindi, og gerði skaða mikinn á engjum og túnvöllum sumstaðar í norðursveitum. Hlupu þá og skriður og ein mikil á völlum að Hvammi í Vatnsdal (*Vallaannáll*).

– **Hvammur:** ... Jarðardýrleiki er sagður að fornu verið hafa lxxx og varaði það inn til þess að Guðmundur Hákonarson felldi xc af dýrleikanum, þá stórskriða hafði fordjarfað túnið, og síðan er jörðin kölluð og túnuð lxx. ... En í næstu fimm ár, síðan nýjar skriður fordjörfuðu þennan part (1701), hefur lögmaðurinn að nokkrum parti tekið í landskuld. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).

– **Hvammskot:** ... Túnin eru fordjörfuð af skriðum, hefur sá skaði nýlega aukist, og ei óhætt að meiri skaði verði. Fjallhagar jarðarinnar mestallir eru eyðilagðir af skriðum fyrir norðan bæinn. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).

– **Hvammskot:** ... Hvammskot (eyðibýli), eyddist af skriðu, yfrið nóg graslendi, ef bærinn væri fluttur (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

– **Hvammur:** ... Landsendasteinn er afar stór einstakur steinn á Landsendanum (graslendi, upp og ofan með brattanum ofan við túnið). Sú saga er um hann, að tröllskessa hafi komið fram á brúnina Hjallaklettum og kastað stafnum sínum og ætlað að henda honum í kirkjuna í Hvammi. Stafurinn brotnaði, og annar hlutinn koma þarna niður, en hinn átti að hafa verið hestasteinn í Hvammi (sögn um grjóthrun?). Enginn slíkur steinn er þar. ... Hvammsurð, í daglegu tali kölluð Urð, er snarbrött blágrýtisurð allt ofan frá Hvammsnibbuklettum og ofan að Flóa, og er hún löng út og suður. Hátt uppi í Urðinni, lítið fyrir neðan kletta, er reyniviðarhrísla nokkuð stór og hefur verið þar í marga tugi ára, eða svo hundruðum ára skiptir. Þegar afi Hallgríms kom að Hvammi 1903, var sagt að margt fólk gæti falið sig í hríslunni. Það hefur orðið henni til lífs, að Urðin er þarna ófær fyrir kindur og einnig það að ekkert hefur hrúnið úr standklettunum ofan við hrísluna, en annars er mikið grjóthrun niður í Urðina. Á sumrin heyrðust oft steinar skoppa og sást rykmökkur undan smáskriðum sem féllu. ... Vegur var í urðarjaðrinum allra neðst við Flóann, eldgamall. ... Þegar fyrri Örnefnaskrá er gerð 1940, er brúin að sökkva, því kaldavermslið er afar mikið og djúpt, eins og þar segir. Urðin hefur þá hlaupið ofan á Parti, fram yfir gamla veginn, og útlit fyrir, að enn muni hlaupa fram partur af henni. Nú er brúin komin undir nýja veginn. Hún var alltaf að síga og var sokkin. ... Holtið er mikill hávaði fyrir norðan Hvammsurð, niður undan Fossgilinu, eldgamall skriðuhryggur og framburður frá gilinu. ... Það var gróið bæði að norðan og sunnan, en háholtið var meiri skriða. (*Hallgrímur Guðjónsson, Brot úr örnefnalýsingu frá Hvammi í Vatnsdal, Húnavetningur, 1998*).

– **Hvammur, Fosskot:** ... Fosskot var niður á skriðunni og norðan Fosslækjarins. Mun þar hafa verið harðbýlt, ekki síst vegna tíðra skriðufalla. Nokkru ofar sér fyrir grjótteggjum, og var þar stekkur, sem mun hafa verið notaður fram á þessa öld (*Sigurður J. Lindal og Stefán Á. Jónsson (ritstj.), Húnaþing III, 1989*).

– **Eilíftóftir:** ... (húsmannstóttir við Hvamm, í eyði í nær 100 ár). ... Sett á þrælsgerði. Ómögulegt aftur að byggja jörðunni að skaðlausu. Þar með hefur skriða

brotið mestan hlut hins forna gerðis. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vatnsdalshreppur fremri 1706*).

– **Hjallaland:** ... (1390) Sumar hart, og spiltust mjög akrar og hey. Regn svo mikil um haustið norðanlands og löng, að enginn mundi slík undur sem þar gerðust af vatnagangur og skriðuföll. ... og bæ í Hjallalandi í Vatnsdal, og létust þar sex menn, og víða snérist um jörð (*Lögmannsannáll*). ..... (1390) Dauði Hrafns lögmanns Bótólfssonar í Lönguhlíð og húsfreyju hans með þeim kynstrum að jörðin sprakk í sundur og hljóp þar upp vatn í stofunni og sökk allur bærinn svo og kirkjan og 10 menn aðrir og en 2 bæir aðrir og margir bæir í Vatnsdal (*Gottskálksannáll*).

– **Hjallaland:** ... (1611) Þá var kallað skriðnahaust, þær féllu víða. Tók bæinn á Hjallalandi í Vatnsdal og völl nær allan (*Skarðsannáll*).

– **Hjallaland:** ... Túninu er mjög hætt fyrir skriðum, og hefur það því að stórmeini orðið. Ekki er heldur bænum óhætt fyrir fjallskriðum, hefur þó þrisvar undan skriðunum færður verið, þangað sem nú er hann síðast. Úthagar fordjarfast árlega af skriðuföllum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neðri Vatnsdalshreppur 1713*).

– **Hjallaland:** ... Allmargir fossar eru á leiðinni og nefni ég þar údafossinn Holtsfoss eða Hjallafoss vegna mikillar hæðar sinnar. Þarna eru líka margar og miklar skriður sem fallið hafa á fyrri tíð. Margt athyglisvert var mér sýnt, t.d. staðurinn þar sem bærinn Hjallaland hafði staðið. ... Árið 1390 hlupu skriður á bæinn Hjallaland og létu sex manns þá lífið (*Konrad Maurer, Íslandsferð 1858*).

– **Hjallaland:** ... Hjallaland er ein af mestu jörðum í Vatnsdal. ... Túngarðinn hlóð hann úr stógrýti og var að því í 5 ár (lokið 1875). Garðurinn var ekki aðeins ætlaður til að verjast ágangi búpenings, heldur og til varnar skriðum ofan úr fjallinu (*Páll V. G. Kolka, Jósep á Hjallalandi, Jörð, 8. árg. 1946*).

– **Hjallaland:** ... Hjallalandsbær stendur á skriðugrund norðanhallt við Hjallann, og hallar túninu hægt niður að Flóðinu. Í *Jarðabók Á.M.* segir, að bærinn hafi þrisvar verið færður undan skriðum, þangað sem nú er hann. Árið 1390, um haustið, „tók bæ allan á Hjallalandi í Vatnsdal og sex menn“ (*Árbók FÍ, 1964*).

– **Hjallaland:** ... Bærinn stendur á skriðubungu vestur frá Jörundarfelli skammt frá austustu kvísl Vatnsdalsár. ... Skriðuhætt hefir löngum verið á Hjallalandi. Tók af bæinn við skriðuhlaup 1390 (*Sigurður J. Línal og Stefán Á Jónsson (ritstj.), Húnaþing II., 1978*).

– **Grundarkot:** ... Túni er hætt fyrir skriðum, og hefur það oft erfiði kostað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neðri Vatnsdalshreppur 1713*).

– **Grundarkot:** ... Þá (2.–3. okt. 1887) féllu og skriður á túnið í Grundarkoti í Vatnsdal og eyðilögðu þar að öllu. Grundarkot var býli milli Hjallalands og Másstaða (*Bjarni Jónasson, Harðindin 1881–1887, Búsæld og barningur, (Svipir og Sagnir IV), 1955*).

– **Grundarkot:** ...Grundarkot fylgdi áður Másstöðum, en tilheyra nú Hjallalandi. Jörundur háls nefndist maður, er nam land frá Urðarvatni (sem nú nefnist Hvammstjörn) til Mógilslækjar, er skipti löndum hans og Hvata. Lækur þessi er af sumum talinn löngu týndur í skriðuföllum, en af öðrum vera lækurinn er sytrar undan skriðunni við Hnausatjörnina. Jörundur bjó að Grund undir Jörundarfelli. Trúlegast er að Hjallaland hafi byggt úr landi Grundar, en með tímanum hafi það orðið aðalbýlið, og nafn Grundar breyst í Grundarkot. Kotið eyddist í skriðu árið 1887 (*Sigurður J. Lindal og Stefán Á Jónsson (ritstj.), Húnaþing III, 1989*).

– **Másstaðir:** ...Landskuld þar af ij c í næstu 11 eður 12 ár, áður ii c; því aftur færð að skriður fordjarfaðu (1701 eða 1702). ...Túnið er fordjarfað af skriðum, og vofir sá skaði yfir jafnan, svo að hvergi er óhætt bænum né kirkjunni. Hagarnir eru af skriðum mikinn part eyðilagðir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neðri Vatnsdalshreppur 1713*).

– **Másstaðir:** ...Tún ræktað á skriðu og ræktunarskilyrði erfið. ...Másstaðir eru fornbylí frá söguöld, stórbýli til 1720 að skriðan féll (Bjarnastaðaskriða), metin þá með hjáleigum 100 hdr. Kirkjustaður öldum saman, uns kirkju tók af í snjóflóði 1811 (*Sigurður J. Lindal og Stefán Á Jónsson (ritstj.), Húnaþing II, 1978*).

– **Másstaðir:** ...Á Mástöðum var áður kirkja og kirkjugarður. Á annan dag páska árið 1811 féll snjóskriða á kirkjuna, er verið var að messa. Ekki hlaust þó manntjón af, en prestur þótti óvenju fljótur að embætta þann daginn. Kirkjan skemmdist svo mikið að ekki þótti borga sig að gera við hana. ...Pegar Bjarnastaðaskriða féll árið 1720 myndaðist Flóðið, og fóru þá geysimiklar engjar undir vatn. Mun þá stórlega hafa dregið úr landgæðum Mástaða, en auk þess hafa minni skriður dregið þar úr landgæðum, sem á nálægum jörðum (*Sigurður J. Lindal og Stefán Á Jónsson (ritstj.), Húnaþing III, 1989*).

– **Skriðukot:** ...(kot hjá vallargarðinum á Mástöðum, í eyði síðan 1702) ...En fyrir 11 árum er það af skriðum eyðilaggt, en leifar af túni og engjum lagðar til hinna parta jarðarinnar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neðri Vatnsdalshreppur 1713*).

– **Skammbainskot:** ...(hjáleiga við túngarðinn á Mástöðum, í eyði síðan 1708). ...Skriður hafa túnið fordjarfað, og því hefur það í auðn fallið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neðri Vatnsdalshreppur 1713*).

– **Steinkot:** ...(afbýli frá Mástöðum) ...Hér er ekki svo mjög við skriðum hætt sem á túnin heimabýlanna þessarar jarðar (Másstaðir), en því er hér svo lítill útigangspeningur settur á jörðina, að hagaleifarnar í fjallskriðunum eru furðulega snögglenðar og byrgjast strax ef að vetrarblotar á skyggja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neðri Vatnsdalshreppur 1713*).

– **Bjarnastaðir:** ...Túninu spilla skriður til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neðri Vatnsdalshreppur 1713*).

– **Bjarnastaðir:** ...(1720) 8. Octobris, hálfum mánuði fyrir vetur, féll ógurleg grjótskriða úr fjallinu upp frá Bjarnastöðum í Vatnsdal, og tók af bæinn og 6 menn þar inni, bóndann, konu hans og 4 aðra, og hljóp ofan í ána og stíflaði hana upp, svo eigi

mátti hún fram koma. Náði skriðan allt suður til Márstaða, og tók þar nokkuð af vellinum út frá bænum, og spillti mjög því, er eftir var. Varð af skriðu þessari og stíflan árinna skaði mikill á jörðum í dalnum báðum megin allt fram að Hvammi og Kornsa, að þær færðust mjög úr vanaleigu, svo þær kynnu byggjast (*Vallaannáll*).

...(1720) Féll undraverð skriða í Vatnsdal, og tók af bæinn Bjarnastaði, og þar inni 7 manneskjur, þar með hesta, naut og fé, sem nálægt bænum var um kveldið (10 okt.). Skriðan stíflaði upp Vatnsdalsá, og setti stór björg í farveg hennar. Reyndu menn að grafa farveg til árinna, hvað eigi varð mögulegt; varð það úr henni stöðuvatn mikið. Sögðu þá allir jörðum sínum lausum, er fyrir neðan stífluna bjuggu. Vottaði og fyrir rifu í fjallinu, sem líkast til enn mundi falla fram (*Mælifellsannáll*).

...(1720) Í þeim dal (Vatnsdal) millum 7. og 8. Aprílís hljóp skriða á bæ þann, er hét Bjarnastaðir, svo mikil, að áin stíflaðist upp og fólk flúði af næstu bæjum, fyrir það áin gekk svo hátt í hlíðar. Sex manneskjur dóu í bænum, sem skriðan tók, allmargt af fé og hestum og fólkið hulið undir skriðunni (*Hrafnagilsannáll*).

...(1720) Um haustið 1720 féll sú mikla skriða í Vatnsdal vestur eður fjallhlaup, er burt tók bæinn að Bjarnastöðum ásamt húsum, túnum etc. Urðu þar undir 6 menn með bónda og húsfreyju. Af hverju skelfilega skriðuhlaupi að stífla settist í Vatnsdalsá, svo fyrir framan gjörðist eitt stórt flóð eður stöðuvatn, sem féll upp á tún og engjar sumra Þingeyrarjarða, hvar fyrir þær í eyði lögðust, og var afturfært klaustureftirgjaldið etc. um 30 eður 20 rixdali. - (önnur frásögn úr sama annál): Þá um haustið skeði það mikla skriðu- eður fjallhlaup í Vatnsdal in Octobri, að fjallið sprakk fram yfir bæinn á Bjarnastöðum í Vatnsdal, tók burt allt, er þar var kvikt, menn og málleysingja, hús og tún gjörvalt ásamt engi því, er nálægt var. Fórust þar í 7 menn með bónda og húsfreyju. Stíflaði svo þetta mikla fjallhlaup upp Vatnsdalsá, að mikið vatnsflóð varð fyrir framan skriðuna, hvert fljót eður flóð burt tók að mestu um nokkur ár allt engjatak undan 8 Þingeyrajörðum. Hefur í því flóði fengist mikil silungsveiði (*Sjávarborgarannáll*).

...(1720) Um haustið hin mesta væta; féllu víða stórar skriður, þó sérdeilis sú stóra skriða, sem aftók bæinn í Vatnsdal, sem Bjarnastaðir hét, næsti bær við Skíðastaði, sem aftók í hinni fyrri skriðunni, sem féll Anno 1545. Skriðan, sem aftók Bjarnastaði, féll þar ofan fjallið og tók af bæinn og dó þar allt fólkið, nema einn aðkomandi maður; var sagt, að hefði út litið um nóttina og til skriðunnar séð, og sem snarast í burt hlaupið eða riðið og komist svo undan. Smalinn kom ekki heldur heim um kveldið og lifði hann, en því, í bænum var, sást ekkert eftir af neitt; en sagt var, að einn svæfill eður þægindi hefði hinumegin í hlíðinni fundist. Skriða þessi féll yfir um dalinn og upp í hlíð hinu megin, stemmdist svo upp áin, og varð hið mesta vatn frammarlega í dalnum fyrr en löngu síðar, þá hún sig einhversstaðar fram ræsti (Skriðufall þetta virðist hafa orðið nóttina milli 8. og 9. okt.). Fólkið þar í dalnum varð mjög óttaslegið, og lá við, sumt mundi úr dalnum flytja sig (*Grímsstaðaannáll*).

...(1720) Um haustið þessa árs fellur ein hræðileg skriða norður í Vatnsdal yfir þann bæ Bjarnarstaði; hvar inni dóu 5 manneskju, líka hestar, kýr og fé; það klofnaði fjallið fyrir ofan og hljóp svo grjótið yfir um dalinn og áin stemmdist, inn til þess hún tók nokkuð lítið að ræsa sig vorið eptir, og af því hún tók nokkuð lítið að ræsa sig vorið eptir, og af því hún óx og varð sem stöðuvatn svo lengi meira og meira, lá við, menn gengi frá bæjum í dalnum (*Hvammsannáll*).

...(1720) En nóttina eftir hinn 10da októbrís, hálfum mánuði fyrir vetur, féll grjótskriða ógurleg úr fjalli uppundan Bjarnastöðum í Vatnsdal, og tók af bæinn og 6 menn, var þar með bóndinn og kona hans, hljóp hún síðan í ána, og stíflaði hana, svo ei mátti framkomast, náði sú skriða suður til Márstaða, og tók þar nokkuð af velli, en spillti sumu, varð af henni, of svo stíflum þeim, er áin gjörði, mikill skaði á jörðum



beggja vegna í Dalnum, allt fram að Hvammi og Kornsó, svo leiga féll stórum (*Espólin*).

– **Bjarnastaðir:** ...Hinn 8. október 1720 skapaðist stórt stöðuvatn í Vatnsdalnum, 14 faðmar á dýpt, og hafði það aldrei verið þar fyrr. Orsökina var sú, að skriða geysimikil hljóp úr fjallinu austan dalsins og yfir hann þveran. Stíflaðist þá rennsli Vatnsdalsár að mestu, en bærinn Bjarnastaðir eyddust, og fórust þar 6 menn. Vatnið kallast Vatnsdalsflóð, og hefur það að vísu minnkað allmikið síðan af aur og sandi, sem í það berst, en engu að síður hefur þetta valdið miklu tjóni í sveitinni (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

– **Bjarnastaðir:** ...Bjarnastaðir fóru í eyði 1720. Eyddust af skriðuhlaupi. Bjarni Halldórsson sýslumaður lét byggja Bjarnastaði aftur um 1753 (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

– **Bjarnastaðir:** ...Það bar nóttina milli 10. og 11. okt. (1720), hálfum mánuði fyrir vetur, að grjótskriða ógurleg hljóp úr fjalli uppundan Bjarnastöðum í Vatnsdal. Mátti svo að kveða að springi fram öll fjallshlíðin, sem sjá má merki til. Tók hún bæinn allan og mestan eða allan hluta lands jarðarinnar, með 7 mönnum. Var þar með bóndinn, er Þorkell er nefndur og kona hans með 5 öðrum. Hún tók og hross og sauðfé er nærri var bænum og svo naut (þ.e. kýr). Hún stíflaði og Vatnsdalsá og fyllti farveg hennar grjóti og jarðbrotum, og vestanvert við ána eru grjóthaugar miklir, er mælt að séu leifar skriðunnar og kallast Vatnsdalshólar, er meiri eru líkindi þess, að leifar séum þeir annar eldi skriðu, all-ógurlegrar og finnst í Árbók að fallið hafi 1545, eru hólar þeir svo margir og þétt saman, að trautt eða ekki má telja. Eftir það rann áin í flóa að ofan, en er nú stöðuvatn, síðan hún náði aftur farveg gegnum skriðuna, þar heita Skriðuvöð, og reyndu menn til að grafa hann. Þó mun vatnið, Vatnsdalsflóð eða Flóðið, sem kallað er vera miklu minna nú. Er það nú á dögum smámsaman að grynast, að því er kunnugir menn segja, svo hólmar og sandeyrar koma upp úr því. Náði skriðan allt suður til Músstaða og tók þar nokkuð af velli, en út frá bænum spillti hún mjög. Varð af skriðu þessari og uppstíflan árinna skaði mikill í dalnum báðum megin, allt fram að Hvammi og Kornsó, að þær færðust mjög úr vanaleigu, svo byggðar yrðu. Voru það sumir ábúendur þeirra, er vildu segja þeim lausum (*Úr Húnavetningasögu Gísla Konráðssonar, Rósberg G. Snædal, Hrakfallabálkur, 1969*).

– **Bjarnastaðir:** ...Skriðurani liggur austur frá meginhólunum og framan hans er Flóðið, allstórt vatn, en grunnt. Flóðið myndaðist við skriðuhlaup það úr Vatnsdalsfjalli, og kennt hefir verið við Bjarnastaði (8.–9. okt. 1720). Tók þá af bæinn á Bjarnastöðum og heimilisfólkið fórst. Jafnframt stíflaðist áin og hin miklu og fögru engjalönd, þar sem nú er Flóðið hurfu í vatn. Sagt er að Flóðið hafi í upphafi náð fram að Kornsó. Áin braut sér svo farveg, þar sem nú heitir Skriðuvað (*Sigurður J. Línadal og Stefán Á Jónsson (ritstj.), Húnaþing II, 1978*).

– **Bjarnastaðir:** ...Bjarnastaðir eru gamalt góðbýli, metið til 40 hdr. 1713, en við skriðuna 1720 fór engi undir vatn, tún og beitiland spilltist, og jörðin fór í eyði um tíma. Enn er skriðuhætt þar (*Sigurður J. Línadal og Stefán Á Jónsson (ritstj.), Húnaþing II, 1978*).

– **Bjarnastaðir:** ...Önnur skriða féll 1720 litlu sunnar en Skíðastaðaskriða. Kallast hún Bjarnastaðaskriða. ...Skriðan féll 8. eða 9. dag októbermánaðar. Hún fór yfir bæinn á Bjarnastöðum og drap sex menn og eitthvað af skepnum. ...Niður af Sandfelli er Vörðufell, leirgulur kambur (úr líparíti). Þar átti Bjarnastaðaskriða upptök sín. ...og eru upptök skriðunnar vestan í því. Norðan við fellið (og skriðuna) er allmikið gil, sem nú kallast Hryggslækur, en var fyrrum kallað Bæjargil, enda stóð bærinn þá norðar með fjallinu. Hygg ég. Að þar sé hinn forni Mógilslækur, sem takmarkaði landnám Jörundar háls að norðan. ...Af Flathól er auðvelt að greina skriðufarið í hlíðinni úr Vörðufelli og niður að Skriðuvaði. Það er ljósleitara og móleitara en Skíðastaðaskriða, þótt skammt sé á milli. ...hún (skriðan) bar stórgrýti og aur ofan í farveg Vatnsdalsár, þar sem áður hét Hólavað, og hækkaði árbotninn, svo að stórt lón myndaðist í utanverðum Vatnsdal. Kallast það Flóðið, en vaðið á ánni heitir síðan Skriðuvað. ...Áður en Bjarnastaðaskriða féll og Flóðið myndaðist, lítur út fyrir að dalbotninn hafi verið votlent en grösugt engjaland, sem Vatnsdalsá liðaðist um. Þar hafa verið smávötn og tjarnir. Hólatjörn kallast enn undan túninu í Vatnsdalshólum. Þótt hún sé horfin í Flóðið. Fyrrum var silungsveiði frá Breiðabólstað í Kórtjörn og Breiðabólstaðartjörn, en þær hafa farið í Flóðið (*Árbók FÍ, 1964*).

– **Skíðastaðir:** ... (1545) Að áliðnu sumri engjaslátt féll skriða mikil í Vatnsdal eina nótt, á þeim bæ er Skíðastaðir heita, þar urðu XIV menn undir, og bóndinn, sá hét Sæmundur, og val vel fjáreigandi; fannst ekki í skriðunni þó leitað væri, annað en hönd Sæmundar bónda sá hin hægri, og kenndist af því að silfurbaugur var á. Svo var metið sem sú hönd skyldi fá kirkjuleg, fyrir ölmusugjafir er hún var tilhöfð. Völlur hljóp langt yfirfram á eyrar, og er nú kallað að Hnausum, þar er nú byggð og heyskapur góður; hafði vatnshlaup komið úr hrauninu og hrundið fram túni, en þar var stöðuvatn á sléttlendinu er vatnið nam staðar (*Espólin*).

... (1545) Féll mikil skriða í Vatnsdal um eina nótt að áliðnu sumri um engjasláttutíma, og tók af einn bæ, þann er Skíðastaðir hét Urðu þar undir 14 menn. Þar bjó sá maður, er Sæmundur hét, vel fjáreigandi. Ekkert fannst í því mikla skriðufalli, nema hönd hin hægri af Sæmundi bónda, og var hún auðkennd, því henni fylgdi silfurbaugur, er á fingrinum var, Vildu menn svo í þann tíma þetta ráða, að sú hans hönd skyldi fá kirkjuleg fyrir ölmusugjafir, að hann gaf alltið fátækum með henni. Völlur af Skíðastöðum hljóp yfir langt á eyrar, sem þeir kalla nú Hnausa, og er þar nú byggð og heyskapur mikill. Vatnshlaup hafði komið undan grjóthruninu (grjóthrauninu), og hratt það fram túninu, og er þar nú stöðuvatn á sléttlendinu, sem vatnið nam staða, en sú fjarlega skriða upp undan, sem nefnd er Skíðastaðaskriða nú síðan (*Skarðsannáll*).

... (1545) Féll skriða í Vatnsdal á bæ, er hét Skíðastaðir. Létust þar undir 14 menn. Túnið hljóp á Hnausa, þar á eyrarnar, þar sem nú er mesti heyskapur á frá Þingeyrum. Fannst enginn aftur, nema hægri hönd af Sæmundi bónda, sem þekktist af silfurbaug, er hann brúkaði; vildu menn svo halda þá, að hönd hans ætti kirkjulegstað að fá fyrir ölmusur hans (*Vatnsfjarðarannáll elsti*).

... (1545) Hljóp skriða í Vatnsdal og tók af Skíðastaði, urðu þar undir 14 menn um nóttina (*Gottskálksannáll*).

... (1545) Þá féll sú mikla skriða í Vatnsdal ..... og tók af einn bæ, sem hét Skíðastaðir ..... Þar bjó sá maður, er Sæmundur hét. .... (Þessi Sæmundur skyldi hafa mjög lagt í vanda að láta þjóna (vinna) á helgum dögum, og skyldi þetta skeð hafa eina mánudagsnótt. Eina dóttur gifta hafði hann átt á Suðurnesjum á Miðnesi). (*Fitjannáll*).

...(1545) Ári 1547 eða um það bil, bjuggu hjón á bæ nokkrum norðanlands, Skíðastöðum í Vatnsdal, sem áttu mikil efni í búfé og eigi síður í búsmunum. Þau unnu sér og fjölskyldu sinni á helgum dögum sem sýknum. Um haustið bar svo við að kvöldi til, á meðan sauðamaður var að reka sauði of stórgripi til beitar, að fjallið þar fyrir ofan rifnaði og kafði jarðsverði og stórgryti bæinn sjálfan og það, sem þar hafði saman safnast, ásamt allri fjölskyldunni; verksummerkin eru auðsæ fram á þenna dag. Á flatanum eða í dalnum, sem áin fellur eftir, er jörðin opin inn að iðrum, svo að hún spyr upp miklu vatnsmagni og myndar poll, sem mönnum ber enn ekki saman um, hve djúpur sé. Voru þar áður grösug engi og árbakkarnir mjög yndislegir. Sauðamaðurinn einn komst af heilu og höldnu frá ósköpum þessum, ásamt hjörð sinni (*Íslensk annálabrot*).

– **Skíðastaðir:** (í Hnausalandi, Hnausar fyrst byggðir 1711) ...Hefur hér heitið jörð til forna, sem lá undir Þingeyjarklaustur. Hana tók fjallskriða fyrir meir en hálf tann hundrað árum. Leifar af túninu sjást enn nú við sunnanverða skriðuna. Engin önnur byggðarmerki eru eftir. Segja menn svo, að tjörn sú, sem nú er kölluð Skriðutjörn, hafi þá orðið, en áður verið upp á fjallinu. Það segir og almennilegt mál, að landið, sem nú er kallað Hnausar, hafi af þeirri jarðarinnar umturnan orðið, og staðar numið á Sveinsstaða og Steinnes landi. En áður hafi Vatnsdalsá runnið þar sem nú er skriðutjörn og svo norður fyrir austan Hnausana, þar sem enn í dag er kallað Árfar en með því hræðilega skriðufalli hafi áin stíflast úr sínum forna farveg og brostið vestur á Sveinsstaða og Steinness land, þangað sem nú rennur hún. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neðri Vatnsdalshreppur 1713*).

– **Skíðastaðir:** ...Skriður valda oft miklu tjóni norðanlands, t.d. í Austurdal í Skagafirði, Norðurárdal, en einkum þó í Vatnsdal, þar sem menn hafa orðið fyrir hörmulegum áföllum af þeirra völdum. Síðasta skriðuhlaupið var þar 1720. Hefur Horebow frá því skýrt og leiðrétt missögn Andersons um sama efni. En fyrir 175 árum, eða árið 1545, féll miklu stærri skriða á sama stað. Féll skriðan á bæinn Skíðastaði og eyddi honum, en 13 manns fórust í skriðunni. Vatnshlaup hafði komið úr fjallinu, sem sprakk fram, og bar það með sér stóra landspildu og þar á meðal túnið á Skíðastöðum handan frá austurhlíð dalsins og þvert yfir hann. Á landspildu þessari stendur nú allmyndarlegt bændabýli, sem Hnausar heita (*Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–57*).

– **Skíðastaðir:** ...Við komum að Hnausum. Það var ekki fyrr enn árið 1545 að landið þar fékk þann svip sem það nú ber. Þá stóð bærinn Skíðastaðir ofar í fjallinu og bjó þar ríkur bóndi, Sæmundur að nafni. Eina nótt síðsumar féll skriða og eyðilagði bæinn. Þar fórust 14 manns, og hvorki sást tangur né tetur af þeim ef frá er talin hægri hönd Sæmundar sem þekkja mátti af silfurhring. Talið var að henni hefði hlotnast kirkjuleg greftrun vegna mildi sinnar í garð fátækra. Vatn hafði safnast í fjallinu og orsakað skriðuna. Túnið á Skíðastöðum barst niður á sendna flöt í dalnum og þar sem bærinn Hnausar stendur nú. Vatn myndaðist þar sem skriðan kom (*Konrad Maurer, Íslandsferð 1858*).

– **Skíðastaðir:** ...Um skriðufall í Vatnsdal er getið í árbókum Espólíns. Þar segir svo, árið 1545: „Að áliðnu sumri, um engjaslátt, féll skriða mikil í Vatnsdal eina nótt, á þeim bæ, er Skíðastaðir heita, þar urðu 14 menn undir ok bóndinn, sá hét Sæmundur ok var vel fjáreigandi, fannst ekki í skriðunni, þó leitað væri, annað en hönd Sæmundar bónda, sú hin hægri, og kenndist af því, að silfurbaugur var á. Svo var

metið, sem sú hönd skyldi fá kirkjuleg fyrir ölmusugjafir, er hún var til höfð. Völlur hljóp langt fram yfir eyrar, ok er nú kallað að Hnausum. Þar er nú byggð ok heyskapur góður. Hafði vatnshlaup komið úr hrauninu, ok hrundið fram túni, en þar var stöðuvatn á sléttlendinu, er vatnið nam staðar”. (*Þorvaldur Thoroddsen, Rannsóknafærðir sumarið 1888, Ferðabók II, 2. útg. 1958–60*).

– **Hnausar I:** ...Býlið er byggt í landi Skíðastaða hinna fornu, sem fóru undir skriðu 1545 og fyrst í ábúð 1711, áður nýtt frá Þingeyrum (*Sigurður J. Línal og Stefán Á. Jónsson (ritstj.), Húnaþing II, 1978*).

– **Skíðastaðir/Hnausar:** ...Byggð í Sveinsstaðahreppi austan vatna kallast í daglegu tali Austursíða. Þetta er einföld bæjaröð norðvestur af Vatnsdalsfjalli og inn með því. Hnausar standa þó niður á láglandinu, en áður fyrr voru Skíðastaðir upp í fjallshlíðinni austur frá Hnausunum. Skíðastaðaskriðan (1545) tók þann bæ af „og sprakk þá fram völlur sá sem Hnausar kallast“, segir Espólín. Eftir skriðuna var jörðin nýtt sem sel frá Þingeyrum. ...Bærinn (Hnausar) stendur framarlega á láglandinu milli Hnausatjarnar og Vatnsdalsár, á samnefndu landsvæði, litlu sunnar en móts við Skriðuskarð í Vatnsdalsfjalli. ...Býlið er byggt í landi Skíðastaða hinna fornu, sem fóru undir skriðu 1545, og fyrst í ábúð 1711, áður nýtt frá Þingeyrum (*Sigurður J. Línal og Stefán Á Jónsson (ritstj.), Húnaþing II, 1978*).

– **Skíðastaðir:** ...Skíðastaðir voru þekktir þegar á landnámsöld, en bæinn tók af í skriðu árið 1545, og voru Skíðastaðir þó nýttir af einhverju leyti sem sel fyrst á eftir. Hnausarnir, sem samnefndir bæir draga nafn sitt af, mynduðust í skriðu þessari, og má raunar segja að Skíðastaðir og Hnausar séu sami bærinn, sem hafi einungis verið færður vegna náttúruhamfara. Ýmsar þjóðsögur mynduðust í sambandi við þessa miklu skriðu, eins og svo margar aðrar, sem manntjón hlaust af. Ein þeirra segir að upp úr skriðunni hafi staðið handleggur af manni og hafi hringur mikill og fagur verið á baugfingri handarinnar. Þóttust menn þar þekkja hönd Sæmundar bónda á Skíðastöðum, og töldu að hún ætti að fá að hvíla í vígðri mold, þar eð höndin sú hefði marga ölmusuna rétt að fátæklingum. Þó voru sögurnar fleiri, er lutu að peningagræðgi bóndans, og töldu sumir skriðuna hegningu Sæmundar fyrir að láta ávallt vinna á sunnudögum. Reyndar er það augljóst að með tímanum hefur orðið nokkur ruglingur á frásögnum af Skíðastaðaskriðu og Bjarnastaðaskriðu, sem féll tæpum tveimur öldum seinna. En þó er víst, að í skriðunni fórust flestir ef ekki allir heimamenn á Skíðastöðum, og er í Skarðsannál minnst á 14 manns í því sambandi (*Sigurður J. Línal og Stefán Á Jónsson (ritstj.), Húnaþing III, 1989*).

– **Skíðastaðir/Hnausar:** ...að fyrrum stóð bær þar mitt á milli í hlíðinni, Skíðastaðir, en þeir tókust af í skriðuhlaupi árið 1545. Hefur skriðan átt upptök ofarlega í hlíðinni undan skriðuskarði í háegginni, en norðan þess er þverhnipt kletthyrna, sem heitir Hrafnaklettur. Túnið og annar jarðvegur í hlíðinni hefur flest af og steypst fram á flatlendið ásamt vatni, aurlæðu og lausagrjóti. Skriðan hefur runnið fram litlu sunnar, en þjóðvegurinn þverbeygir niður af Axlarbölum hjá Aralæk og vestur yfir sléttlendið í stefnu sunnanhalt við Sveinsstaði. Þar á miðju sléttlendinu sunnan vegar er góðbýlið Hnausar, er standa beint niður af hinum fornu Skíðastöðum. Bærinn stendur á lágum bala, og austan við hann er allstór tjörn milli túns og fjallsróta. Vatnsdalsá rann fyrrum að mestu leyti þar, sem nú er Hnausatjörn og út með Axlarböndum, en kvísl mun þó einnig hafa verið í núverandi farvegi, að minnsta kosti bendir nafnið Eylendi til þess, að kvíslar hafi runnið á báða bóga. Við skriðuhlaupið stíflaðist Vatnsdalsá og

djúp tjörn myndaðist við fjallsrætur. Er hún kölluð Skriðutjörn í Jarðabók Á.M., nú Hnausatjörn. Úr henni rennur lítil læna eftir hinum forna farvegi, sem kallast Árfarið og beygir vestur í Hnausakvísl á móts við Steinnes. Hygg ég, að sá hafi verið farvegur meginárinnar, er skriðan féll, en farvegurinn út með Axlarbölum þá þegar fylltur eðju og gróðri að mestu. Þar, sem jarðvegur úr Skíðastaðahlíð valt fram yfir sléttlendið, myndaðist kargabýfi, sem grei brátt og varð afar grasgefið, en afleitt að slá. ...Jarðvegur er mjög gljúpur undir fjallshlíðinni, og kom það vel í ljós, þegar brú var gerð á Árfarið. Þar var botnlaus eðja og ægisandur, kolsvartur. Virðist sem þungi skriðufallsins hafi ýtt og skolað burtu jarðvegi við brekkuræturnar þar, sem Hnausatjörn er nú, enda segir Jarðabókin, að tjörnin hafi myndast í skriðuhlaupinu. Hún er þó 300 – 500 m á breidd og 600 m löng. „Vorur þar áður grösug engi og árbakkar yndislegir,” segir Gísli Oddsson (í Íslenskum annálabrotum). – Jarðabókin segir líka, að skriðutjörn hafi áður verið uppi á fjallinu, enda bendir ýmislegt til þess, að mikill vatnsagi hafi fylgt skriðufallinu. Skriðueðjan hefur fallið sem foss ofan úr hlíðinni og grafið sér hyl, þar sem Hnausatjörn er nú. Það er stórgrytt í botni, en undir grjótlaginu er gljúpur jarðvegur og sandur. ...Skíðastaðaskriða féll að áliðnu sumri, og fórust þar 14 menn. Engin merki sjást bæjarins, en við norðurjaðar skriðunnar, 90 m hærra en Hnausatjörn eru greinileg tóftarbrott, um 18 m löng að innanmáli og rösir 3 m á breidd. Gætu þetta verið fjárhús frá Skíðastöðum, en kynnu einnig að hafa verið beitarhús frá Hnausum, yngri. Suður af rústunum er allmikill hvammur í skriðunni, og hefur bæjarstæðið vafalítið verið þar (*Árbók FÍ, 1964*).

– **Gullberastaðir:** (í Axlarlandi) ...Enginn kann að segja hvar þeir skuli verið hafa og öngvar sjást þar girðingar, sem byggð votti. Ætla því aðrir það muni heita Gullbergsskriða, og það vita menn, hvar hún er, svo sem önnur grjótskriða úr fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neðri Vatnsdalshreppur 1713*).

– **Gullberastaðir:** ...Í Vatndal fyrir norðan er mælt að nokkrir bæir hafi farist af skriðum, sem fallið hafa úr svokölluðu Vatnsdalsfjalli. Meðal þessara bæja er einn nefndur sem hét Gullberastaðir. Bóndadóttirin hafði haft þá venju að gefa bæjarhrafninum ætíð þegar hún borðaði. Einu sinni þegar hún eftir venju sinni rétti honum út um gluggann, það er hún ætlaði að gefa honum þá vildi krummi ekki taka við. Stúlkuna furðaði á þessu og fór út með það. Krummi kom mikið nálægt henni, en vildi þó ekki þiggja snæðinginn, lét samt einlægt líklega svo hún elti hann út í túnið nokkuð frá bænum. En þegar þau voru komin þangað þá heyrði hún miklar drunur uppi í fjallinu og allt í einu féll skriðan báðum megin við þau, en ekki við þann blett er þau stóðu á kom hún ekki. Bærinn fór af, svo krummi launaði henni þannig matinn. En orsökina hvers vegna skriðan féll ekki yfir blettinn, sem þau voru á er sagt að hafi verið sú að þegar Guðmundur biskup, einhverju sinn hefði verið á ferð þá hefði hann tjaldað á þessum blett og áður hann færi burt hefði hann vígt tjaldstaðinn, eins og hann víðar hefði verið vanur að gjöra. Þess er enn fremur getið að svo sem eftir þrjú ár, þá var smali á ferð og reið yfir skriðuna þar sem bærinn hafði staðið og skrapp hestur hans í. Smalinn fer að hugsa um þetta, og ímyndar sér það geti verið að hann hafi riðið yfir bæinn og hafi hús brotnað inn. Hann gengur því að holunni og finnur æði mikla ólykt koma upp úr henni. Hyggur hann því að kyns vera muni og hleður þar hjá vörðubrot dálítið. Þegar hann kom heim til sín sagði hann frá þessu. Var þá farið og stækkuð holan svo inn varð komist. Var þetta búið og konan í því tórandi. Átti hún að hafa verið þar þegar skriðan féll, en það brotnaði ekki því það var nýbyggt, en hún gat lifað, því þetta var um haust þegar búið var að draga að allar vistir (*Jón Árnason, Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*).

– **Gullberastaðir:** ...Gullberastaðir (Gullberustaðir) í landi Axlar eru löngu týndir. Segir sagan að þá hafi tekið af í skriðu, og fylgir nokkurn vegin samhljóða þjóðsaga og sú, er áður var sögð í sambandi við Karlstaði í Langadal. Á Gullberastöðum átti konan að hafa verið í þrjú ár í búrinu er bóndasonur nokkur, er leið átti yfir skriðurnar, varð hennar var. Í Sigurðarregistri frá 1525 er eyðibýlið Skriðubrekka nefnt, en ekki er nú vitað hvar það hefur verið. Þó má af registrinu ráða að þar hafi verið undir Vatnsdalsfjalli (*Sigurður J. Lindal og Stefán Á. Jónsson (ritstj.), Húnaþing III, 1989*).

– **Brekka:** ...Túninu hefur nýlega spillt grjótskriða úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neðri Vatnsdalshreppur 1713*).

– **Litla Giljá:** ...Túninu spillir grjóthrun úr háum mel. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Neðri Vatnsdalshreppur 1713*).

## **Svínadalur**

– **Mosfell:** ...Engjunum spillir lækjarskriða í fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínavatnshreppur 1706*).

– **Geithamrar:** ...Túnunum spillir lækjarskriða. Enginu spillir sama skriða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínavatnshreppur 1706*).

– **Snæringsstaðir:** ...Hefur þetta varað hér um xxx ár, síðan lækjarskriða fordjarfaði bæði tún og engjar. ...Ekki er túnnum óhætt fyrir lækjarskriðu, sem áður segir. Engið skemmir sama lækjarskriða, oftast nokkuð árlega og þó ei til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínavatnshreppur 1706*).

– **Hólkot:** ...forn eyðihjáleiga frá Snæringsstöðum. ...Ómögulegt er hér aftur að byggja því tún er í hrjóstur og grótskriðu komið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínavatnshreppur 1706*).

– **Hrafnabjörg:** ...Engjunum spilla leirlækir úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínavatnshreppur 1706*).

– **Rútstaðir:** ...Engjunum hefur að mestu eytt grjótskriða úr á og jarðföll af lækjum úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínavatnshreppur 1706*).

– **Holt:** ...Engjar eru í mýrlendum brekkum, sem lækir fella stundum aurskriður á. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínavatnshreppur 1706*).

– **Stóridalur:** ...Engjunum spillir leirágangur úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínavatnshreppur 1706*).

– **Svínavatn:** ...Engið er mýrlent mestan part, nema hvað grasbrekkur eru í brattri hlíð, sem aurskriður granda. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínavatnshreppur 1706*).

## Ásar

- **Stóra Búrfell:** ...Landskuld er i c og xl álnir, áður hefur verið xx álnum meira og því aftur færð, að skriða spillir túni. Túninu grandar bæjarlækjarskriða, en enginu leirskriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínavatnshreppur 1706*).
- **Hamar:** ...Enginu spilla leirskriður úr brattlendi og sandur, sem Blanda færir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínavatnshreppur 1706*).
- **Ásar:** ...Enginu grandar sandságangur úr Blöndu og leirskriður úr brekku. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínavatnshreppur 1706*).

## Blöndudalur

- **Blöndudalur (alm.):** ...Í austurhlíð dalsins endilangri sjást leifar af vörslu- og skriðugarði, sem hlaðinn er úr grjóti fyrir ofan tún og engjar, til þess að hlífa þeim við skriðuföllum úr hlíðinni. Nú er garður þessi gerfallinn. Vestan árinna meðfram Bakásu er hins vegar enginn garður, enda virðist hans ekki hafa verið þörf þar (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).
- **Guðlaugsstaðir:** ...Túninu grandar skriða, sem bæjarlækur færir og er ekki bænum óhætt fyrir læk þeim. Engið er að mestu eyðilagt af leirskriðum úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínavatnshreppur 1706*).
- **Guðlaugstaðir:** ...skriður falla stundum á túnið (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Auðkúlu- og Svínavatnssóknir, 1857).
- **Eiðsstaðir:** ...Engjunum grandar leirskriða úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínavatnshreppur 1706*).
- **Eldjárnsstaðir:** ...Engjunum spilla leirskriður úr brattlendi. Hætt er fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínavatnshreppur 1706*).
- **Eldjárnsstaðir:** ...þar er all skriðuhætt (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Blöndudalshólaprestakall, 1839).
- **Þröm:** ...Túninu spillir leirskriða úr brattlendi. Engjunum hið sama. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svínavatnshreppur 1706*).
- **Rugludalur:** ... (1697) Í Blöndudal á bæ þeim, er heitir Ugludalur (Rugludalur) hljóp á bæinn skriða; þar létust tvær konur, en barn eitt var 3 dægur í skriðunni og náðist lifandi (*Fitjaannáll*).
- **Rugludalur:** ...Leigukúgildi ii, áður fyrir ellefu árum iii, því aftur færð landskuld og fækkað kúgildum, að skriða féll á túnið og tók af því mikinn part (1697). ...Túninu grandar gil eitt, sem rennur úr snarbröttu fjalli með stórskriðuhlaupum á vetur og vor í vatnavöxtum, og hefur þessi skriða eyðilagt af vellinum yfir eða undir þriggja daga slátt. ...Hætt er bænum mjög fyrir snjóflóðum og stórskriðuhlaupum úr

gili því, sem grandar túninu, og fyrir ellefu árum tók þessi skriða bæinn allan nema tvö hús, og dóu þá í það sinn tveir menn, en fjórir komust lífs af, en þó lamaðir mjög, og þykir mönnum líklegt að sökum þessa voveiflega skaða muni þessi jörð innan skamms eyðileggast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

– **Rugludalur:** ...landgæðajörð, sæmileg til heyskapar og beitar, en undirorpin skriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Blöndudalshólaprestakall, 1839*).

– **Rugludalur:** ...Rugludalskvísl fellur norður Rugludal, og var talið að bæjarnafnið (Rugludalur) helgaðist af hinum dynjandi nið í Blöndugili og Rugludalskvísl, sem stundum ætlaði að æra menn og rugla. Þetta var 10 hndr. kot að Jarðabókarmati, en áður fyrr 16 hndr. ...Skriður og snjóflóð hafa gert þarna usla. Árið 1697 tók skriða bæinn allan nema tvö hús. Tveir menn dóu, en fjórir komust lífs af, þar á meðal barn, sem var þrjá daga í skriðunni og náðist lifandi. H. 15. maí 1876 eyðilagðist stór hluti túnsins af skriðuhlaupi. Þarna var búið fram yfir aldamót 1900 (*Árbók FÍ, 1964*).

– **Rugludalur:** ...Blöndudalsmegin í Bólstaðarhlíðarhreppi er innsta býlið Rugludalur, sem einnig hefur nefnst Ugludalur. ...Mjög er skriðuhætt í Rugludal, og er vitað til a.m.k. einu sinni hafi manntjón hlotist af, en það var árið 1697. Þá fórust tvær konur, en eitt barn náðist lifandi, eftir þrjú dægur í skriðunni. Rugludalur hélst þó í byggð fram um síðustu aldamót (*Sigurður J. Líndal og Stefán Á Jónsson (ritstj.), Húnaþing III, 1989*).

– **Selland:** ...Túninu grandar jarðföll úr brattlendi og sandur og leir sem rennur á það í vatnavöxtum. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

– **Selland:** ...skriðu- og snjóflóðasamt (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Blöndudalshólaprestakall, 1839*).

– **Bollastaðir:** ...Túninu grandar lækur úr brattlendi, sem gjört hefur grjótskriðu um þvert túnið og ónýttist því mikið stykki úr vellinum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

– **Eyvindarstaðir:** ...Túninu granda smálækir sem renna úr brattlendi og bera á völinn leir og sand til stórskaða, sem verður við varðað. Enginu grandar í sama máta smálækir úr brattlendi, sem bera á þær grjót og leir til stórskaða, sem áeykst árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

– **Austurhlíð/Eyvindarstaðagerði:** ...Þá (2.–3. okt. 1887) ...Afar mikil skriðuhlaup urðu í Blöndudal utanverðum austan ár. Milli Blöndudalshóla og Austurhlíðar, sem þá hét Eyvindarstaðagerði, féllu 28 skriður og þrjár af þeim í á ofan. Syðsta skriðan af þeim var suður undir Austurhlíð, en hinar tvær á Brandsstaðatúni. ...Upptök skriðanna voru í tvennu lagi ofarlega, en þegar neðar dró, dreifðust skriðurnar um mikið land, og mátti svo heita, að jörð öll umhverfðist á stóru svæði, og náðu sumar rennurnar alla leið í Blöndu (*Bjarni Jónasson, Harðindin 1881–1887, Búsæld og barningur, (Svipir og Sagnir IV), 1955*).



– **Brandsstaðir:** ...Þá (2.–3. okt. 1887) ...Afar mikil skriðuhlaup urðu í Blöndudal utanverðum austan ár. Milli Blöndudalshóla og Austurhlíðar, sem þá hét Eyvindarstaðagerði, féllu 28 skriður og þrjár af þeim í á ofan. Syðsta skriðan af þeim var suður undir Austurhlíð, en hinar tvær á Brandsstaðatúni. ...Á Brandsstöðum eyðilagðist túnið sunnan lækjar eiginlega með öllu, svo að af því munu ekki hafa fengist nema 4 hestar sumarið eftir. ...Upptök skriðnanna voru í tvennu lagi ofarlega, en þegar neðar dró, dreifðust skriðurnar um mikið land, og mátti svo heita, að jörð öll umhverfðist á stóru svæði, og náðu sumar rennurnar alla leið í Blöndu (*Bjarni Jónasson, Harðindin 1881–1887, Búsæld og barningur, (Svipir og Sagnir IV), 1955*).

– **Blöndudalshólar:** ...Prestsetrið er mögur bújörð og landþröng, og undirorpin jarðföllum og skriðum á tún og engjar. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

– **Blöndudalshólar:** ...Þá (2.–3. okt. 1887) ...Afar mikil skriðuhlaup urðu í Blöndudal utanverðum austan ár. Milli Blöndudalshóla og Austurhlíðar, sem þá hét Eyvindarstaðagerði, féllu 28 skriður og þrjár af þeim í á ofan. ...Skemmdir urðu einnig á túninu á Blöndudalshólum. ...Upptök skriðnanna voru í tvennu lagi ofarlega, en þegar neðar dró, dreifðust skriðurnar um mikið land, og mátti svo heita, að jörð öll umhverfðist á stóru svæði, og náðu sumar rennurnar alla leið í Blöndu (*Bjarni Jónasson, Harðindin 1881–1887, Búsæld og barningur, (Svipir og Sagnir IV), 1955*).

– **Finnstunga:** ...Úthagann blæs upp miklilega í holt og grasleysmosa, sem á eykst árleg og sumpart hlaupa í bröttum fjallbrekkum skriður og jarðföll. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarheppur 1708*).

– **Finnstunga:** ...Þá (2.–3. okt. 1887) ...Afar mikil skriðuhlaup urðu í Blöndudal utanverðum austan ár. ...Þá féllu og miklar skriður milli Finnstungutúnsins og Kotshólanna. ...Upptök skriðnanna voru í tvennu lagi ofarlega, en þegar neðar dró, dreifðust skriðurnar um mikið land, og mátti svo heita, að jörð öll umhverfðist á stóru svæði, og náðu sumar rennurnar alla leið í Blöndu (*Bjarni Jónasson, Harðindin 1881–1887, Búsæld og barningur, (Svipir og Sagnir IV), 1955*).

## Svartárdalur

– **Svartárdalur (alm.):** ...Árlega gengur þetta land af sér, svo vel niður í dalnum sjálfum, þegar áin er í vexti og ruðningi vetur og vor, sem hið efra til fjallsins, af skriðum, skurðum og landbrotum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Bergstaða- og Bólstaðarhlíðarsóknir, 1841*).

– **Skeggsstaðir:** ...Túninu grandar skriða úr gili, sem rennur úr snarbröttu fjalli, og hefur þessi skriða tekið mikinn part af vellinum sem nú er grjótskriða. Engjar eru að mestu eyðilagðar fyrir skriðum úr brattlendi, og smálækjum, sem borið hafa á þær grjót og sand. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarheppur 1708*).

– **Steiná:** ...Engjar eru allar eyðilagðar fyrir vatnagangi og leirs og grjóts skriðum og sumpart jarðföllum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

– **Hóll:** ...Engjar eru að mestu eyðilagðar fyrir landbroti af öðrum læk, og grjóts og sands áburði, og er ei annað slægjuland heldur en það lítið sem skorið verður með smáblettum innan úr þessum skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

– **Kúfustaðir/Kúastaðir:** ...Engjar eru að mestu eyðilagðar fyrir smálækjum og skriðum úr snarbröttu fjalli, sem áeykst árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

– **Kúfustaðir:** ...Þeir eru vænni bæjarleið norðan Stafns. Þar er ekki íbúðarhús og hefur bóndinn heimili sitt í Stafni. Nokkuð er þar harðlent og aðkreppt af Svartárdalfjalli. Túnið er ræktað af vallendisgrund og að nokkru af uppgróinni skriðu (*Sigurður J. Lindal og Stefán Á. Jónsson (ritstj.), Húnaþing II, 1978*).

– **Hvammur:** ...Enginu grandar grjóthrun og leir, grjót og sandur, sem smálækir bera á engið úr snarbröttu fjalli, sem áeykst árlega. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

– **Skottastaðir:** ...Túninu grandar leirskriður og vatnsgangur úr snarbröttu fjalli til stórskaða. Enginu grandar jarðfallsskriða og sumpart smálækir, sem bera leir og sand að ofan, og Svartá að neðan með landbroti og grjótsáburði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

– **Syðri–Leifsstaðir:** ...Kostir og ókostir sem segir um Skottustaði, nema að hér er túninu hættara fyrir snjóflóðum og skriðum, hefur hér og meiri skaða gjört, og meir en fyrir sjötíu árum tók bæinn allan með fjósi og nautum, eitt hræðilegt snjóflóð, sem hljóp ú bæjargilinu, og er það ætlan manna eftir því sem þeir hafa heyrt af sér eldri mönnum að þar muni þá allt fólk dáíð hafa, sem í bænum var, fyrir þessu mikla flóði. Eftir það var bærinn uppbyggður suður við túngarðinn þar sem nú stendur hann, og því er bænum ei svo hætt fyrir þessu snjóflóði sem áður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

– **Ytri–Leifsstaðir:** ...Kostir og ókostir sem segir um heimajörðina, nema aldrei hefur snjóflóð grandað þessum bænum, en undir sama skaða liggur völlurinn og á heimajörðinni (snjóflóð/skriður). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

– **Litlu–Leifsstaðir:** ... (1783) Með apríl gjörði hláku og mikla vatnavexti svo menn mundu ekki slíkt, féllu þá skriður og skemmdu mjög tún á ýmsum bæjum í Húnavatnssýslu, svo sem á Strjúgstöðum og Litlu–Leifsstöðum, hvar þau að mestu tók af, en skemmdust á Geitisskarði, Bergstöðum og Flögu (*Djáknaannáll*).

– **Bergsstaðir:** ...Engjar eru mjög litlar og mestan part eyðilagðar fyrir leirskriðum og jarðföllum og smálækjum úr brattlendi, er nú ei annað slægjuland heldur en hvað hent verður innan um þessar skriður, sitt hefyng og sátu í hverjum stað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

- **Bergsstaðir:** ...Engjar eru hér undirorpnaðar skriðum. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).
- **Bergsstaðir:** ... (1783) Með apríl gjörði hláku og mikla vatnavexti svo menn mundu ekki slíkt, féllu þá skriður og skemmdu mjög tún á ýmsum bæjum í Húnavatnssýslu, svo sem á Strjúgstöðum og Litlu-Leifsstöðum, hvar þau að mestu tók af, en skemmdust á Geitisskarði, Bergstöðum og Flögu (*Djáknaannáll*).
- **Eiríksstaðir:** ... (1817) Í síðustu vetrarviku (apr.) varð vatnsgangur voðalegur. Hlupu lækir á tún og bæi, svo sem á Eiríksstöðum og Gili. Komu og víða skriður (*Brandsstaðaannáll*).
- **Grófarkot:** ... í eyðihjáleiga frá Eiríksstöðum. ... þar með er hér skriðuhætt svo að fyrir þann skuld lagðist þetta býli nokkurn part í eyði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).
- **Fjósar:** ... Túninu grandar grjóthrun og grjótskriður úr smálækjum sem renna úr brattlendi. Engjar allar eyðilagðar fyrir Svartá að neðan, en grjóti aur og sandi úr fjalli að ofan. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).
- **Gil:** ... (1817) Í síðustu vetrarviku (apr.) varð vatnsgangur voðalegur. Hlupu lækir á tún og bæi, svo sem á Eiríksstöðum og Gili. Komu og víða skriður (*Brandsstaðaannáll*).
- **Botnastaðir/Bottastaðir:** ... Enginu granda jarðföll og smálækir úr brattlendi, sem bera grjót, leir og sand í slægjulandið til stórskada. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).
- **Botnastaðir:** ... Botnastaðir eru yst í Svartárdal. Því hefur verið haldið fram, að Bottastaðir sé hið rétta nafn býlisins. ... Árið 1759 gerðist það að skriða féll skammt frá bænum. Var þetta á þorranum, er snögglega hlánaði með fjögurra daga rigningu. Skriða þessi tók burt lambakofa með lömbunum en skildi í staðinn eftir bjarg, er lengi á eftir var notað sem hestasteinn (*Sigurður J. Lindal og Stefán Á Jónsson (ritstj.), Húnaþing III, 1989*).
- **Bólstaðahlíð:** ... Engjar öngvar nema hvað hent verður úr fjallshlíðum og hvannabrekkum, sem þó spillist af grjóti og leir árlega. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

## Vatnsskarð

- **Vatnshlíð á Vatnsskarði:** ... Engjunum granda vatn sem étur úr rótina, og leir, sem rennur á þær úr snarbröttu fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).
- **Vatnshlíð:** ... 22. jan. 1759 hlupu víða fram skriður og ollu tjóni á mörgum jörðum í sýslunni. ... Þá hjuggu í Vatnshlíð á Stóra-Vatnsskarði hjónin Björn Þorleifsson og

Ólöf Ólafsdóttir. ...Þegar hann er nýgenginn inn í baðstofu, heyrðist dynur mikill. Honum verður þá að orði: „Hvaða bölvuð suða er þetta? “Í sömu svifum skall skriðan á bænum sligaði hann allan og fyllti af vatni, krapi og aur. Skriðan féll alveg fram í vatnið (Vatnshlíðarvatn) (*Úr Húnavatningasögu Gísla Konráðssonar, Rósberg G. Snædal, Hrakfallabálkur, 1969*).

– **Vatnshlíð:** ...Vorið 1887 hljóp skriða úr Vatnshlíðarhnjúk. Olli hún miklum spjöllum á túni jarðarinnar en annan óskunda mun hún ekki hafa gert. Skriðan hljóp um hádegisbil. Allt heimilisfólk hafði verið að hirða af túninu, en um hádegisbil fór það inn í bæ, allt nema Guðný litla dóttir Sveins og Ingibjargar, sem var að leika sér á hlaðinu. Eitt sinn þegar Guðný leit upp frá leik sínum sá hún fossandi læki og skoppandi steina hendast framhjá bænum, niður á tún. Þessu fylgdi þungur niður. Guðný var ekki nema á fimmta árinu og hafði ekki hugmynd um hvað þarna var að gerast, hættunni gerði hún sér enga grein fyrir, en hins vegar fannst henni tilvinnandi að rannsaka þetta fyrirbrigði nánar og hljóp því af stað í áttina til skriðufallsins. Sveinn hafði heyrt til skriðunnar og kom nú út á hlað og gat með naumindum náð telpunni áður en hún fór sér að voða af óvitaskap sínum. Var hann þá ærið skreflangur sem vonlegt var. (*Guðmundur Sigurður Jóhannsson, Sveinn Sigvaldason, Heima er best 1974*).

## Langidalur

– **Hávarðsstaðir:** ...Hávarðsstaðir hét og bær í Auðólfstaðaskarði, er liggur upp til Laxárdals hins fremra. Skriða tók líka af bæ þennan, en ekki vita menn, hvenær það hefir verið (*Þjóðsögur Ólafs Davíðssonar*).

– **Karlstaðir:** ...forn eyðijörð milli Auðólfstaða og Gunnsteinsstaða. ...Yfir þessa jörð segjast menn hafa heyrt að skriða hafi hlaupið úr fjalli eyðilagt hana bæði að túni og húsum, meir en fyrir fjögur hundruð árum, og síðan aldrei uppbyggð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

– **Karlstaðir:** ...Karlstaðir (eyðibýli milli Gunnsteinsstaða og Ásólfstaða), eyddust af skriðuhlaupi (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

– **Karlstaðir:** ...Nálægt miðri 14. öld féll skriða mikil í Langadal í Húnavatnssýslu milli Gunnsteinsstaða og Auðólfstaða á bæ þann, er hét Karlstaðir, og fórust allir heimamenn nema vinnukona ein, er stödd var í búri, og varð henni það til lífs, að það brotnaði ekki inn. Vinnukonan lifði allengi í búrinu, og segja sumir, að hún dveldist þar tvö eða þrjú ár. Rakki var hjá henni, og hafði hún bæði hlýindi og skemmtun af honum. Eitt sinn var prestur á kirkjuleið, annaðhvort til Gunnsteinsstaða eða Holtastaða, og heyrði hann hundinn gelta niðri í skriðunni. Fór þá til mannfjöldi og gróf í skriðunni, þar sem prestur vísaði til, og náðust þá bæði hundurinn og stúlkan. Svo sagði hún seinna, að hún mundi hafa gefið hundinum annan seinasta bitann með sér, en fjöggra mánaða forði var eftir handa þeim, er þeim var bjargað. (*Þjóðsögur Ólafs Davíðssonar*).

– **Karlstaðir:** ...Á milli Gunnsteinsstaða og Auðólfstaða voru Karlstaðir. Á bæinn féll skriða um miðja 14. öld, og fórust allir heimamenn nema vinnukona ein,

sem stödd var í búi er skriðan féll ...Óvíst er, hvort Karlastaðir hafi verið byggðir eftir þetta (*Sigurður J. Líndal og Stefán Á Jónsson (ritstj.), Húnaþing III, 1989*).

– **Gunnsteinsstaðir, Karlastaðir:** ...Sunnan Gunnsteinsstaðahólma er þyrping lágra skriðuhóla niður að Blöndu. Er auðsætt, að mikið jarðrask hefur átt sér stað í fjallshlíðinni og upp af þeim kallast framhlaup þetta Karlastaðahólar, og segir sagan, að undir þeim hafi orðið býli Karla landnámsmanns. Jarðabókin segir, að skriða hafi eytt því fyrir meira en 400 árum. Þarna er og örnefnið Karlastaðamýri. Skriðuhaftið er um 500 m breitt hið neðra, og munnmæli herma, að þarna hafi býli Mikils landnámsmanns einnig staðið (*Árbók FÍ, 1964*).

– **Gunnsteinsstaðir:** ...Túninu grandar til stórskaða og eyðileggingar Blanda að neðan með landbroti, en smálækir bera skriðu og mól á völlinn í vatnavöxtum að ofan. ...Enginu grandar Blanda að neðan með sandsáburði, en smálækir að ofan með grjóts, leirs og sands áburði, til stórskaða, sem áeykst árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

– **Gunnsteinsstaðir:** ...Bærinn er í skjóllegum hvammi sunnan undir háum hólarana við Langadalsfjalls. Ber þar hæst Nýlendunibbu, og hefur löngum verið hætt við skriðuföllum og snjóflóðum úr fjallinu, sem tjóni hafa valdið (*Sigurður J. Líndal og Stefán Á Jónsson (ritstj.), Húnaþing II., 1978*).

– **Gunnsteinsstaðir, Mikilstaðir:** ...Mikilsstaðir (Miklsstaðir), sem voru sunnarlega í landi Gunnsteinsstaða, mun einnig hafa tekið af í skriðu fyrir langalöngu (*Sigurður J. Líndal og Stefán Á Jónsson (ritstj.), Húnaþing III, 1989*).

– **Gunnsteinsstaðir:** ...Gunnsteinsstaðir standa í skjóllegum hvammi sunnan undir hólabunkanum, og nær túnið alveg niður að Blöndu, sem hefur höggvið þar væna sneið af grónu landi. Sunnan við bæinn er há skriðugrund og vítt gil upp af. Heitir það Nýlendugil, en kotbýlið Nýlenda stóð fyrrum á grundinni. Það var stofnað um 1650 og tók af í snjóflóði 1768. Síðar voru þar fjárhús og héldu nafninu. Úr Nýlendugili hafa oft fallið skriður eða snjóflóð. Árið 1759 féll þaðan skriða á túnið og drap 40 fjár. Í stórrigningunni 29. maí 1919 féll skriða úr Bæjargili og stórskemmdi túnið. Hættast voru Gunnsteinsstaðir komnir 19. nóv. 1947. Þá hljóp snjóflóð af Steinahjalla ofan í Bæjargil og ruddist fram um gilið beint á bæinn (*Árbók FÍ, 1964*).

– **Gunnsteinsstaðir, Nýlenda:** ...Upp af sunnanverðu gamla túninu á Gunnsteinsstöðum, var Nýlendugil, sem oft hafa fallið úr skriður og snjóflóð, enda var Skriða nafn á koti, sem var þar upp frá. Nokkru neðar, eða heima undir túni á Gunnsteinsstöðum, var Nýlenda. Hana tók af í skriðu (rétt: snjóflóð) árið 1768, og var krafturinn svo mikill, að kotið allt og heyið þeyttist út á Blöndu. Sömu leið fóru sjö hross, en aðeins eitt þeirra drapst, og ekkert manntjón hlaust af hamförum þessum. Talið er að býlin Nýlenda og Hólabær hafi fyrst verið byggð um 1660 (*Sigurður J. Líndal og Stefán Á Jónsson (ritstj.), Húnaþing III, 1989*).

– **Nýlenda:** Kostir og ókostir sem segir um heimajörðina (Gunnsteinsstaðir) (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

– **Gunnsteinsstaðir, Nýlenda, Karlastaðir, Mikilsstaðir:** ...Hjáleigur frá Gunnsteinsstöðum. ...Þá var Nýlenda, nokkuð fram með hlíðinni. Það býli tókst af í

skriðuhlaupi 1762, og eru þar nú beitarhús. Hinar fornu landnámsjarðir, Karlstaðir, sem voru syðst í landareigninni, og Mikilsstaðir, sem að líkum voru nokkru utar, hafa og báðar lagst í eyði vegna skriðuhlaupa fyrir mörgum öldum (*Páll V.G. Kolka, Föðurtún, 1950*).

– **Strjúgsstaðir:** ...Túninu grandar Strjúgsá með grjótsáburði, og sumpart grjóthrun úr fjalli, til stórskaða. (*Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

– **Strjúgsstaðir:** ...Þá (22. jan. 1759) féll skriða á Botnastaði í Svartárdal og tók burt lambakofa. ...Skriða féll á mest allt túnið á Gunnsteinsstöðum (Langadal) og sópað burt fjárhúsi með 40 kindum, svo og heyi, sem þar var við. Strjúgsá hljóp með aur- og grjótburði yfir nær allt túnið á Strjúgstöðum. Fólk varð að flýja báða þessa bæi um sinn (*Rósberg G. Snædal, Hrakfallabálkur, 1969*).

(Ath: sumar heimildir telja að hér um að ræða Strjúgsá í Djúpadal í Eyjafirði, en óneitanlega er rökréttara að hér sé um Strjúgsá í Langadal í Austur Húnavatnssýslu að ræða.)

– **Strjúgsstaðir:** ... (1779) Þá skemmdust af skriðum bærinn Strjúgur í Langadal, sömuleiðis Mógilsá og Vellir á Kjalarnesi með fleiri jörðum (*Espihólsannáll*).

– **Strjúgsstaðir:** ... (1783) Með apríl gjörði hláku og mikla vatnavexti svo menn mundu ekki slíkt, féllu þá skriður og skemmdu mjög tún á ýmsum bæjum í Húnavatnssýslu, svo sem á Strjúgstöðum og Litlu-Leifsstöðum, hvar þau að mestu tók af, en skemmdust á Geitisskarði, Bergstöðum og Flögu (*Djáknaannáll*).

– **Strjúgsstaðir:** ...Það var sagt, fáum árum áður en Jón Karl dó (Strjúgs-Jón d. 1843), að grafið hefði hann peninga ekki alllitla í Strjúgsskarði. En eftir það, að þar féll niður skriða mikil, urðu menn þess oft varir, að hann leitaði við skriðuna, og í henni, þótt enginn væri honum kostur þar að grafa, svo var það stórgrýti mikið, og sem urð ein. (*Gísli Konráðsson, Fjarðrápsmálið í Húnaþingi, Húnavaka, 1989*).

– **Strjúgsstaðir:** ...Í miðju Strjúgsstaðaskarði er sagt að séu haugar þeirra Gunnsteins og Þorbjarnar Strjúgs sinn hvoru megin, en ekki er hægt að segja hvar þeir eru enda hafa skriður fallið þar. (*Jóhannes Guðmundssona, Landnámsskýringar Jóhannesar á Gunnsteinsstöðum, Húnavetningur, 1990*).

– **Strjúgsstaðir:** ...Þá (2.–3. okt. 1887): ...Óhemjumikil skriða féll í Strjúgsskarði. Féll hún alla leið ofan í á, en áin spýtti skriðunni fram, og eyðilagði hún mikið af túninu á Strjúgstöðum. ...Skriðan tók ekki bæjarhúsin, en féll að þeim báðum megin (*Bjarni Jónasson, Harðindin 1881–1887, Búsæld og barningur, (Svipir og Sagnir IV), 1955*).

– **Strjúgsstaðir:** ...Til vinstri handar fellur Strjúgsá í djúpu þröngu gili og á aðeins eftir snertuspöl af leið sinni til Blöndu ...Í árgilinu, nokkru neðan við okkur, eru Hrafnaklettur. Þeir mynda þröngt hlið um ána, og þar hefur hún oft stíflast í vorleysingum, ýmist af skriðuhlaupi eða ísreki. Þá hefur myndast stórt lón ofan við stífluna, sem að lokum ryður henni fram, og spyr þá Strjúgsá lítt af gömlum farvegi. Fyrir rúmum 30 árum (rétt 1919) grófust bæjarhúsin á Strjúgi meira en til hálfis í

skriðuhlaupi úr gilinu. Hús hrundu þó ekki, né heldur sakaði fólk (*Rósberg G. Snædal, Fólk og fjöll, 1959*).

– **Strjúgsstaðir:** ...Sunnan Strjúgsskarðs rís Gunnsteinsstaðafjall og nær suður að Auðólfsstaðaskarði, röskva 5 km. Það er klettótt í brúnum, og víða hafa komið úr því skriðuföll og framhlaup. ...Túnið á Strjúgi hefur verið ræktað á skriðugrund norðan Strjúgsár, og er bæjarstæðið hið snotrasta. Allmikill grjótgardur er til varnar túninu, en oft hleypur Strjúgsá úr farvegi sínum í asahlákum og veldur túnspjöllum. Vorið 1919, á Uppstigningardag tók hún gripahús efst á túninu og eyddi þriðjungi þess (*Árbók FÍ, 1964*).

– **Strjúgsstaðir:** ...Bærinn stendur á skriðugrund við vesturmynni Strjúgsskarðs, sem áður var fjölfarin leið milli byggða. Um skarðið fellur Strjúgsá, og eftir stórgrýttri skriðu í Blöndu. Olli hún stundum skaða í flóðum (*Sigurður J. Línal og Stefán Á Jónsson (ritstj.), Húnaþing II., 1978*).

– **Móberg:** ...Engjunum granda skriður úr snarbröttu fjalli og grjóthrun, hvorutveggja til stórskaða, svo að vísu meir en þriðjungur af enginu er þess vegna eyðilagt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Engihlíðarhreppur 1708*).

– **Móbergskot:** ...forn eyðihjáleiga í heimalandi, í eyði yfir 30 ár. ...Það sem kotið hafði til slegna er nú orðin grasleysa mosagrund og sumt komið í skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Engihlíðarhreppur 1708*).

– **Geitaskarð:** ...Túninu grandar lækur úr brattlendi, sem ber grjót á völinn til stórskaða, sem áeykst árlega. Enginu granda lækir, sem renna úr brattlendi og bera grjót og leir á það til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Engihlíðarhreppur 1708*).

– **Geitaskarð:** ...(1783) Með apríl gjörði hláku og mikla vatnavexti svo menn mundu ekki slíkt, féllu þá skriður og skemmdu mjög tún á ýmsum bæjum í Húnavatnssýslu, svo sem á Strjúgstöðum og Litlu-Leifsstöðum, hvar þau að mestu tók af, en skemmdust á Geitisskarði, Bergstöðum og Flögu (*Djáknnaannáll*).

– **Glaumbær:** ...Enginu grandar skriðulækur með grjótsáburði, sem áeykst árlega með vatnsgangi, sem étur úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Engihlíðarhreppur 1708*).

– **Engihlíð:** ...Kostir og ókostr sem áður segir um Glaumbæ. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Engihlíðarhreppur 1708*).

– **Miðgil:** ...Enginu grandar jarðfallsskriður úr fjalli og vatn, sem étur rótina til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Engihlíðarhreppur 1708*).

## Refasveit

– **Enni:** ...Engjar öngvar nema hvað hent er úr vallendisbrekkum, sem þó spillast af leir og grjóthuni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Engihlíðarhreppur 1708*).

– **Neðri–Lækjardalur:** ...Engjar öngvar, nema hvað henda má úr vallendisbrekkum, sem jafnlega rennur leir á til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Engihlíðarhreppur 1708*).

## Laxárdalur

– **Laxárdalur (alm.):** ...Vatnsskarð (Litla–Vatnsskarð), Refsstaðir, Vesturá, Sneis, Kirkjuskarð, Öxl. Allir þessir bæir standa í röð úr eftir dalnum að austanverðu, og er sá ókostur á öllum jörðunum, að þar er skriðuhætt og vetraríki mikið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Blöndudalshólaprestakall, 1839*).

– **Illugastaðir:** ...Ef við förum svo norður með túninu að neðan, þá endar túnið þar í skriðu, sem nær niður að Laxá. ...Aðeins þar fyrir norðan er lítið jarðfall, Kúaskriða. (*Höskuldur Sveinsson, Örnefni á Illugastöðum, Húnavaka, 1989*).

– **Litlamörk:** ...Nema engjar eru að mestu eyðilagðar fyrir grjóthruni úr snarbröttum holtamelum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Bólstaðahlíðarhreppur 1708*).

– **Litla–Vatnsskarð, Ævarstóttir:** ...Jóhannes (Guðmundsson 1871, Örnefnaskýringar úr Húnavatnssýslu, handrit) getur þess, að ýmsir hafi verið að brjóta heilann um, hvar Ævarsskarð hið forna hafi verið, og segir að flestir hafi hallast að Litla–Vatnsskarði. Færir hann til þá sönnun, að sá bær hafi verið fluttur, vegna þess að hinn gamli hafi farið af fyrir skriðufalli, en „þar sem bólstaðurinn hafi verið heiti enn í dag (þ.e. 1871) Ævarstóttir. Þetta er rétt frá sagt. Skammt fyrir norðan túnið á Litla–Vatnsskarði kallast hryggir. Eru það uppgróin skriðuföll og þar eru miklar húsarústir og mannvirkjaleifar. Danival sagði mér, að það væri almæli að bærinn hefði staðið þarna áður, en væri fluttur sökum skriðuhlaupa úr fjallinu. Ekki mundi hann neitt nafn á rústunum, en bersýnilega eru þarna Ævarstóttir, sem Jóhannes talar um. ...Norðan við tóftirnar er melhryggur, „auðsjáanlega skriða úr fjallinu” og rétt utan við melhrygginn er hústóft, 12 fet á lengd og ca 6 á br. ...Hvenær skriðan hefur fallið á Ævarsskarðsbæinn, sem færður hafði verið úr skarðinu veit nú engin. En vafalaust hefur það orðið snemma á öldum. (Mér er næst að halda, að skriðan hafi fallið litlu áður en Ævarsskarð breyttist í Vatnsskarð eða um 1300). Þá hefur bærinn verið færður enn að nýju, suður að skarðinu, þar sem hann stendur nú, en landnámsbærinn verið notaður áfram sem sel. (*Margeir Jónsson, Ævarsskarð hið forna, Árbók Fornleifafélagsins, 1925–26*).

– **Litla–Vatnsskarð:** ...Vestarlega í Vatnsskarði eru fornar rústir á skriðugrund undir Selgili og kallast Seltóftir. Norðan við túnið á Litla–Vatnsskarði kallast Hryggir, uppgróin skriðuföll. Þar eru Evarstóttir og almælt, að bærinn hafi staðið þar fyrrum. Aðaltóftin er um 17 m á lengd og 11 m á breidd. Ætlar Margeir Jónsson, að Ævar hafi fyrst reist byggð við Selgil, þótt þar snjóþungt og fært byggðina norður fyrir skarðið á Ævarstóttir. Þar fellur síðar skriða, og bærinn er byggður þar, sem hann er nú (*Árbók FÍ, 1964*).



– **Refsstaðir:** ...Túninu grandar lækur, sem tekið hefur nokkurn part af vellinum, svo sem vera kann hér um hálfu dagsláttu, það pláss er nú grjótskriða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Engihlíðarhreppur 1708*).

– **Núpur:** ...Túninu grandar skriður, sem renna úr fjalli í vatnavöxtum og bera á það grjót og leir til stórskaða. Engjunum grandar Laxá að neðan en skriður að ofan, sem hvorutveggja ber grjót og sand og leir á engið til skaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vindhælishreppur 1708*).

– **Mánaskál:** ...Túninu grandar skriða ein stór, sem lækur hefur borið á það úr brattlendi fyrir nokkrum árum, og tekið burt grasvöxt af miklum parti vallarins, svo hann hefur ei síðan sleginn verið. Engjunum grandar til stórskaða grjóthrun úr brattlendisfjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vindhælishreppur 1708*).

## Norðurárdalur

– **Neðstibær í Norðurárdal:** ...Túninu granda skriður sem renna á vetur úr brattlendi á snjó og klaka, sem bera aur og grjót á völlinn til stórskaða. Engjunum granda skriður með sama hætti og smálækir í bland sem bera sand og grjót. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vindhælishreppur 1708*).

## Skagaströnd

– **Skagaströnd (alm.):** ...Á Refasveit og ströndinni hafa jarðir mjög blásið upp í manna minnum, en eigi er kvartað yfir því til dalanna. Skriður og snjóflóð koma sjaldan að mun (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Höskuldsstaðasókn, 1873*).

– **Laxárgljúfur:** ...Í árbotninum nokkru neðar en undan brúnni, lá lengi silfurbúin svipa er Helga hafði í hendi er hún fórst. Á öðrum tug tuttugustu aldar sprakk filla úr berginu og féll í ána. ...(*Magnús Björnsson, Helga, Sýslasaga úr Laxárgljúfri, Húnavetningur, 1956*).

– **Syðri-Hóll:** ...Engjar spillast af grjóthruni úr brattlendisholtum, sem fyrir ofan þær liggja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vindhælishreppur 1708*).

– **Höskuldsstaðir:** ...Engjar spillast af grjóthruni úr brattlendi og leir og sandi sem fýkur á þær í stórveðrum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vindhælishreppur 1708*).

– **Bláland í Hallárdal:** ...Engjunum grandar Hallardalsá með grjóts og sands áburð að neðan, en skriður úr fjalli að ofan, hvorttveggja til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vindhælishreppur 1708*).

– **Þverá í Hallárdal:** ...Engjunum grandar leirskriður, sem hlaupa úr brattlendi og snjór, sem liggur oftlega á enginu fram yfir mitt sumar, skemmir rötina og hindrar

grasvöxtinn. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vindhælishreppur 1708*).

– **Sæunnarstaðir í Hallárdal:** ... (1727) Þá féllu skriður víða um haustið sökum stórregna, er yfrigengu. Hrundi fram fjallskriða úr Hólabyrðu. Ítem skemmdi skriða tún og engi á Sæunnarstöðum í Hallárdal. Svo og tók skriða til skemmda stykki af túni á Másstöðum í Vatnsdal (*Sjávarborgarannáll*).

– **Sæunnarstaðir:** ... Nokkru ofar eru Sæunnarstaðir, sem löngum voru tvíbýlisjörð, enda landkostir miklir. ... Nokkuð er hér skriðuhætt, og er þess getið í annálum að 1727 hafi tún og engjar orðið fyrir þess konar áföllum (*Sigurður J. Líndal og Stefán Á Jónsson (ritstj.), Húnaþing III, 1989*).

– **Spákonufell:** ... Svo hagar til að kippkorn fyrir ofan bæinn á Spákonufelli er mikið og hátt og dregst nokkuð að sér ofan, en efst á því eru vegghamrar og sýnist engri skepnu þar fært upp að komast. Norðan í því heita Leyningsdalir eða Leynidalir. ... Í þeim dölum eða lægðum er einna best beutiland í fjallinu svo ofarlega sem þeir eru þó. Er þar bæði víðir nógur og reyniviðarhríslur nokkrar. ... Séra Eirík grunar nú að ekki sé allt með feldu um hag Grákollu og lætur hann nú leita hennar inn í Leyningsdali. Þar fannst Kolla dauð. Hafði Þórdís hryggbrotið hana með stóru bjargi sem hún hafði fleygt (með göldrum) norður af hömrunum á Spákonufellsborg, ofan í dalina og Kolla orðið undir (sögn um grjóthrun?). ... en þegar hann lét vettlinginn falla (meiri galdrar) kom hann lítið eitt við eggjarnar á fjallinu og varð af því skruðningur nokkur. ... En þegar hann raknaði við sá hann að Þórdís lá dauð undir hömrunum. Hafði vettlingur prestsins orðið að þungum kletti (sögn um grjóthrun?) á leið niður og hryggbrotið hana (*Jón Árnason, Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*).

– **Fjall:** ... Úti á túni er steinn geysistór og hálfur í jörð. ... Steinninn hefur ekki legið þar frá örófi alda, því að þarna tók hann sér bólfestu í búskapartíð Jóhannesar (fyrrri hluta 19. aldar). Það var eitt sumarkvöld, að Jóhannes hafði kvíð ærnar og kona hans mjaltaði. Kvíarnar voru ofan við bæinn og túngarðinn, við rætur fjalls þess, er bærinn stendur undir og nefnist Öxl eða Fjallsöxl. ... Heyrir hann þá snögglega drunur miklar upp axlarinnar. Hann spratt á fætur og skyggndist um til að vita, hverju slíkt gegndi. Sér hann að heljarbjarg hefur losnað hátt upp í fjalli og veltur beint á kvíarnar. ... Við það kom lykkja á leið steinsins, svo að hann hraut út á túnið og staðnæmdist þar. (*Magnús Björnsson á Syðra-Hóli, Sögur Jóhannesar, Heima er best, 1957*).

– **Tjörn í Nesjum:** ... Hætt er kvikfé fyrir dýjum og skriðum og snjóflóðum úr fjalli, hefur oft að þessu mein orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Vindhælishreppur 1708*).

# Skagafjarðarsýsla

## Skagi

– **Keta:** ...Eggver af æðarfugli og dúntekja þar af hefur verið lítið í hellisskútum niður við flæðarmálið, þar er nú fordjarfað af urð og stórgrýti, sem sjór og hafís hefur þangað borið. Rekavon lítil, heppnast sjaldan, var áður betri en hefur fordjarfast af sama tilfelli og áður segir um eggverið og þar til af skriðum að ofanverðu, er falla úr bjarginu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skagahreppur 1709*).

– **Ketubjörg:** ...Á undan því fór landskjálftinn, sem hristi allt Norðurland 11. september sama ár (1755). Við vorum þá staddir á Höfðaströnd. Fyrstu kippirnir, 5 eða 6 að tölu, komu kl. 8 um morguninn, en fleiri og harðari kippir rétt fyrir kl. 9. ... Hinum megin Skagafjarðar, í 3 mílna fjarlægð, sáum við, að sjórinn skvettist hátt upp, og olli því grjóthrun úr sjávarhömrum þeim, sem heita Ketubjörg á Skaga. (*Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–57*).

– **Kleif:** ...Ungur röskleikamaður Tómas Jónsson á Kleif var að hugað að lambi við stekk á Kleifardal ásamt föður sínum, þar sem var stórgrýtisurð að ofan í snarbrattri brekku (1 júlí 1851). Eitt lamb vantaði um kvöldið. Jarmur þess heyrðist í urðinni, en það sást ekki. ...Og var það þá, er Tómas stóð neðar en faðir hans og sneri fangi til sjóar, að bjarg mikið kom á herðar honum og fór fram yfir hann. En er faðir orti á hann orði, svaraði hann því einu, að sér væri þungt um andrúm, blindur og að öllu tilfinningarlaus, og var þegar andaður innan fárra augnablika (*Kristmundur Bjarnason, Skagfirskur annáll 1847–1947, 1998*).

## Drangey

– **Drangey:** ...(1626) Féll grjót á einn mann í Drangey, sá dó af því (*Skarðsannáll*).  
...(1626) Féll grjót á einn mann í Drangey, svo hann dó af (*Vatnsfjarðarannáll yngsti*).

– **Drangey:** ...(1627) Skriðugrjót féll á menn í Drangey, dó einn, örkumluðust 3 (*Skarðsannáll*).

– **Drangey:** ...(1629) Tveir menn dóu af grjóthruni í Drangey (*Skarðsannáll*).

– **Drangey:** ...(1655) Það vor brotnuðu 8 skip við Drangey í einu veðri, öll í spón, en menn komust upp í bjargið, og héldu svo lífinu fyrir hjálp drottins. Þeir voru alls 52, liðu stóra neyð af sjávargangi, grjóthruni úr bjarginu og matarleysi, því þeim varð ekki svo fljótt náð; kveiktu þá vita, svo af landi sjást skyldi; voru allir sóttir (*Seiluannáll*).

– **Drangey:** ...(1696) Í Drangey varð maður fyrir grjótfalli og dó, en nokkrir lerkuðust (*Grímsstaðaannáll*).

- **Drangey:** ...Á undan því fór landskjálftinn, sem hristi allt Norðurland 11. september sama ár (1755). ...Hamrar klofnuðu og hrundu í sjó í Málmei og Drangey, og varð einkum tjón að því í fuglabjörgunum í Drangey. (*Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–57*).
- **Drangey:** ...12. júní (1838) kom allmikill landskjálfti fyrir norðan, og gekk mest yfir landtanganana millum Skjálfanda- og Húnaflóa. ...Hrundi þá og grjót úr fjöllum og sjávarhömrum, og spilltust fuglabjörg í Grímsey og Drangey. (*Jónas Hallgrímsson, Um landskjálfta á Íslandi, Rit IV, 1934*).
- **Drangey:** ... (úr Sögu Skagstrendinga og Skagamanna, eftir Gísla Konráðsson): Um og eftir háttatíma 12. júní 1838 kom mikill jarðskjálfti. Mátti kalla hann ægilegastan við Drangey, og þar varða svo mikið hrunið að ekki handaskil fyrir moldryki og grjóthruni, en menn voru þá við eyjuna og á fjörunni við fugl og fisk. ...en ekki meiddist nema einn maður við Drangey, er Ólafur hét Helgason. Valt ofan á hann afar mikill steinn, en í honum var hvelfing og lenti hún yfir Ólafi. Gengu margir menn til að velta af honum steininum og ætluðu að ná líki Ólafs, en öllum til mikillar furðu var hann enn lifandi. Lá hann rúmfastur allt sumarið en varð þó heill að kalla (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).
- **Drangey:** ...en minnkað hefir hún til vissu töluvert síðan af því, er árlega hrynur úr brúnunum. ...Urðarhaugar eru víða kringum eyjuna eftir hrugin (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Fagraness- og Sjóarborgarsóknir, 1840*).
- **Drangey:** ...Sunnan við Háusig er Dauðsmannshaugur. eru þar um forn munnmæli, að bjargfylla mikil hafi hlaupið úr hamraveggjunum og orðið að bana mörgum mönnum, sem undir voru í fjörunni (*Árbók FÍ, 1946*).
- **Drangey:** ...Sandasig eru upp af Heiðnavík syðst. ...Rétt utan við Sandsig er Söðull, 30–40 metrum neðan við brún. Er það slakki inn í bjargið eða bás. Botnfleti hans, sem er 5–6 fermetrar, hallar aðeins fram. Nú er hrunið úr honum nokkuð svo. ...Þar örlar á Karli, sem er að mestu í kafi um flóð. ...Kerling hefur staðið karlinn greinilega af sér, því hann er hruginn fyrir löngu (1755).  
...Fyrir nálægt 20 árum (1937) hljóp fram úr Gafli vestanverðum. Sést enn heljarmikil fylla niðri við sjó á þessu svæði. Slík framhlaup nefndu Drangeyjarmenn jafnan hauga. Áður en þetta varð var hilla vestast í Gafli, uppi undir brún, sem nefnd var Krókhilla. Dró hún nafn af lögun sinni. Voru í vestanverðum Gafli nokkur fuglasetur, þó aldrei þétt, en nú nær því engin, fyrir en austar kemur um Ólafssig.  
...Niður af Háustigum, sunnverðum, og innan við þau er Dauðsmannshaugur, heljarmikil fylla og stórt bjarg fremst, við sjóinn. Sagnir herma, að áður en fylla þessi brast fram, hafi fjara verið þar undir bjarginu. Þar hafi byrgi verið hlaðin og menn haldið til á vertíðum. Vor eitt, meðan vertíð stóð yfir, og þegar byrgin voru skipuð mönnum, hafi sprungið fylla úr bjarginu yfir byrgin og mennina. Þannig er talið að örnefni þetta hafi orðið til. ...Á síðustu 30 árum hafa þessi kennimerki horfið. Í bjarginu upp af Dauðsmannshaug, syðst í Háustigum, var Sprungnihaus, sem nú er að mestu eyddur. Er hér glöggt dæmi þess hversu breytingar geta orðið miklar á þessum slóðum, þótt á stuttum tíma sé (*Kolbeinn Kristinsson á Skriðulandi, Örnefni í Drangey, Skagfirsk fræði (8), 1950*).

– **Drangey:** ...Í jarðskjálftanum í vor (1963) hafði víða hrunið úr Drangey og sumstaðar heilar fyllur þannig að móbrúnt sár sást eftir. Undir þeim kringumstæðum er margföld ástæða til að hreinsa lausagrjót áður en sigið er. Annars virtist mér sem fuglinn hafi ekki numið land aftur þar sem grjóthrunið hafði orðið mest. ...en nú eru sigmennirnir að því leyti betur búnir en áður, að þeir hafa hjálm á höfðinu til að taka á móti grjóthruni. Varð ég þess var, að þetta kom að góðu haldi, því á meðan ég var fyrir neðan eyjuna og horfði á sigmanninn í berginu, sá ég steinvölu falla á hjálm hans svo að buldi í. Það högg hefði sennilega orðið bani hans, ef hann hefði ekki haft hjálminn. (*Þorsteinn Jósefsson, Ferð til Drangeyjar, Heima er best, 1964*).

– **Drangey:** ...Jarðskjálftarnir hafa reynst Drangey þungir í skauti. Í heimildum er getið um jarðskjálfta fyrir Norðurlandi árin 1755 og 1838. Þá hrundi mikið úr björgunum og heilir klettar klofnuðu og féllu niður í fjöru spilltust þá fuglabjörg mikið. Á þessari öld, 1935 (1934?) og 1963, féllu stórar fyllingar úr austanverðum gaflinum. (*Tómas Einarsson, ...hér var það, sem Grettir bjó, Áfangar, 1981*).

– **Drangey:** ...Drangeyjarfarar sem fóru út í eyna í vor segja óvenjumikið hrun úr henni frá sl. vetri og rekja það einkum til jarðskjálftanna síðari hluta vetrar (1964).

...Haugar er það nefnt þar sem hrapað hefur úr bjarginu og myndað fyllu í fjörunni. Þessir haugar bera ýmis nöfn, einn þeirra heitir t.d. Dauðsmannshaugur, mikil fylla. Þar átti áður að hafa verið fjara undir og menn hafst við úr í byrgjum. Og vor nokkurt þegar byrgin voru alskipuð mönnum, sem voru við fuglaveiðar og eggjatöku, kom ógurlegt hrap ógurlegt hrap úr bjarginu fyrir ofan og gróf bæði menn og byrgi. Af þeim atburði er nafnið dregið.

...Í jarðskjálfta 1755 er sagt að klettur úr Drangey hafi klofnað og hrunið í sjó fram og fuglabjörg hennar hafi orðið fyrir miklum skemmdum. Þá er og talið að drangurinn, sem eyjan dregur nafn af (þ.e. karlinn) hafi hrunið í sjó. Hann var við norðurenda eyjarinnar og örlar enn fyrir honum þegar lágsjávað er.

Ýtarlegri lýsing er til á jarðskjálfta við Drangey aðfaranótt 12. júní 1838, en hann var mikill, og er sagt að stórkostlegt grjótflug hafi orðið í Drangeyjarbjargi. Loftið fylltist af samfelldum ryk- og moldarmekki og menn sem voru undir eygni sáu ekki handa skil. Fuglsátur tók af og fuglinn lá dauður í hrönnum undir eygni. Skip hristust og nötruðu, sem voru að fuglaveiðum við eyna. Menn sem lágu í byrgjum í fjörunni urðu mjög óttaslegnir, en þarna er talsvert útfiri og óðu sumir í sjó út, eða svo langt sem þeir töldu sér fært, allt upp undir hendur til að forðast grjótflugið úr berginu. Í Annál 19. aldar er talið að einn maður hafi beðið bana við Drangey er byrgi féll á hann ofan (1838). Aðrar heimildir herma aftur á móti að enginn maður hafi farist, en einn slasast, þó minna en ætla mætti. Skeði það allt með hinum undarlegasta og ótrúlegasta hætti. Hafði stærðar bjarg hrapað ofan á einn mann sem í fjöru sat. Nærstaddir menn brugðu þegar við til að bjarga líkinu undan steininum, en þeir urðu meir en lítið undrandi þegar „líkið“ var lifandi. Ástæðan var sú að í steininum var laut mikil eða hvelfing og maðurinn lent nákvæmlega undir henni. Það varð honum til lífs. Samt slasaðist hann talsvert og lá rúmfastur sumarið næsta á eftir, en komst úr því smám saman til heilsu aftur.

Fyrir tæpum 30 árum eða nánar tiltekið haustið 1934, varð enn verulegt bjarghrun í Drangey og spilltust þá bæði lendingarstaðir í Heiðnavík og Uppgönguvík. Menn sem voru við heyskap í eygni misstu bát sinn og farangur mestallan og varð að bjarga þeim úr landi.

Auk jarðskjálfta og eðlilegrar veðrunar er sjávangangur og brim talið orsök bjarghruns úr Drangey. Þannig getur Vatnsfjarðarannáll hinn yngri um aftaka veður haustið 1772,

þá hafi boðar gengið upp á Drangey og spillt henni stórlega (*Þorsteinn Jósefsson, Ferð til Drangeyjar, Heima er best 1964*).

– **Drangey:** ...Þá tekur við Gaflinn, en svo nefnist norðurendi eyjarinnar. Undir honum er stór haugur sem myndaðist við hrun 1934. ...Vestan við vestra horn Gaflsins er nú sker þar sem áður var Karlinn en hann hrundi í jarðskjálfta árið 1755. Austurhlíð eyjarinnar er nokkuð löng og lítið eitt bogamynduð. Undir henni norðanverðri er stór haugur sem Dauðsmannshaugur heitir og herma munnmæli að þar hafi hrunið ofan á margar skipshafnir og báta. ...Þá taka við Háusig og síðan Vangi og Sprungnahaus en þau hrundu í jarðskjálfta árið 1963 (*Ársrit Útivistar, 1989*).

## Laxárdalur

– **Þorbjargarstaðir:** ...Túninu grandar grjóthrun, en enginu Laxá með grjóts og sands áburði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skagahreppur 1709*).

– **Hafragil:** ...Túninu grandar grjóthrun og smálækir með grjótburði í vatnagangi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skagahreppur 1709*).

– **Illugastaðir:** ...Enginu granda skriður úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skagahreppur 1709*).

– **Skíðastaðir:** ...(úr jarðabók 1849): einnig er beitiland jarðarinnar mjög skriðufallið (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Atlastaðir:** ...Túninu grandar langvarandi órækt og þar á ofan grjót og aur úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skagahreppur 1709*).

– **Hvammur:** ...Reka allan á staðurinn fyrir norðan Tindastól inn frá Sævarlandsstapa allt að Lendingarsteini. Þessi reki hefur áður verið gagnlegur, en nú stórlega fordjarfaður af skriðum og grjóthruni úr fjallinu, sem hlaupið hefur á festifjöruna, og er síðan þessi reki oftast að litlu gagni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skagahreppur 1709*).

– **Hvammur:** ...(úr jarðabók 1849): Sumarhagar eru nægilegir að víðáttu, en landið er mjög uppblásið og komið í skriðu (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Sævarland:** ...(úr jarðabók 1849): Sumarhagar eru ekki þröngir, en léttvægir, því fjallland jarðarinnar, er mjög uppblásið og í skriður komið (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Hvalurð:** ...Einhverju sinni bar svo við að hval rak á Reykjafjörðu norðan undir Tindastóli. Var þá gerður mannsöfnuður á Reykjaströnd til hvalskurðar. Þegar Laxdælir fréttu hvalrekann og skurðinn gjörðu þeir og mannsöfnuð og gekkst mest fyrir því presturinn í Hvammi og djákninn, því þeir vildu eigna Hvammskirkju allan reka á því sviði og fóru á fund Reykstrendinga, er voru að hvalskurðinum. Slóst þar í illdeilur með þeim, er hvorir tveggja þóttust eiga hvalinn. ...Þegar þeir (Laxdælir)

höfðu unnið eiðinn létu Reykstrendingar rekann af hendi og fóru heim síðan, því þeir hugðu allt falslaust af hinna hendi, en Laxdælir tóku til skurðar. En er þeir höfðu skamma stund skorðið féll skriða úr Stólum yfir þá og hvalinn, svo þeir týndust þar allir nema drengur einn sem ekki hafði unnið eiðinn. ...En skriðan huldi ekki einungis hvalinn og mennina, heldur tók hún gjörsamlega af veginn er verið hafði allt til þess norðan undir Tindastóli. Sú skriða heitir síðan Hvalurð. ...Þjóðsagan um Hvalurð og meinsærið á stoð í veruleikanum, því árið 1386 eða líklega nokkru fyrir áramótin 1385/1386 rak hval á þessum slóðum. Þá var Björn Brynjólfsson frá Ökrum, auðmaður mikill, eigandi Reykja og lenti í málaferlum við kirkjuvaldið, Hólabiskup og Hvammskirkjuprest sem áttu rekann á þessu svæði í landi Sævarlands. ...Í stuttu máli sagt þá beið Björn bóndi algjöran ósigur í hvalmálinu og mátti þola auðmýkingu fyrir að reyna að halda rétti sínum gegn kirkjuvaldinu, sem í þessu máli lét ómerkja eða villa tekamarkið Raufarberg og fékk menn til að sverja að rekamarkið væri við Lendingarstein. ...Við árið 1386 stendur í annálum: „Dó margt fólk af hval í Skagafirði.“ Var það af því að éta meinsærið hvalinn, eða varð fólkið undir skriðu á hvalfjörinni. ... (úr myndatexta): Hvalurð er haugurinn til vinstri en litlu utar er annar haugur stærri sem hljóp fram síðla vetrar 1989 (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Bygðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Hvalurð:** ...Hvalurð undir Tindastól: Milli Laxárdal ytra að vestan og Reykjastrandar að austan gengur Tindastóll í sjó fram. Á einum stað norðan undir fjallsendanum hefir heitið Hvalurð, en lítinn vott sér urðar þessarar. Það er í munnmælum haft að þar hafi eitthvert sinn rekið hval. ...og vildu presturinn til Hvamms og bóndinn á Sævarlandi (aðrir segja það hafi verið bóndinn á Reykjum á Reykjaströnd), báðir eiga hvalinn. Kvað bóndi hann rekinn fyrir sínu landi, en prestur sagði Hvammskirkju eiga reka allan á því svæði. Er þá mælt að prestur og djákni hans hafi farið í kirkjugarð í Hvammi og skorið sér íleppa úr garðinum innan í skó sína, farið síðan á hvalfjöruna og svarið þann eið að þar stæði þeir á landeign Hvammskirkju. En í þeim svifum hljóp skriða mikil úr bjarginu fyrir ofan og varð prestur þar undir og skipverjar hans allir nema djákninn, hann komst undan í það sinn (*Jón Arnason, Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*).

– **Hvalurð:** ...Um Hvalurð er sú þjóðsaga, að fyrr á öldum hafi verið gönguleið út með norðausturhorni Stólsins. Þá rak þar eitt sinn hval á Reykjafjörðu. Komu til hvalskurðarins bæði Reykjastrandarmenn og menn úr Laxárdal. Héldu þeir síðarnefndu því fram, að Hvammskirkja ætti land það, sem lá að rekanum, og þar með hvalinn sjálfan. Sló í illdeilur með flokkunum, en að lokum var Laxdælingum gefinn kostur að sanna með eiði, að land það, er þeir stæðu á, væri eign Hvammskirkju. Var klerkur með þeim í ferð, og sóru þeir eiðinn. En brögð voru þar í tafl, því að þeir höfðu rist ljámýs heima í Hvammslandi og stóðu þannig að vísu á eigin landi. En er Reykstrendingarnir voru horfnir af vettvangi og hvalskurðurinn hafinn, hljóp ógurleg skriða ofan úr fjallinu og drap alla þó, sem á staðnum voru nema einn, er ekki hafði unnið eiðinn. Var síðan ófært með ströndinni, þar sem gatan lá. Sást maður í fannhvítum klæðum ganga norður brúnir stólsins. Drap sá maður sprota á fjallið, og hljóp þar fram skriðan. Heitir þar síðan Hvalurð. Sannindi nokkur fylgja sögu þessari. Árið 1387 gekk dómur í hvalrekamáli. Hafði hvalinn rekið norðaustan undir Stólinn. Þóttist Hólakirkja eiga þar reka og fékk sér dæmdan hvalinn. Alþýðu manna mun hafa þótt það vafasamur dómur. Einhvern tíma seinna hrundi svo úr fjallinu, að aftók veg þann, er áður mátti fara með sjó fram (*Árbók FÍ, 1946*).

– **Hvalurð:** ...Það er sagt að í pápísku einhverju sinni ræki hval undir Tindastól (er Landnáma kallar Eilífsfjall) og eignaði Hvammsprestur sér hann og svo bóndi á Reykjum á Reykjaströnd og kæmi svo að þeir prestur og bóndi deildi um hann. Færi prestur þá til með nokkra menn, skæri hann sér og mönnum sínum íleppa úr jörðu í Hvammskirkjugarði, kæmi síðan inn til hvalsins og særi hann þar með mönnum sínum, að þeir stæði allir á Hvammslandi. Fengi prestur við það hvalinn og flytti hann í helli nokkurn út með Stólnum. Og er þeir væri um nóttina í hellinum hryndi skriða mikil úr fjallinu, svo prestur færir þar og allir hans menn, þar urð er nú mikil og stórgrýtt og kölluð er Hvalurð. Er sagt að ekkert sæist síðan eftir af þeim, nema vinstri hönd af presti stæði út úr urðinni, er til var komið, og kenndist af því að hringur væri á henni (*Syrpa úr handritum Gísla Konráðssonar, Þjóðsögur 1979*).

– **Hvalurð:** ...Þar sem nú heitir Hvalurð, er sagt að hafi rekið hval til forna og út af honum hafi risið deila milli Sævarlandsbóndans og Hvammsprestsins og hafi prestur svarað, að hann á hvalfjörinni stæði á Hvammsjörð, en hafi áður tekið grasrót í skó sína úr Hvammskirkjugarði. Segir svo sagan, að þá er þetta var um garð gengið og bóndi var farinn af hvalfjörinni og menn hans, hafi sést maður koma á brúnina fyrir ofan með sprota í hendi, sem hann sló á bergið, og hafi þá skriðan fallið yfir prestinn og menn hans ásamt hvalnum, og séu þeir þar grafnir (*Margeir Jónsson, Heimar horfins tíma, 1989*).

## Reykjaströnd

– **Tindastóll:** ...Vestan að henni liggur Eilífsfjall eða Tindastóll, héraðið eða upplandið að sunnan, fjörðurinn að austan og Skaginn að norðan. ...Hún er sléttari og ekki eins grýtt, nema hvað steinar geta hrapað úr fjöllum öðru hverju. ...Yfirleitt er sveitinni ekki eins hætt við skriðuföllum eins og grjóthruni úr Tindastól, því að hann er hlaðinn úr föstum og þéttum klettabeltum, en lítið um urðir eða einstaka steina (*Sveinn Pálsson, Lýsing Hegranessýslu, Ferðabók, 2.útg. 1983*).

– **Tindastóll:** ...Kemur þetta allslags grjót ofan úr klettunum í skriðuföllum. ...Margir fáséðir steinar úr honum, helst norðanverðum, niðurfallnir með skriðunum, burtskolaðir úr þeim haugum af sjónum og aftur uppreknir, finnast í víkum og básum norður með Reykjaströnd, utan Reyki, helst í Glerhallavík (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Fagraness– og Sjóarborgarsóknir, 1840*).

– **Tindastóll:** ... (úr Sögu Skagstrendinga og Skagamanna, eftir Gísla Konráðsson): Um og eftir háttatíma 12. júní 1838 kom mikill jarðskjálfti. ...Hrundi þá mjög úr Tindastóli norðanverðum (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Reykir, Minni Reykir:** ...Túninu grandar á heimajörðinni skriðufall úr Reykjaá til stórskaða, og sama á grandar og vellinum með landbroti á hinum partinum. Úthaga blæs mjög í hrjóstur og spillist þar með af skriðu stórkostlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sauðárhreppur 1709*).

– **Reykir:** ... (úr jarðabók Reynisstaðaklaustur 1728): Túnið er sémilega stórt eftir jarðadýrleika, en graslítið og harðslægt, þar með grýtt af skriðum, sem úr fjallinu hlaupið hafa og stórum spillt túninu, hvar fyrir landskuld er um nokkurn tíma aftur færð. Eftir það að jörðin komst aftur til lagfæringar af skriðunum, forsorgar túnið nú í



meðalári, bæði á heimajörðunni og hjáleigunni, af töðu 3 kúr. Enn er mjög hætt fyrir skriðum úr fjallinu og úr ánni, sem þar rennur skammt fá. ...Hagar uppblásnir sums staðar af skriðum og melum (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Ingveldarstaðir:** ...Enginu granda skriður, sem bera grjót á það úr brattlendi. Úthagar eru litlir og spillast þó af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sauðárhreppur 1709*).

– **Ingveldarstaðir:** ... (úr jarðabók 1849): Sumar- og vetrararbeit lítil, þar landið er mjög þröngt, uppblásið og fallið í skriður, er fjörubeit allgóð (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Hólkot:** ...Hólkot eru gömul hjáleiga, byggð úr landi Ingveldarstaða. ... (úr jarðabók 1849): Engjar eru litlar og reyttingslegar, sumpart blautar og liggja undir áföllum af skriðuföllum (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Daðastaðir:** ...Enginu grandar grjóthrun og skriður úr snarbröttu fjalli, sem áeykst árlega til stórskaða. Úthaga blæs mjög upp og spillast af skriðum og grjóthruni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sauðárhreppur 1709*).

– **Daðastaðir:** ...Þar féll ofan yfir tún og engjaberjur ofsaleg skriða vorið 1836, sem ekki varð neitt hreinsuð (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Fagraness- og Sjóarborgarsóknir, 1840*).

– **Daðastaðir:** ... (úr jarðabók 1849): „Var túnið sagt hérum bil 8 dagsláttur, meiri part þýft, hefur skemmst mjög af skriðufalli, og undirorpið því sama. ...Engjar eru víðslægar og grasgefnar, en votar, grýttar og liggja undir áföllum af skriðum. ...Beitilandið er lítið, uppblásið og komið í skriður.“

...Skriðuhætta er nokkur úr bröttum hlíðum Tindastóls og hafa sundum orðið skaðar þótt ekki sé vitað til að bæjarhús hafi sakað. Í sóknarlýsingu frá 1840 segir: „Þar féll ofan yfir tún og engjaberjur ofsaleg skriða vorið 1836, sem ekki varð neitt hreinsuð.“ Nánar er fjallað um þetta í dómabók, þar sem því er lýst að fallið hafi þrjár stórar skriður og margar minni þann 30. maí 1836 og eyðilaggt rúman fjórðung túnsins, en meir en þriðjung af engjum og helming beitilands. Árið 1996 eða 1997 féll skriða á Daðastöðum og eyðilagði þá vatnbólið að refahúsinu, girðingu of nokkurt land (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Hólkot:** ...Túninu grandar vatnsuppgangur, sem étur úr rótina, og sumpart skriður úr brattlendi, ítem treðst völlurinn af reisandi fólki. Enginu granda ogsvo skriður úr brattlendi og úthögum í sama máta. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sauðárhreppur 1709*).

– **Hólkot:** ... (úr jarðabók Reynistaðaklausturs 1728): Útengi sæmilegt að stærð og gæðum, en mjög hætt við skriðum sem úr fjallinu hlaupa. Hagi á sumardag lítill fyrir stórgripi og blásinn fyrir sauðfé af skriðum og jarðföllum nær til fjallsins sem er að litlu gagni.

... (úr jarðabók 1849): Sumar- og vetrararbeit í meðallagi, beitiland ekki mjög lítið, en gengur árlega af sér af skriðuföllum.

... (úr örnefnaskrá Hólakots): Þar sést garðurinn glögglega og var skilarétt Útstrendinga við garðinn undir hólbrekkunni fram yfir 1920, en lengur var hún notuð af heimamönnum. Nú sér hennar lítt merki því aurskriða fyllti hana fyrir allmörgum árum, spillti þá líka Háatúni, sem lá upp með Hólnum að norðan.

... Skriðuhætt er á Hólakotsland, en bærinn þó sjálfur öruggur. Alltaf er hætt á spýjum ofan úr Stólum og snjóflóð hafa fallið þar a.m.k. tvisvar síðustu 40 árin með 20 ára millibili (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Fossárteigur:** (í eyði næstliðin 9 ár (skriða 1700?) í landi Hólakots) ... Túnið er allt yfirfallið af skriðu, svo nú er ekki eftir hálfur eyrisvöllur, sem sleginn verður. Engjar eru mjög slitróttar í mýrum og spillast þó sumpart af skriðum. Vatnsból er fordjarfað af skriðu þeirri, sem yfir túnið hefur fallið. ... Ekki má hér aftur byggja, því tún er allt í grjót og hrjóstur komið et supra. Væri og bænum mjög hætt fyrir sömu skriðu, skyldi hann uppbyggjast á þeim fornu tóftum. Ekkert er hér og bæjarstæði annarsstaðar í landinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sauðárhreppur 1709*).

– **Fossárteigur:** ... Fossárteigur (eyðibýli sem tilheyrir Reynisstaðaklaustri), féll af skriðuhlaupi (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

– **Fossárteigur:** ... Fossárteigur: Þetta kot er fyrir löngu fallið í eyði af skriðu, sem gersópaði burtu húsum og túni, Nokkur úthagareytingur og beit er þar eftir, sem skriðurnar nálega eyða (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Fagraness– og Sjóarborgarsóknir, 1840*).

– **Fossárteigur:** ... Byggð hefur sennilega verið stopul á Fossárteigi, jörðin t.d. ekki talin með klaustureignum 1525 og um 1700 fór hún að fullu í eyði af völdum skriðufalla. ... (úr jarðabók 1849): ... og nokkur hagbeit sumar og vetur fyrir sauðfénað. Er þó landið mjög skriðufallið og uppblásið (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Skriðukot:** ... Enn nú kippkorn þar fyrir sunnan er Skriðukot, gömul hjáleiga frá Fagranesi, en 150 árum til vissu fallið í eyði af stórskriðum, sem þar hafa burt tekið allan heyskap og mest allt beitargras (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Fagraness– og Sjóarborgarsóknir, 1840*).

– **Skriðukot:** ... Engin bæjarrúst er sýnileg, hefur trúlega eyðst af skriðu eða beitarhúsin byggð ofan í bæjartóftirnar. ... Jón Reykjalin segir 1840 (*Sýslu og sóknarlýs.*): Gömul hjáleiga frá Fagranesi en fyrir 150 árum til vissu fallið í eyði af stórskriðum sem þar hafa tekið burt allan heyskap og mest allt beitargras (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Fagranes:** ... Engjar eru öngvar nema þar lítið sem hent er úr giljabökkum eður skriðna geirum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sauðárhreppur 1709*).

– **Fagranes:** ... Prestsetrinu, sem prestur, að sögn formanna sinna telur 20 h. með eyðihjáleigunni Skriðukoti, fer árlega hignandi af skriðuföllum úr Eilífsfjalli eða Tindastól. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

– **Fagranes:** ... (úr jarðabók 1849): Landið er ekki mjög lítið, en uppblásið og skriðufallið, sem árlega fer í vöxt. ... Skaðasamt hefur löngum verið á Fagranesi, snjóflóð og skriðuföll, foktjón og brunar (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Tindastóll (innri hluti):** ... Ekki falla miklar skriður úr fjallinu að innan, úr því Fagraneslandi sleppir, og er hið neðra samfelldari grasvegur og víðast þurrt ofan í að sjó (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Fagraness– og Sjóarborgarsóknir, 1840*).

– **Steinn:** ... (úr jarðabók Reynisstaðaklausturs 1728): Fjallið þar fyrir ofan er blásið af grjóti, skriðum og jarðföllum og nærri hagalaust (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Meyjarland:** ... Meyjarland er landþröng jörð. Efri hluti túnsins er á harðvelli og gömlum skriðum en neðri hluti túnsins var votlendi áður en ræst var fram. Þar er jarðvegur frekar djúpur og grjótlítill. ... Segja má að Skollhóllinn geri jörðina byggilega því hann ver bæinn fyrir snjóflóðum. Hlíðin ofan við veg er öll skriðurunnin, en skriður hafa ekki farið niður á tún, a.m.k. síðustu hálfu öldina. Þó fór hér skriða niður gilið, allt niður að bæ um 1949 (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Innstaland:** ... Túninu grandar eitt gil með skriðufalli, sem gengur yfir þvert túnið með grjóti og sandi til stórskaða og eyðileggingar, sem áeykst árlega. Ekki sýnist bænum óhætt fyrir skriðu þeirri, sem áður um getur að falli yfir túnið, þó hefur ekki að því til þessa mein orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sauðárhreppur 1709*).

– **Innstaland:** ... (úr jarðabók Reynisstaðaklausturs 1728): Tún hefur verið þar sæmilegt eftir jarðarinnar stærð, en nú er það svo orðið sökum skriðna og landbrota, sem árlega á það ganga, fordjarfað, að þar er ei eftir af óskemmdu og sláandi túni meir en tveggja daga sláttur orðinn og sjáanlegt að það sem þar af er eftir orðið muni með sama móti úr falla og jörðin þar fyrir í eyði leggjast.

... (úr Dómabók Skag. 1. maí 1759): Tjón hefur orðið af völdum skriðufalla. Árið 1759 féll skriða og skemmdi eina og hálfu dagsláttu túns og fékk ábúandi lækkað afgjald um sinn svo að nam 5 aurum „meðan skaði er af skriðunni“.

... (úr jarðabók 1849): Beitiland fremur lítið og er fjallandið mjög skriðufallið (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

## Gönguskörð

– **Skarð:** ... Engjatak á jörðin í Veðramótalandi (Skarðsteigur). Þetta engjatak spillist þó mjög af grjóti og leir sem lækir bera úr brattlendi. ... Túninu grandar eitt gil úr brattlendi með grjóts og sandsáburði, þó hefur það ekki áaukist í nokkur ár. Ekki er bænum óhætt fyrir vatnagangi og snjóflóðum úr bæjargilinu, þó hefur að því til þessa ekki stórt mein orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sauðárhreppur 1709*).

- **Skarð:** ...Hér er snjóflóðahætt sunnan í fjallinu. Fórst þannig einn sinni bær þessi og var færður þá (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Fagraness– og Sjóarborgarsóknir, 1840). ...Lagðist þá jörðin Skarð í Skagafirði, til nokkurrar uppbótar fyrir tjón þetta undir Tjörn (á Vatnsnesi) (eftir 1740). Er hún að vísu talin 20 hndr. á 25 hndr., en þá skriðan þar aftók bæinn, hefur ei af henni svarast nema 85 al. (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tjarnarsókn, 1840*).
- **Skarð:** ... (úr jarðabók 1849): Engjar eru reytingslegar og snögglendir og fremur litlar ummáls, partur af þeim liggur í Veðramótslandi, sem skemmdur er af jarðföllum og grjóthruni (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).
- **Veðramót:** ...Enginu granda jarðföll og skriður af smálækjum úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sauðárhreppur 1709*).
- **Veðramót I:** ... (úr jarðabók Reynisstaðaklausturs 1728): ...Liggur þessi jörð undir nokkrum spjöllum af jarðföllum og skriðum, sem á landið gengur og sérdeilis á engið.  
...Í byrjun október 1887 féll stór skriða á Sauðárteiginn og voru skemmdir metnar til 80 álna. Þá átti Kristján Hansen, bóndi á Sauða, þar mikið hey úti og missti allt undir skriðuna. Hún grei síðan upp og varð grösugt engi (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).
- **Heiði:** ...Enginu grandar jarðföll og skriður, sem áður segir um Veðramót. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sauðárhreppur 1709*).
- **Heiði:** ... (úr jarðabók Reynisstaðaklaustur 1728): Útengi mikið og víðslægt, en spilltist þó af grjóthruni og leirskriðum, er þó annars ánægjanlegt enn nú.  
...Hlíðin ofan við veginn á Heiðardal kallast einu nafni Teigar, grösugt og mikið heyskaparland. ...Skaðleg jarðföll og aurskriðum hafa þó tíðum fallið á þessu svæði, m.a. nokkrum sinnum á síðustu árum sem glögglega sér merki til. Þannig féll um 200 m löng og allt að 80 m breið skriða aðfaranótt 5. júlí 1995 norðast á dalnum, utan við Lágagerðishól og eyðilagði um tvo hektara túns auk bithaga. Um og eftir miðjan júní sumarið 1999 féllu enn stór jarðföll á þessu svæði með nokkurra daga millibili og stórskemmdu graslendi (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).
- **Breiðstaðir:** ...fornt eyðibýli í landi Heiðar. ...Ekki má hér aftur byggð setja fyrir heyskaparleysi, og þar með er skriða fallin yfir túnið, sem áður hefur verið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sauðárhreppur 1709*).
- **Breiðstaðir:** ...Breiðstaðir (eyðibýli skammt frá Heiði í Gönguskörðum), eyddust af skriðuhlaupi (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).
- **Breiðstaðir:** ...Olavíus telur Breiðstaði með eyðibýlum 1777 og segir bæinn hafa eyðst af skriðu. Brattlendi er ekki en Breiðstaðalækurinn kann að hafa borið mól og grjót niður á grundina og túnið fyrir ofan bæinn og eyðilagt hvort tveggja. Hann getur vaxið nokkuð í leysingum en hefur annars ekki stórt vatnasvæði. ...Þegar landið var brotið til ræktunar fyrir nokkrum áratugum þurfti að tína firm af grjóti úr miðju túninu niður undan lækjargilinu (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Kálfárdalur:** ...Enginu grandar vatn og étur úr rótina í sama máta og jarðföll og smálækir sem bera aur og sand. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sauðárhreppur 1709*).

– **Kálfárdalur:** ...(úr Dómabók Skag. 28. apr. 1759): Veturinn 1759 féll stóreflis skriða á Kálfadalstún, frá efsta enda þess þvert um miðjuna niður í Kálfá, en grjót og aur kvíslaðist um stórt svæði. Eigandi jarðarinnar Gísli Gíslason á Ingveldarstöðum, óskað eftir endurmati á jörðinni, vegna þessa skaða og sýslumaður og meðdómsmenn færðu hana þá niður í 15 hundruð (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Selhólar:** ...Voru byggðir úr Kálfárdalslandi seint á 18. öld. ...Hólasvæðið (framhlaup) er mörg hundruð metra breitt og syðri hlutinn kemur úr Vatnaöxlinni. Um miðbik hólanna er býlið Selhólar. Austan þessara hóla er mýri og síðan tekur við hallandi undirhlíð Selhólafellsins og kallast Dýjahlíð. ...en sumir nefna hana Selhólahlíð. Hún er vel gróin allt til neðri brúna, en votlend af mörgum keldum og smálækjum sem seytla þar niður. Víða má sjá smájarðföll sem þó eru gróin. Stór skál er í neðri brúninni, og heitir Ketill, á móti bæjarhólnum eftir jarðfall og hefur fallið mikil skriða niður í mýrina, a.m.k. 100 m leið. Þetta er allt orðið gróið en líklega ekki mjög gamalt (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

## Hryggjardalur

– **Ytri–Kerlingarstaðir:** ...Tæpan kílómeter fyrir framan Stöpul er svonefndir Ytri–Kerlingarstaðir á litlu nesi, að mestu lymgmóar, en graslendi sunnan til. Ekki eru þarna sjáanlegar neinar kofarústir. Hafi þær verið, kunna þær að vera horfnar undir skriðu eða jarðföll (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

## Víðidalur

– **Víðidalur:** ...Ærnar skriður eru og hlaupnar á Víðidal beggja megin (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Reynisstaðarprestakall, 1842).

– **Þverá:** ...Nátthagi forn sést og verið hafa við túnmálið á Þverá, eyðijörð vestur á Víðidal, er ærið ummáls aurmál hans. Vottar þar og fyrir miklu túni, ærnar skriður eru þar umhverfis, á grundunum og túnstæðinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Reynisstaðarprestakall, 1842*).

## Fjallendið milli Hún. og Skag.

– **Fjallendið milli Hún./Skag.:** ...Fjallgarðurinn allvíða stórskriðum skemmdur og flestöll fjöll þessi graslaus nálega ofan til miðs og lengra, einkum Staðaröxl. Ærnar skriður eru og hlaupnar á Víðidal beggja megin (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Reynisstaðarprestakall, 1842*).

– **Fjallendið milli Hún./Skag.:** ...Fjallendi gengur af sér fyrir skriðum á mörgum stöðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Glaumbæjar– og Víðimýrarprestakall, 1842*).

– **Fjallendið milli Hún./Skag.:** ...Fjallalönd ganga og sjáanlega af sér af skriðuföllum, blása líka upp í ofviðrum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Mælifells– og Reykjaprestakall, 1839*).

## Borgarsveit

– **Sauðá:** ...Engjar eru öngvar heim á jörðinni, en Sauðárteigur í Veðramótalandi spillist af smáskriðum og Borgarey af sandfoki og vatnsleysi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sauðárhreppur 1709*).

– **Sauðá:** ...Sauðárbær var í um 30 m hæð, rúman 1 km suður og upp frá kauptúninu undir Nöfunum. ... (úr jarðabók 1849): Árið 1849 var túnið „hérumbil 20 dagsláttur, meiri part þýft, sumpart mýrlent og skriða liggur í gegnum túnið“.

... (úr Dómabók Skag. 14. júní 1809): Jón Einarsson á Sauðá biður um að aflétt verði af sér hálfu kúgildi og hálfri landsskuld vegna skriðuhlaups af leysingarvatni sem runnið hafi á túnið úr mel þar fyrir ofan og byrjað hafi 1802 en aukist á síðustu þremur árum (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Áshildarholtssel:** ...Selstöðu átti jörðin (Áshildarholt) vestur í svonefndum Selgilsbotnum á dálitlum stalli í brattri hlíð upp og vestur af Sauðárgili úti við merkjagirðingu móti Sauðá. Þarna var gerð vegarslóð um 1980 ... og fór þá slóðin yfir og eyðilagði meiri hluta af rústunum sem þarna voru á þrem stöðum. ...Þriðja rústin, líklega sjálf selrústin, var syðst og hefur jarðýtan tekið neðri hluta hennar, en skriða að ofan fyllt að henni að norðan (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

– **Kimastaðir:** ... (úr Dómabók Skag. 10. júní 1818): Á manntalsþingi á Sauðá 1818 er sagt að jörðin hafi þá ekki í marga mannsaldra verið byggð nema með eins hundraðs landskuld, „en síðan er mikillega skemmd við skriður og niðurgroft“ (*Hjalti Pálsson (ritstj.), Byggðasaga Skagafjarðar I, 1999*).

## Hegranes

– **Hróarsdalur:** ...Túnið spillist af jarðföllum með leirs áburði úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Rípurhreppur 1713*).

## Sæmundarhlíð

– **Staðaröxl:** ...og lítil eður engin sjást merki þess, er í sögum er, að hellir væri efst í Þjófagili því er áður var talið (austast í Staðaröxl), því með öllu er nú fyrir hann hrunið. Er mælt, að þjófar héldi forðum til í gili þessu, 16 eða 18, væri þeir hengdir að

lyktum í fjárhúsi suður á Reynisstaðatúni (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Reynisstaðarprestakall, 1842*).

– **Bessastaðir:** ...Hætt er kvikfé fyrir jarðföllum (skriður?) og foröðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1713*).

– **Sólheimar:** ...Hætt er kvikfé fyrir giljum og jarðföllum og öðrum foröðum til skaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1713*).

– **Auðnir:** ...Kostir aðrir og ókostir taldir með heimajörðinni (Sólheimar). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1713*).

– **Fjall:** ...Túnið fordjarfaði bæjarlækurinn með jarðfalli til stórskaða, ber og leir á þar með grjóti. Engjar mestan part eyðilagðar af grjóti og leir úr smálækjum úr fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1713*).

### **Stóra–Vatnsskarð**

– **Vatnsskarð:** ...Túnið spillist af leir og grjóti úr bæjarlæknum. Engjunum aðrir lækir með sama skaða úr brattlendi. Hætt fyrir jarðföllum og djújum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Staðarhreppur 1713*).

### **Fremribyggð**

– **Hamrar:** ...Úthögum spilla skriður úr fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lýtingsstaðarhreppur 1713*).

### **Svartárdalur**

– **Miðvellir:** ...Ekki má hér aftur byggja fyrir hagleysi og skriðum, sem fordjarfað hafa landið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lýtingsstaðarhreppur 1713*).

– **Ölduhryggur:** ...Ekki er óhætt fyrir jarðföllum og gryfjum. Ekki er enginu óhætt fyrir leirskriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lýtingsstaðarhreppur 1713*).

### **Tungusveit**

– **Breið:** ...Engjar spillast af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lýtingsstaðarhreppur 1713*).

– **Breiðagerði:** ...Kostir allir og ókostir sem á heimajörðinni (Breið). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lýtingsstaðarhreppur 1713*).

– **Sveinsstaðir:** ...Túninu granda skriður úr brattlendi og jarðföll til stórskaða. Engjum og úthögum spillir sama. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lýtingsstaðarhreppur 1713*).

– **Villinganes:** ...Túninu spilla jarðföll, sem hér eru stórkostleg og sama engjunum, þar með spillir þeim leir, sandur og grjót úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lýtingsstaðarhreppur 1713*).

## Vesturdalur

– **Vesturdalur (alm.):** ...Á landslaginu sjálfu hefur helst sú breyting orðið, að jörðin er orðin mjög svo uppblásin af veðrum, skriður og jarðföll skemma lönd og eyða spilla jarðveg á frá ári, þvílíkum afföllum eru dalajarðir öðrum fremur undirornar, bæði á túnnum, engjum og beitolandi. Líka sést vottur til þess að á sumum stöðum hafi í fornöld skógur verið, sem nú er enginn. ...Öllum Dalajörðum hér töldum fylgja þeir ókostir, að undirornar eru sumpart landbrotum, sumpart skriðuföllum, sem skemma lönd og spilla árlega árs bæði túnnum og engjum. En sá kostur er þeim velflestum sameiginlegur, að hagkvisti er gott og er því þrifabetra fyrir sauðfé en mýrgresi sveitajarðanna. ...Á einstöku bæjum sjást vörslugarðar fyrir skriðum, og mætti þeim þó víðar viðkoma, enda væru þeir allvíða nauðsynlegir (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmennafélagsins – Goðdala- og Árbæjarprestakall, 1840*).

– **Goðdalir:** ...Tún staðarins og landið í kring er slétt, en þurrt, hart og snögglent og undirorpið skriðuföllum úr Goðdalafjalli, svo að til þess horfir að einkum slægju grundirnar utan túns eyðist, en mjög er þar heygott. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

– **Hof:** ...Túninu grandar bæjarlækurinn með grjóts- og leirsáburði, engjunum bæði lækir með grjótsáburði og skriður úr fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lýtingsstaðarhreppur 1713*).

– **Þorljótsstaðir:** ...Túninu granda smáskriður með grjóti og leir úr brattlendi. Ekki má hér aftur byggja, því skriður hafa eyðilagð túnstæðið að miklu leyti. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lýtingsstaðarhreppur 1713*).

– **Þorljótsstaðir:** ...Um hálfum öðrum km fyrir neðan bæ á Þorljótsstöðum, kippkorn uppi í brekkunum, hefur verið grafreitir í heiðnum síð. Þar skiptast nú á örfoka melur og þykkar jarðvegstorfur. ...Einhvern tíma nálægt miðri 19. öld féll aurskriða efst ofan úr fjallsbrún yfir þennan stað, en þegar kyrrð komst á, sáu menn verksummerki, sex mannshauskúpur lágu ofan á skriðunni og hjá þeim þrjónn úr bronsi og lítill skrautlegur silfurskjöldur. (*Kristján Eldjárn, Íslands þúsund ár, Nýtt Helgafell, 1956*)

– **Þorljótsstaðir:** ...Einhvern tíma fyrir 1869 fannst forn kumlateigur fyrir norðan Þorljótsstaði, sem þá var fremsti byggður bær í Vesturdal, en nú er í eyði. ...Hefði þarna fallið skriða efst ofan úr fjallsbrún, og datt Sigurði í hug, að skriðan hefði aðeins snert jaðar kumlateigsins og numið brott höfðahlutann af kumlunum, en látið hitt óhreyft. ...Norðan við Torfuna, sem kumlið var í, er allbreið gróðurleysisspilda ofan úr fjallinu og á móts við þennan stað eða vel það. Vel hefði flug þetta getað



myndast af völdum aurskriðu. Ef flest kumlin hafa verið norðar en gröfin, sem hér er lýst hefur skriðan geða sópað þeim með. (*Kristján Eldjárn, Kuml og Haugfé, 1956*).

– **Litlahlíð:** ...Túninu granda jarðföll. Aðrir kostir og ókostir sameiginlegir með heimajörðinni (Hof). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lýtingsstaðarhreppur 1713*).

– **Bjarnastaðahlíð:** ...Túni, engjum og úthögum granda skriður úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lýtingsstaðarhreppur 1713*).

– **Bakkakot:** ...Túni, engjum og úthögum granda skriður úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lýtingsstaðarhreppur 1713*).

## Austurdalur

– **Austurdalur/Norðurárdalur:** ... (1612) Kom ís. Harðindaár mikið. ... Regn stór fyrir Jónsmessu um sumarið Jarðfellis ógangur í Austurdölum í Skagafirði, eyddust nær 2 bæir, fórst með af peningum, hlupu fram yfrið miklir skógar, rak af þeim við ofan í Hólm, og víðar um Skagafjörð, því að Héraðsvötn stemmdi upp (*Skarðsannáll*). ... (1612) Voru regn stór fyrir Jónsmessu, og jarðföll ógurleg í austurdölum í Skagafirði, hlupu fram skógar yfrið miklir, og rak ofan í Hólm, og víðar um Skagafjörð, því að Héraðsvötn stemmdust, enn fórust bæri tveir (*Espólín*). (Ath: Líkindi hafa verið færð til að þessi skriðuföll hafi átt sér stað í Norðurárdal í Skagafirði.)

– **Austurdalur (alm.):** ...Á landslaginu sjálfu hefur helst sú breyting orðið, að jörðin er orðin mjög svo uppblásin af veðrum, skriður og jarðföll skemma lönd og eyða spilla jarðveg á frá ári, þvílíkum afföllum eru dalajarðir öðrum fremur undirorpnar, bæði á tünnum, engjum og beitilandi. Líka sést vottur til þess að á sumum stöðum hafi í fornöld skógur verið, sem nú er enginn. ...Öllum Dalajörðum hér töldum fylgja þeir ókostir, að undirorpnar eru sumpart landbrotum, sumpart skriðuföllum, sem skemma lönd og spilla árlega árs bæði tünnum og engjum. En sá kostur er þeim velflestum sameiginlegur, að hagkvisti er gott og er því þrifabetra fyrir sauðfé en mýrgresi sveitajarðanna. ...Á einstöku bæjum sjást vörslugarðar fyrir skriðum, og mætti þeim þó víðar viðkoma, enda væru þeir allvíða nauðsynlegir (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Goðdala- og Árbæjarprestakall, 1840*).

– **Bústaðir:** ...Engjunum grandar grjót og leir úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Lýtingsstaðarhreppur 1713*).

– **Skuggabjörg:** ...Fóðrast kunni í kýr naumlega (í eyði næstliðin 4 ár). ...Nú er skriða fallin yfir túnstæðið, svo næsta því er örvænt að aftur megi byggja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akrapingsókn 1713*).

– **Skatastaðir:** ...Túninu granda leirskriður og vatnsuppgangur. Hætt er fyrir snjóflóðum og grjóthruni, ítem jarðföllum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akrapingsókn 1713*).

- **Tinnársel:** ...Kostir aðrir og ókostir sem sagt er um Árbæ, nema hvað hér er nokkuð betra til heyss, en miklu hættara fyrir klettahruni og skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).
- **Miðhús:** ...Túnið er fordjarfað af grjótskriðum og veðrum. Engjar fordjarfaðar af grjóti, sem hrynur úr háum hólum. Hætt er í fjárhögum fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).
- **Merkigil:** ...Landskuld níutíu árir í næstu þrjú ár, áður ij c, því aftur fært að skriða fordjarfaði túnið (1710). ...Túnið er af skriðum fordjarfað til óbótaskaða og horfir til auðnar, hafa þær og tekið bæinn til forna, og er honum enn nú eins hætt. Engið liggur undir sama skaða, hætt við eyðileggingu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).
- **Merkigil:** ...Var girt fyrir gilið á Miðstíg. Lá girðingin undir stöðugu grjóthruni úr gjánni, og varð að reisa hana úr rúst á hverju vori. ...Árið 1858, hinn 12 desember, er húsfreyjan á Gilsbakka við kindur frammi á Stígum. Þar verður hún fyrir grjóthruni, og verður það hennar bani. Hún hét Ingibjörg Eyjólfsdóttir, 30 ára. (*Hjörleifur Kristinsson á Gilsbakka, Merkgil í Austurdal, Skagfirðingabók, 1969*).
- **Fitjar:** ...Fitjar heita hér fjárhússtæði (Merkigil). Þar eru fornar girðingar og segja menn þar hafi verið byggð í gamalli tíð. ...og má hér ei aftur byggja, því hér er líka túnstæðið aftekið af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).
- **Kelduland:** ...Túni og engjum spilla leirs og grjótskriður úr brattlendi og líka snjóflóð, hafa þau grandað hér kvikfé, en engið er mikinn part eyðilagt af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).
- **Tyrfingsstaðir:** ...Aurskriður úr jarðskriðum granda bæði túni og engjum. Jarðföll vaxa nær árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).
- **Flatatunga:** ...Á Egilsdal er högum hætt fyrir skriðum og snjóflóðum, og þar í sama máta fyrir gljúfraklettum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).

## Norðurárdalur

- **Norðurárdalur:** ...Að norðanverðu er þar þurrleitt og grýtt, fjöllin brött og hætt við skriðuföllum, en að sunnan votlent og óslétt, kvistgróður nokkur hér og hvar og sauðland gott (*Sveinn Pálsson, Lýsing Hegranessýslu, Ferðabók, 2.útg. 1983*).
- **Egilsá:** ...Landskuld i c xx álnir næstu tvö, áður hálf tannað hundrað, því aftur færð að skriður spiltu og engi fór til rýrðar (1711). Túnið spillist af leir og aurskriðu, því þar er brattlendi mikið, sem aurnum steypir á túnið. Engjar má nú öngvar telja, en þær sem verið hafa, eru mjög svo í hrjóstur komnar af aur og leirskriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).

– **Borgargerði:** ...Engjanefnur sem voru, hafa leirskriður tekið og víða grandað landinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).

– **Fremrikot:** ...Túnið fordjarfast af skriðum árlega, svo til auðnar horfir og mannhætta er í bænum að vera. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).

– **Fremri-Kot:** ...Bærinn (Ytri-Kot) stendur spottakorn fyrir framan Kotá, umkringdur skriðum miklum, heyskaparlítið en landfint. ...Fremri-Kot, í sama á sigkomulagi og hin fyrri (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Miklabæjarprestakall, 1840*).

– **Ytrikot/Neðrikot:** ...Túnið spjallast af skriðu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).

– **Ytri-Kot:** ...Bærinn (Ytri-Kot) stendur spottakorn fyrir framan Kotá, umkringdur skriðum miklum, heyskaparlítið en landfint. ...Fremri-Kot, í sama á sigkomulagi og hin fyrri (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Miklabæjarprestakall, 1840*).

– **Ytri-Kot/Fremri-Kot:** ...Hvernig nöfn þessara bæja hafa breyst, vita menn ekki (Þorbrandsstaðir í Ytri-Kot, Hökustaðir í Fremri-Kot). Hætt er við, að bæirnir hafi lagst í eyði. Ef til vill af skriðuhlaupum, því auðséð er, að tún beggja „Kotanna” eru að miklu leyti uppgrónar skriður. ...Sé þess nú rétt til getið að skriðuhlaup hafi eytt bæina, þá er síst að undra, þó ekkert sjáist til tóftar eldhússins mikla sem Þorbrandur lét gera. Enda er það svo, að þess sjást engar menjar. (*Brynjúlfur Jónsson, Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905, Árbók Fornleifafélagsins, 1906*).

– **Ytri-Kot/Fremri-Kot:** ...Mörgum mun vera kunnugt um það, að bæir þessir báru önnur heiti fyrr á tímum en þau, sem þeir hafa nefnst nú um langt skeið. Þeir hétu Þorbrandsstaðir og Hökustaðir. Er talið efalítið að Ytri-Kot hafi verið Þorbrandsstaðir, og því verið landnámsjörð. ...Fremri-Kot hafa því verið Hökustaðir, og er þeirrar jarðar einnig getið í Landnámu. ...Skráðar heimildir finnast fyrir því, að þannig hétu bæir þessir fram á síðara hluta 15. aldar, og þó líklega enn um 100 ár lengur. ...Næst þegar bæir þessir koma fram í dagsljósið, upp úr miðri 17. öld, hafa þeir hlotið Kota-nöfnin. ...Það hefur valdið mönnum nokkurra heilabrota með hvaða hætti nafnbreyting sú, sem átt hefur sér stað þarna á Norðurárdalnum og víðar, hefur orðið, að bæir sem áður báru ákveðin, vegleg eiginnöfn hlutu hið almenna, og að flesta dómi, fremur umkomulitla nafn Kot þá er fram liðu stundir. Prófessor Ólafur Lárusson mun manna mest hafa rannsakað þetta fyrirbæri, og sett fram þá skýringu, að bæir þeir sem svo fór um, hafi af einhverjum ástæðum farið í auðn um lengri eða skemmri tíma, og nafn þeirra þar með lagst niður, eða ekki verið notað þegar svo var komið. Jarðirnar hafi þó í mörgum tilfellum a.m.k., verið nytjaðar frá nærliggjandi stærri bújörðum sem sel, beitarhús eða þess háttar. Við það hafi Kota-nafnið, sem er stutt og laggott, getur maður sagt, orðið til, og í fullri mótsetningu við nafn heimajarðarinnar, höfuðbólsins. Svo þegar býli þessi byggðust að nýju, hafi nöfnin haldist, enda væntanlega búið þar lítið fyrst í stað. ...Hins vega er það víst, að eitt og annað gæti hafa orsakað eyðingu jarðanna á Norðurárdalnum, sem og annars staðar. ...Og loks er það engan veginn útilokað að skriðuföll, lík þeim sem nú (1954) hafa orðið þar, hafi lagt jarðirnar í auðn. Um allt þetta er sagan næsta þögul. ...Vér skulum þó fletta upp í Skarðsannál og sjá hvað þar segir um árið 1612,

en það er meðal annars á þessa leið. „Regn stór fyrir Jónsmessu um sumarið. Jarðfellis ógangur í Austurdölum í Skagafirði, eyddust nær 2 bæir, fyrst af með peningum, hlupu farma yfrið miklir skógar, rak af þeim víði ofan í Hólm og víðar um Skagafjörð, því að Héraðsvötn stemmdi upp.“ ...Athyglisvert er, að annállinn notar fleirtölumyndina af Austurdal, og segir að skriðuföllin hafi orðið í Austurdölum í Skagafirði. Samkvæmt nútíðarmáli og merkingu mundi það tvímælaust þýða dali þá er skerast austur úr héraðinu inn í fjallabálkinn þar. Og þá kæmi Norðurárdalur til greina, og ekki síst hann. ...Geta má þess, að Espólin notar lítinn staf í upphafi orðsins er greinir frá þessum atburði í Árbókunum. ...Það verður vitanlega aldrei úr því skorið til fulls, hvort skriðuföllin miklu sem urðu árið 1612, hafi átt sér stað fram í Austurdal eða upp í Norðurárdal. En málið liggur þannig fyrir í fæstum orðum sagt. Bæirnir tveir á Norðurárdalnum hafa breytt um nafn. Óhugsandi er að það hefði gerst, síst á þá leið sem varð, ef þeir hefðu alltaf verið í ábúð. Jarðirnar hafa hlotið að vera í eyði um eitthvert áratugabil, eða a.m.k. orðið fyrir því áfalli, að þær urðu aðeins svipur hjá sjón. Nafnagreytingin virðist helst hafa orðið á tímabilinu frá því laust fyrir lok 16. aldar til um miðrar hinnar 17. Snemma á þessu árabili verður ógurlegt jarðrask í Austurdölum í Skagafirði og eyðir nær tveimur bæjum þar. Rök mæla fremur gegn því, að bæir þeir hafi getað verið í Austurdal, eins og munnmæli herma þó. Hið gamla heiti „við Austurdali“, á byggðinni frá Norðurárdal til Austursdal, gefur til kynna, að hinn fyrrnefndi hafi stundum átt samheiti við hinn síðarnefnda í rýmri merkingu (*Þormóður Sveinsson, Hugleiðingar út af skriðuföllum í Norðurárdal, Nýjar Kvöldvökur, 1959*).

– **Ketilsstaðir:** ... (1690) Fyrir norðan á næsta bæ Silfrastöðum, Miklabæ (rangt: sennilega Ketilsstaðir, er þá fór í eyði skv. Jarðabókinni), hljóp skriða úr fjalli og tók af allan bæinn með fólki á nótt (*Eyrarannáll*). ... (1690) Skriða hljóp á hjáleigu hjá Silfrastöðum (vor?), tók mikinn hluta túns og 3 börn, en kona komst lerkuð undan (*Fitjaannáll*).

– **Ketilsstaðir:** ... Fyrir meir en 20 árum er það aftur í auðn fallið, og er hér örvænt aftur að byggja, því túnstæðið er af skriðum eyðilaggt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).

– **Skeljungshöfði:** ... það hefir einhvern tíma fyrir löngu hlaupið skriða úr fjallinu fram á nefið og myndað þar umhækkun með óreglulegum hryggjum og dældum, sem síðan hefir gróið upp. Í skriðunni hefir verið mikið af stórgrýti, og standa margir steinar upp úr jarðveginum. Einn þeirra er Skeljungssteinn. Hann er nú hvorki stærri en sumir aðrir steinar þar, né heldur er hann svo settur, að vekji eftirtekt, eða tilefni sýnist til að gefa honum sérstakt nafn. ... Það sem gjörir stein þennan merkilegan eru götin sem í gegnum hann eru. (*Brynjúlfur Jónsson, Rannsóknir á Norðurlandi sumarið 1900, Árbók Fornleifafélagsins, 1901*).

## Blönduhlíð

– **Silfrastaðir:** ... Högunum spilla skriður stórlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).

- **Silfrastaðir:** ...útbeitar– og heyskaparjörð, líður mikið tjón af Norðurá og skriðum úr fjallinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Miklabæjarprestakall, 1840*).
- **Ausugerði:** ...hefur hér verið hjáleiga skammt frá túninu. Hún hefur í auðn verið yfir 40 ár. ...Túnstæði og engjar er hvorutveggja spillt af skriðum og vatni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
- **Uppsalir:** ...Túninu spillir vatnsuppgangur undan fjalli. Enginu granda leirskriður, hætt er kvikfé fyrir jarðföllum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
- **Úlfsstaðir:** ...Úthögum spilla skriður úr fjalli til stórmeina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
- **Úlfsstaðakot:** ...Kostir allir og ókostir sem á heimajörðinni segir (Úlfsstaðir). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
- **Sólheimar:** ...Túni og engjum granda leirskriður úr brattlendi, en engið að neðan brjóta Héraðsvötnin svo nú er þeirra farvegur þar sem fyrir 10 árum var engið sjálft, og stekkjastæði, sem þá var héðan, liggur nú fyrir vestan vötnin, en stekkurinn stóð áður á miðju enginu. Hætt er vetrarhögum fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
- **Víðivellir:** ...Túnið hefur fordjarfað grjóts og leirskriða úr Helluá til stórskaða og svo engjarnar í sama máta. Úthögum spilla skriður úr fjalli til stórmeina en landið að neðan brjóta Héraðsvötn árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
- **Garður:** ...Kostir og ókostir sem á heimajörðinni, því þetta býli stendur á túninu heima (Víðivellir). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
- **Miklibær:** ...Túninu hefur grandað leirskriða, en enginu bæði grjót og leir. Landinu og úthögum granda skriður úr fjalli stórlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
- **Hrólfstaðir:** ...Kostir og ókostir svo sem um heimajörð segir (Miklibær). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
- **Vaglar:** ...Túninu grandar leir og mól, sem vatn færir á og gjörir jarðfall að. Enginu grandar sama. ...Fyrir 2 árum er hér stór skriða fallin á úthagana til stórskaða (1711). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
- **Þorleifsstaðir:** ...Skriður granda fjallhögum, og engjunum hefur ein að nýju grandað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
- **Mosagrund:** ... (hjáleiga frá Þorleifsstöðum) ...Skriða hefur spillt hér bæði töðum og enginu. Vatnsbólið er horfið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).

- **Vaglagerði:** ...Kostir og ókostir sameiginlegir heimajörðinni (Þorleifsstaðir). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).
- **Þorvaldarkot:** ...eyðikot hjá Þorleifsstöðum (önnur nöfn Hjarðarholt, Laufás, Böðulsgerði, Guddukot). ...Túnstæði spillt af skriðu og má hér ei aftur byggja án skaða heimajarðarinnar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).
- **Stóru–Akrar:** ...Engjunum grandar skriða af leir og sandi. Úthagar fordjarfast og eyðileggjast af stórgýtisskriðum úr fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).
- **Gilshús:** ...eyðihjáleiga frá Stóru Ökrum. ...Hér má ekki aftur byggja, því engi og hagi er kominn í skriður og túnstæði í hrjóstur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).
- **Minni–Akrar:** ...Túninu granda leirs og sands skriður. Engjar þær sem verið hafa eru því nær allar eyðilagðar af Djúpudalsá fyrir leirs og grjótsáburði, og af skriðu þeirri, er fyrir 2 árum er á fallin (1711). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).
- **Litli Dalur:** ...Á úthaga hefur skriða hlaupið fyrir 2 árum með leir og stórgrjóti til skaða (1711). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).
- **Djúpidalur:** ...Engjar mjög af sér gengnar fyrir skriðum og úthaga fyrir þeim ekki óhætt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).
- **Djúpidalur:** ...sem nefnist Djúpidalur, og úr honum kemur á, er nefnist Djúpadalsá eða Dalsá (áður Djúpá), og rennur hún það er úr dalnum kemur í útnorður. Norður með hliðinni fyrir framan Djúpadalsá, gengur langur bekkur eða stallur, sem smámjókkar og lækkar, í útnorður, og myndar þannig nes eða odda milli árinna á annan veg og láglandisins á hina hlið. Þetta er nú Haugsnæs, þar sem mannskæðasta orrusta er verið hefir á Íslandi var háð 1246. Nesið heldur sama nafni enn í dag. Niðri eða vestur í oddanum er slétta mikil, en Djúpadalsá hefir rutt yfir hana skriðu ákaflega breiðri, líklega um ¼ mílu á breidd, og fyrir því sjást nú eigi þær „Torfgrafir fornar“, er voru í meðal fylkinga Brands og Þórðar, áður en orrustan tókst. ...Þar beint niður undan nestanganum hefur orrustan staðið samkvæmt sögunni. Róðugrund er þar og fyrir neðan skriðuna, beint neðan undir orrustustaðnum. Þar stendur nú bær, er nefndist Syðsta–Grund eða Róðugrund, fyrir sunnan Djúpadalsá. Að vísu vita menn sannindi á, að áin hefur stundum á síðari tímum fallið fyrir sunnan Róðugrund. Þetta er og sýnilegt, því að eigi hefir skriðan getað komið á annan hátt en úr ánni þannig að hún hafi kastað sér suður og norður um þetta sléttlendi. (*Sigurður Vigfússon, Rannsóknafærð um Húnavatns og Skagafjarðarsýslur 1886, Árbók Fornleifafélagsins, 1888–1892*).
- **Glóðafeykir:** ...Snjóflóð komu aldrei í Glóðafeyki, en í stórrigningum á sumrin eða haustum féllu stundum skriður, sem áttu upptök sín uppi undir fjallsbrún og féllu með miklum skruðningum alla leið niður fyrir fjallsrætur. Þær gerðu yfirleitt lítið tjón. (*Hannes J. Magnússon, Fjallið mitt, Skagfirðingabók, 1967*).

- **Flugumýri:** ...Úthagar spillast af skriðum úr fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
  
- **Flugumýrarhvammur:** ...Engi og úthaga hefur skriða skemmt til spjalla. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
  
- **Bjarnastaðir:** ...Túninu granda jarðföll svo og grjótsuppgangur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
  
- **Hjaltastaðir:** ...Túninu grandar árlega grjótsuppgangur. Skriða hefur hér á nýlega fallið í landið og spillt því stórlega (1711?). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
  
- **Hjaltastaðakot:** ...Aðrir kostir og ókostir sameiginlegir með heimajörðinni (Hjaltastaðir). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
  
- **Hjaltastaðakot:** ...(1836) Í september féllu skriður, er víða gerðu skemmdir miklar í Skagafirði. Tók af mikinn hluta tún og engja í Hjaltastaðakoti (*Annáll níttjándu aldar*).
  
- **Hjaltastaðahvammur:** ...Hellingur túns er fordjarfaður af grjótskriðu úr gilinu fyrir ofan bæinn, og er honum ekki fyrir því óhætt, svo og hefur snjóflóð hlaupið hér úr gilinu á bæinn; ekki hefur það mönnum að skaða orðið hingað til, en kvikfé grandaði það. Svo er hér og í landinu mjög hætt fyrir snjóflóðum á vetur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingssókn 1713*).
  
- **Hjaltastaðahvammur:** ...Hjaltastaðahvammur, fór í eyði 1714–20, eyddist af skriðuhlaupi (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).
  
- **Hjaltastaðahvammur:** ...Ef landnámsjörð er nú kot, hefur eitthvað gerst, sem fróðlegt væri að vita vega byggðarsögu héraðs og lands. ...Sjö jarðir liggja í landnámi Gunnólfs í Blönduhlíð í Skagafirði. Síðan Jarðabók Á.M. var gerð, hefur Hjaltastaðahvammur verið metinn lægst þessara jarða til landskuldar og oftast kallaður hjáleigugrey frá Hjaltastöðum. ...Af rökum, sem brátt skal getið, fylli ég flokk þeirra, sem telja ugglaust, að fullyrðing Landnámu, að Gunnólfur byggi í Hvammi, eigi við engan Hvamm nema þennan, sem er nærri miðdepli landnáms. Af þessu stafar, að rétt er að veita fornleifum býlisins eftirtekt, umfram margar aðrar jarðar. Á skriðuhrygg ávölum að bæjarbaki var Þorsteinn Sigurðsson, bóndi jarðarinnar, að grafa grunn undir íbúðarhúsi í miðjum júní 1956. Mætti honum þá úr moldinni skalli stór á knálegri beinagrind roskins manns. ...Kista var alls engin, en líkið lagt ofan á skriðumölinu, sem ögn hafði verið sléttuð með því að grópa í hana flatan stein og hellublöð. ...hvort um dys væri að ræða eða kristilegan grafreit. Það reyndist grafreit (þ.e. við bænhús). ...Rýrnun Hjaltastaðahvamms frá siðaskiptum til 1713 er lýst í Jarðabók Á.M. ....,Hellingur túns er fordjarfað á grjótskriðu úr gilinu fyrir ofan bæinn, og er honum ekki fyrir því óhætt, svo og hefur snjóflóð hlaupið hér úr gilinu á bæinn. Ekki hefur það mönnum að skaða orðið hingað til, en kvikfé grandaði það. Svo er hér og í landinu mjög hætt fyrir snjóflóðum á vetur“. ...Hlíðin var í öndverðu skógi klædd, en hefur misst hann mjög snemma á öldum og aldrei linnt síðan skriðuhlaupum, þar sem nokkur jarðvegur og mól var, er losnað gat.

Mikilvirkast og þrálátast var gilið, Rauðagil, sem jarðabókin hermir, og er svo enn. Mun nú jarðýta freista að ryðja garði í veg þess og beina aurhlaupunum frá bæ. ... Tilvera bænhússins með greftrunarrétti bendir ákveðið til þess, að sá Hvammurinn var jörð mikils metnaðar snemma á kristniöldum. Virðast mér þessi rök sýna það samtöld, að hér er um landnámsjörðina að ræða. ... Vatnssorfin smámöl og sandur úr gilinu hafði komið í vorleysingum eða litlu aurhlaupi, áður en hann var grafinn, og hjálpað til að auka jarðvegsþykkt í skriðunni (sandur er nú á 2 feta dýpi). En líkur virðast til, að allmikill hluti hins 70–90 cm þykka jarðlags ofan á henni sé aðflutt mold, sótt til þess, að lík mætti í henni graf. Slíkt erfiði hefðu menn traúðla lagt í til annars en þess að viðhalda eldri kirkjugarði, sem lögbrot var að leggja niður, nema menn gætu flutt öll bein til næstu kirkju og leituðu þeirra svo vandlega sem þeir mundu leita fjár í moldu (Kristinréttur hinn forni, lengur haldinn nyrðra en sunnan lands). Mölin undir gröfunum er ekkert vatnssorfin, hún ber öll merki skriðufalls efst úr hlið, og er svo límd og hörð, að hvorki unnið á henni leysingar né gömul graftól. Ef þessi skriða hefur hlaupið yfir fornan bænhúsgarð Hvamms eða part af honum, var óframkvæmanlegt að sækja neitt það, sem undir henni varð, grafreitinn varð að endurnýja á sama stað. ... Holan var um 190 cm eða sex fet á dýpt og víddin alstaðar jöfn, 8–9 cm í þvermál, eins og eftir vel beina birkistoð, sem fúnað hafi þar innan úr. Annað en stoð virðist ekki koma til greina. ... Eigi hefur enn verið leitað veggleifa þess húss, sem skriðan hefur þar fyllt, en þær áttu ekki að dyljast, ef nokkrar sæjust upp úr skriðunni innan 1 m fjarlægðar frá stoð. ... Eða var það til bjargar fornu bæjarstaði Hvamms, sem menn beittu þeirri verkfræði og trúfræði í senn að hækka skriðuhrygginn eftir getu, svo að seinni skriður flæddu síður yfir hann, og endurreisa bænhúsið með kirkjugarði, og einmitt á þeim hrygg, sem úr gilinu hafði geigvænstur komið, vígja hann Drottni? ... Skriðan varð grafreitur og geymir fleira en vitum, og fram á 18. öld gengu aurhlaupin í sífellu yfir þá túnhluta, sem hún hlífði eigi. En síðan Skalli var settur í urð sína, líklegast fyrir 1388, hyggjum vér og Árni Magnússon, að Rauðagil ynni eigi mönnum grand né bryti Hvammsbæ (*Björn Sigfússon, Skriðan varð grafreitur, Saga II, 1957*).

– **Axlarhagi:** ... Engjar lakar og litlar og úthögum hætt við skriðum, sem jafnlega falla á landið. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og dýjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).

– **Syðri–Brekkur:** ... Túninu granda leirskriður úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).

– **Ytri–Brekkur:** ... Túninu spillir leir úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Akraþingsókn 1713*).

## Viðvíkursveit

– **Hofstaðir, Hofstaðaurð:** ... (1644) Í fjallinu fyrir ofan Hofsstaði í Skagafirði kom upp eldur mikill með öskufalli, en skaðaði hvorki menn né fénað (*Vallholtsannáll*). ... (1644) Og það innst að eldur hafi komið upp í Hofstaðafjalli í Skagafirði, má sá eigi mikill verið hafa, er Björn að Skarðsá getur þess eigi samsveitis (*Espólin*). (Ath: Sumir hafa talið að Hofstaðaurð í fjallinu hafi myndast í þetta skiftið, en er ekki eins hugsanlegt að hér hafi verið á ferðinni mosa- eða skógarbruni?)



## Hjaltadalur

– **Hjaltadalur (alm.):** ...Fjöllin eru brött, klettótt, af stuðlabergi hvarvetna, með glöggsenum skriðum, lítt grösug fyrir ofan miðjar hlíðar, og af sér ganga þau nálega hvert ár sökum skriðuhlaupa (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hóla- og Viðvíkursóknir, 1843*).

– **Hrafnstaðir, Settutóftir:** ...Segja menn að hér hafi að fornu hjáleiga verið (frá Hrafnstöðum). Ekki má hér aftur byggja, því að bæði skortir hey og haga, sem skriður hafa spilt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

– **Hrafnhóll:** ...Túnið fordjarfar skriðufall árlega meir og meir, og veit aldrei nær en það eyðileggi jörðina. Engi má ekki telja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

– **Hvammur:** ...Túni og engjum spilla skriður úr fjalli svo stórmeið er að og enn að auki Hjaltadalsá. Ekki er óhætt fyrir snjóflóðum og ekki fyrir foröðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

– **Hvammur:** ...Mjög hafa skriður spillt landi á Reykjum og Hvammi (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hóla- og Viðvíkursóknir, 1843).

– **Reykir:** ...Túnið hefur spillt af fjallskriðu og svo engið til forna. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

– **Reykir:** ...Mjög hafa skriður spillt landi á Reykjum og Hvammi (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hóla- og Viðvíkursóknir, 1843).

– **Reykir:** ...Um Reyki segir m.a. svo í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, sem skráð var í Hólahreppi árið 1709. „Túnið hefur spilt af fjallsskriðu og svo engið til forna.“ Þegar nánar er skoðað má sjá greinileg, en uppgróin ummerki um þessa skriðu innan við Reyki. Þarna hefur greinilega sprungið fram tiltölulega stór fylla úr brún hallsins og dreifst yfir sléttlendið neðan við. Ekki er eingöngu að jarðvegur hafi sprungið utan af hallinu, heldur hefur skriðan rífið með sér efni úr innviðum hallsins, en það er líklega fyrst og fremst gert úr jökulruðningi. Fyllan sem sprakk út úr hallinu hefur verið stórgrýtt og sennilega hefur efni frá henni dreifst nokkuð langt niður eftir sléttlendinu í átt að Hjaltadalsá. Hefur grjóti úr skriðunni verið safnað saman í hauga við túnbætur en auk þess kemur leir og grjótlag víða fram ofarlega í skurðum niður undan örinu. ...Upp á hallinu ofan við skriðuörið er þurrleint og virðist sem jarðvegur þar hafi einhvern tíma verið mýrlendur, en þornað upp. Engar uppsprettur sáust utan í örinu, en neðan við það er blautt og er greinilegt að nokkuð vatn kemur þarna undan hallinu. Innan við skriðuörið er lítill farvegur, sem nefnist Nýjuskriðulækur og eru þar innri mörk skriðunnar. Ytri mörk skriðunnar eru ekki eins greinileg. Þau munu hafa verið við jaðrar fornra bæjarrústa sem stóðu á túninu, en úr þeim hefur nú verið jafnað. ...Aldur þessa skriðufalls er óþekktur, en ekki er ósennilegt að það sé frá 16. eða 17. öld. Þá féll fjöldinn allur af skriðum, sem er getið er um bæði í Jarðabókinni og í annálum. Hugsanlega má ákvarða aldur skriðunnar með því að kanna afstöðu öskulaga frá sögulegum tíma til leir og grjótlagsins í skurðunum (*Halldór G.*

*Pétursson, Skriðuhætta við Reyki, Hjaltadal í Skagafirði, Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-98004, 1998).*

– **Hólar:** ...Grjótuppgangur spillir og svo túni. Enginu spilla skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

– **Hólar:** ...(1727) Á allraheilagramessu var stórviðri með rigningu. Hljóp skriða í Hólabyrðu um tvö hundruð faðma breið og lenti í síkjunum fyrir sunnan staðinn; önnur féll í Kolbeinsdal (*Mælifellsannáll*).

– **Hólar:** ...Gvendarskál, syðst út skál þessari liggur Gvendargeiri ofan hliðina. Hann eyðist aldrei þótt skriður falli umhverfis (*Árbók FÍ, 1946*).

## Kolbeinsdalur

– **Kolbeinsdalur (alm.):** ...Jarðvegur er frjósamur í dalnum, fremur þurr efst, en mjög blautur neðan til, einkum að norðaustan. Þeim megin er alls staðar mjög hætt við skriðuhlaupum úr fjöllum, sem eru bæði brött og mjög klettótt (*Sveinn Pálsson, Lýsing Hegranessýslu, Ferðabók, 2.útg. 1983*).

– **Kolbeinsdalur (alm.):** ...Fjöllin eru brött, klettótt, af stuðlabergi hvarvetna, með glöggsenum skriðum, lítt grösug fyrir ofan miðjar hliðar, og af sér ganga þau nálega hvert ár sökum skriðuhlaupa (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hóla- og Viðvíkursóknir, 1843*).

– **Fjall:** ...Túninu granda leirskriður úr brattlendi og er ávallt hætt við þeim skaða. Hætt er bæði bæ og kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

– **Bjarnastaðir:** ...Túninu og engjum spilla skriður úr fjalli. Hætt er fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

– **Kaldárkot:** ...Hefur að fornu býli verið og er af skriðum eyðilagt og því ómögulegt aftur að byggja. ...og hafa Bjarnastaðamenn grasið svo sem sinn eginn haga fyrir manna minni (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

– **Skriðuland:** ...Túninu granda fjallskriður en enginu Kolbeinsá. Hætt er við snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

– **Skriðuland:** ...(1858) Um lok októbermánaðar kom bati með sunnanvindum og asahlákum, svo fjaskalegur vöxtur hljóp í allar ár, og skriðuhlaup gjörðu þann skaða, að fá dæmi voru til um þann tíma árs. - 31. október er þá var annar sunnudagur í vetri, tók skriða bæinn Skriðuland í Kolbeinsdal, bjó þar þá Jóhann Hallsson, bróðir Jóns prófests er síðast þjónaði Glaumbæ og Víðimýri, kona Jóhanns var Ragnheiður Pálsdóttir prests að Brúarlandi Erlendssonar, áður hafði átt hana Jóhann Schram gullsmiður, er fórst á Vigo. Misstu þau hjón þar felstan innanstokksmuni, flest peningshús með heyjum fóstur og þar og 45 sauðkindum, en ám, nautgripum og hrossum var bjargað. Heimilisfólkið 11 að tölu, hjónin, 8 börn og barnfóstra, var

nýkomið á fætur; hafði það flúið út, og fyrst leitað sér hælis í fjárhúsi suður og niður á túninu, en er þar var eigi frítt, valdi það sér skýli í grjótbyrgi nokkru, því bæði var stormur og rigning. Nú með því að Jóhann sá sér eigi kost að komast með fólk sitt til bæja þeim megin í dalnum vegna þess að skriður, er hann áleit ófærar höfðu fallið beggja vegna við túnið, réðst hann í að flytja það yfir lítt færa ána er honum tókst vel og hugði að ná bænum Fjalli hins vegar í dalnum, en er þangað kom, hafði skriða hlaupið þar ofan á milli fjóss og bæjar og konan þar með 5 börnum sínum flúið að Brekkukoti í Hjaltadal, en bóndinn var heima með elsta sveininn. Sá Jóhann sér þá eigi annað úrræði en leita til Víðiness og komst hann þangað um kveldið með allt fólk sitt heill á húfi og settist þar að með því Víðinessá var ófær. Fluttist fólk þetta síðar til Hóla og var þar um veturinn, einnig voru færðir þangað nautgripir hans og hey það er náðist (*Annáll níjtánda aldar*).

– **Bakki, Bakkaskriða:** ...Utan við Skriðuland heitir Bakkaskriða. Þar á Kolbeinn landnámsmaður að hafa búíð, á Bakka. Seinna féll skriða á bæinn. Þetta eru munnmæli ein. Hitt þykir sýnt, að það hefur hrunið úr fjallinu yfir byggingar og mannvirki (*Árbók FÍ, 1946*).

– **Saurbær:** ...Engjar eru mjög skemmdar af skriðum og þó enn nú hjálplegar. Hætt er fyrir snjóflóðum, svo að það hefur sett bæjarmenn í lífsháska, það hefur og eyðilagt fjárhúsin að fornu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

– **Sviðningur:** ...Vatnsgangur úr brattlendi grandar túni og engjum og hvergi óhætt fyrir skriðum. Hætt fyrir snjóflóðum og falla þau þrálega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

– **Sviðningur:** ...og fjallið ofan bæjarins bratt, klettótt og skriðuhætt (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hóla– og Viðvíkursóknir, 1843*).

– **Smiðsgerði:** ...Túninu grandar vatn, en skriður engjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hólahreppur 1709*).

## Deildardalur

– **Háleiggsstaðir:** ...Ekki er þar tiltöku skriður eða hrun (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Miklabæjar– og Viðvíkursóknir, 1839*).

– **Kambur:** ...Enginu grandar leirskriður úr fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

– **Brúarland:** ... (1618) Í Deildardal í Skagafirði hljóp ein skriða að fjórum börnum; hún náði tveimur, svo dóu, en lesti hið þriðja; það hið yngsta komst undan og heim til bæjarins; þau voru að smáralestri (*Skarðsannáll*). ... (bætt við utanmáls) á Brúarlandi, þ.e. skriðan á að hafa fallið þar (*Sjávarborgarannáll*).

– **Brúarland:** ...Túninu grandar fjallskriður og snjóflóð og þó engjum enn frammar, og er árlega hætt við að sá skaði vaxi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

– **Brúarland:** ...varð útlögð fyrir prestsetur 1765 vegna heyskapar og landkosta, sem þá þóttu í betra lagi. Nú er fjallið allt umrótað af skriðum, snjóflóðum og grjóthruni, svo þar er engi sárlítið og fer síminnkandi og skammt til, að jörðin ekki lengur verði byggileg (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Miklabæjar– og Viðvíkursóknir, 1839*).

– **Brúarland:** ...Lénsjörðin Brúarland, sem prestur segir lagða brautina frá stólum 25. febr. 1764. fóðrar 4 kýr, og er innstæða þar 12 ær. Engi er hér stórskemmt og liggur við eyðileggingu af skriðum. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

– **Grindur:** ...Skógur, sem að fornu fari var, er gjörsamlega eyddur fyrir skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

## Unadalur

–**Svínaveilir/Svínaveillakot:** ...Túninu granda skriður úr fjalli svo ekki er bæjunum óhætt. Engjarnar hefur Unadalsá mestallar afbrotið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

– **Bjarnastaðagerði:** ...Hvað aðrir kostir þessa partsins eru, vide Bjarnastaði, nema hvað hér er túninu miklu skriðuhættara. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

– **Spáná:** ...Túni og engjum granda skriður. Hætt er fyrir snjóflóðum og svo fyrir foröðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

– **Bjarnastaðir:** ...Jarðföll og skriður fordjaftar engið og svo snjóflóð og Unadalsá. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

– **Hraun:** ...Enginu grandar grjótskriður af þverá einni og Unadalsá. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

– **Á:** ...Engið fordjarfar snjóflóð og skriður. Hætt er kvikfé fyrir tjörn þeirri sem snjóflóð hefur gjört. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

– **Ljósstaðir:** ...Hætt er högum og kvikfé fyrir snjóflóðum og skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

## Höfðaströnd

– **Höfðaströnd:** ...Á undan því fór landskjálftinn, sem hristi allt Norðurland 11. september sama ár (1755). Við vorum þá staddir á Höfðaströnd. Fyrstu kippirnir, 5 eða 6 að tölu, komu kl. 8 um morguninn, en fleiri og harðari kippir rétt fyrir kl. 9. ...Skriður féllu úr öllum fjöllum. Stórir klettur hröpuðu, en aðrir sprungu sundur. ... en fyrir austan okkur og norðan urðu þeir enn ákafari, allt austur til Húsavíkur, en þar urðu þeir langmestir. Það var guðs forsjón að þakka, að ekkert tjón varð á mönnum í

landskjálftum þessum, þegar skriðurnar féllu í straumum niður úr fjöllunum og ekki sást fyrir reykþoku, hverja stefnu björgin, sem niður hlíðarnar ultu höfðu (*Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–57*).

– **Hólakot:** ...Ekki er enginu óhætt fyrir skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

– **Mýrakot:** ...Aðrir kostir og ókostir sem hér eftir segir um jörðina Mannskaðahól. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

– **Mannskaðahóll:** ...Enginu granda skriður og vatnsgangur. Hætt er fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

– **Garðarríki:** ...Aðrir kostir og ókostir sem áður segir (Mannskaðahól). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

– **Þórðarhöfði:** ...Bylgjusteinn heitir klettur einn innst undir Þórðarhöfða. Virðist hann hafa fyrir löngu síðan hrapað úr berginu og staðnæmst þarna. Hann er ekki hár yfir sjó, en hyljúp er við hann, og vel hefur hann staðist gnauð hafsins. (*Jón Jóhannesson, Lítið eitt um Þórðarhöfða, skráð 1944, Skagfirðingabók, 1973*).

– **Þórðarhöfði:** ...Á undan því fór landskjálftinn, sem hristi allt Norðurland 11. september sama ár (1755). ...Úr Þórðarhöfða, sem eins og eyjar þessar er úr sandsteini, hrundu stórir klettur, og í hann komu djúpar sprungur. (*Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–57*).

## Málmey

– **Málmey:** ...Uggvænt er þeim sem rekans gæta að grjóthrun úr bjarginu megi yfir falla, því það er mjög títt og nær daglegt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðaströnd 1709*).

– **Málmey:** ...Á undan því fór landskjálftinn, sem hristi allt Norðurland 11. september sama ár (1755). ...Hamrar klofnuðu og hrundu í sjó í Málmey (*Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–57*).

– **Málmey:** ...Í hafnorðanbyl, 8. októbermánaðar (1875). ...Í þessari svipan kom steinn úr efri brún bakkans (bakkinn nær 30 faðma hár) og fór svo knappt nær andlitinu á mér að þrjár tennur brotnuðu, kjálkinn laskaðist, svo nokkur bein hefur síðan leyst úr honum (*Örn á Steðja, Sagnablöð hin nýju (eftir Norðanfara), 1956*).

– **Málmey:** ...Suðurendi Málmeyjar heitir Kringla. Var hún áður tengd eygni með mjóu eiði, en úr því hrundi stöðugt báðum megin, en hátt berg í fjöru niður beggja vegna. ...Þetta haft var nefnt Kringluskarð. Í jarðskjálftunum 1896 (rétt 1899) hrundi mikið úr berginu, sem er mjög laust í sér, og myndaðist þar glufa langt niður í bergið svo að nú er ófært öllum skepnum nema fuglinum fljúgandi niður á Kringluna. ...Skarfasetur heitir í bjarginu nokkuð fyrir norðan Jarðfallið, vestanmegin á eygni. Þar verpti áður mikið af skarfi, en það tókst af að mestu í jarðskjálftanum 1899. Þá hrundu heilar spildur úr bjarginu, þar sem þeir urpu. ...Það var sunnanvert við

Kúahvamminn, sem það vildi til að Sveinn nokkur, sem var vinnumaður Baldvins Baldvinssonar bónda í Málmey, hrapaði 8. október 1875, niður í urðina neðan undir bjarginu. ...Fóru þeir með hann upp gjá eina, sem sjaldan er farið um. Varð það þá, er þeir voru að baksa Sveini upp, að steinn einn hrapaði og lenti í kjálka Baldvins bónda, og brotnaði kjálkinn og úr honum þrjár tennur. (*Jón Jóhannesson, Nokkrar sagnir úr Málmey, og Grímur Sigurðsson, Málmey, Skagfirðingabók, 1967*).

## Sléttuhlíð

– **Róðhóll:** ...Enginu grandar Róðuhólgil með grjóts og sands áburði til merkilegs skaða og eyðileggingar, og vatn úr sama gili, sem étur úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sléttahlíð 1709*).

– **Bræðraá:** ...Túninu grandar Róðuhólgil með grjóti og sandi et supra um Róðhól. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sléttahlíð 1709*).

– **Geirmundarhólar í Hrolleifsdal:** ...Enginu hefur spillt fyrir nokkrum árum eitt jarðfall. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sléttahlíð 1709*).

– **Þverá í Hrolleifsdal:** ...Engjar litlar, spillast þó af skriðum úr brattlendi. Ekki þykir mönnum að bænum sé öldungis óhætt fyrir skriðum eður snjóflóðum, þó hefur ekki að því mein orðið til þessa. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sléttahlíð 1709*).

– **Keldur:** ...Túninu grandar leir og vatn, sem rennur úr brattlendi í leysingum og étur úr grasrótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sléttahlíð 1709*).

– **Miðhóll:** ...Enginu granda skriður úr brattlendi til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sléttahlíð 1709*).

– **Hrolleifsvirki:** ...Hrolleifsvirki, eyddist af skriðuhlaupi (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

– **Hrolleifshöfði:** ...grjóthrun er jafnaðarlega undir höfðanum og þó mest þegar bleytur ganga. ...mjög er þar (Fell) og erfitt að hagnýta sér rekann, og liggur hann undir töpum af grjóthruni úr Höfðanum ...Hrolleifsvirki við Gjávík (við Hrolleifshöfða), eftir gamals manns sögn. En hafi það þar verið, hefir það ekki getað lagst í eyði af skriðufalli, eins og Olavíus segir í ferðabók sinni, hefði það þá með því móti getað lagst í eyði, að bakkinn hefði sprungið fram. En hefði það af skriðufalli eyðst, væri líklegra, að það hefði verið frami í Hrolleifsdalsbotni (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Fells- og Höfðasóknir, 1868*).

## Fljótavík

– **Laugaland:** ...Enginu granda skriður og smálækir úr fjalli. Úthagar spillast og mjög af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

## Flókadalur

– **Flókadalur (alm.):** ...Síðan í landnámatíð og hana sjálfa eru litlar sögur um Fljót, hvar af ráða megi um landslag hér, en sjá má og af sögu gamalla manna ráða, að fjöll þar, sem nú eru orðin að skriðum, og afdalir allir, vel ofan til miðs tómt grjót og bjargleysa, var áður grasi vaxið og gott land, og ágjöríst hrörnun þessi árlega, sem að alltaf þokar til láglendisins. Orsakir til þessa eru líklegastar, brattleiki fjallanna, og snjólög þau hin miklu, sem sveit þessari eru næsta eiginleg (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Barðsprestakall, 1841*).

– **Móskógar:** ...Úthögum spilla mjög skriður. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Ystimór:** ...Úthagar falla mikinn part í skriður og hrjóstur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Steinhóll:** ...Engjunum granda víða skriður úr brattlendi og vatn sem étur úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Steinavellir:** ...Túninu granda skriður úr brattlendi til stórskaða og svo engjum í sama máta. Hætt er kvikfé fyrir holgryfjulækjum og dýjum og svo snjóflóðum á vetur. Ekki er bænum óhætt fyrir snjóflóðum og eru munnmæli að snjóflóð hafi að fornu á bæinn hlaupið en ekki grandað mönnum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Helgustaðir:** ...Túnið er mjög grýtt og segja menn þar hafi að fornu skriða hlaupið yfir völlinn, og sé þetta grjót hennar eftirleifar. Engjar votsóttar og spillast þar með af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Helgustaðir:** ...Jörðin á land frá Flókadalsá til fjalls, milli landa Austara–Hóls að norðan og Steinavalla að sunnan. Landið er grösugt, en skriðuhlaup voru áður fyrr tíð á engjar og tún og stendur því grjót víða upp úr grassverðinum (*Jón Sigurðsson og Sigurður Ólafsson, Skagfirsk fræði, Jarða- og Búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781–1958, 4 hefti, 1959*).

– **Hóll:** ...Enginu hefur áður grandað skriður úr brattlendi nú ekki í nokkur ár. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

## Fljót

– **Fljót (alm.):** ...Síðan í landnámatíð og hana sjálfa eru litlar sögur um Fljót, hvar af ráða megi um landslag hér, en sjá má og af sögu gamalla manna ráða, að fjöll þar, sem nú eru orðin að skriðum, og afdalir allir, vel ofan til miðs tómt grjót og bjargleysa, var áður grasi vaxið og gott land, og ágjöríst hrörnun þessi árlega, sem að alltaf þokar til láglendisins. Orsakir til þessa eru líklegastar, brattleiki fjallanna, og snjólög þau hin miklu, sem sveit þessari eru næsta eiginleg (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Barðsprestakall, 1841*).

– **Stóri Grindill:** ...Enginu á Stóra Grindil granda skriður úr brattlendi, úthagar spillast og mjög af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Minni Brekka/Stóra Brekka:** ...Úthagar spillast af grjóthruni og skriðum úr fjalli til stórskaða. Hætt er kvikfé fyrir holgryfjulækjum, afætudýjum og grjóthruni úr snarbröttu fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Minni Þverá:** ...Túninu grandar grjótsuppgangur til stórmeina. Úthögum spillir grjóthrun úr snarbröttu fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Skeið:** ...Túninu grandar grjótsuppgangur til stórmeina. Engjunum granda smálækir úr fjalli, sem bera grjót, sand og leir til skaða á slægjurnar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

## Stífla í Fljótum

– **Gautastaðir:** ...Silungsveiði hefur áður gagnvæn verið í Stífluvatni, en þeirri veiði hefur spilt stórskriða, sem í vatnið féll fyrir 20 árum (1689), og hefur síðan mjög lítil verið. ...Túninu granda skriður úr brattlendi til stórskaða og engjunum í sama máta, sem áeykst árlega. Ekki sýnist bænum óhætt fyrir skriðum, og er svo mikið bragð að þessu, að menn búa hér aldrei óhultir í leysingum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Gautastaðir:** ...Snjóflóða- og skriðuhætt virðist vera á Hamri og jafnvel Þorgautsstöðum og Gautastöðum. ...Fyrir meir en hundrað árum (1689?) hljóp skriða mikil fram úr Gautastaðafjalli, fyrir norðan bæinn og hefur gjört þá breytingu á landslagi, að þar sem skriðan hljóp fram í vatnið, er nú töluvert undirlendi og eitthvert hið besta engi (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Knappstaðasókn, 1840*).

– **Gautastaðakot:** ...Þetta kot er nú eyðilagt af einni stórrí skriðu, sem hér hefur gengið yfir túnið, engið og landið, og því má hér ekki aftur byggja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Þorgautsstaðir:** ...Snjóflóða- og skriðuhætt virðist vera á Hamri og jafnvel Þorgautsstöðum og Gautastöðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Knappstaðasókn, 1840*).

– **Hamar:** ...eyðikot í úthögum Tungu. ...Kostir og ókostir ut supra á heimajörðinni, nema engjar spillast hér af grjóthruni úr fjalli. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Hamar:** ...Snjóflóða- og skriðuhætt virðist vera á Hamri og jafnvel Þorgautsstöðum og Gautastöðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Knappstaðasókn, 1840*).



– **Lundur:** ...Túninu hefur áður spillt skriða, en nú ekki í margt ár. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Stífluhólar, Laufskálanes:** ...Laufskálanes. Það er sunnan og vestan í Stífluhólum, þar sem hólaröðullinn gengur lengst í vestur. Vestan við þetta nes er Gautastaðaós eða útrennslið úr Gautastaðavatni. Nafnið Laufskálanes er fornt og bendir til þess, að þar hafi verið skógur í fyrndinni. Á þar að hafa verið búið til forna og nesið þá stórt og flatneskja ein með skógi og grænum grundum á víxl. en missætti varð á milli nágrannanna á Laufskála og í Hvammi, sem er næsta jörð utan við Stífluhólana. Þótti Hvammsbóndanum, Laufskálabóndinn ágengur í meira lagi, sérstaklega að því er beit snerti. Fékk hann kunnáttumann til að jafna reikningana á milli þeirra, en hann gjörði það á þann veg, að hann hleypti fjallinu fram yfir nesið, og gróf framhlaupið undir sig allt nesið og allt, sem á því var, tún og engjar og skóg, bæinn og fólkið og sást ekkert eftir annað en melhólar og lægðir á milli. Þetta eru Stífluhólarnir og er áður sagt frá því hvernig þeir muni hafa myndast. Hvað sem þessu liður, þá helst nafnið Laufskálanes við þann dag í dag og þjóðsagan sömuleiðis. (*Guðmundur Davíðsson frá Hraunum, Fljót í Skagafirði, (ritað 1940–1944), Skagfirðingabók, 1966*).

## Fljót

– **Hólakot:** ...Úthagar spillast af skriðum og blása upp í hrjóstur, og er því mjög haglítið, svo beita verður engjar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Molastaðir:** ...Túninu grandar bæjargilið með grjóts og sands áburði og engjunum í sama máta, hvorutveggja til skaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Bjarnargil:** ...Enginu grandar Merkgil með grjóts og sands áburði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Stóra–Holt:** ...Undir þessa jörð liggur áðurnefndur Holtsdalur, sem af sér gengur árlega fyrir skriðu árennsli og er nú varla hálfgildi þess, sem hann var fyrir 60 árum, eftir áreiðanlegra manna sögn (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Barðsprestakall, 1841*).

– **Almenningar:** ...Á Almenningum hefur berghlaupið varla stöðvast enn, vegarkaflar síga undan brekkum. Talsverð skriða hljóp yfir veginn vorið 1999, víða hafa smáspildur sigið niður. Jarðfræðingar telja að berglögin undir séu með þeim halla að massinn sígur fram ...Nokkuð fyrir sunnan skriðurnar (Mánárskriður) er urðarhöfði mikill, kallaður Kónsnef; þaðan hrundi skriða yfir veginn 1999 (*Árbók FÍ, 2000*).

## Úlfsdalir

– **Úlfsdalir:** ...Úlfsdalir, sem eru annar hluti Hvanneyrarsóknar, eru einnig mjög grasgefnir niður um, en skriðuhlaup hafa svipt hliðarnar sínu forna skruði, og fjöllin að baki fjörðum þessum eru þakin jökli (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

– **Dalabær:** ...Hætt er bænum fyrir skriðum, þó ekki hafi að því stórt mein orðið hingað til. Túninu granda skriður, sem gil og lækir bera úr fjalli og er fyrir þessu eyðilagður meir en 1/3 vallar. (*Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Dalabær:** ... (úr jarðamati 1849): Hætt við skriðum og snjóflóðum (Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972).

– **Dalabær:** ...Á ofanverðri 17. öld (ca. 1650) bjó sá bóndi í Höfn í Siglufirði er Höskuldur hét. ...Flestar sagnir um glettingar þeirra Höskulds og Rafns eru nú týndar. Þó hefur það heyrst, að Höskuldur hafi eftt seið til þess að Dalbæjarseti, fjallið ofan við Dalabæ, hlypi fram yfir bæinn. En Rafni tókst með kunnáttu sinna að bægja skriðunni frá bænum, og féll hún fyrir norðan bæinn. Sagt er að Rafn hafi síðan galdrað skriðu þá, sem áður er getið á Hafnarbæ (*Gríma XI, Galdra–Höskuldur, handrit Jón Jóhannessonar á Siglufirði*).

– **Engidalur:** ...Túninu grandar grjóthrun úr fjalli til stórskaða og eyðileggingar, og fyrir 4 árum var ábúandi landskuldarfrí fyrir það að koma áföllnum skaða af vellinum. Engjar eyðilagðar fyrir sama grjóthruni. Hætt er kvikfé fyrir grjóthruni. (*Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fljótahreppur 1709*).

– **Engidalur:** ...Fyrir norðan Dalasetta eru háir klettabakkar við sjóinn og undirlendi næstum ekkert. Þar er skriðugil mikið og djúpt, næstum frá fjallsbrún og í sjó niður, sem skiptir löndum milli jarðanna Engidals og Dalabæjar. Það heitir nú Herkonugil en er talið hafa áður heitið Hergunnargil. ...Gil þetta var skuggalegt og hættulegt yfirferðar vegna snjóflóða og skriðufalla (*Árbók FÍ, 1990*).

## Eyjafjarðarsýsla

– **Eyjafjarðarsýsla (alm.):** ...Jordens beskaffenhed og dannelse her i Öefiords syssel er saaledes at den er mefd høije fielder over alt hvilcke ere gandske opblæste og af ijdelig sandfog for uden noget græst hvor af komme de mange fieldskreder, der om foraarene, naar sneen begijnder at lösner falder paa den slette mark og ruinerer baade huse hvilcket dog menniskelige kræfter er umueligt at afvende (*Sýslulýsingar 1744–1749, Sögurit 28, 1957*).

## Siglufjörður

– **Siglufjörður (alm.):** ...er því allvíða næsta hætt við skriðum, er árlega sýnast fara í vöxt, og snjóflóðum á vetrum, er á stundum hafa valdið manntjóni og skaða. ...Auk

þessa spillist fjalllendi allt mjög svo af skriðum, er ár hvert fara ofan hér og hvar, einkum á vorum framan af, þá leysingar og aurar eru miklir (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmennafélagsins – Hvanneyrarprestakall, um 1850*).

– **Siglufjörður (alm.):** ...Á undan því fór landskjálftinn, sem hristi allt Norðurland 11. september sama ár (1755). ...Hreyfing landskjálftans gekk frá austri til vesturs í hafinu fyrir utan landið. Tók hún síðan fyrst nesin, en barst síðan inn í landið. Menn veittu þessu best athygli í Siglufirði. Fjörðurinn er mjór, en há og brött fjöll á báðar hliðar. Presturinn þar var um þetta leyti á ferð á bát yfir fjörðinn. Hann var í miðjum firðinum, er hann heyrði háan hvin, líkt og hvirfilvindur færi yfir. Báturinn stöðvaðist skyndilega, og var sem öldurnar þjöppuðu honum saman frá báðum hliðum, og þrýstu honum lítið eitt niður. Þá sá prestur reykjarmökkinn standa upp frá ystu fjallatöngunum og hreyfast síðan ásamt skriðuhruninu inn eftir hliðunum, allt inn í botn (*Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–57*).

– **Siglufjörður (alm.):** ...Í Siglufirði, einkum botni fjarðarins, eru fallegar og grösugar engjar, sumt af þeim þurrt, en sumt mýrar. Hlíðarnar eru í meðallagi grónar og hafa víða spillst af skriðuföllum (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

– **Siglufjörður (alm.):** ...nóttina milli hins 11. og 12. júní urðu jarðskjálftar miklir á Norðurlandi og gengu þeir einkum yfir nesin milli Skjálfanda og Húnaflóa. ...E. E. Möller, sem þá var verslunarstjóri á Siglufirði, lýsir landskjálfta þessum sem hér greinir: "...hvinurinn í loftinu og fjöllunum var eins og sterkasta þrumuhljóð, fjöllin voru öll í reykt upp úr gegn af grjóti og björgum, sem niður féllu, og fornir skaflar ultu niður eins og snjóflóð". (*Þorvaldur Thoroddsen, Landskjálftar á Íslandi, 1905*).

– **Hvanneyrarsel/Selkot:** ...Fóðrast henni í kýr, seinast byggð var, en nú miklu minna, sakir óræktar og skriðufalla á engið, og því má ekki aftur byggja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

– **Selkot:** ...Selkot fór í eyði 1710–20. Eyddist af snjóflóði og skriðum (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

– **Hvanneyri:** ...Engið er stórlega skemmt af skriðum, sem áeykst meir og meir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

– **Hvanneyri:** ...Tún og engi liggja undir skemmdum af fjallskriðum. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

– **Hvanneyri:** ... (úr jarðamati 1849): Skriðuhætt (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Höfn:** ...Enginu spilla skriður úr fjallinu til stórs skaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

– **Höfn:** ... (úr jarðamati 1849): Skriðuhætt (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Höfn:** ...Á ofanverðri 17. öld (ca. 1650) bjó sá bóndi í Höfn í Siglufirði er Höskuldur hét. Þá stóð Efríhafnarbær sunnanvert við gilið, sem skerst niður úr

Jörundarskál og rétt neðan við Nautaskálarhóla. Hefur skriða fallið síðar niður úr gilinu og runnið fyrir mestan hluta túnsins, en fyrir bæjartóttum og túngarðinum sést enn allgreinilega á löngum kafla. Eftir það er skriðan eyðilagði mestan hluta túnsins, var bærinn færður þangað sem hann stendur nú, en þó hélst byggð við á gamla bæjarstæðinu og var nefnd Minnihöfn. Síðan lagðist hún líka niður, líklega vegna þess að skriða hefur aftur fallið þar, enda má sjá merki eftir skriður og snjóflóð, þótt ekki hafi þau náð að renna yfir bæjarhólinn. Var þar síðar gerður stekkur, og hefur haldist við túnrækt í hólnum langt fram á síðastliðna öld (19.). ...Flestar sagnir um glettingar þeirra Höskulds og Rafns eru nú týndar. Þó hefur það heyrst, að Höskuldur hafi eftt seið til þess að Dalbæjarseti, fjallið ofan við Dalabæ, hlypi fram yfir bæinn. En Rafni tókst með kunnáttu sinna að bægja skriðunni frá bænum, og féll hún fyrir norðan bæinn. Sagt er að Rafn hafi síðan galdrað skriðu þá, sem áður er getið á Hafnarbæ (*Gríma XI, Galdra–Höskuldur, handrit Jón Jóhannessonar á Siglufirði*).

– **Höfn:** ...Trúlegast er að Höfn hafi staðið þar sem kallað er Hafnarstekkur, og þar sé upphaflegt bæjarstæði. Þar sáust til skamms tíma nokkrar fornar tóftir og garðbrot í skriðujaðri. Mikil skriða hefur fallið úr fjallinu og grafið meiri hluta túnsins og sennilega einhverjar byggingar undir grjótfargi. Eftir það hefur bærinn verið færður á þann stað, þar sem hann síðan stóð. Á gamla bæjarstæðinu hefur svo löngu síðar verið byggð hjáleiga og nefnd Minni–Höfn, en trúlega staðið skamma hríð. Síðast var þar stekkur frá Höfn. ..Frá skriðu þessari segir í þjóðsögum. Mælt er, að hún hafi fallið á ofanverðri sautjándu öld. Þau tímamörk eru ekki líkleg. Aðalefni sögunnar er glettingar milli Höskuldar bónda og Dala–Rafns. Hafi þeir með göldrum sínum komið skriðuhlaupum af stað, hvor á annars land. Dala–Rafn drukknaði 1636, en um Höskuld er fátt eitt vitað. ...En hvernig sem þessu verður velt fyrir sér eftir frásögum þjóðsagna, er það víst að skriða sú, er sýnilega hefur eyðilaggt Hafnartún á sínum tíma, hefur fallið löngu fyrir daga allra þeirra mann sem hér hafa verið nefndi (*Sigurjón Sigtryggsson, Frá Hvanndölum til Úlfsdala I.–III., 1986*).

– **Höfn:** ...Nokkru neðar í Hafnarfjalli er Blykerlingamelur, er langur og mjór melhryggur sem heitir Strengur. Báðu megin við hann eru gil sem ná ofan frá fjallsbrún og heita Innra – og Ytra–Strengsgil. Úr báðum falla mjög oft snjóflóð og skriður sem hafa valdið miklum sköðum á mannvirkjum þar neðanundir enda er fjallið mjög bratt (*Árbók FÍ; 1990*).

– **Skarðsdalur:** ...Enginu spillir grjóthrun úr fjallinu og skriður til stórs skaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

– **Skarðsdalur:** ... (úr jarðamati 1849): Ekki frítt fyrir skriðum (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Skarðsdalskot:** ...Útigangur og aðrir kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

– **Leyningur:** ...Túninu spillir Leyningsá með grjóts og sands áburði. Enginu spillir vatnsuppgangur sem étur úr rótina, og skriður úr fjallinu, hvoru tveggja til stórs skaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

– **Leyningur:** ... (úr jarðamati 1849): Hætt við skriðum á engi og haga (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Hóll:** ... Engið spillist víða af skriðum úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

– **Hóll:** ... (úr jarðamati 1849): Hætt við skriðum og snjóflóðum (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Saurbær:** ..... (úr jarðamati 1849): Torfrista og mótak gott, skriðuhætt í búfjárhögum (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Ráeyri:** ...: „Í dag fyrir 6 þar svo voveiflega og ógurlega til, að úr fjallinu ofan Ráeyri í Siglufirði, tók sig upp í kvöldrökrinu stórkostlegt jarðfall, sem framvalt allt í sjó út og burt tók ásamt því heila vallarstræti, bæinn og öll út- og peningshús með öllu í verandi, kviku og dauðu. Ein gömul kona, sem ei vildi bæinn yfirgefa varð til í hönum, en við í dauðans ofboði burtu að hlaupa gátu 8 manneskjur sér líftórunni forðað, og urðu þannig atvinnu, húsnæðis, fata og allslausar, að frá teknum 7 kindum í kofa utanvallar, tveim hjöllum við sjó, einum hesti og að ég heyrði sagt kú lánaðri til annars heimilis. Því að það sem við mæðusama eftirgrafningu fundust og upp úr jörðunni náðst hefur, er einasta; Dauðyfli tveggja kúa, öll sundur marin, sundurtættar spjarir og sundurmulin brot af spýtum og öðrum lurka (svo!), alltsaman að engu gagni; Hey hefur náðst til nota“ (*Briem, 16. mars 1830: úr Amtsbréfi (Hskjs. Ak. Etf. H-10/14 nr. 8, Amtsbréf 1820–1831), Sútur 1990*).

– **Ráeyri:** ... en sem lagðist í eyði fyrir rúmum 20 árum (1830), þannig að skriða mikil féll ofan úr fjallinu þar fyrir ofan og niður á bæinn, svo naumlega varð borgið mönnum og eignum. Hafði gjá stór og mikil verið komin ofan í klettana þar fyrir ofan, löngu áður en fjallið loks sprakk fram. Tók skriðuhrun þetta af lendur allmiklar samt hina bestu skipalendingu, er þar hafði áður verið aðalverstaða þeirra, er hákallaveiðar sóttu við Siglufjörð (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hvanneyrarprestakall, um 1850*).

– **Ráeyri:** ... (1830) 3. febrúar (aðrir 10) féll aurskriða á bæinn Ráeyri í Siglufirði; flýði heimafólk jafnskjótt og hennar varð vart og gat þannig bjargað lífi sínu, nema Krístrún Björnsdóttir, sem Hannes prestur kvað. - Kerling ein, er Krístrún hét, - komst í hlaðbrekkuna, - varð of sein og lif þar lét, - litlu þurfti að muna. - Tveir bændur bjuggu á jörð þessari; hafði annar þeirra snúið við aftur heim á leið og ætlaði að bjarga kerlingu. Tók skriðan hann og spýtti fram á sjó, en þó komst hann heill af. Skriða þessi var um 300 faðma breið; hún tók bæinn allan með því, er í var, fjós með tveim kúm og sauðfé allt, nema 6 ær, en nokkuð af heyi stóð eftir óhaggað (*Annáll nítjándu aldar*).

– **Ráeyri:** ... Ráeyri mun hafa verið með elstu býlum fjarðarins, en þar hefur ekki verið byggt síðan 1830, er skriða mikil féll úr fjallinu fyrir ofan bæinn og huldi hann og mestan hluta túnsins. Er þessi skriða talin vera sú mesta, sem fallið hefur við fjörðinn, og hafa skriður þó iðulega valdið þar spjöllum á túnnum og engjum. Skriðan, sem féll 1830, tók ekki aðeins af bæinn, heldur gripahús og alla fjármuni, lifandi og dauða. Fólk bjargaðist þó naumlega úr bænum, nema ein öldruð kona, sem varð undir

skriðunni; er mælt að hún hafi ætlað að bjarga kisu sinni, og það orðið henni til tafar. ...Skömmu eftir þennan atburð var bær byggður skammt út frá skriðunni, og nefndist hann Ráeyrarkot. En um 1880 hverfur það nafn úr hreppsbókum, og eftir það var býlið nefnt Neðri–Skúta. ...Neðan við Neðri–Skútu féll á, sem Ráeyrará nefndist, en er nú kölluð Skútuá. Sagt er, að áin hafi breytt um farveg, þá er skriðan féll, og rennur hún nú sunnan við skriðuna (*Ingólfur Kristjánsson, Siglufjörður, 1968*).

– **Ráeyri:** ...Um mánaðamótin janúar og febrúar 1830 gerði hlákur miklar og vatnsveður sem náði hámarki 2. febrúar. Um fótaferðartíma miðvikudaginn 3. febrúar tóku að falla skriður, og grjóthrun mikið. Heimafólkið á Ráeyri varð vart við hrunið í tæka tíð og gat forðað sér og komist úr hættu. Allt í einu sprakk ógurleg fylla úr norðvestanverðum Hestskarðshnjúk beint upp af Ráeyrabæ. Skriðan féll yfir allt túnið og meginhluta engja, gróf bæjarhús undir þykku grjótfargi, einnig útihús öll, utan einn smákofa þar sem voru sex kindur. Það var hið eina sem eftir lifði af bústofni tveggja bænda sem á síðasta manntalsþingi höfðu tíundað samtals ellefu hundruð lausafjár. Þá stóðu og eftir nokkuð af heyjum sem sett höfðu verið í fúlgur nærri bænum. Hin gamla Ráeyri, þar sem lending og uppsátur, og útræði Ráeyrabænda og fleiri, færðist í kaf og víkin innan við fylltist upp. Bátar, sjóbúðir og vergögn týndist allt og sást aldrei urmull af. Skriðan fyllti árfarveginn og stíflaði hann gjörsamlega, en áin braut sér nýjan farveg sunnan skriðunnar, þar sem hún rennur í dag. Eins og áður getur komst fólk allt farsælega á öruggan stað í fyrstu. Þar var með í flokki öldruð kona, Kristín Björnsdóttir. ...Gamla Krístrún tók nú eftir að kisa hennar var ekki með í för og sneri aftur heim til bæjar til að bjarga henni. Hún fór inn í bæinn og komst út aftur með kisu í fanginu, en rétt sem hún var komin út á hlaðvarpann skall aðalskriðan yfir og gróf bæinn, gömlu konuna og kisu undir grjótfarginu. ...Lík Krístrúnar gömlu fannst aldrei (*Sigurjón Sigtryggsson, Frá Hvanndölum til Úlfsdala I.–III., 1986*).

– **Ráeyri:** ...Litlu norðar, næst sunnan Staðarhóls, var ágæt bújörð, Ráeyri, og stóð upp við fjallið austan árinna sem rennur úr dalnum. Þessi jörð eyðilagðist gjörsamlega er skriða mikil féll úr fjallsrana við suðurbrún Skollaskálar, þann 3. febrúar árið 1830. Þetta var berghlaup því að stór gjá og mikil var komin ofan í klettana þar fyrir löngu áður en fjallið sprakk fram. Þarna er ennþá greinilega hægt að sjá brotsárið í fjallinu. Í annál 19. aldar segir: „Skriða þessi var um 300 faðma breið; hún tók bæinn allan með því er var, fjós með tveim kúm og sauðfé allt, nema 6 ær, en nokkuð af heyi stóð eftir óhaggað“. Gömul kona 78 ára varð „of seint fyrir, var að bjarga kisu sinni, að sögn og varð undir skriðunni. Lík hennar fannst aldrei“, segir séra Bjarni Þorsteinsson í bók sinni um Siglufjörð. Við þetta skriðufall tók af allmiklar lendur jarðarinnar og skipalendingu sem verið hafði aðalverstaða þeirra er sóttu hákarlaveiðar við Siglufjörð. Skriðan tók af árfarveginn sem áður lá norður í framhaldi af dalnum en áin féll til vesturs í nýjan farveg sunnan skriðunnar. Nokkrum árum síðar var byggt aftur í landi Ráeyrar lítið býli sem nefnt var Ráeyrarkot og seinna Neðri–Skúta (*Árbók FÍ, 1990*).

– **Ráeyri:** ...Skriða féll úr Hestskarðshnjúk 1830 og tók jörðina Ráeyri. ...Ráeyri stóð fyrir mynni Ráeyrardals/Skútudals, eyddist vorið 1830 af mikilli skriðu sem enn sér merki. Hafði gjá ein mikil verið komin í fjallsöxlina löngu áður. ...Þegar skriðan féll, náði fólkið að flýja, utan sú gamla kona sem vildi bjarga kisunni sinni. Ráeyrarlending spilltist mjög við skriðuna (*Árbók FÍ, 2000*).

– **Ráeyri:** ...Þegar skoðaðar eru loftmyndir af svæðinu umhverfis hina fornu Ráeyri kemur ýmislegt fróðlegt í ljós. Í fjallinu ofan við gömlu Ráeyri er lítið berghlaup og ganga skriðutungur niður úr því og í sjó fram. Hefur bærinn eflaust orðið undir einni þeirra. Sjálft meginhlassið situr eftir upp í fjallshlíðinni og virðist það hafa orðið til á þann hátt að hnjúkur í suðurbrún skálar efst í fjallinu hefur sprungið fram og hlaupið eða sigið niður í hlíðina. Er allur efri hluti hlassins eða berghlaupsins alsettur stórum og greinilegum sprungum. Dæmt af útliti á loftmynd virðist sem allt berghlaupið hafi myndast í einu. Að svo stöddu máli er þó ekki hægt að útiloka þann möguleika að skriðan sem grandaði Ráeyri hafi hlaupið neðst úr berghlaupinu löngu eftir að það myndaðist. Um veðurfar þegar skriðan féll er lítið vitað, það er að segja ef eingöngu er byggt á eldri heimildunum. Í Annál 19. aldar segir um fyrri hluta ársins 1830: „Frá nýári til þorra voru ýmist kyrrviðri eða hægar hlákur, svo varla frusu mýrar, og mátti víðast kalla góðan vetur til einmánaðar“. Virðist sem þessi klausa sé að mestu samin upp úr Árbókum Espólins (1855). Það sem Sigurjón Sigtryggsson (1986) segir um aðdraganda skriðunnar er annað hvort fært stíllinn eða haft eftir einhverri heimild sem okkur er ókunn. Full ástæða virðist því til að kanna aðstæður í nágrenni Ráeyrar nánar, hugsanlega gæti það gefið okkur einhverja hugmynd um hvort búast megi við þvílíkum skriðuföllum á Siglufjarðarsvæðinu (*Halldór G. Pétursson og Þorsteinn Sæmundsson, Skriðuföll á Siglufirði, Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-99011, 1999*).

– **Ráeyri, Skúta:** ...Bæirnir Efri- og Neðri-Skúta voru byggðir á 19. öld þar sem áður var land jarðarinnar Ráeyrar. Efri-Skúta stóð upp undir fjallinu norðanvert við mynni Skútudals. Ráeyri var talin ein besta jörðin í firðinum. Þann 3. febrúar 1830 féll skriða úr Hestskarðshnjúk yfir nánast allt Ráeyrartún og grófst bær og útihús undir þykkt grjótfarg. Öllu heimilisfólki utan einni gamalli konu tókst að forða sér í tæka tíð en búpeningur allur varð undir skriðunni utan sex kindur í kofa nokkuð frá bænum (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Skúta:** ...Skúta hjál. frá Ráeyri, fór í eyði 1714–20. Eyddist af snjóflóðum og grjótskriðum (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

– **Ráeyrarkot, Skúta:** ...Ráeyrarkot og Skúta 5 hdr. bænda eign. ...Þessar tvær jarðir, sem hér eru taldar, byggðust í landi Ráeyrar, sem fórst í skriðu 1830. ...(úr jarðamati 1849): Engi slitrótt, skriðótt og erfitt, undirorpið stærstu áföllum af skriðum og snjóflóðum (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Staðarhóll:** ...Túninu hefur hér um 14 árum (1698) spillt ein jarðfallsskriða úr fjallinu og eyðilagt nokkurn part efst af vellinum. Engið er að mestu eyðilagt af skriðum úr fjallinu. Ekki sýnist bænum óhætt fyrir snjóflóðum þó hafa þau honum hingað til ekki grandað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

– **Staðarhóll:** ...(úr jarðamati 1849): Engi lítið, grýtt og undirorpið skriðum og snjóflóðum (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Staðarhóll:** ...Ysta býlið í Siglufirði austanverðum var Staðarhóll. Hann stóð uppi í hlíðinni gengt Þormóðseyri. Þar er nokkurt undirlendi sem hólarnir, fornt framhlaup, skiptir í tvennt. ...Á Staðarhóli hefur tún verið meðalstórt og sjást forn garðlög

sunnan þess og ofan, en skriða féll á það norðanvert 1698 svo þar sjást ekki garðar. (*Sigurjón Sigtryggsson, Frá Hvanndölum til Úlfsdala I.–III., 1986*).

## Siglunes

– **Siglunes:** ...Túninu spilla tvö skriðuföll úr fjallinu með leirsáburði til stórs skaða. Engið sem liggur niður á nesinu og bæði var gott og mikið, er mikinn part eyðilagt af grjóts og sands áburði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

– **Brandshús:** ...Hjáleiga frá Siglunesi. ...Útigangur og landkostir sömu og áður segir um heimajörðina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

– **Siglunes:** ...Á seinni öldum var Siglunes aðein ein bújörð, en í fyrstu mun svo ekki hafa verið. Talið er að þrjú fornbylí önnur hafi verið þar að finna. Eitt þeirra er fyrir svo löngu í auðn fallið að nafn þess hefur með öllu týnst. Það hefur staðið suðaustan undir Nesnúp. Þar upp af eru gjár nokkrar, og hefur framburður þeirra myndað bæjarstæði og tún. Þetta býli mun ekki hafa staðið lengi, og efalítið eyðst af skriðu, sem runnið hefur yfir meginhluta túnsins og eitthvað af bænum. Þar í skriðujaðri örlar fyrir tóftum nokkurra húsa, en neðan við skriðuna sér móta fyrir túngarði á alllöngum kafla. Trúlega hefur þetta býli farið í auðn þegar á 12. öld (*Sigurjón Sigtryggsson, Frá Hvanndölum til Úlfsdala I.–III., 1986*).

– **Siglunes:** ...Til skamms tíma sást móta fyrir litlum hringmynduðum kirkjugarði á Siglunesi. Inni í garðinum sást aurmál af lítilli kirkju. ...Heimildarmaður kveðst ekki telja vafa á að þarna hafi verið um að ræða lítið bænhús, reist eftir að kirkjan var flutt. Garðurinn var lítill, hlaðinn þétt við mjög þykka grjót- og aurskriðu. Garðurinn var ekki nærri fullgrafinn, svo hann hefur ekki verið lengi í notkun. Fullyrt er að þetta séu einu merkin um kirkju á Siglunesi. Gæti ekki þarna verið komin skýringin á þessu kirkjuflutingarmáli? (flutningur kirkju að Hvanneyri). Skriða hefur fallið úr Núpnum, yfir kirkju og kirkjugarð, sléttað yfir garðinn og eyðilagt kirkjuna. Hana þurfti auðvitað að byggja aftur, og þá hefur biskup ákveðið að lúta vilja sóknarbarna (*Sigurjón Sigtryggsson, Frá Hvanndölum til Úlfsdala I- III., 1986*).

– **Siglunes:** ...Hið flata Siglunes teygir sig áfram undan rótum þessara hamramúla út í sjó, norður og norðvestur. ...Flatlendið er ívið breiðast undir Núpnum (Nesnúpur) í norðvestur og norður og nær allt að einum km frá fjallsrótum. ...Úr Núpnum falla skriður og gera usla á landi. (*Árbók FÍ, 2000*).

– **Siglunes:** ... (úr jarðamati 1849): Hættur af skriðum og snjóflóðum (Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972).

– **Reiðará:** ...Enginu spilla skriður og grjóthrun úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).



## Héðinsfjörður

– **Héðinsfjörður (alm.):** ...er því allvíða næsta hætt við skriðum, er árlega sýnast fara í vöxt, og snjóflóðum á vetrum, er á stundum hafa valdið manntjóni og skaða. ...Auk þessa spillist fjalllendi allt mjög svo af skriðum, er ár hvert fara ofan hér og hvar, einkum á vorum framan af, þá leysingar og aurar eru miklir (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Hvanneyrarprestakall, um 1850*).

– **Brúnakot:** ...í eyði yfir 20 ár. ...Engið er gjörsamlega eyðilaggt af skriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

– **Ámá:** ...í eyði næstu 10 ár. ...Túnið er nú fordjarfað af langvarndi órækt. Engið spillist af skriðum og vatni, sem étur úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

– **Möðruvellir:** ... (úr jarðamati 1849): Hættur miklar og skemmdir af skriðum og snjóflóðum (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Vatnsendi:** ...Enginu spillir Héðinsfjarðará með sandáburði og sumpart skriður úr fjallinu. Úthagarnir góðir og miklir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum, og svo fyrir Héðinsfjarðará (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Siglufjarðarhreppur 1712*).

– **Vatnsendi:** ... (úr jarðamati 1849): Hættur miklar og skemmdir af snjóflóðum og skriðum (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Vík:** ... (úr jarðamati 1849): Hættur miklar og skemmdir af snjóflóðum og skriðum (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

## Ólafsfjörður

– **Ólafsfjörður (alm.):** ...Öll eru fjöll þessi næsta brött, og frá efstu brún að grundarhöfðum víða gróðurlaus nema einstakar tór á milli árlega vaxandi gilja of skriðurensla ofan að bæjum og engjum. ...Frá Þrætuskeri, við vesturtakmörkin, er þverhnipt bjarg ofan að sjómáli með stórgrýtisfjöru undir, sem árlega breytist af hafbrimi og hruni úr bjarginu, inn að Fossdalsfjöru. ...og líka í betri grasárum töluvert á þurru og mólent nema hvað allvíða árlegt skriðurensli og leir úr fjöllum gerir víða engið, sem liggur í halllendingu, næsta torvelt afsláttar (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Kviabekkjarsókn, 1839*).

– **Fossdalur:** : ...Áfram með sjónum frá Skötugjá heitir Urð og utar Karlskraun. Fyrir réttum 100 árum (um 1860) hrundi þarna mjög mikið fram, m.a. Karlinn, sem svo var nefndur, og klauf mikil hvarf með öllu, en á þessum kafla er nú áberandi sléttur og móleitur bergveggurinn (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Ólafsfjarðar og Hvanndala, handrit*).

- **Ytriá/Gunnólfsá:** ...Engið er mestanpart eyðilagt af skriðum úr fjallinu. Hætt er kvikfé fyrir sjávangangi í fjörinni og snjóflóðum í landi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).
- **Ytri–Gunnólfsá/Ytriá:** ...Um miðjar Selfjörur rennur Sellækurinn og þar er skúti, sem nefnist Selhellir. Hinn feiknastóri Jóasteinn stendur þar, margir metrar á hvern veg. Hann valt fram úr bakkanum, segir sagan, þegar þessi Jói fjármaður var þarna á ferð, og munaði mjóu, að maðurinn slyppi óskaddur (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Ólafsfjarðar og Hvanndala, handrit*).
- **Syðriá:** ...Engið er slitrótt og spillist af leir og snjóflóðum úr fjallinu. Úthagarnir spillast mjög af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).
- **Syðri–Gunnólfsá/Syðriá:** ...(Gunnólfsdalur/Árdalur) Næst tekur við langur hliðarkafli, Hraunskálarhlið, fyrrum ágætis haglendi, en nú orðin mjög skemmd af skriðuföllum (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Ólafsfjarðar og Hvanndala, handrit*).
- **Ósbrekka:** ...Þar er þýft en grasgefið tún, harðbalaengi framan um brekkur neðan undir fjallinu, sem jarðföll hafa víða gegnum grafið með giljum og skriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Kviabekkjarsókn, 1839*).
- **Skeggjabrekka:** ...Engið er stórlega fordjarfað og mikinn part eyðilagt af snjóflóðum, skriðum og vatni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).
- **Skeggjabrekkukot:** ...Útigangur og aðrir kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).
- **Skeggjabrekkukot:** ...Skeggjabrekkukot, eyddist af grjótskriðu (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).
- **Skeggjabrekka:** ...(Skeggjabrekkudalur) Neðst við Garðsá er Kotsgrund og Þrætuholt, þar næst Hæðir og niður frá þeim tóftir býlis, er eyðilagðist í snjóflóði, það hét Finnbogakot (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Ólafsfjarðar og Hvanndala, handrit*).
- **Garður:** ...Engjar eru mjög litlar og slitróttar og spillast þar með af leir úr fjallinu. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).
- **Auðnir:** ...Útigangur og aðrir kostir og ókostir sem áður segir um Garð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).
- **Auðnir:** ...í hættulegri afstöðu fyrir jarðföllum úr fjallinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Kviabekkjarsókn, 1839*).

– **Póroddstaðir:** ...Túninu hefur spillt að sunnanverðu skriðugil með grjótsáburði og tekið af því nokkurn part og er enn hætt við þeim skaða, að hann gangi meir á völlinn. Engið er stórlega skemmt af skriðum til fjallsins. Úthagarnir eru mjög skriðurunnir og hrjóstrugir til fjallsins, og er því hætt að engið beitist. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).

– **Póroddsstaðir:** ...hefir sæmilegt tún, þó undirorpið skemmdum úr skriðulækjargili sunnan og ofan til við völlinn, helst í leysingum í vorum. Þar er starengi mikið og gott á votu og líka nokkuð á þurru, sem þó er mjög spillt af skriðum ofan úr fjallinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Kvíabekkjarsókn, 1839*).

– **Póroddsstaðir:** ...Bithagi, sem er uppgróið framhlaup, heitir Ytri-Skriða. ...Sunnan bæjar er Syðri-Skriða, fornt framhlaup frá Hróthólslækjar- og Snjókinargili, en er nú hluti af túninu. Eins og flestar slíkar, skriðubungur, er þessi allhá, eða var það a.m.k., en svo undarlegt, sem það kann að virðast, þá er það staðreynd, að þessi túnhluti hefur lækkað verulega í mannaminum, þ.e. sigið, svo að munar 1–2 m. ...Heimildarmaður telur, að þessi undarlega þróun hafi átt sér stað á árunum 1911–1922. ...Sunnan við Merkjaskriðu er lítill lækur í Merkjagili. Úr því gili hefur Merkjaskriðan runnið (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Ólafsfjarðar og Hvanndala, handrit*).

– **Hróthóll:** ...Útigangur og aðrir kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina (Póroddstaðir). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).

– **Hróthóll:** ... (úr fasteingamatsbók 1918): Hætta er talin á skriðuföllum og landbroti (*Friðrik G. Olgeirsson, Hundrað ár í horninu II, 1988*).

– **Hringverskot:** ...Túninu á kotinu hefur grandað að fornu stórt skriðufall, sem nú er mestan part uppvaxið, en þó mjög grýtt og illt að vinna. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).

– **Hringverskot:** ...Það hefir einu sinni í snjóflóði farið, hér um bil frá 1720 til 30. Aðaljörðin Hringver, þar sem nú stendur stekkurinn frá Hringverskoti, fór í eyði af snjóflóði nokkru áður, en hvenær helst veit ég ekki og hefir aldrei síðan byggst (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Kvíabekkjarsókn, 1839*).

– **Hringverskot, Hringver:** ... Bærinn (Hringverskot) stóð rétt sunnan við þar sem samkomuhúsið Hringver stendur nú. Kotið byggðist upphaflega sem hjáleiga frá bænum Hringveri sem stóð allnokkru sunnar en fór í snjóflóði snemma á 18. öld. Skriðuföll og snjóflóð ollu í gegn um tíðina þó nokkrum usla á báðum jörðum (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Hringver:** ...Bæjarrústir hins forna Hringvers eru taldar vera utan til á svonefndri Grund. Munnmæli herma, að bæinn hafi tekið af í snjóflóð, og kennt göldrum frá nágroñnum á Kvíabekk (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Ólafsfjarðar og Hvanndala, handrit*).

- **Hringver:** ...Hringver, fór í eyði 1721, eyddist af grjótskriðu (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).
- **Hringver:** ...Hringver mun hafa eyðilagst í grjótskriðu 1721 og aldrei verið þar byggð síðan (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).
- **Kvíabekkur:** ...Enginu spilla skriður úr fjallinu til skaða oftlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).
- **Kvíabekkur:** ...Engið er grasgefið, en alls staðar fullt af smámöl og leir, sem árlega rennur ofan úr Gangnahnjúksfjallinu (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenn tafélagsins – Kvíabekkjarsókn, 1839*).
- **Háakot:** ...Háakot hjáleiga frá Kvíabekk, eyddist af skriðuhlaupi (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).
- **Vermundarstaðir:** ...Túninu hafa skriður spillt litlu áður (um 1700) en jörðin lagðist í eyði, og eyðilagði það að vísu til þriðjunga. Enginu spilla og skriður til stórskaða, og hafa eyðilagst af því mestan part framfrá bænum. Ekki sýnist bænum óhætt fyrir því skriðufalli, sem túnið hefur eyðilagst, og hefur það mjög að honum gengið, þó ekki hingað til húsum grandað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).
- **Vermundarstaðir:** ...Við fjallsræturnar, norðan Leitislækjar heitir uppgróið skriðusvæði (grösugt engi) Jarðfall (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Ólafsfjarðar og Hvanndala, handrit*).
- **Vermundarstaðir:** ...Vestan í Vémundarstaðahyrnu og alllangt fram til dalsins eru hrikalegir klettur efst í fjalli, sundurskornir af gjám og giljum. Hafa þar oft farist skepnur, og munnmæli herma, að smali frá Vémundarstöðum hafi lent þar í skriðu og beið bana (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Ólafsfjarðar og Hvanndala, handrit*).
- **Bakki:** ...Engið spillist af skriðum og snjóflóðum úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).
- **Bakki:** ...Sæmileg heyskaparjörð undir samnefndu fjalli. Undirorpið árlegu skriðurensli á engið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenn tafélagsins – Kvíabekkjarsókn, 1839*).
- **Bakki:** ...(úr fasteingamatsbók 1918): Á jörðinni er talin vera hætta á skriðum og snjóflóðum (*Friðrik G. Olgeirsson, Hundrað ár í horninu II, 1988*).
- **Reykir:** ...Enginu spilla skriður úr fjallinu, einkanlega fyrir 6 árum til stórs skaða (1706). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).
- **Hóll:** ...Túninu spillir vatnsuppgangur sem étur rótina. Enginu spillir að neðan Ólafsfjarðará með grjóts og sands áburði til stórskaða og að ofan skriður úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).

- **Hóll:** ...skriður og jarðföll hafa stórum skemmt engið fyrir utan bæina, sem eiginlega liggur nú undir neðri bæinn til heyskapar (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Kviabekkjarsókn, 1839*).
- **Kálfsá:** ...Túninu grandar Kálfsá með grjótsáburði og eyðilagði fyrir fáum árum, tveggja daga slátt í einu hlaupi af vellinum. Enginu spillir sama á stórlega með grjótsáburði og svo skriður úr fjallinu og vatn sem étur úr rótina, einnig Ólafsfjarðará með landbroti sem sig hefur grafið sig í gegnum þar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).
- **Kálfsá:** ...þar smásaman utan af túninu, og ofan í engjarnar hafa skriður og jarðföll hlaupið úr Kálfsárhyrnunni í stórrígingum. Samt má þar enn þá heita nægilegt engi (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Kviabekkjarsókn, 1839*).
- **Lón:** ...Egilsá kemur úr Egilsárdal, sem er þröng dalskora norður úr Kálfsárdal. Egilsárgrund er nafn á uppgróinni skriðu sunnan við ána (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Ólafsfjarðar og Hvanndala, handrit*).
- **Hólkot:** ...Enginu hafa að fornu skriður grandað, sem nú er uppvaxið til hagbeitar, en ekki til slæгна, svo það sé teljandi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).
- **Hornbrekka:** ...Enginu spilla skriður úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).
- **Hornbrekka:** ... (1748) Í Aug. féll skriða á Hornbrekku í Ólafsfirði (*Djáknaannáll*). ... (1748) Skriða féll í Augusto á Hornbrekku í Ólafsfirði (*Höskuldsstaðaannáll*).
- **Hornbrekka:** ...Hún er undirorpin skriðurenslum á völl og engi úr Tindaraxlarfjallinu fyrir ofan bæinn, hefir nokkurt en þar hjá snögglent engi (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Kviabekkjarsókn, 1839*).
- **Brimnes:** ...Túninu hefur skriða spillt og snjóflóð fyrir nokkrum árum. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ólafsfjarðarhreppur 1712*).
- **Gvendáarskál:** ...Þegar gengið er upp í Gvendáarskál er hægt að velja um tvær leiðir. Önnur er sú að ganga beint upp brattann en hann er mjög laus í sér og stórgrýttur, enda féllu þarna stórar skriður haustið 1988 og runnu alveg í sjó fram (*Árbók FÍ, 1990*).

## Upsaströnd

- **Upsaströnd (alm):** ...Gegnum nefndan fjallgarð liggja þrír afdalir að bæjabaki, Upsadalur, Karlsárdalur, Sauðadalur, allir til suðvesturs. ...Dalir þessir ganga óðum

af sér af snjóflóðum og fjallskriðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Upsasókn, 1839*).

– **Helgastaðir:** ...heitir annað örnefni úti á Ströndinni út frá Sauðárkoti. ...Ekki má hér heldur byggð setja, því þetta landspláss er eyðilagt af skriðum og snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Upsaströnd 1712*).

– **Sauðaneskot:** ...Útígangur og aðrir kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina (Sauðanes), nema hér spillir enginu grjóthrun með skriðunum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Upsaströnd 1712*).

– **Sauðanes:** ...Enginu spilla skriðuföll og grjótsáburður af smálækjum úr fjallinu. Úthagarnir eru enn nú bjarglegir, en spillast mjög af snjóflóðum árlega. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og svo smalann. Einnig er kvikfé hætt við að hrapa fyrir björg, jafnvel um hásumar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Upsaströnd 1712*).

– **Sauðanes:** ...Norðanvert á nesinu heitir Flesjar og stórgrýtisurðin undir þeim Flesjahraun. Þar sem volg uppsprettulind vætlar fram í klungrið heitir Tréurð. Hún sprakk fram úr hömrnunum fyrir ummæli Þorvalds bónda Rögnvaldssonar (galdrar o.s.frv.). Þá höfðu hann heimsótt sendimenn Hólabiskups og kröfðust fyrir stólsins hönd, eignarréttar á gríðarstóru tré, sjóreknu undir hömrnum þessum. Vildi Þorvaldur eigi af hendi láta tréð, laumaðist út á sjávarbakkann og merkti fyrir hæfilega stóru stykki til að hylja tréð, mælti kröftulegs fyrir og gekk heim við það. Þegar Hólamenn hugðu næst að tré því hinu mikla sáu þeir aðaeins verksummerkin, en ekki sjálft tréð og kenndu göldrum bónda (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Dalvíkurhrepps og Upsastrandar, handrit*).

– **Sauðanes:** ...Þess er getið, að eitt sinn (1630–80) rak tré geysimikið á Sauðanesi. Var það hinn besti rauðaviður. Þóttist Hólabiskup eiga tréð, því að jörðin var stólsjörð. Þorvaldur falaði tilkaups af biskupi fyrir mikið verð, en fékk ekki. Árið eftir sendi biskup menn og hesta yfir í Svarfaðardal. ...Áttu þeir að flytja tréð sjóveg inn á Böggvisstaðasand og hafa það á eftir, en sundra síðan í klyfjabúta og flytja vestur. ...og reru út að Sauðanesi. Þorvaldur tók þeim vel og vísaði þeim á tréð, þar undir sjávarhömrnunum. Síðan réð hann þeim heilræði, að þeir skyldu velta trénu í flæði og binda færi um rót þess, en fara sjálfir á skip á sjó fram og hafa ekki skemmri vað á milli sín og trésins, en 40 faðma. Þeir fóru að öllu sem þeim var kennt. Þorvaldur var sjálfur uppi á bökkunum. Þeir lögðu frá landi, það sem togið vannst, og ætluðu að tréð mundi láta að taumum. En í því sama bili hljóp fram bjargið ofan yfir tréð, svo að það huldist allt. Fengu farmenn áföll nokkur. Þeir reru burt við svo búíð og þótti fögur fjörlausn sín. Þessa skriðuurð sér enn og sá lengi á báða enda trésins inn undir urðina. Heitir þar síðan Tréurð (*Hjálmar Jónsson frá Bólu, Frá Þorvaldi Rögnvaldssyni galdramanni á Sauðanesi, Amma 2. útg. 1961*).

– **Sauðanes:** ...Einn vetur (1630–80) rak afarmikið tré hjá Þorvaldi á Sauðanesi neðan undan bænum, skammt fyrir utan Griðkonugötu (Griðkonugata er grasgróin klettahella framan í berginu á Sauðanesi). eru þar mjög há björg, en lítil festifjara undir og ekki hægt að komast að því á landi. ...Bárust brátt vestur að Hólum fréttir miklar af því, en Sauðanes lá þá undir Hólastól, og eignuðu biskupar sér svo allan reka á þeim jörðum. ...Æði þóttu þá Hólamenn glensmiklir og létu mikið yfir sér.

Þorvaldi þótti nóg um þá. Þeir sögðu Þorvaldi erindi sitt, að þeir væru komnir að sækja tréð, sem rekið hafði þar í vetur og vildu vita, hvar það væri. Þorvaldur hélt, að þeim veitti létt að finna það á morgun, þó hann segði ekki. Þeir sváfu af um nóttina og ætluðu að starfa að því daginn eftir. Um morguninn rís Þorvaldur snemma úr rekkju, tók sprota sér í hönd og gengur niður á verið ofan frá bænum, markaði fyrir á jörðunni skammt fyrir ofan bjargsbrúnina, upp undan trénu. Sprekka þá bjargið fram um rispu þá, sem Þorvaldur markaði, og fram í sjó og yfir tréð. Þenna sama morgun far nú Hólamenn að leysa upp verkfæri sín til að vinna með tréð. Þorvaldur segir þeim muni betra að finna tréð fyrst og koma því þangað, sem þeir geti starfað að því. „Heyrði ég, að mikið hrundi í björgunum í morgun og kann vera, að fleiri þurfi verkfæri en sagir tómar“. Fóru svo Hólamenn að leita, en fundu ekki, en sá nýbrostinn fram bakkann, þar sem þeim var sagt, að tréð hefði legið. Fóru þeir síðan svo búnir og þótti sín ferð hin sneypulegasta, en aldrei var vitjað reka til Þorvalds eftir það af Hólamönnum. En slakki er í bergið og er sýndur enn, þar sem sprakk yfir tréð fyrir utan bæjalækinn á Sauðanesi, og er þar stórgrýttari urð í fjörunni en annarstaðar, og það sögðu gamlir menn hér um bil 1840, að í ungdæmi sínu hefðu þeir séð á trésenda niður í stórgrýtisurðinni með stórstraumsfjöru, og ætti það að vera sama tréð, sem Þorvaldur sprengdi ofan (*Jón Þorkelsson, Þjóðsögur og munnmæli, 1899*).

– **Karlsárdalur:** ...Milli Miðengis og Fremsta-Engis er uppgróið skriðubarð (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Dalvíkurhrepps og Upsastrandar, handrit*).

– **Hóll:** ...Landið er og mjög skriðurunnið til fjallsins. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Upsaströnd 1712*).

– **Hóll:** ...Engjastykki niður og upp í hlíðinni heitir Brimnesblettur. Neðan við Brimnesblettinn heitir allstór engjateigur Skriða (uppgróin skriða) (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Dalvíkurhrepps og Upsastrandar, handrit*).

– **Hólskot:** ...Kostir og ókostir ut supra (Hóll). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Upsaströnd 1712*).

– **Upsir:** ...Engið er lítið heim um sig nálægt staðnum, en sæmilegt til fjallsins á Upsadal, en erfitt til að sækja, og spillist nokkuð af grjóts og sandsáburði úr smálækjum og svo skriðum úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Upsaströnd 1712*).

– **Neðra Upsakot:** ...Landkostir og ókostir sem áður segir um heimastaðinn (Upsir). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Upsaströnd 1712*).

– **Efra Upsakot:** ...Kostir og ókostir ut supra (Upsir). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Upsaströnd 1712*).

– **Upsir:** ...Staðurinn má heita hafa gengið svo af sér af snjóflóðum og skriðuföllum, að kostir hans, land eða heyskapur, nú eigi verður metinn meira en að þriðjungi við það sem áður var. ...Upsateigur er nú orðinn að litlu sem engu liði til slæгна, og upprekstur geldfjár í Sauðárkots- eða Ólafsfjarðarmúla, sömuleiðis, vegna skriðufalla. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

– **Upsafjall:** ... (02.06.1934, grjóthrun við jarðskjálfta). Þegar við vorum á leiðinni heim rétt fyrir kl. eitt, heyrðum við ógurlegar drunur sem komu úr Upsafjallinu. Er við litum upp sáum við skriður falla í fjallinu og mikið hrun átti sér stað í Brimnesárgilinu. (*Bjarki Eliasson, Minningar frá Jarðskjálftanum á Dalvík, Súgur, 1996*).

– **Böggvisstaðadalur/Upsadalur:** ... Þessi dalur er víða skriðuhlaupinn og örnefni eru þar ekki mörg (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Dalvíkurhrepps og Upsastrandar, handrit*).

## Svarfaðardalur

– **Ytra Holt:** ... Túninu spillir í einum stað til skemmda Holtsá með grjóts og sands áburði. Engið er að mestu eyðilaggt, það sem á dalnum var, af skriðum, en hitt, sem fyrir neðan bæinn liggur, af sandi og leir úr Holtsá og vatni sem étur úr rótina. Úthagarnir eru um sumar tímamann nægir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum á dalnum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Syðra-Holt:** ... Framan við Heimari-Ása er flatlendi nokkurt, sem kallað er Flatidalur. Utarlega á honum er ársprænan Sigmundsá og austar fellið Sigmundskolla. Þar er Sigmundsskál, djúp lægð með klettum umhverfis. Í skálinni var fyrrum hellisskúti, en hann er nú eyðilagður af grjóthrun úr veggjum skálarinnar (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).

– **Ingvarir:** ... Ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir skriðum úr fjallinu, sem hlaupið hafa fyrir nokkrum árum, beggja megin kotsins og spillti nokkuð túninu með leirsáburði, sem síðan hefur uppræktast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Tjörn:** ... Túninu er mjög hætt við skriðufalli suður frá staðnum, og hefur áður nokkurn part þess fordjarfað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Tjörn:** ... Þegar kemur úr fyrir ofan Tjörn, verður fjallið brattara, þó lægra, með klettabandi ofarlega út og suður. Úr því hafa skriður hlaupið til stórra skemmda á neðarliggjandi beutiland, sem blandað er fjalldrapa og öðrum kvisti og hollt fyrir kindur. Ofan á þessu klettabandi er hjalli eður flati nokkur, upp af hverjum aftur gengur ekki há en brött brekka, skriðuhlaupin (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tjarnarsókn, um 1840*).

– **Tjörn:** ... Lækjargilið utan við bæinn heitir Gullbringugil og framburðurinn úr því, sem nú er að miklu leyti gróinn, heitir Skriðan. Skriðan sunnan við túnið í Gullbringu heitir Gullbringuskriða, og bæjarlækur Tjarnar heitir þar Skriðulækur. ... Í fjallshlíðinni upp frá Gullbringu er stórgrýtisskriða, sem heitir Hraun og ofan við það er Hraunskál. ... Skriðan utan við Hraunið heitir Leirskriða. Hún er frá 1887 (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).



– **Garðshorn/Tjarnargarðshorn:** ...Enginu hafa spillt skriður úr fjallinu, sem áeykst enn þá öðru hverju. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Laugahlíð:** ...Ofan akvegarins eru nyrst Norður–Enni að Bæjarlæk, en Suður–Enni sunnan hans og upp af þeim Flói. Sunnan hans er framburðaralda, er nefnist Skriða (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).

– **Jarðbrú:** ...en utan Bæjarlækjarins er Skriða, gömul framburðaralda (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).

– **Brekka:** ...Landskuld lxxx álnir í næstu 20 ár ...fyrir 24 árum, þá var hún í c. ...Túnið hefur fyrir meir en 20 árum fordjarfast af stóreflis skriðufalli og mikinn part þess eyðilagt, sem þó er nú nokkuð uppsprottið með blettum, þó illt sé að vinna, en byggingarkostirnir voru fyrir þennan skaða aftur færðir. Enginu hefur og fyrir nokkrum árum stórlega spillt skriða úr fjallinu sem líklegt sýnist áaukast muni. Úthagarnir eru mjög litlir, þó nábylt sé og gengur búsamli mjög í örtröð. ...Hætt er kvikfé fyrir djúpum skriðuföllum og holgryfjum í fjallinu, Hætt er bænum fyrir því stóra skriðufalli sem á túnið hefur fallið og í sama sinn gekk allt í kringum bæinn og heim á hlaðið, en fólkið flúði í burtu undan þessum háska. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Grund:** ...Túnið er af vofveiflegu skriðufalli til helminga eyðilagt og áeykst árlega meir og meir og einkanlega fyrir 5 árum féll hér á stórkostlegur skaði, og þá var aftur færð landskuldin. ...Enginu grandar sama skriðufall og leirs áburður þar af, og svo Svarfaðardalsá með leirs og sands áburði. Úthagarnir til fjallsins eru mjög haglitlir fyrir stórgripi, og verður því að beita engið. ...Hætt er bænum fyrir því hræðilega skriðufalli sem túnið hefur eyðilagt og sýnist líklegt að þessi skaði eyðileggi jörðina um síðir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Grund:** ...Þar er mikið engi og grasgefið og slétt tún, en mjög eyðilagt af vatnságangi og skriðu úr svokallaðri Nykurtjörn, sem liggur uppá heiðunum fyrir ofan bæinn. Er nú ekki nema lítil tunga af vellinum við það, sem hann hefur verið sagður í fornöld, því það er almælt, að vörðubrot það, sem sést hefur í Grundarskriðu, hafi fyrst meir staðið á túngarðinum forna, sem nú er allur horfin. (*Þorsteinn Þorsteinsson frá Upsum, Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók Fornleifafélagsins, 1975, ritað um 1865*).

– **Þverá:** ...Enginu spilla skriður til stórskemmda, sem áeykst árlega og Svarfaðardalsá sem sig hefur grafið í gegnum engið og borið á það grjót og sand til eyðileggingar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Hreiðarstaðir:** ...Enginu hefur fyrir nokkrum árum spillt skriðufall úr einum læk, og tekur til að spretta nokkuð aftur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Hreiðarsstaðir/Hreiðarsstaðakot:** ...Þegar kemur út fyrir Skröfustaðaland byrjar klettaband hér um bil miðhlíðis í fjallinu, sem liggur út eftir því, ofan á hverju er

nokkurt graslendi, sem þó spillist af grjóthruni að ofan (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tjarnarsókn, um 1840*).

– **Skröflustaðir:** ...í eyði næstu 6 ár. ...Túnið hefur eyðilaggt fyrir 6 árum (1706), þá nærri til helminga eitt skriðufall, og því lagðist jörðin í eyði. Engið eyðilagði og mestan part tvö jarðföll úr fjallinu, eitt útfrá og annað suðurfrá, á sama ári og túnið tók af. Úthagarnir eru bjarglegir. Vatnsból var sæmilegt áður skriðan féll, en síðan er það hlaupið í jörðina undir bæinn og þar nálægt, svo það er nú kviksyndi að kalla og þess vegna ómögulegt jörðina aftur að byggja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Skröfustaðir:** ...Skröflustaðir (Skröfustaðir), eyddust í 300 faðma breiðri skriðu, er féll á dögum Guðbrands biskups. Jörðin var 20 hundr. að dýrleika. ...Talin byggileg, en þarf að flytjast (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

– **Skröfustaðir:** ...Afmarkast Urðaland með garði að norðan, sem liggur úr fjalli og niður til árbakka, fyrir utan að Skrófustaðaland tekur til, hver jörð sagt er í fornöld verið hafi 20 hndr. og kirkjujörð frá Urðum, en fyrir marglöngu eyðilögð af skriðum, brúkast þó til heyskapar og beitar af Urðabónda (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tjarnarsókn, um 1840*).

– **Urðir:** ...Túninu er hætt fyrir snjóflóðum en ekki hafa þau hingað til neitt af því eyðilaggt. Engið hefur stórlega fordjarfað Svarfaðardalsá með grjótsáburði og svo skriður og snjóflóð úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Urðir:** ...liggur Urðaengi neðst í brattanum. Hefur það liðið miklar skemmdir af fjallskriðum sem gengið hafa þvert yfir það með miklu stórgrýti (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tjarnarsókn, um 1840*).

– **Urðir:** ...Innan núverandi túngirðingar eru þau nöfn, sem hér um getur, talið vestan frá: Syðriskriða vestast, þá Hesthústunga og Ytriskriða. ...Skammt austan túnsins er Gróugerði, fornt býli. Gróugerðisgarður er þar umhverfis. ...Gróugerðisgrundirnar ná þaðan að Sandhólagrundum og Sandhólum. ...Sandhólarnir austan þessara grunda eru, eins og Grundirnar myndaðir af skriðuföllum Hleinargili. ...Upp af Sandhólaflæti ...þar fyrir ofan er Ingudýshryggur og Miðhjallahólshryggur, forn skriðuhlaup úr Miðhallagili (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).

– **Hóll:** ...Túninu hefur spillt að fornu skriðufall að utanverðu og eyðilaggt af því lítinn part. Engið spillist af grjóts og sandsáburði úr bæjarlæknum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Þorsteinsstaðir:** ...Enginu hefur spillt í einum stað hrun af mikilli jarðfallsskriðu úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Atlastaðir:** ...Enginu hefur spillt stórlega fyrir fáum árum ein stór jarðfallsskriða úr fjallinu. ...Hætt sýnist bænum fyrir snjóflóðum, þó hafa þau honum ekki grandað inn til þessa, en brotið hefur eitt snjóflóð fjárhús, sem stendur eður stóð þá skammt upp frá bænum, og þar er sagt bærinn hafi staðið í fyrstunni og hafi undan þessum

snjóflóðum færður verið þangað sem hann er nú. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Kot:** ...Enginu spilla skriður úr fjallinu og hafa áður spillt. Úthagarnir bæði víðlendir og heilnæmir en víða mjög skriðurunnir. Ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Kot:** ...hefur það (Kotafjall) uppdraginn hnjúk mjög háan og klettóttan með gjám, úr hverjum hér og hvar hlaupa bæði skriður og snjóflóð til stórrar fordjörfunar undirliggjandi beitar- og engjalandi, svo engjar eru mjög grýttar og allur grasvegur burt úr fjallinu, nema hér og hvar smátór (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tjarnarsókn, um 1840*).

– **Vífilsstaðir:** ...Vífilsstaðir eyddust af snjóflóði (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

– **Vífilsstaðir:** ...Er dalur þessi (Vífilsstaðadalur) báðum megin tilheyrandi umgetnum Vífilsstöðum og mjög framhlaupinn í skriður, svo hann er að kalla hreint graslaus, þegar kemur skammt fram fyrir mynni hans. Í fjallinu, sem liggur fram frá áminnstum dal, og nefnt er Vífilsstaðafjall, sést valla jarðtó, heldur er það allt fram hlaupið ofan undir láglandi, sem þó er ekki utan nokkra faðma breiðar grundir með ánni og þær þó víða þaktar grjóti fram í á (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tjarnarsókn, um 1840*).

– **Vífilsstaðir:** ...Svo er sagt að skriðuföll hafi lagt Vífilsstaði í auðn, enda má sjá þess glögg merki, að grjótskriða allmikil hefur fallið yfir verulegan hluta túnsins. Nú eru þarna búfjárhagar frá Koti (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skiðadals, handrit*).

– **Skeið:** ...Túnið hefur fyrir 7 árum eitt skriðufall (1705) eyðilaggt hér um bil þriðjung sem þó fer síðan í vöxt meir og meir og horfist til stærri eyðileggingar. Engið eyðilagdist af skriðum í sama sinn meir en til helminga. Vatnsbólínu spillti skriðufallið sem á túnið hljóp. ...Ekki sýnist bænum óhætt fyrir skriðuhlaupi sem sig vottar af einni sprungu í fjallinu uppundan bænum, og mönnum þykir ei ólíklegt að síðar muni fram hlaupa hvað að lítur út til eyðileggingar jarðarinnar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Skeið:** ...og stendur bærinn utan og neðan undir svokölluðu Skeiðsfjalli, sem gjörsamlega hefur tapað öllum jarðvegi fyrir skriðuhlaupum, sem oft hafa gjört grófustu skemmdir á jörðinni, svo legið hefur við, að í eyði færi. ...Líkir hólur liggja ofan úr dalsmynninu norðanvert við ána, nær ofan undir Svarfaðardalsá, út frá hverjum að liggja mýrar strandlengis fyrir neðan bæinn og allt út undir Grýtu, sem brúkaðar eru til heyskapar og þó víða að ofan mjög skemmdar af skriðum. ...sjálft túnið á bænum, allt skriðuþakið nema einungis ein dagsláttu, og hafa bændur mikla stund á lagt að lagfæra skriðurnar og koma þeim aftur í tún (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tjarnarsókn, um 1840*).

– **Skeið:** ...austar undir fjallsrótum heitir Skriðan, en a.m.k. þrisvar er vitað um mikil skriðuföll úr Skeiðsfjalli. Upp af Skriðunni, nefnist stykkið að klettum fjallsins

Fláandar, Efri og Neðri. Stóraskriða er heiman við Þúfuskriðu, og nær hún að fjallsrótum. ...Frá túni og suður að Grýtu heitir stykkið einu nafni Skriða (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).

– **Skeið:** ... (2.–3. okt. 1887) ...Það hafði snjóað allmikið í logni daginn áður, síðan snerist í sunnanátt og hlýindi með ofsalegri rigningu. Úrfellið var með þeim fádæmum að ég man aldrei síðan eftir annarri eins rigningu. Raunverulega rigndi ekki. Vatnið fossaði úr loftinu, og tæpast að nokkurn tíma sæjust dropaskil. Jörðin flóði öll í vatni og alls staðar runnu lækir þar sem einhver brekka var. Svo var það seinni part dagsins, það var komið undir myrkur.

...Í Fram–Svarfaðardalnum urðu mikil skriðuföll. Sérstaklega varð jörðin Skeið illa úti. Fóru þar allar engjar og tún undir aur og skriður. Féll öll fjallshlíðin fram utan frá ánni Grýtu, sem er stutt norðan við bæinn, og fram undir Vatnsdal, sem er um tveggja kílómetra vegalengd. Ekki sakaði þó bæjarhús eða útihús. Þó hlóðust skriðuhrúgöld allt upp undir glugga á baðstofunni, sem vað það bæjarhúsið, er vissi að fjallshlíðinni. Allt fólkið flúði frá bænum strax um kvöldið og hafðist við í fjárhúsi alla nóttina. ...Allar Skeiðsengjar fram frá bænum mórauðar af leir því skriður höfðu hlaupið úr hverju gili uppi í fjallinu og breitt aur og grjót yfir engin. Það svæði, sem skriður höfðu hlaupið á, er um tveggja kílómetra breitt og varla hægt að segja að nokkurs staðar væri lófastór blettur, sem ekki hafði borist leir á, nema bletturinn úr og fram í eyrinni, þar sem hrossin stóðu um nóttina, og ofurlítil þríhyrna í bæjarbrekkunni. ...Skeið fór aldrei alveg í eyði. ...Svo fóru skriðurnar að gróa upp og eftir furðu fá ár var allt grasi vafið á Skeiði og búskapurinn hófst þar á ný (*Sigvaldi Gunnlaugsson, Skriðuföllin í Svarfaðardal haustið 1887, Sútur 2, 1972*).

– **Vatnsdalur:** ...(Skeiðsland): Fyrir framan vatnið er nokkurt undirlendi, þó mjög grýtt vegna yfirgangandi snjóflóða, fyrir ofan hvert að eru kvistlausar grasbrekkur, mjög skemmdar af ofanhlaupnu grjóti úr klettum þeim, sem liggja strandlengis eftir fjallinu að ofan og æði langt ofan eftir brattanum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tjarnarsókn, um 1840*).

– **Hæringsstaðir:** ...Enginu hafa spillt skriður úr fjallinu, sem áeykst. Úthagarnir eru uppblásnir og af skriðum fordjarfaðir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Búrfell:** ...Enginu spillir til stórs skaða grjóthrun og skriður úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Búrfell:** ...Þessir klettur (fjallið) ná ofan úr hnjúksneiðingunum til jafnbreiddar þess, og hrynur mjög úr gjánum ofan í undirliggjandi grasbrekkur, sem af því eru orðnar mjög fordjarfaðar, svo eigi eru eftir af þeim nema grasgeirar milli skriðuhlaupanna, þó geta varla skriður grandað bænum vegna fyrir ofan tún hólotta undirlendis, nema því stærri skriða félli (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tjarnarsókn, um 1840*).

– **Miðbær/Teigur:** ...Miðbær eða Teigur, nefnt eftir Teigsfjalli, eyddist af skriðuhlaupi (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

– **Tungufell:** ...Áminnst Tungufellsland gengur nokkuð suður með fjallinu að svonefndu Stólsgili, úr hverju að endrum og sinnum hlaupa skriður ofan á

undirliggjandi slægju- og beitolönd. ...úr fjallinu, sem ofarlega er alsett klettum, úr hverjum mjög hrynur niður á graslendið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tjarnarsókn, um 1840*).

## **Skíðadalur**

– **Skíðadalur (alm.):** ...(*Dalvíkurskjálftinn 1934*): Nú bar það við þegar við vorum að setja upp stillansa fyrir brú yfir Skíðadalsá að þá reið jarðskjálftinn yfir. ...Bylgjan leið fram Skíðadalinn, sitt hvoru megin og var það ljóst af því m.a. að snjóflóð féllu í fjöllum og skriður einnig (*Sigurður Gunnar Jóhannesson, kennari, Erlingur Davíðsson skráði, Aldnir hafa orðið (9), 1980*).

– **Dæli:** ...Engið spillist stórlega af skriðum úr fjallinu og leirs og sands áburði, sem á það rennur í leysingum og étur nú rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Dæli:** ...Vestast í jaðri gamla túnsins eru tveir afarstórir hólar, sem heita Efri-Kvíhóll og Neðri-Kvíhóll. eru þeir mikil vörn bæjar- og peningshúsum fyrir snjóflóðum og grjótskriðum úr fjallinu. ...Suðaustur frá Elínargerði er Stekkjarhólinn. Þar var um skeið fjárrétt, sem aðallega var notuð í vorsmölun. Sunnan við stekkin er mikil ummerki eftir skriðuhlaup úr fjallinu, einkum svonefnt Illagil, sem er djúpt og mjög illt yfirferðar (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).

**Dæli:** ...en það er Dæli. Þetta er mjög myndarlegt býli undir brattri austurhlíð Stólsins. Hamrar heitir klettabelti það hið mikla, sem liggur lárétt inn eftir fjallinu. Falla þaðan tíðum skriður og einstaka grjótbjörg niður á jafnsléttu (*Árbók FÍ, 1973*).

– **Másstaðir (ytri og syðri):** ...Snjóflóð tók bæinn fyrir 60 árum. Túninu spillir stórlega skriður og snjóflóð þó enn meira á syðra bænum áeykst meir og meir. Enginu granda snjóflóð og skriður til stórskaða, áeykst árlega. Úthagarnir eru bjarglegir, þó eru þeir mjög á dalnum og til fjallsins skriðurunni. Hætt er kvikfé fyrir skriðum og snjóflóðum. Hætt er báðum bæjunum fyrir snjóflóðum og skriðuhlaupum og hefur hér oft verið hætt komið, en þó ekki húsum grandað allt til þessa. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Syðri- og Ytri-Másstaðir:** ...sem mikið áfelli oft hafa liðið af skriðuföllum úr því (fjallinu), svo yfir heila landið út og suður verður ekki stigið utan á skriður af misjöfnum aldri, en niður við ána, sem rennur eftir dalnum fyrir neðan bæi, eru einungis smágeirar, sem ekki hefur á fallið. Á þessu plássi liggur engi bændanna og upp undir giljabotna, sem að ofan og víða niður í gegn er fordjarfað af skriðuhlaupum. ...út við ytri landamerki þessara jarða er sagt staðið hafi hinir fornu Skíðastaðir sem Skíði, af hverjum dalurinn tekur nafn, byggði, einhvern tíma síðan á fyrri öldum af fjallskriðum eyðilagðir. ...1811 féllu svo miklar fjallskriður á áðurnefndar jarðir, að fyrir þeim tapaðist á Syðri-Másstöðum fjós með 4 kúm og öllu heyinu, skemma, smiðja og fjárhús, og fullur 1/3 partur túns. Á Ytri-Másstöðum eitt fjárhús, mólvaði inn fjósið og hlóð svo miklu skriðuhlaupi fyrir dýrnar, að ekki varð innkomist, og varð því að grafa gegnum veginn til að ná kúnum, sem náðust lifandi, en af túni

tapaðist víðlíka og á hinum bænum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tjarnarsókn, um 1840*).

– **Ytri-Másstaðir:** ...Síðsumars 1929 urðu talsverð skriðuföll í Skíðadal og var þá bærinn á Ytri-Másstöðum hætt kominn eins og oft áður. Varð það til þess að gamla bæjarstæðið uppi undir brekkurótunum var yfirgefið fyrir fullt og allt og íbúðarhús byggt niður á flatlendinu (Másstaðamóum) fyrir neðan tún þar sem bærinn hefur verið síðan. Mikil umsvif með ræktun og útihúsabyggingum komu svo smám saman, og á öllu þessu umrótsskeiði munu hinar gömlu menjar (Uslaréttir) hafa farið forgörðum. (*Kristján Eldjárn, Uslaréttir, Árbók Fornleifafélagsins, 1980*).

– **Másstaðir:** ...Syðri og Ytri Másstaðir. Þessar jarðir fóru í eyði 1930 og 1934, en voru í einu lagi fram um miðja 17. öld, að því er segir í Jarðabókinni 1712. Tók þá bæinn af í snjóflóð og var hann eftir það reistur annars staðar (Ytri Másstaðir) og síðan byggður annar (Syðri Másstaðir) skammt frá gamla bæjarstæðinu og skiptist þá jörðin. Þarna hafa oft orðið skaðar af skriðuföllum og snjóflóðum. ...ÁM segir á Másstöðum, „hálfkirkju verið hafa til 1652, er bæinn tók af í snjóflóði, þótt eigi sakaði kirkjuna“. ...Illagil og neðan við það Svartaskriða, sem er framburður úr gilinu. Norðan Illagils er Jarðfall, uppgróin skriða og gott slægjuland, þótt grýtt sé það. Nær jarðfallið upp á Brekkubrún (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).

– **Ytri-Másstaðir:** ...Mjög er skriðuhætt í hlið þessari. Þannig eyddi skriða bæ á Ytri-Másstöðum fyrir alllöngu síðan (*Steindór Steindórsson, Lýsing Eyjafjarðar, 1949*).

– **Másstaðir:** ... Bærinn (Ytri Másstaðir) er jafnan aðeins nefndur Másstaðir eftir að Syðri-Másstaðir fóru í eyði snemma á öldinni. ...Bærinn stóð áður nær fjallinu eins og sjá má á gömlum tóftarbrotum en var fluttur fram á bakkann til að forðast hrun úr fjallinu. Túnið hefur oft spillst af skriðum. ... Bærinn (Syðri-Másstaðir) stóð upp undir fjallsrótum suður og upp frá Másstaðabænum sem nú stendur og sjást tóftirnar enn frá veginum. Jörðin var lítil og oft öllu skriður úr fjallinu miklu tjóni á túni og byggingum. Hún fór í eyði 1930 í kjölfar skriðufalla (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Skíðastaðir:** ...Er fornt eyðiból hér í landinu (Másstaðir) sem yfirfallið er af skriðum og verður því aldrei aftur byggt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Þverá:** ...Úthagarnir eru mjög þrönglendir og skriðurunnir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Þverárdalur:** ...Á dalnum (Þverárdal) er lítið undirlendi, af náttúru grösugt, votlend, en mjög fordjarfað af skriðuföllum að ofan og snjóflóðum á vetrum. ...Dalurinn er brattur og giljóttur, úr hverjum hlaupa á vetrum feikileg snjóflóð (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Tjarnarsókn, um 1840*).

– **Þverárdalur:** ... (heitir Kóngsstaðadalur, Kóngstaðamegin): Framan við ána verður fyrst fyrir niðri í dalnum Ysti-Nauthóll og næst Kolanes. Þar munu menn hafa haft kolagerð, þó að ekki sjáist lengur fyrir kolagröfum neinum, því að skriður hafa

fallið þarna fram yfir. ... (heitir Þverárdalur, Þverármegin): Áður var tjörn niðri undir ánni og hólur nokkrir, Tjarnarhólarnir, en framhlaup úr giljum hafa jafnað yfir þá og fyllt tjörnina (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).

– **Kónsstaðir:** ...Túnið hefur að fornu yfir fallist af skriðu og er síðan mjög grýtt og illt að vinna, en ekki hafa skriður mýlega grandað því. Enginu spilla skriður úr fjallinu til stórskaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Kónsstaðir:** ...Upp frá nefndum bæ liggur svokallaður Kónsstaðadalur, sem er afréttarland og nær allt fram til jökla, vondur mjög yfirferðar vegna gamalla jarðar- og skriðufalla, sem á honum eru víða (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Vallnæprestakallssókn, 1854*).

– **Kónsstaðir:** ...og ofan gamla bæjarstæðisins heiti Ysthúshóll en Gerði, enn sunnar og ofar. Fjánhús þau, er fyrrum stóðu á hólum þessum, tók af í skriðuhlaupi. ...Nokkru utar er Varðhóll, þar sem Kónsstaðafólkið varðist skriðuhlaupi heila nótt (fyrir löngu, annað skipti en 1887?) (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).

– **Kónsstaðir:** ...Bærinn stendur undir utanverðum Kónsstaðahálsi á svonefndu Lásaholti. Fyrrum stóð hann sunnar og ofar, en var færður, sökum hættu af skriðuföllum, en á Kónsstöðum hafa oft orðið miklar skemmdir af þeim völdum, bæði á engjum of túni. ...Upp af Lásaholti er Vörðumelur. Þangað flýði fólk úr gamla bænum þegar skriðuhlaupin 1887 dundu yfir, og hafðist þar við alla nóttina, fákætt og óttaslegið í hellirigningu (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).

– **Kónsstaðir:** ...Víðar er skriðuhætt í Skíðadal. Fyrir all löngu síðan eyddi skriða bæinn á Kónsstöðum, og stendur hann nú á gömlu skriðuhrúgaldi (*Steindór Steindórsson, Lýsing Eyjafjarðar, 1949*).

– **Kónsstaðir:** ... (2.–3. okt. 1887) ...Það hafði snjóað allmikið í logni daginn áður, síðan snerist í sunnanátt og hlýindi með ofsalegri rigningu. Úrfellið var með þeim fádæmum að ég man aldrei síðan eftir annarri eins rigningu. Raunverulega rigndi ekki. Vatnið fossaði úr loftinu, og tæpast að nokkurn tíma sæjust dropaskil. Jörðin flóði öll í vatni og alls staðar runnu lækir þar sem einhver brekka var. Svo var það seinni part dagsins, það var komið undir myrkur.

...Man ég eftir því, að þegar ég var unglingur, að ég heyrði afa minn, Stefán Björnsson, sem þá bjó í Hofsrákkoti, er þessir atburðir gerðust, segja frá að dalurinn (neðri hluti Svarfaðardals) hefði verið sem fjörður yfir að líta. Allur flatinn neðan frá sjó og fram að Tungum, sem mun vera um ellefu kílómetra vegalend, hefði verið undir vatni. Sagði hann að enginn þálfandi maður hefði munað slíka vatnavexti. Óhemjulegt magn af leir bar áin með sér og er vatnið fjaraði út, var allur dalbotninn þakinn þykku leirlagi og hvergi grasstrá að sjá, þar sem flóðið hafði farið yfir.

...Á Kónsstöðum (Skíðadal) urðu mjög mikil skriðuföll. Hljóp fjallshlíðin þar svo að segja öll fram á um hálf annars kílómeters breiðu svæði. Tók þar öll fjánhús og hey er við þau var, voru þó heyin að mestu í heilu lagi nokkru neðar en húsin höfðu staði, höfðu þau flotið ofan á skriðunni. Beint upp af bænum upp í hlíðinni er allstór klettur

nefndur Bæjarklettur. Niður frá honum varð eftir mjó rönd, sem ekki hljóp fram, og er talið að það hafi hlíft því að bærinn fór ekki. Fólkið allt flúði úr bænum, þegar skriðuföllin byrjuðu og hafðist við á háum hóli sem var norðan við bæinn. ...Suður frá bænum á Kóngstöðum voru um 18 dagsláttu vallendisgrundir, rennisléttar og hinn ágætasti töðuvöllur. Fóru þessar grundir allar undir skriður. Sagnir eru um það hve hlíðin suður og upp af Kóngstöðum hafi verið fögur, prýdd miklum og fjölbreyttum gróðri. Nú er þar urð ein ógróin að mestu er kemur upp í brekkurnar. Og enn í dag er stórgrýtið mjög áberandi á öllu þessu svæði, alveg ofan undir (Skíða)dalsá. Jörðin Kóngstaðir fór í eyði um tíma eftir þetta. Síðar var bærinn færður norðar þar sem hann var í nokkuð öruggu skjóli fyrir skriðum úr fjallinu. Ekki er vitað til að fê færast í þessum skriðum á Kóngstöðum (*Sigvaldi Gunnlaugsson, Skriðuföllin í Svarfaðardal haustið 1887, Sútur 2, 1972*).

– **Krosshóll:** ...Enginu spilla snjóflóð með grjótsáburði og skriður, einkanlega fyrir 6 árum og því var landskuldin aftur færð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Sveinsstaðir:** ...Túninu spilla snjóflóð með grjótsáburði og er sagt að bærinn hafi að fornu undan þeim fluttar verið af tóftarústum sem hér eru framaná vellinum. Engið hafa skriður fordjarfað fyrir 6 árum og eyðilagt af því nokkurn part. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Gljúfurárkot:** ...Enginu spilla skriður úr fjallinu. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Gljúfurárkot:** ...Þetta kot hefur til forna lagst í eyði sakir skriðufalla (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Vallnaprestakallssókn, 1854*).

– **Skíðadalur (afrétt):** ...og afréttarkorn kirkjunnar (Valla) í Skíðadal gengur árlega af sér af skriðum og snjóflóðum. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

– **Hólá:** ...Engið er fordjarfað og mikinn part eyðilagt af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Klængshóll:** ...Engið er mjög slitrótt og spillist af leirságangi úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Hnjúkur:** ...Enginu hefur skriða grandað hér um fyrir 50 árum, sem eyðilagði þar nærri til helminga, er þó nokkuð uppvaxið með blettum, þó illt sé að vinna. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Hnjúkur, Möðruvellir:** ...Þar bjó Skíði. Sá bær er nú ekki til, en nafnið þekkja menn enn, og vita menn hvar hann hefur staðið, og er það í Hnjúkshlíð austanverðu í miðjum Skíðadal og hefur í fyrri tíð fallið jarðfall á bæinn og túnið og lagst svo í eyði, en bærinn byggður aftur nokkuð framar undir hlíðinni og heitir nú á Hnjúki. Nú eru fjárhús frá Hnjúki, þar sem Möðruvellir stóðu, og voru þau byggð seinna á þessari öld (19. öld), og fundu menn þar ösku og ryðgað járnabrot, það sagði mér bóndinn sem húsin byggði, sem sýndu að þar hefur hús verið. Hnjúkur er nú ein helsta jörðin í Skíðadal, landgóð og víðlend. (*Þorsteinn Þorsteinsson frá Upsum, Skýringar yfir*



örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, *Árbók Fornleifafélagsins, 1975, ritað um 1865*).

– **Hnjúkur:** ...Í enginu meðfram Skíðadalsá heitir uppgróið framhlaup Skriða. Þar er hól, sem nefnist Grænutóftir, og voru þar fyrir allöngu húsarústir (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).

– **Syðra–Hvarf:** ...Efst á Hvarfshnjúknum heitir Nibba. Þar stóð drangur ein allitill, hann hrundi í jarðskjálftanum 1934 (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).

## Svarfaðardalur

– **Skriðukot:** ...Túninu hefur grandað til stórskaða skriðufall úr bæjarlæknum, sem að áeykst meir og meir og horfir til eyðileggingar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

– **Skriðukot:** ...Ysti hluti túnsins hét Puntsskák. Hún er nú eyðilögð af malburði úr Skriðulæknum. Heiman við Puntsskák eru fjárhúsabrot, sem heitir Miðkofi. Talið er að hann hafi einn allra húsa í Skriðukoti staðið af sér hlaup mikið, er rann úr Skriðulæk (líklega) á fyrri hluta 18. aldar. ...Uppi á Börðum er Skriðan, en um hana flæmist Skriðulækur. ...Ofan Efrifitjar er Skriðuholt og nær suður að Ysthúsholti, en uppi á Skriðuholti heitir Skriða, framburðardyngjan, sem bærinn var heitinn eftir. Talið er að kotið hafi farist í krapavatnsflóði fyrir 1700 og bærinn eftir það verið fluttur þangað, sem hann stóð þar til býlið fór í eyði. ...Fjalið ofan Efstubrúnar sést ekki heiman frá bæ (Ytra–Hvarf). Hæsti kollur Brúnarinnar heitir Brúnarhaus og er við Skriðugil. Skammt ofan við hausinn er sporöskjulagað vatn, h.u.b. hektari að flatarmáli, Skriðukotsvatnið. Úr því geta komið skaðræðis hlaup fram um Skriðugil (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).

– **Skriðukot:** ...Hvarfið er geysistört berghlaup, sem fallið hefur úr Hvarfhnjúk (1000 m y. s.) til vestur og norðvestur niður í mynni Skíðadals. ...Nyrsti hlutinn hefur aðeins komist niður á stallinn, fyrir ofan Hofáarkot, og stíflað þar upp smávatn, sem heitir Skriðukotsvatn, en frá því liggur Skriðugil, niður hliðina við eyðibýlið Skriðukot. Koma stundum hlaup úr Vatninu, líkt og úr Nykurtjörn í Grundarfjalli. ...Skriðugil við Hofársarkot. Gilið liggur þverbeint upp hliðina, sem bendir til að það sé mynduð við gang eða sprungu. Frá því gengur gilskanki neðst, skáhalt upp hliðina, nú að mestu vatnslaus. Um gilið fellur Skriðukotslækur úr Skriðukotsvatni, sem fyrr var getið, og koma stundum í hann töluverð hlaup. Er talið að býlið Skriðukot hafi eyðst af þeim sökum (*Helgi Hallgrímsson, Náttúruminjaskrá Eyjafjarðar, Náttúrugripasafnið á Akureyri, 1985*).

– **Hofsá:** ...Hofsárskriða, uppgróið skriðusvæði, er nær út að merkjum og upp að börðum (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).

– **Hofsáarkot:** ...Nokkuð graslendissvæði utan við Skriðulækinn heitir Skriða, vafalaust framhlaupsbreiða, þó hún sé löngu uppgróin. ...Strýtuhóll er alllangt suður og upp af túninu, litlu utar en Skriðan. Kvíalaut er norðan við hól þennan. Nær hún frá

túni til fjalls. Norðan lautarinnar er vel gróið holt kallað Jarðfall (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).

– **Hof:** ...er nú oftast nefnd Skriðumýri, eins og líka stendur í einu handriti af Svarfdælu og hefur víðar fengið það nafn, því Hofsáin hefur rífið annan farveg en hún hefur haft til forna, út og ofan mýrina og borið á hana grjót. Þessi mýri er suður og ofan frá Hofi og í Hofslandi gegnt Grund og ber það vel saman við söguna. ...Blótbað heitir fen eður díki sem er í mýrinni fyrir neðan túnið á Hofi og hefur þar líklega verið mikið stærra áður en skriðan hljóp út í það, sum sama sem hlaupið hefur á Skorðumýri sem áður er getið. (*Þorsteinn Þorsteinsson frá Upsum, Skýringar yfir örnefni sem tilheyra helst Svarfaðardal, Árbók Fornleifafélagsins, 1975, ritað um 1865*).

– **Skriða:** ...Rétt sunnan við Stekkjarhólinn stóð býlið Skriða, þar er nú fjárhús (frá Gröf). ...Ofan við Skriðubæ er grjótskriða, sem venjulega er kölluð Skriðan, framburður úr læknum (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Svarfaðardals og Skíðadals, handrit*).

– **Uppsalir:** ...Enginu hefur skriða úr fjallinu spillt fyrir 2 árum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svarfaðardalur 1712*).

## **Þorvaldsdalur**

– **Kleif:** ...Úthagarnir eru mjög skriðurunnir og hrjóstrugir fyrir stórgripi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Árskógsströnd 1712*).

– **Þorvaldsdalur (alm.):** ...Þar að austan eru framhrun mikil og skálar uppi í fjallsbrúnum, eru sum þessara framhruna eigi eldri en svo, að enn lifa sagnir um þau, þátt flest hafi þau orðið áður en land byggðist. Eru enn geymd nöfn bæja, er orðið hafa undir skriðunum. Yst að utanverðu heitir Staðarhlíð eða Hrafnagilshlíð vestan í Kötluhfjalli. Þar undir öxlinni eru örnefni Þórhallsstaðir og Hávarðarstaðir, er þeirra bæja getið í Hávarðar sögu Ísfirðings, en engum mundi nú þykja byggilegt á þeim slóðum. Kann og að vera, að landið hafi eyðst af framhrunum úr Staðarskál, þar sem nú er Hraunhöll og Hávarðarstaðarhólar. ...Heitir það Vatnshlíðarfjall. Fram úr fjalli þessu hefir orðið geysimikið hrun og þakið dalbotninn og neðanverða hlíðina með illfærri stórgrýtisdyngju, sem áin hefir síðan brotið sér leið í gegnum. Er geil mikil í fjallið, og heita þar Rauðuskála, urðarhraunið heitir Hrafnagilshraun austan árinna en Kúgilshraun að vestan. ...Munnmæli herma, að framhrun þetta hafi orðið eftir að sögur hófust, og hafi bær heitið á Fögruvöllum, þar sem nú er Hrafnagilshraun, andspænis þeim annar bær, er Þverá hét. ...Nokkru framar er enn eitt hraunið. Heitir það Hestahraun. Um það eru þau munnmæli, að Sigríður stórráða, sem bjó í Auðbrekku í Hörgárdal, hafi átt þar land. En stóðhross nágranna hennar gengu á dalnum og spilltu þar beit. Markaði hún þá með staf sínum fyrir vita allmiklum í fjallinu, og fékk valdið því með fjölkynngi sinni, að fyllan sprakk þar fram, og fórust þar hrossin öll, en hraunið ber nafn þeirra (*Steindór Steindórsson, Lýsing Eyjafjarðar, 1949*).

– **Hrafnagilshraun, Fögruvellir:** ...Munnmælasagan um, að bær hafi staðið þarna undir hlíðarendanum, hefur ekki við nein haldgóð rök að styðjast, nema ef talist gæti

sennilegt, að hraundyngjan hafi sprungið fram úr fjallinu eftir að land byggðist. En býlið, sem á að hafa farist í þeim hamförum nefna munnmælin Fögruvelli (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Árskógshrepps, handrit*).

– **Hrafnagilshraun, Fögruvellir, Þverá:** ...Framundan er mikið berghlaup sem hefur nánast stíflað dalinn. Þetta er Hrafnagilshraun. Hraunið hefur fallið úr brattri og reglulegri hlíð Vatnshlíðarfjalls. ...Hefur hraunið spýst um 50 m upp eftir hlíðinni handan dalsins, og hefur sá hluti hraunsins verið nefndur Kúgildshraun. Munnmæli herma að bærin Fögruvellir hafi orðið undir hraundyngjunni og jafnvel annar bær, Þverá, hinumegin ár... Ólafur Jónsson telur í bók sinni Berghlaup að þetta hlaup sé fremur unglegt og útilokar hann ekki að það kunni að hafa fallið eftir landnám (*Árbók FÍ, 1990*).

– **Hestahraun:** ...Hestahraun heitir í Þorvaldsdal, sem liggur milli Hörgárdals og Árskógsstrandar. Það er stórgrýtt mjög og allmikið um sig. Á 17. öld bjuggu þau Jón Eggertsson frá Ökrum og Sigríður Magnúsdóttir stórráða um hríð á Auðbrekku í Möðruvallasókn og áttu jörðina. ...Í tíð þeirra hjóna lá Þorvaldsdalur undir Auðbrekku og lengi síðan, en nú hafa Arnarneshreppsmenn keypt hann fyrir nokkrum árum til afréttarlands. Þau Sigríður og Jón áttu 30 trippi, og gengu þau á dalnum. Karl einn margfróður bjó í koti í grennd við Auðbrekku. Hann átti eitt trippi og bað Sigríði um hagagöngu fyrir það sumarlangt í dalnum, en hún neitaði honum með frekju mikilli. Varð karl þá reiður, gekk upp á dalbrúnina og spyrnti í fjallið, en svo brá við, að hraunið féll, og urðu öll trippi Jóns og Sigríðar undir því. Þar heitir síðan Hestahraun. 1898 fann ég (Ólafur Davíðsson) þar talsvert af ákaflega gömlum hestabeinum (*Þjóðsögur Ólafs Davíðssonar*).

– **Hestahraun:** ...Nokkru innan við Trippaklif fellur áin miklu fjær Vatnshlíðinni og þar er Hestahraunið, sem fyrr mun hafa heitið Syðra Hestahraun. Yst á því er Hestahraunsbolli, valllendishvammur, umluktur stórgrýtinu. Þar á gangnamenn og beita hestum sínum í hvamminum, sem er einu leifarnar af engjum Sigríðar stórráðu. Hún bjó í Auðbrekku í Hörgárdal, og sagan segir, að hún hafi átt góðar engjar þarna á Þorvaldsdalnum og hestar Þorvaldsdælinga, gerst þar helst til ágengir. Tók kerling þá til þess ráðs, en hún var talin fjölkunnug, að ganga upp á Vatnshlíðarfjallið með galdrastaf sinn. Þar merkti hún fyrir stóru stykki í fjallsbrúninni, mælti svo um og lagði á að hinn afmarkaði hluti fjallsins skyldi hrynja yfir hross Þorvaldsdælinga, sem einmitt þá voru á beit í Auðbrekkuengjunum. Þessu fékk hin stórráða kona fram komið, og þykja mönnum dæmin deginum ljósari, þar sem hraundyngjan er ca. 1 km<sup>2</sup>. Uppi yfir Hestahrauni er Hestahraunshaus og Hestahraunsskál á bak við hann. Þessi dyngja hefur nýlega (1959?) fallið fram að verulegu leyti, og því lítið „haus“ lag á henni lengur (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Árskógshrepps, handrit*).

– **Hestahraun:** ...Norðantil, þar sem skálin er grynnt, nær ruðningurinn aðeins niður í fjallsræturnar. Sunnar hefur hlaupið verið efnismeira og stórgrýttara, og þaðan hefur urðin dreifst yfir dalbotninn, auk þess sem óhemju af stórgrýti hafði hrúgast saman í brekkunni niður frá skálinni. Þessi urð var svo brött og lauslega tildrað upp, að ég hef skrifað í dagbók mína, þegar ég sá hana fyrst: „Að undarlegt mætti vera ef þarna yrði ekki framhlaup fljótlega“ (24. júlí 1957). Svo skeði það í júní 1959, að ruðningurinn í brekkunni hljóp fram á 350 m breiðri spildu, og varð skriðufarið í brekkunni allt að 20 m djúpt. Þessi ruðningur, sem nema mun um einni millj. m<sup>3</sup>, hlóðst ofan á urðina, sem þarna var fyrir, og huldi hana gersamlega á nokkra ha svæði.

...Allt bendir til, að berghlaup þetta sé mjög ungt. Skálin er fersk og lítið skriðurunnin, urðin lítið veðruð og nær gróðurlaus. ...Ólafur Davíðsson getur þess, að hann hafi árið 1898 fundið þarna talsvert af ákaflega gömlum hestabeinum. Þetta sannar þó lítið, því vera má, að hross hafi orðið þarna til í hrauninu með ýmsu móti. Hitt er staðreynd, að berghlaup þetta er allt mjög ferskt að útliti, svo fullyrða má, að það hafi orðið eftir landnám, en hvort það hefur hlaupið í tíð Sigríðar stórráðu í Auðbrekku verður hvorki sannað né afsannað. Líklegt þykir mér, að það hafi orðið nokkru fyrr, en ekki er ólíklegt, að það hafi drepíð nokkur hross og valdið spjöllum á nytjalandi Lambáarkots (*Ferðir (30), 1971*).

– **Hestahraun:** ...Hestahraun er stórfelldasta framhrunsdyngja í Þorvaldsdal. Hún hefur fallið í áföngum, síðast 19. júní árið 1959. Hvarf þá að mestu hinn gamli Hestahraunshaus, sem e.t.v. hefur verið frá tímum Sigríðar stórráðu og granna hennar í Auðbrekkutorfunni, sem kom því til leiðar að hrundi yfir hrossastóðið (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefni í Eyjafjarðarsýslu I.1, 1978*).

– **Hestahraun:** ...Hestahraun nefnist allstórt berghlaup, utar í austurhlíð Þorvaldsdals, nokkuð fyrir utan árbót Nautár. ...Merkilegast er þó, að vorið 1959 varð þarna allmikið framhlaup ofan úr syðri hluta skálarhjallans, og skreið það niður á gömlu hlauphólana, við brekkurætur. Er skriðufarið um 350 m breitt, og víða um 20 m djúpt, og er talið að rúmtak þess hafi verið um 1 milljón rúmmetra. Sagt er að heyrst miklar drunur úr á ströndinni þennan vordag, 19. júní, en dagana áður hafði verið krapahrið og kalsarigning með mikilli úrkomu í Eyjafirði (*Helgi Hallgrímsson, Náttúruminjaskrá Eyjafjarðar, Náttúrugripasafnið á Akureyri, 1985*).

– **Hestahraun:** ...Nú göngum við inn í Hestahraun úfið en fyrirferðaminna en Hrafnagilshraun. ...Ólafur Jónsson telur berghlaup þetta ungt og fullyrðir að það hafi orðið eftir landnám en finnst þó líklegra að það hafi orðið fyrir daga Sigríðar Stórráðu, og vel má vera að það hafi spillt nytjalandi Lambáarkots og valdið því að það fór í eyði. Hinsvegar er það athyglisvert að í júní 1959 fellur mikið hlaup syðst í Hestahrauni og má auðveldlega sjá muninn á eldra og yngra hrauninu (*Árbók FÍ, 1990*).

– **Illagilsdalur, Úlfáarkot, Lambakot:** ...Illagilsdalur, eyddist af skriðuhlaupum, Úlfáarkot, sama, Lambakot í Fögruhlíð (sennilega eign Auðbrekku), sama (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

– **Lambáarkot:** ...kemur Ytri–Lambá ofan úr vesturfjöllunum. Um þetta bil var býlið Lambáarkot, sem Ólavíus telur að hafi eyðst af skriðuhlaupi 1720–1725. Eitthvað er þetta þó málum blandað, því 1712 telur Jarðbókin þarna litlar byggðaleifar, og að þar verði ekki byggt upp aftur vegna engjaskorts. Það er því líklegast, að býli þetta hafi lagst af nokkru fyrir 1700, og má vera, að nytjaland þess hafi þá eyðst af skriðu (*Ferðir (30), 1971*).

## Árskógsströnd

– **Gata:** ...Gilið upp undan Götubæ heitir Bæjarklauf, Fram um það hljóp skriða um 1920, og skemmdist þá hluti af túninu (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Árskógshrepps, handrit*).

– **Hillur:** ...Ekki er landinu óhætt fyrir skriðum eður kvikfénaði fyrir forvöðum og dýjum. Sama er að segja um hey og hús fyrir stórveðrum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammshreppur 1713*).

### **Galmaströnd** (Arnarneshreppur)

– **Galmaströnd:** ...(Tafla sem segir) hvort jörðin liggir undir skaða nokkrum: a) af skriðum, b) af landbrotum af ám eða lækjum, c) sandfoki eður þess háttar, og hvort þetta sé, d) mikið eður e) lítið.

...Syðri-Reistará (nokkuð), Baldursheimur (ei óhætt), Skriðuland (ei óhætt), Kjarni (ei óhætt), Kamphóll ytri (ei óhætt), Fagriskógur (ei óhætt) (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Möðruvallaklausturskirkjusókn, 1841*).

– **Fagriskógur, Kambhóll, Skriðuland:** ...Nokkur smáberghlaup hafa fallið úr svonefndum Hrossahjalla, þ.e. efsta klettahjallanum í fjallinu milli Skriðulands og Fagraskógar. Stærsta spýjan er ofan við Skriðulandsbæinn, og kallast Skriðulandshraun, en Hraunsskál er þar ofanvið í hjallabrúninni. Minni hlaupungur er framan í hjallanum ofan við Ytri–Kambhól og Fagraskóg. Auk þess hafa jarðvegsskriður fallið allt fram í sjó við Arnarnesvíkina (öll virðast þessi ummerki ungleg og tengjast hvort öðru) (*Helgi Hallgrímsson, Náttúruminjaskrá Eyjafjarðar, Náttúrugripasafnið á Akureyri, 1985*).

– **Fagriskógur:** ...Skriðuhætt er sums staðar í fjalli þessu (Möðruvallafjall), einkanlega ...utan til, skammt fyrir framan Fagraskóg, féll æðistór skriða fyrir nokkrum árum, sem þó er nú að neðanverðu grasgróin nokkuð aftur. Í fjalli þessu eru og býsna víða uppblásnir melhryggir, sem úr getur runnið grjót og leir í snjóleysingum á vorum og stórrigningum á haustin (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Möðruvallaklausturskirkjusókn, 1841*).

– **Kambhóll:** ...Skriða, sem fallið hefur fram á þessum slóðum myndar kassalaga dyngju, sem heitir Kista (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Arnarneshrepps, handrit*).

– **Ytri–Kambhóll:** ...Bærinn stóð í brekkunni norðan við Syðri–Kamból, undir hlíðum Kötluhfjalls. Ytri–Kambhóll var lítil jörð og var þar nokkuð skriðuhætt. Þar féll skriða 1873 og skemmdist þá tón nokkuð. Aftur féllu skriður í maí 1940 og skemmdu um helming túnsins en eyðilögðu ekki hús. Fór jörðin í eyði árið eftir, en þar sjást enn allmiklar tóftir (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Ytri–Reistará:** ...Uppgróið skriðusvæði, eða framburðardreif úr Reistaránni, er syðst í landareign Ytri–Reistará suður frá Sundpollsmelnum (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Arnarneshrepps, handrit*).

– **Syðri Reistará:** ...Túninu hefur grandað skriða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Hvammshreppur 1713*).

## Hörgárdalur

– **Hörgárdalur:** ... (Tafla sem segir) hvort jörðin liggi undir skaða nokkrum: a) af skriðum, b) af landbrotum af ám eða lækjum, c) sandfoki eður þess háttar, og hvort þetta sé, d) mikið eður e) lítið.

Þríhyrningur (nokkuð), Þratarhóll (ekki óhætt) (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Möðruvallaklausturskirkjusókn, 1841).

– **Möðruvallafjall:** ... Skriðuhætt er sums staðar í fjalli þessu (Möðruvallafjall), einkanlega þegar fram fyrir Möðruvallaklaustur dregur. ... Í fjalli þessu eru og býsna víða uppblásnir melhryggir, sem úr getur runnið grjót og leir í snjóleysingum á vorum og stórríngingum á haustin (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Möðruvallaklausturskirkju-sókn, 1841).

– **Þratarhóll:** ... Norðurmerki Þratarhóls eru við Þratarhólsá ofan bæjar. ... Áin kemur úr samnefndu skarði og beygir til suðurs utan og neðan við bæinn. Norðan árinna smábreyttar spildum niður eftir. Þar eru breiðir skriðuhryggir eftir framburð úr áni, nú allvel uppgróið. Nefnist skriðusvæðið einu nafni Grund, nema út og fram frá bænum. Þar heitir hryggir, enda dyngjurnar þar hærri. ... en utar Dýjapartur. Nær hann upp undir framburðarsvæðið, sem fyrr var getið, og heitir þar skriða (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Arnarnesshrepps, handrit*).

– **Björg:** ... Hlíðin heitir Bjargafjall. ... Efsti hluti fjallsins heitir Staðahnjúkur. Skarðið í hnjúkinn heitir Hringingarklauf og framhald þess niður hlíðina er Strákagil. Sú var trú manna, að þegar heyrðist til grjóthruns þar efra, væri skammt að biða ríngingar (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Arnarnesshrepps, handrit*).

– **Dunhagi:** ... Jarðföll eru hér mikil komin í fjallið, sem merkja má af því takmarkaða plássi, er svo er nefnt Jarðföll. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðubingsókn 1713*).

– **Þríhyrningur:** ... En skörð nokkur og smá-dalverpi eru þar og hér ofan til í fjall þetta, sem viss nöfn hafa, til dæmis Húsárskarð milli Þríhyrnings og Syðri-Dunhaga, úr hverju að lækur sá, er Húsá kallast, rennur, sem gjört hefur þar mikið landnám með grjótskriðu yfirfalli í snjóleysingum á vordag (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Möðruvallaklausturskirkjusókn, 1841).

– **Auðbrekka:** ... Mjög svo gengur jörðin af sér, það landinu viðvíkur, fyrir utan töður og engjar, sem merkilega á fjallinu sjást kann (skriður?). Hjáleigur: Þríhyrningur, Svíri, Hátún, Hólkot og Brakandi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðubingsókn 1713*).

– **Fornhagi:** ... Ekki er hér engjum óhætt fyrir grjótsáburði í vatnavöxtum um vor. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðubingsókn 1713*).

– **Dagverðartunga:** ... Tún er hér mjög uppblásið stórvíðra vegna. Engjum spilla hér mjög skriður og jarðföll. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðubingsókn 1713*).

– **Langahlíð/Skriða:** ... (1390) Regn svo mikil um haustið að úr hófi gekk efir Marteinsmessu. Vatnavextir svo miklir að enginn mundi slíka, svo að þar fyrir drapst sauðfé víða í Skagafirði og í Deseý í Norðurárdal. Hlupu skriður nær um allt land svo að ónýttust bæði skógar, engjar, töður og úthagar. Tók bæ allan á Hjallalandi í Vatnsdal og sex menn. Komst þar enginn lífs undan sá er, í bænum var. Tók og bæ í Búðarnesi, og önduðust 12 menn, en einn lifði í húsbrotunum og hafði heitið á Þórð Jónsson. Tók skriða allan mannabæinn í Lönguhlíð, svo og kirkjuna. létust þar 16 menn, en undan komust konur tvær og karlmaður er fóru í fjós, en lífs fundust piltar tveir í skriðunni eftir um morguninn. Þar inni voru inni Rafn Bótólfsson lögmaður og Ingibjörg Þorsteinsdóttir kona hans og börn þeirra tvö. Þorsteinn kusi og aðrir heimamenn. Fannst húsfrúin þegar um morguninn, liggur hún í kirkju á Möðruvöllu. Var gert testamentum hennar hálfur fimmtugur hundraða með þeim XV. hundruðum er faðir hennar lagði til. Fannst nær ekki af góssi og leitaði meir en .C. manna. Tók þar og naut og nokkuð af heyjum. Urðu þessi tíðindi fimmtadags kveldið eftir dagsetur fyrir Clementsmessu. Stóru þessir bæir í Hörgárdal. Var þá lögmannslaust um Norðlendingafjórðung og Vestfirðingafjórðung (*Flateyjarannáll*).

– **Skriða/Langahlíð neðri:** ...Bærinn í Lönguhlíð, þar sem Öfundur var brenndur inni, er eigi sá, sem nú heitir í Lönguhlíð, heldur sá, er nú heitir á Skriðu. Þar hefir byggðin lagst niður um hríð, eftir að skriðuhlaupið 1390 hafði eytt bæinn og drepíð Rafn lögmann Bótólfsson og allt fólk hans. Þá hafði bærinn staðið nokkuð vestar á túninu, þar nálægt sem nú eru fjárhúsin. Bak við fjárhúsin er ísaldarsteinn mikill, sem sagt er að skriðan hafi borið ofan úr fjalli og hafi kona Rafns lögmanns orðið undir honum. Hafi hönd hennar staðið undan honum og fundist er leitað var. Svo er að sjá, sem skriðan hafi eigi hlaupið beint ofan, heldur beygt til austur á við og þannig lent á bænum. Annars er hún svo niðursokkin og uppgróin, að hún verður varla greind frá öðrum eldri skriðum, sem þar hafa fallið, sumar ef til vill áður en land byggðist. Þá er bærinn var byggður upp aftur hefir honum verið gefið nafnið Skriða. Bærinn, sem nú heitir Lönguhlíð, mun upphaflega vera byggður úr landi höfuðbólsins Lönguhlíðar og því haldið nafninu. (*Brynjúlfur Jónsson, Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905, Árbók Fornleifafélagsins, 1906*).

– **Skriða:** ...Skriða hét fyrrum Langahlíð Ytri, eða Neðri–Langahlíð. ...Bærinn stóð nokkru ofar og sunnar en hann stendur nú, en var fluttur eftir skriðuhlaupið mikla 17. nóvember 1390, en þá fórust þar m.a. lögmannshjónin Hrafn Bótólfsson og Ingibjörg Þorsteinsdóttir. Stór jarðfastur steinn utan og ofan við fjárhúsin, (þau standa á fornabæjarstæðinu) er talinn frá þeim atburði þangað kominn. Fylgir honum sú sögn, að lögmannskonan hafi orðið undir honum og lík hennar fundist þar, svo að hann ætti að heita Ingibjargarsteinn. Talið er, að eftir þennan hryllilega atburð hafi nafni bæjarins verið breytt og hann kenndur við atburðinn upp frá því. ...Þá er Djúpalaut, sem talið er að skriðan mikla hafi hlaupið gegnum. Þrjár manneskjur voru í fjósinu, er skriðan féll, og komust þær allar lífs af, því að skriðan fór eftir lautinni of sunnan við fjósið (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit*).

– **Skriða:** ...Nærri sex kílómetra leið út frá Lönguhlíð er Skriða (áður Langahlíð neðri). Bærinn stendur á sléttlendisræmu út og niður af hlíðaröxlinni. ... í nóvember 1390 féll afarmikil skriða yfir bæinn. Fórst þar fjöldi manna, og fémunir miklir týndust (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Skriða:** ...Bærinn stendur rétt ofan við Hörgárdalsveg, undir hlíðum Lönguhlíðarfjalls nyrst. ...Bærinn hét áður Neðri–Langahlíð eða Langahlíð ytri og stóð þá nokkru sunnar og ofar. ...Í nóvember 1390 féll skriða á bæinn og tók hann af ásamt kirkjunni. Fórust þar 16 manns. Þá var bæjarstæðið flutt og nafninu breytt í Skriðu (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Langahlíð (efri):** ...Umveltanir, sem þessi geysilega háu og bröttu fjöll hafa í fyrri tíðum orðsakað, er sem ég til veit. ...2) Aftur 1795 um vorið, seint í maí, umveltist gjörsamlega með húsum og ½ túni bærinn Lönguhlíð (2 manneskjur létu þar lífið) (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Myrkársókn, 1839*).

– **Langahlíð:** ...Á einum stað suður og upp í Brekkunum er lítill, einstakur hjalli, er Selhjalli nefnist. Utan í honum, næstum því beint upp frá bænum, er Selhjallaklöpp. Niður frá henni er grasivaxinn grundarhryggur sem heitir Bæjarskriða. ...Gamlibær heitir dálítill höll sunnan við túni. Gæti bærinn hafa staðið þar fyrrum, t.d. fyrir skriðufallið, sem aftók bæjar- og útihús (1795), grandaði tveim mönnum, 9 nautgripum og 20 kindum (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit*).

– **Langahlíð:** ...Skammt utan við Hallfríðarstaðamela er Langahlíð. Bærinn stendur á lágum hjalla niðri við flatlendið. Áður voru þarna miklir bakkar meðfram Hörgá, en á síðari tímum hefur hún brotið þá niður til skemmda. ...Langahlíð hefur alltaf vildisjörð verið og eftirsótt til búsetu. Vorið 1795 féll skriða yfir hluta af túninu, tók bæinn og banaði húsfreyjunni og vinnumanni. Auk þess fórust nokkrar kindur og kálfur (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Hallfríðarstaðir ytri:** ...Hallfríðarstaðir ytri munu hafa verið skammt utar en Hallfríðarstaðakot er nú. Þó verður ekkert fullyrt um það, því að skriðurnar 1769 skildu engar menjar eftir af túni eða húsum né öðrum mannvirkjum. Tvær afarmiklar skriðudyngjur eru utan við túnið á Hallfríðarstaðakoti. Er hvor þeirra nógu stór til þess, að grafa til fulls bæ með túni, útihúsum og girðingum öllum, svo að ekkert sjáist þar eftir. Liggja Hallfríðastaðir ytri án alls efa undir annarri hvorri dyngjunni, ella væru sjáanlegar rústir eftir (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Hallfríðarstaðir:** ...Bærinn Hallfríðarstaðir (áður Hallfríðarstaðir syðri) stendur á hárrí skriðubungu, en mýrarslakki er milli skriðubungunnar og fjallsins, og þaðan liggur lægðardrag niður með túninu að sunnan. Mun það hafa bjargað bænum í skriðuhlaupum 1769 (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Öxnhóll:** ...Engjum er hér ei óhætt fyrir skriðum. (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðupingsókn 1713).

– **Öxnhóll:** ...Öxnhóll stendur á hólbungu. Fyrir utan er djúpt daldrag, sem stefnir milli áar og fjalls, en að sunnan er lækur í skriðufarinu frá 1769 og fellur í gili niður á flatlendið (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Öxnhóll, Uppsalarir:** ...Öxnhóll, sem áður var nefndur Yxnahóll og Uppsalarir, sem voru á hjalla upp og út frá Öxnhóli, urðu fyrir miklum skriðuföllum haustið 1769. Tún



skemmdust á Uppsölum, en Öxnhólsbæinn tók af og fórust þar þrjár manneskjur. Enn má greina skriðufarið í fjallshlíðinni (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Uppsaliir:** ...Kostir og ókostir sameiginlegir með heimajörðinni (Öxnhóll). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðupingsókn 1713*).

– **Uppsaliir:** ...Bærinn Uppsaliir stóð á hjalla út og upp frá Öxnhóli, og var það talið þægilegt kot. Skriðan mikla, sem féll haustið 1769, fór þar yfir mikinn hluta túnsins, mun þó fljótt hafa gróið þar yfir (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Hallfríðarstaðir, Öxnhóll, Uppsaliir:** ...Umveltanir, sem þessi geysilega háu og bröttu fjöll hafa í fyrri tíðum orðsakað, er sem ég til veit. ...1) Árið 1769 í sept. gereyddust af skriðufalli bæirnir Öxnhóll og tvennir Hallfríðarstaðir með smábýlinu Uppsölum, á hverjar þó aftur fyrir löngu er komin bygging að fráteknu síðastnefndu koti. – 4 eða 5 manneskjur dóu í því hruni (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Myrkársókn, 1839*).

– **Hörgárdalur** (hliðardalir): ...upp frá hverjum ysta (Sörlatungu) liggur til útvesturs svonefndur Tungudalur, sem brúkaður er eins og hinir allir áðurnefndu til afréttar á sumrum, grasatínings og kolaviðarrifs, sem þó allt fer árlega minnkandi eins og grasvegurinn þar og í byggðinni niðurundan, vegna eldri og yngri skemmda af skriðum, sem aftur og aftur ásamt snjóflóðum eru að hrinda niður grjóti og leir úr þeim bröttu fjöllum allt í kring (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Myrkársókn, 1839*).

– **Hafrárdalur:** ...Von bráðar er komið að Heimari–Lambá sem skoppar niður bratt gilið en hana er auðvelt að stikla. Á henni var fyrrum brú en hana tók af í skriðuhlaupi laust fyrir 1950 (*Árbók FÍ, 1990*).

– **Barkárdalur:** ...Neðan við Barkárjökul eru Urðir en þá tekur við flatlendi niður með ánni, mjög gróið. Þar liggja risabjörg dreifð umhverfis. Hafa þau hrunið úr hliðinni. Heitir þar Stórusteinar. Þá er Urðalækur. Hann var allmikill fyrr, eða fram til ársins 1926, en 24 ágúst það ár í dæmafáu vatnsveðri, urðu víða stórfelld skriðuföll. Sprakk þá spilda úr fjallsbrúninni við upptök Urðalækjar, og síðan er hann aðeins smásytra. Nokkru utar kom upp við fjallsræturnar annar lækur allvatnsmikill, og heitir hann Nýilækur (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit*).

– **Barkárdalur:** ...Úr Stóruskál falla þrjár lækir, yst Stórilækur en vestar með stuttu millibili Nýilækur og Urðarlækur og spretta þeir tveir síðastnefndu upp neðarlega í hliðinni og hafa þá runnið undir urð allt frá jöklinum í Stóruskál. Hinn 24. ágúst 1926 féll þarna mikil skriða að sögn Eiðs Guðmundssonar (í *Árbók 1973*) og myndaðist þá Nýilækur en Urðarlækur minnkaði (*Árbók FÍ, 1990*).

– **Þúfnavallasveigur í Barkárdal:** ...Hinn 17. (rétt 24.) júlí 1877 skemmdust mjög engjar í Bási (Hörgárdalur) af skriðuhlaupum, en þann dag féllu 14 skriður í Þúfnavallasveig (Barkárdalur) (*Steindór Steindórsson, Lýsing Eyjafjarðar, 1949*).

– **Þúfnavallasveigur:** ...Skal nú haldið aftur niður eftir suðurkjálkanum (Þúfnavallasveig). ...Nokkru utar og neðar eru Stórusteinar. Það eru feiknamikill björg, sem hrúnið hafa úr fjallinu og liggja vítt og dreift um grundina. ...Skammt er þaðan út að Urðarlæk. Hann kemur fram undan fjallsrótum og var talsvert vatnsmikill áður. Nú er hann orðinn smáseyra, en nýr lækur, miklu meiri, kominn fram undan hlíðinni hér um bil 100 m neðar. Sá nefnist Nýilækur. Á Bartólómeusarmessu (24. ág.) árið 1926, gerði óhemju vatnsveður. Ár uxu ákaflega og skriður féllu svo víða, að fátítt er. Í veðri þessu hrundi ógurleg skriða úr hlíðinni upp af Urðarlæk og niður að láglandinu. Ekki féll hún þó í lækjarveginn, en rétt hjá. Varð þetta nóg til þess að uppsprettan færðist sem fyrir segir (*Árbók FÍ, 1973*).

– **Baugasel í Barkárdal:** ...Úr Fremri–Bratta féll Nýjaskriða árið 1910 (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit*).

– **Baugasel, Þúfnavellir, Flaga, Flögusel:** ...Síðari hluta septembermánaðar 1887 setti mikla fönn á fjöll í Eyjafjarðarsýslu og víðar. Eftir mánaðarmótin hlánaði með ofsarigningu. Þriðja október var regnið svo ákaflegt, að varla sá bæja á milli, einkum eftir að á daginn leið. Ár uxu svo, að engir mundu þvilíkt. Flæddu þær næstum brekkna milli og umturnuðu öllu, er fyrir varð. Jafnvel smálækir urðu illfærir og báru með sér grjót á engjar, tún og haga. ...Í Hörgárdal féllu engar skriður á tún, en mikil landsspjöll urðu í Flöguseli, Flögu, Þúfnavöllum og Baugaseli svo mikil, að vorið eftir var tjónið metið og landsskuldir lækkaðar, svo að nokkru nam. ...Þennan dag (3. okt.) áttu að vera þriðju göngur. Um morguninn var veður ekki verra en svo, að allir gangnamenn lögðu af stað í göngur, og voru þær hafnar víðast hvar, þegar ósköpin dundu yfir. (*Eiður Guðmundsson, Slysfarir og skaðar og önnur óhöpp í Skriðuhreppi forna á tímabilinu 1700–1950, Súgur 7, 1973*).

– **Saurbær:** ...Ekki er hér kvikfé óhætt fyrir snjóflóðum. Skriður granda og landinu árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðuþingsókn 1713*).

– **Saurbær, Þúfnavellir:** ...Rétt sunnan og ofan við túnið í Saurbæ er mikil skriðubunga, sem heitir Fimmhundraðahóll (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit*).

– **Þúfnavellir:** ...Milli túnanna á Þúfnavöllum og Saurbæ féll mikil skriða um fráfernaleytið árið 1869. Fór hún alla leið niður undir Hörgá. Síðan hefur það verið kallað Skriðan. Nú er meiri hluti hennar orðinn að túni (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, 1869*).

– **Þúfnavellir:** ...Milli Byrgisgils og Háaleitis er Nýjaskriða, sem féll 3. október 1887, en er nú fullgróin fyrir löngu. Þar upp af er Nýjuskríðugil, lítið og ómerkilegt, þó að úr því féll skriðan (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit*).

– **Myrkárdalur:** ...(1337) Grjótskriða tók bæ í Myrkárdal, og dóu þar VII menn (*Annálsbrot frá Skálholti*). ...(1337) Hljóp grjótskriða á bæ norður í Myrkárdal og létust VII menn (*Gottskálksannáll*). ...(1337) Hljóp grjótskriða á bæ norður í Myrkárdal og létust VII menn (*Flateyjarannáll*). ...(1337) Hljóp grjótskriða á bæ norður í Myrkárdal, létust VII menn (*Skálholtsannáll*).

– **Myrkárdalur:** ...Í Myrkárdal sér skriðu mikla, gamla og uppgróna, og á einu stað sér rústarbrot undan henni. Mun það vera skriða sú er Glúma segir frá, að hljóp nær bænum í Myrkárdal, „svó at tók sum húsin”. Ber þetta vel heim. (*Brynjúlfrur Jónsson, Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905, Árbók Fornleifafélagsins, 1906*).

– **Myrkárdalur:** ...Fátt er sögustaða í framanverðum Hörgárdal. Í Myrkárdal bjó Víga–Glúmur tvo vetur, uns skriða féll nærri bænum, svo að tók sum húsin. Sagt er, að skriða forn sjáist þar nærri bænum og megi greina rústabrot, er koma undan henni (*Steindór Steindórsson, Lýsing Eyjafjarðar, 1949*).

– **Myrkárdalur:** ...Fram til ársins 1955 var jörðin Myrkárdalur sérstakt ábýli. Hún stendur í mynni samnefnds dals og hefur nú verið lögð til nýbýlisins Myrkárbakka. ...Kerlingarstekkur er skammt fyrir norðan tún eyðibýlisins. ...Verið gæti, að Glúmsbær (bær Víga–Glúms) hafi staðið þarna, en lagst niður sökum skriðufalla. Víga–Glúmssaga segir að Glúmur hafi búið aðeins tvo vetur í Myrkárdal, áður en hann fluttist að Þverbrekku í Öxnadal. ...Peningshúsatóftir austast í túninu heita Gerði og vestan þess er Kofavöllur. Þar mun Myrkárdalsbær hafa staðið fyrrum, e.t.v. áður en hann fórst í skriðufallinu 1337, en þá létust tólf manns af þeim orsökum. Myrkárdalsafréttur: Afréttarmörkin að austan eru við Selgil og Selgilslæk, en sá lækur fellur í Myrká skammt frá Svartabakka og Myrkárseli, þar sem það stóð síðast. Fyrr stóð þar miklu innar í dalnum, en var flutt vegna skriðufalla. ...Þá er komið að Nýjuskriðu, Nýjuskriðuleiti og Nýjuskriðugili (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit*).

– **Myrkárdalur:** ...Drjúgan spöl frá Stóragarði er Myrkárdalur. ...Þar er skriðuhætt og árið 1347 tók skriða bæinn og varð manntjón nokkurt. Talið er að þá hafi bærinn staðið talsvert utar en nú er (*Eiður Guðmundsson, Búskaparsaga í Skriðuhrepp hinum forna, 1983*).

– **Myrkárdalur:** ...Víga–Glúmur bjó tvö ár í Myrkárdal eftir að hann var hrakinn frá Munkaþverá, líklega á þessum bæ, en fluttist síðan að Þverbrekku. Segir í Víga–Glúmssögu að þá (900–1000) hafi hlaupið skriða á bæinn „svo af tók húsin”. Ennfremur segja annálar að árið 1337 „hljóp grjótskriða á bæ norður í Myrkárdal, létust 7 menn“. Ólafur Jónsson telur í riti sínu Skriðuföll og snjóflóð ekki unnt að segja til um í hvoru þessara skriðufalla skriðan austan núverandi bæjarstæðis hafi fallið, en hún hefur komið úr Bæjarskál (*Árbók FÍ, 1990*).

– **Myrkárdalur:** ...Myrkárdalur mun vera fornt býli og hefur fyrr á öldum verið talinn til góðjarða. ...Áfallajörð hefur Myrkárdalur verið. Skriða féll þar á bæinn árið 1347. Fórust þar nokkrir menn. Sagt er, að þá hafi bærinn verið nokkru utar en síðan var. Myrkárdalur fór í eyði árið 1954 og er nytjaður frá Myrkárbakka (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Myrkárdalur:** ...Bærinn stóð í mynni Myrkárdals, nokkuð norðan ár. ...Víga–Glúmur bjó tvö ár í Myrkárdal um 995 og féll þá skriða nærri bænum svo af tók húsin en ekki er getið um manntjón. Árið 1337 féll svo önnur grjótskriða á bæinn og létust þá 7 manns. Vera má að bærinn hafi verið fluttur vestar, eftir aðra hvora þessara skriða, því móta sést fyrir tóftum svolítið fyrir utan núverandi bæjarstæði (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Myrká:** ...Að fornu fari mun engjunum hafa verið skipt í margar spildur milli tveggja eða fleiri ábúanda. ...Spildurnar liggja frá fjallinu niður að Hörgá (á langveginn) og ná alla leið frá norðurmerkjum að Myrká. Ysta spildan heitir Ystaspilda, en sú næsta Breiðaspilda. Þá er Íragerðisspilda, en þar stóð býlið Íragerði, þar til það eyddist í skriðuhlaupi. Fjórða spildan heitir Jarðfallsspilda, fimmta Bjarnarhvamur og sjötta Káragerðisspilda. Þar stóð býlið Káragerði á 17. öld. Þar er Káragerðisgrund. ...Upp af Káragerðisgrund er Nýjaskriða, er féll árið 1897. ...Á Grundum stóðu Grundarhús og Hringhús. Brekkumegin við það var sveigmyndaður garður (þar af nafn hússins), er gerður mun hafa verið varnar gegn skriðuhlaupum. ...Ellefta og síðasta spildan var Skriðugerðisspilda. Þar er nú risið nýbýlið Myrkárbakki. Stendur nýbýlið þar, sem fyrr var Skriðugerði. ...Austur af Ívarsgili er uppgróin skriða, sem heitir Háagrund. ...Á uppgróinni skriðu norður frá Kvíum er Kvíaból (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit*).

– **Grjótá:** ...Í sögu Guðmundar Arasonar biskups er þess getið, að Ari Þorgeirsson, faðir hans, hafi búið á Grjótá í Hörgárdal og þar væri Guðmundur fæddur. Dalskora gengur suður í fjöllin á milli Háfjalls og Grjótárhjúks. Heitir dalur þessi Grjótárdalur og áin, sem eftir honum rennur, Grjótá. Af býlinu Grjótá eru engar rústir eftir, nema ef vera kann, að það sé sama og Grjótárgerði eða Grjótáarkot, svo nefnt til skiptis, sem rústir eru enn til af, en eru hinum megin Hörgár í landi Flögusels. Þó mun sú nafngift á bæ tæpast til, að kennt sé við á, sem rennur um dalkjálka andspænis. Verður því að ætla, að bærinn Grjótá hafi verið við Grjótána og austan Hörgár, en Grjótárgerði afbýli þaðan. Allt land fyrir utan Grjótána er mjög skriðufallið. Fyrr á öldum hefur hver stórskriðan af annarri fallið úr fjallinu. Gamlar rústir, sem þar kunna að hafa verið, eru því huldar undir framhlaupunum. Ætla má, að bærinn Grjótá hafi farið í skriðu, og það svo algerlega, að þar sjáist ekkert eftir, þó að þess muni hvergi getið. Um nafnbreytingu á bænum Grjótá getur ekki verið að ræða, því að enginn annar bær í dalnum hefur getað heitið Grjótá staðháttu vegna, og engin önnur á hefur borið það heiti. En eftir á hefur bærinn verið nefndur, sem alltítt var (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Hjaltadalsheiði:** ...Frá Háaleiti er gengið fram með ánni og yfir Tvílæki og Sandá og haldið áfram undir bröttum hlíðum Sandárhjúks en úr enda hans hefur fallið allmikil skriða kölluð Stóraskriða. Í Stóraskriðu sést móta fyrir fornum varnargarði (*Árbók FÍ, 1990*).

– **Hörgárdalur:** ...Að suðaustanverðu liggur með honum einlægt fjall, sem skilur Öxna- og Hörgárdalinn. Að utanverðu og fram til mið er það lágt, en þaðan fram fyrir byggðina hátt og háskalegt klettfjall, hvar sauðfénaður finnur þó einstöku kjarngóður grastór hér og hvar. Fyrir framan bæina, sem þessu megin eru gissettir (gisnir) 6 að tölu, allir gras- og heyskaparskortir vegna sífelldra skriðufalla ofan á láglandið (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Myrkársókn, 1839*).

– **Framland:** ...Framland er talið 5 hundraða kot árið 1841, en 1712 er þess ekki getið í Jarðabók. Bærinn stóð beint á móti Ásgerðarstaðaseli undir snarbrattri hlíð Drangafjalls, sem einnig er nefnt Háfjall. Undirlendi er þarna ekkert og mjög hætt við skriðum og snjóflóðum (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit*).

– **Nýibær:** ...Umveltanir, sem þessi geysilega háu og bröttu fjöll hafa í fyrri tímum orðsakað, er sem ég til veit. ...og 3) loksins 1805, þann 29. sept., tók fjallskriða kotið Nýjabæ með 5 manneskjum og 1 kú og hratt því öllu ofan í Hörgá, svo allt fórst (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Myrkársókn, 1839*).

– **Nýibær:** ...Má geta þess, að 29. sept. 1805 féll skriða á Nýjabæ, og fórust þar 5 manns. Bar skriðan bæinn með öllu fram í á. (*Steindór Steindórsson, Lýsing Eyjafjarðar, 1949*)

– **Nýibær:** ...Þess má geta, að stór skriða tók Nýjabæ um Mikaelsmessu 1805. Allt fólkið fórst og 2–3 nautgripir, sem voru í fjósi rétt við bæinn. En hann var byggður á öðrum stað, þó nærri, skömmu síðar, og þar búið fram á þessa öld, sem nú er að líða (*Jón Jónsson, Skjaldarstöðum, Öxndælskir þættir, Íslendingur 09.02.1962*).

– **Nýibær:** ...Skammt suður frá Einhamri er Nýibær. Bærinn stóð á nefi, sem skagar fram að ánni og beygir hana í dálítinn sveig vestur á við. Áður eða þangað til skriðan tók bæinn haustið 1805 og varð fjórum mönnum að bana, var hann nokkurn spöl framar, en var færður vorið eftir og byggður úti á nefinu, þar sem hann taldist óhultur (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Nýibær:** ...Farartækjum er lagt við Staðarbakka og gengið yfir brúna sem er dálítið norðan bæjarins. ...Spölkorn norðan við brúna er eyðibýlið Nýibær (í eyði frá 1917) og þar eru í ánni dálitlir flúðafossar. Bærinn eyddist í skriðu haustið 1805 og varð manntjón. Sumarið 1938 féll skriða úr fjallinu og staðnæmdist rétt ofan bæjarhúsanna. Ummerki hennar sjást enn (*Árbók FÍ, 1990*).

– **Nýibær:** ...Nýibær stóð út og niður undan Dranga í austanverðum Hörgárdal, á nesi niðri við ána. Nýibær er skammt framan við Einhamar, út og yfir frá Staðarbakka. ...Þarna hefur verið skriðuhætt og haustið 1805 tók skriða bæinn og fórust þar fjórir menn og einhverjar skepnur, en þá mun bærinn hafa staðið sunnar en síðar varð. ...Í tíðavísu segir um þennan atburð: „Hörgárdals var hætt afnám./ hrotu úr klettum skriður;/ Nýjabæ með fólki og fjám/ færði í ána niður./ Fengu bana fjórir menn/ faldir í rústar pressum./ Bóndi, kona og börn tvö enn,/ bar hann lengst af þessum“. Í júní 1938 féll önnur skriða á Nýjabæ, en fór þá beggja vegna húsanna (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Einhamar, Glaumbær:** ...Þessar þrjár jarðir innst í Hörgárdal austanverðum hafa allar verið í eyði um nokkurt skeið (Framland, Nýibær, Einhamar). ...Á norðurmerkjum Einhamars er miðhlíðis tvöföld klettasylla, sem heitir Smjörskleið. Neðan undir henni stóð fyrrum býli, er hét Glaumbær. Eyddist það í skriðuhlaupi úr Tindaskeið (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit*).

– **Gaumbær:** ...Skammt út og upp frá Einhamri eru rústir af eyðibýli, sem Glaumbær hét. Þess er getið bæði í Jarðabók Árna og Páls og í Jarðatali Johnsens. Túnið hefur farið í skriðu einhvern tímann fyrir á öldum og býlið eyðst, en hvenær það var, veit enginn (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Búðarnes:** ...Fjallið er mjög bratt ofan við þessar jarðir, einkum Búðarnes, enda er þaðan mjög skriðuhætt. Hafa runnið stórkostlegar skriður þar utan við túnið (önnur

snemma á 19. öld, hin haustið 1887). Heitir Búðarnesskriða, sú sem nær er túninu, en hin Mórauðaskriða (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit*).

– **Búðarnes:** ...Búðarnes er næsti bær frá Staðartungu, austan Hörgár. Milli Staðartungu og Búðarnes eru sjö kílómetra löng bæjarleið. Bærinn stendur á fornri stórskriðu, þar sem hún hefur stansað í fallinu og hlaðið upp afar mikilli dyngju, en snarbrött brekka er framan undir. Sennilega er, að þetta sé sama skriðan og sú, sem féll á Búðarnes í nóvember 1390, tók bæinn og drap tólf manns (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Búðarnes:** ...Haustið 1390 féll skriða á bæinn í Búðarnesi og létust þar 12 manns. Var þetta um sama leyti og bærinn í Skriðu eyddist (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Sandhólar:** ...Langt fram með fjallshlíðinni, hér um bil á móti Saurbæ, voru Sandhólar. Þeirra er getið í jarðabókum og metnir með Staðartungu, en þó ekkert vitað um búsetu þar. Skriðan hefur fallið yfir meginhluta túnsins og þá sjálfsagt tekið bæinn og flest hús önnur. Hefur það trúlega gerst ekki síðar en á fimmtánda öld, annars hefði þess sennilega verið getið í annálum. Beggja vegna skriðunnar eru litil garðbrot greinilegar og óglögg rúst af litlu húsi við syðsta garðbrotið (*Ármann Dalmannsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (1. útg.), 1972*).

– **Staðartunga:** ... Norðan bæjar hefur e.t.v. verið býli, þar sem kallað er Kot, en engin vissa er þó fyrir því. Tvö eða þrjú býli hafa verið sunnan bæjar og er eins þeirra getið í Jarðabók ÁM og sagt, að það hafi staðið í Skriðum og heitið Sandhólar. Svarar þetta til svæðisins suður við merkin og mun bærinn hafa farið undir jarðfall. Utar heitir Saurbæjarsel á svonefndum Grundum, sem er uppgróið skriðusvæði (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Skriðuhrepps, handrit*).

## Öxnadalur

– **Öxnadalur (alm.):** ...Orð fer af því, að skriðuhætt sé í Öxnadal (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

– **Öxnadalur (alm.):** ...Breyting hefir þar ekki orðið á landslagi frá landnámstíð, svo menn viti, utan hvað það árlega af sér gengur af skriðuhlaupum og snjóflóðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Bakkakirkjusókn, um 1840*).

– **Öxnadalur (alm.):** ...Fleira af nefndum jörðum, einkanlega fyrir framan hólana, sem og Löndin og Hraunshöfði, liggja undir sífelldum skemmdum og skriðuhlaupum ofan úr þeim bröttu fjöllum, undir hverjum bæirnir standa (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Bægisár- og Bakkasókn, 1839*).

– **Skjaldarstaðir:** ...Sunnan við hallið féll skriða árið 1897. Tók hún með sér smábyrgi, sem börn áttu þar og er hún síðan kölluð Byrgisskriða (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Öxnadalshrepps, handrit*).

– **Hraunshöfði:** ...allt út undir jörðina Hraunshöfða, hvar klettur taka til að ofanverðu, með sífelldum skriðuhlaupum, svo þessi jörð mætir árlega stórskemmdum

og bænum sjálfum ei óhætt (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Bægisár– og Bakkasóknir, 1839*).

– **Hraunshöfði:** ...hefir lítið og grýtt engi, en kjarngott, útigang ágætan, en er staklega undirorpin skriðuáföllum á tún og engi og enda á hús (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Bakkakirkjusókn, um 1840*).

– **Bakki:** ...Nokkru sunnar er Bakkaskál, venjulega kölluð aðeins Skálin. Ofan við hana er Skálarhjalli, en neðan hennar Skálarkambur. Kambur þessi er melhryggur. Neðan við melinn er Votasund og enn nokkru neðar er framhlaup, sem nefnt er Jarðfall (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Öxnadalshrepps, handrit*).

– **Bakki, Þórðargerði:** ...Tvö eyðibýli eru í Bakkalandi ...Þórðargerði var sunnarlega og ofarlega í brekkunum á áberandi hóli og fór úr byggð á síðari hluta 17. aldar. Tóftirnar eyðilögðust í skriðuhlaupi árið 1987 (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Bessahlaðir:** ...Túni og engjum granda hér skriður merkilega, hvar fyrir jörðin sérdeilis af sér gengur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðuþingsókn 1713*).

– **Bessahlaðir:** ...hefir útheyskap nokkurn á skriðugrundum, sem ásamt túninu og sínu annars kjarngóða beutiland liggur árlegum skriðuáföllum líka sem 3 næstgreindu framdalsbýli (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Bakkakirkjusókn, um 1840*).

– **Varmavatnshólar:** ...Tún og engi eru hér stórlega spjallað af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðuþingsókn 1713*).

– **Varmavatnshólar:** ...hefir nokkurn vegin mýrlendis- og grundaengi, sem allt af sér gengur af skriðum að ofan, en ánni að framan (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Bakkakirkjusókn, um 1840*).

– **Varmavatnshólar:** ...Haustið 1887, þegar ég var tveggja ára, urðu þau feikna skriðuföll og vatnsflóð hér í Öxnadal og víðar að stórtjón gerði, svo að allar jarðir framan við Engimýri og Þverárhóla í Öxnadal skemmdust meira og minna. Flóðin byrjuðu um mánaðamótin september og október. Eftir blaðafregnum frá þeim tíma er talið að á Fagranesi hafi túnið nærri eyðilagst og stór spilda fór af Varmavatnshólatúni, rétt sunnan við bæinn, og mikið skemmdist engi þar líka (*Jón Jónsson, Skjaldarstöðum, Öxndælskir þættir, Íslendingur 16.12.1961*).

– **Varmavatnshólar:** ...Bærinn stendur á flatlendinu undir Varmavatnshólahnjúk, skammt sunnan við Varmavatnshólana, rétt vestan Norðurlandsvegar. ...Nokkuð er snjóflóða- og skriðuhætt þarna og spilltust engi oft af þeim sökum (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Varmavatnshólar, Gil, Seldalur/Almenningar, Gloppa, Fagranes:** ...Síðari hluta septembermánaðar 1887 setti mikla fönn á fjöll í Eyjafjarðarsýslu og víðar. Eftir mánaðarmótin hlánaði með ofsarigningu. Þriðja október var regnið svo ákaft, að varla sá bæja á milli, einkum eftir að á daginn leið. Ár uxu svo, að engir mundu þvílíkt.

Flæddu þær næstum brekkna milli og umturnuðu öllu, er fyrir varð. Jafnvel smálækir urðu illfærir og báru með sér grjót á engjar, tún og haga. Skriðuföll urðu afskapleg, einkum í Öxnadal, þar sem margar jarðir spilltust til muna. Mestar urðu skemmdirnar í Fagranesi, Gloppu, Gili og Varmavatnshólum. ...Þennan dag (3. okt.) áttu að vera þriðju göngur. Um morguninn var veður ekki verra en svo, að allir gangnamenn lögðu af stað í göngur, og voru þær hafnar víðast hvar, þegar ósköpin dundu yfir. ...Gangnamenn komust til bæja meiðslalaust, nema einn, sem varð fyrir stórbjargi og beið samstundis bana. Var það Gunnar Stefánsson frá Hlöðum. ...Hann var í göngum á Almenningum (Seldal) í Öxnadal (*Eiður Guðmundsson, Slysfarir og skaðar og önnur óhöpp í Skriðuhreppi forna á tímabilinu 1700–1950, Sútur 7, 1973*).

– **Gil:** ...Engjar eru hér að miklu leyti af skriðum foreyddar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðupingsókn 1713*).

– **Gil:** ...Engjalag er þar nokkurt, nokkurt mýrlendi og grundir, sem allt af sér gengur árlega af skriðuföllum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Bakkakirkjusókn, um 1840*).

– **Gloppa:** ...Ekki heldur sýnist hún byggjast kunni landbrota vegna, þar engjar allareiðu af skriðum og vatna yfirgangi foreyddar eru. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðupingsókn 1713*).

– **Gloppa:** ...staklega áfallahætt af skriðum (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Bakkakirkjusókn, um 1840).

– **Gloppa:** ...Gloppa er nokkra bærleið fyrir framan Fagranes. Landkostir voru svipaðir sem í Fagranesi og lík áfallahætta enda urðu þar stórkostleg landspjöll haustið 1887 (*Eiður Guðmundsson, Ritsafn I. – Mannfellirinn mikli, 1982*).

– **Gloppa:** ...Gloppa stendur austan Öxnadalsár undir Gloppufjalli, rétt sunnan við Gloppugil. Tún var þar lítið og engjar grýttar, en beitoland víðáttumikið. Í Gloppu er skriðuhætt og í september 1887 féllu skriður á megnið af engjunum og á nágrannabæjunum urðu þá einnig skemmdir á tünnum (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Vaskárkot:** ...Er hér nefnt í landinu (Gloppa), ætla menn að forngildu þar muni bærinn staðið hafa, en vegna skriðuáhlaups fluttur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðupingsókn 1713*).

– **Fagranes:** ...Túninu hafa hér grandað skriður, og um vor í vatnavöxtum er hér ei óhætt fyrir leirlækja áhlaupum. Engjum spilla hér einnig oftast árlega skriður skaðlegar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðupingsókn 1713*).

– **Fagranes:** ...hefur nokkurn veginn engi, mýrlendi og grundir, sem liggja undir skriðuáfallum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Bakkakirkjusókn, um 1840*).

– **Fagranes:** ...Haustið 1887, þegar ég var tveggja ára, urðu þau feikna skriðuföll og vatnsflóð hér í Öxnadal og víðar að stórtjón gerði, svo að allar jarðir framan við Engimýri og Þverárhóla í Öxnadal skemmdust meira og minna. Flóðin byrjuðu um



mánaðamótin september og október. Eftir blaðafregnum frá þeim tíma er talið að á Fagranesi hafi túnið nærri eyðilagst og stór spilda fór af Varmavatnshólatúni, rétt sunnan við bæinn, og mikið skemmdist engi þar líka (*Jón Jónsson, Skjaldarstöðum, Öxndælskir þættir, Íslendingur 16.12.1961*).

– **Fagranes:** ...Fagranes var góð jörð, en hefur skemmst mjög af skriðuföllum, Haustið 1887 fóru skriður yfir mestallt slægjulandið, engi og tún. ...Gloppa er nokkra bæjarleið fyrir framan Fagranes. Landkostir voru þar svipaðir sem í Fagranesi og lík áfallahætta enda urðu þar stórkostleg landspjöll haustið 1887 (*Eiður Guðmundsson, Mannfellirinn mikli, 1982*).

– **Fagranes:** ...Bærinn stóð kippkorn frá Öxnadalsánni, syðst undir Fagranesfjalli. ...Fagranes var góð jörð, undirlendið flatt og grösugt og góð útbeit, en landið hefur skemmst af skriðuföllum. haustið 1887 féllu þar skriður svo sem á öðrum bæjum í framanverðum Öxnadal og eyddist þá næstum allt engið og mestallt túnið (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Þverá:** ...Túninu grandar í stórveðrum grjótfok úr nálægum melum. Engjar spillast einnig af skriðum og leirlækja áburði, snöggvari en almennilega og langt burt, framar en hér annarsstaðar nálægt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðubingsókn 1713*).

– **Þverá:** ...Norður frá Neðri-Sjónarhóli liggur Neðribrún og endar við Jarðfallshól. Ofan við hól þennan er Efribrún. Neðan þessara hjalla er dálítill tjörn, sem kallast Þverárvatn. Hamrarnir ofan við tjörnina eru nafnlausir, en urðin þar umhverfis heitir Þverárhraun (virðist ungt) (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Öxnadalshrepps, handrit*).

– **Steinsstaðir:** ...útheyskapur góður, mýrar, bakkar og enni, sem þó heldur fer hnignandi vegna árlegs usla (þ.e. ágangs) og líka áfallandi snjóflóða, eins og bithaginn til fjallsins, sem þar hjá er í meðallagi góður (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Bakkakirkjusókn, um 1840*).

– **Landafjall:** ...að austanverðu er neðst í dalnum svokallað Bæsár– eða Landafjall, bratt mjög og alsett að ofan með klettabeltum, hvar úr að tíðum falla skriður til skemmda á tún og engjar (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Bægisár– og Bakkasóknir, 1839*).

– **Landafjall:** ...kallast það Landafjall. Úr því fellur fjöldi smálækja, sem oft verða vatnsmiklir í leysingum og rigningum. Þeir hafa þá oft valdið tjóni miklu, og má sjá þess ljósast dæmi á ótal skriðna, einkum hjá Löndunum, en svo nefnast þrír næstu bæir fyrir framan Syðri-Bægisá (*Árbók FÍ, 1938*).

– **Landafjall:** ...Fjöldi smálækja fellur úr Landafjalli. Venjulega eru þeir vatnslitlir, en í rigningatíð og vorleysingum hleypur í þá feiknavöxtur, og ryðja þeir þá fram aur og grjóti. eru skriðugrundirnar með hlíðafótunum af þeim skapaðar. En skriðuhlaup þessi valda tíðum tjóni á engjum og tünnum á Löndunum, en svo nefnast bærir þrír undir Landafjalli. Hétu þeir áður Skriðulönd. Þannig spilltust þar mjög engjar af skriðuföllum 24. júlí 1877. Eyddist þá nær helmingur engja á Miðlandi og auk þess nokkuð á túni. Hinir bæirnir (Efstaland, Neðstaland) og Steinsstaðir, sem er næst þar

fyrir sunnan, skemmdust einnig. Hafa bæir farið þar í eyði um stundarsakir vegna landsspjalla. En furðu gegnir þó, hversu fljótar skriðurnar er að gróa á ný (*Steindór Steindórsson, Lýsing Eyjafjarðar, 1949*).

– **Steinsstaðir:** ...Norður frá Lækjardal er Steinsstaðahraun, náttúrulega framhrunsdyngja, eins og flest hraun við Eyjafjörð. Ofan við þessar urðir, er dálítill tjörn, sem heitir Steinsstaðavatn. Alllöngu sunnar, eða utan til við Þverárhraun er sléttur blettur, sem nefnist Grímsfjarðarflötur. Munnmælin segja, að þarna hafi fyrrum verið veiðivatn og hrúnið ofan í það úr fjallinu. Vatnið hét Grímsfjörður, og hvílfín upp í fjallinu þarna ofan við Grímsfjarðarskál. ...Úr Skálunum rennur Leitislækur sunnar og Skriðugilslækur utar ofan í Öxnadalsá. Jarðfallið er alltaf nefnt Skriðan, en neðst í henni heitir þó Skriðufótur. ...Norður frá Steinsstaðabæ miðja vega að túngarði gamla túnsins, er hæð, sem heitir Gamlibær. Þar neðan við Gamlatún. Mun bærinn fyrrum hafa staðið þarna ytra, en sennilega verið þaðan fluttur vegna skriðuhættu (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Öxnadalshrepps, handrit*).

– **Steinsstaðir II:** ...Steinsstaðir II er nýbýli reist 1957 úr landi Efstalandskots og þess hluta Steinsstaða sem áður var búið að fella undir Efstalandskot. ...og á land á milli Steinsstaða og Efstalandskots. ...Hér er talsvert skriðuhætt og urðu spjöll í landareigninni af skriðuföllum bæði síðsumars 1877 og 1927 (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Efstalandskot, Efstaland, Miðland:** ...Upphaflega mun hér hafa heitið Skriðuland. Ekki verður þó neitt fullyrt um, hvar sá bær hafi staðið, þó að lengst af muni þetta upphaflega nafn hafa loðað við Miðland. ...Fjallið ofan við þessa bæi heitir Landafjall. Það er hrikalegt og mjög bratt, enda hafa víða fallið fram skriður, eins og upphaflega nafnið bendir til. ...Sunnan túns á Efstalandi heitir Grundir og syðst á túninu er Gerði. Uppgróin skriða á miðju túninu kallast Járnhryggur. ...Beint upp frá Koti er Bæjarskarð suður undir merkjunum og Klofaskriða þar neðan undir (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Öxnadalshrepps, handrit*).

– **Efstalandskot:** ...landbrot af snjóflóðum ef til vill (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Bakkakirkjusókn, um 1840).

– **Efstalandskot:** ...Bærinn stendur undir Landafjalli örskammt norðan við Steinsstaði II og var áður hjáleiga frá Efstalandi. ...Þarna er nokkuð skriðuhætt í rigningartíð og í júlí 1887 spilltust engi verulega af aur- og grjótskriðum og einnig í ágúst 1927 (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Efstaland:** ...beitarland nokkuð léttara en á næstnefndri jörð, en liggur undir sömu áföllum, og líka engið af árflóðum (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Bakkakirkjusókn, um 1840).

– **Efstaland:** ...Árið áður, eða sumarið 1877, féll feikna stór skriða niður á túnið á Efstalandi, rétt sunnan við bæinn. Var talið, að eyðilagst hafi um 4 dagsláttur af túninu. ...Seint í júlí gengu miklar austanrigningar. Að kvöldi þess 24., þegar fólk var að háttu, heyrði það ógnarlegar drunur í fjallinu, og var þá mikil aurskriða að falla fram af efri skeiðinni, eða Sneiðingum, sem kallaðir eru. ...Skriðan hélt eðlilega áfram eftir lækjargilinu og óttaðist fólk, að hún myndi granda bænum. Voru kýrnar

teknar og farið með þær í fjárhús, sem stóð á hól, skammt norðan við bæinn. Eitthvað mun hafa verið borið út af búslóð, því að skriðan fór fremur hægt, því að feikna mikið stórgrýti var í henni, en vatnskrafturinn ekki að sama hætti. Skriðan fór heim að bænum og ruðningurinn varð jafnhár skemmuvegg, sem var syðst húsa í röðinni. Tók hún fjárhús skammt niðri á túninu, braut það niður og breiddi sig um túnið, þar sem sléttast var. (*Jón Jónsson, Skjaldarstöðum, Öxndælskir þættir, Íslendingur 05.01.1962*).

– **Efstaland:** ...Bærinn stendur nokkuð ofarlega í hliðinni undir rótum Landafjalls. ...Á þessum slóðum er nokkuð skriðuhætt í rigningartíð, enda nefnist jörðin fyrrum Efstaskriðuland. Í júlí 1877 féllu aurskriður á Efstaland og brutu þar fjárhús og brunnhús en fólk flýði úr bæjarhúsunum og tún og engi spilltust stórlega. Hér féllu líka skriður í ágúst 1927 (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Miðland:** ...Túnnum og engjum er hér hætt fyrir skriðum og grjóti. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Skriðuþingsókn 1713*).

– **Miðland:** ...útheyskapaðlaust að kalla og áfallajörð af grjótskriðum og snjóflóðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Bakkakirkjusókn, um 1840*).

– **Miðland:** ...Árið áður, eða sumarið 1877. ...Seint í júlí gengu miklar austanrigningar. Að kvöldi þess 24., þegar fólk var að háttu, heyrði það ógnarlegar drunur í fjallinu. ...Margar skriður féllu á Miðlandi um þessar mundir. Ein þeirra tók skák syðst á túninu, en ekki vissu menn, að fé yrði fyrir skriðunum. Nú er skriðan á Efstalandi svo upp gróin, að hennar sjást lítt merki á túninu (*Jón Jónsson, Skjaldarstöðum, Öxndælskir þættir, Íslendingur 05.01.1962*).

– **Miðland:** ...Bærinn stóð á hólí skammt austan Öxnadalsár, undir Bægisárhjúki, á milli Efstalands og Neðstalands. Miðland, sem einnig var nefnt Miðskriðuland, átti lélegar útengjaslægjar og erfitt ræktunarland en sæmilega útbeit. Lækir sem koma úr Landafjalli eru vatnslitlir í venjulegri tíð, en í vorleysingum og í rigningartíð getur hlaupið í þá feiknavöxtur svo þeir ryðja fram aur og grjóti, sem veldur tíðum tjóni á graslendi Landabæjanna. Í júlí 1887 eyddist þannig nær helmingur engja á Miðlandi og nokkuð af túni (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

## Hörgárdalur

– **Vindheimar efri og neðri:** ...Enginu á báðum bæjunum spilla lækir hér og hvar með sands og leirs áburði, og grjóthrun úr melum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Glæsibæjarhreppur 1712*).

## Kræklingahlíð

– **Hrafnstaðir:** ...Enginu hefur að fornu spillt jarðfallsskriða úr fjallinu sem nú er mikinn part grasi vaxin til hagbeitar. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Glæsibæjarhreppur 1712*).

– **Lögmanshlíð:** ...Túninu er mjög hætt við skaða og skriðufalli, bæði úr bæjarlæknum og fjárhúslæknum, sé ekki með bestu gætni við varðað. (Hesjuvellir, Titlingur, Kollugerði, Rangárvellir – kostir og ókostir eins og heimajörðin). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Glæsibæjarhreppur 1712*).

## Akureyri

– **Akureyri, Fjaran:** ...Til bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar: Þar ég hefi lofað Jóni Guðmundssyni að sjá um girðingu á grunni hans, í fjarveru hans, en er ekki kunnugt um hvað langt grunnurinn hefir náð upp í brekkuna, þá vil ég hér með leita leyfis bæjarstjórnarinnar, hvort ég hans vegna ekki megi girða eins langt upp í brekkuna fyrir ofan hús hans, eins og ég sé að haganlegast verður til þess að þá garðstæði, þar er ekki verður gjörður sáðgarður framan í brekkunni, því reynslan hefir sýnt að hún hleypur þá öll fram í skriðum á vorin. Svar leyfi ég mér að biðja um hið fyrsta, þar ég er byrjaður að láta vinnu að girðingunum og óska að geta framhaldið þeim. Akureyri, 6. júní 1876. Eggert Laxdal (*Þjóðskjalasafn, Skjalasafn sýslumanna og sveitastjórna Eyjafjarðarsýslu II.B. 63B, Bréf 1871–1892 (A)*).

## Eyjafjörður

– **Framanverður Eyjafjörður (alm.):** ...Í gegnum þessar girðingar og klettabelti skerast aftur ótal gil og skorningar frá efstu fjallabrunum niður til flatlendis, sem orsakast af leysingavatni, sem brýtur sér farvegi niður á láglendið og rifur með sér grjót og leir og ollir þannig margvíslegum skemmdum og landbrotum á flestum þeim jörðum, er liggja meðfram þessum fjöllum, eins og víðast er ástatt í framanverðum Eyjafirði. Hafa nokkrar jarðir stórskemmt og að mestu farið í eyði vegna jarðfalla og skriðna, sumar þó að nýju beðir þess nokkurn bata, þegar frá leið, en eru þó árlegum skemmdum undirorpnar á tún, engjar og úthaga, sem torveldlega afstýrist, þótt við sé leitast (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Miklagarðs- og Hólaprestakall, 1840*).

– **Kroppur:** ... (1874) 10. júní var 14 ára smaladrengur frá Kroppi í Eyjafirði, Davíð Sigurðsson að nafni, beðinn um kvöldið að reka fé frá túninu til fjalls. Vinnumaður á bænum, er kom einhvers staðar að, sá að hann var kominn nokkuð áleiðis með féð. Fór vinnu maðurinn síðan inn og háttaði. Er hann hafði sofði um stund, vaknaði hann aftur og varð þess þá var, að drengurinn var ókominn. Fór hann þá á fætur og upp að beitarhúsunum, en varð einskis var. Hundur, sem með honum var, tók þá stefnu suður og ofan brekkurnar og fylgdi maðurinn honum eftir. Fann hann þá von bráðar lík drengsins í urð undir bröttum hjalla. Hafði stór steinn fallið ofan á hann, svo að aðeins fæturnir stóðu út undan. Skömmu áður en þetta gerðist, höfðu börn frá Kroppi, ásamt dreng þessum, komið að urðinni og þótt sjá merki þess, að þar mundu vera egg. Var þess getið til, að drengurinn hefði farið að leita að eggjum og losað í því skyni um smásteina, en steinninn við það losnað og fallið ofan á hann. Var steinn þessi svo stór, að tveir menn áttu fullt í fangi að velta honum ofan af líkinu (*Annáll níttjándu aldar*).

– **Hlíðarhagi:** ...Túnið spillist af skriðu úr fjallinu, sem fyrir 7 árum hljóp í gegnum það og eyðilagði mikinn part (1705), og því var landsskuldin aftur færð. Þetta

skriðufall eykur sig meir og meir. Enginu spillir sama skriðufall skaðlega, sem á það hljóp í sama sinn. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Hvassafell:** ...Hefur landsskuldin verið aftur færð á báðum pörtunum fyrir skriðuföll á tún og engi. Túninu spilla skriður úr fjallinu á báðum pörtunum langvarandi, sem í vöxt fer meir og meir. Enginu spillir í sama máta skriður skaðlegar, sem í vöxt fer ár frá ári. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Hvassafell:** ...25. ág. 1877, þá féll og skriða á Hvassafelli. (*Steindór Steindórsson, Lýsing Eyjafjarðar, 1949*).

## Djúpidalur

– **Syðra–Dalsgerði:** ...Kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina (Stóridalur). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Gerðasel:** ...Bændurnir í Syðra– og Ytra–Dalsgerði áttu selkofa utantil í svonefndri Stóruskriðu, utarlega í Djúpadalnum. En eitt vorið um 1880, féll skriða mikil úr Stóruskriðugilinu og tók af selkofana. Eyðilögðust þá með öllu Gerðaselin (*Ferðir (27), 1968*).

– **Stóradalshólar:** ...Er dalurinn allbreiður neðst, en fyrir mynni hans eru allmiklar jökulöldur (rétt framhlaupshólar), einkum á milli bæjanna Stóradals og Dalsgerða. eru þær nefndar Gerða– eða Stóradalshólar. Nær hólahrúgald frá þeim alllangt niður með ánni að norðanverðu. Sú þjóðsögn gengur um hóla þessa, að endur fyrir löngu hafi missætti verið milli bændanna í Stóradal og Dalsgerðum. Gerðabóndi var fjölkunnugur, og hugðist hann eitt sinn sprengja fram fjallið yfir Stóradalsengjar. Af þeim aðgerðum hlupu fram hólarnir, og ónýttist þá land allt milli bæjanna, og först Gerðabóndi í skriðuhlaupinu, en Stóradalsbónda sakaði lítt (*Steindór Steindórsson, Lýsing Eyjafjarðar, 1949*).

– **Stóridalur:** ...Enginu granda skriður úr fjallinu til stórskaða og er mestur partur þar fyrir eyðilagður, nema hvað hent er innan um þessar skriður með smáblettum Úthagarnir heim um sig mjög litlir og blásnir, en með selhögum bjarglegir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Litlidalur:** ...Túninu granda skriður úr fjallinu til stórskaða bæði að fornu og nýju, og er þar fyrir eyðilagt af því hér um 3 daga sláttur. Engið er og svo af skriðum fordjarfað og mikinn part eyðilagt. Úthagarnir eru nægir, en víða skriðurunnir. Ekki sýnist bænum óhætt fyrir því stóra skriðufalli, sem á túnið hefur hlaupið og klofist hefur um bæinn, en þó ekki hingað til húsum grandað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Litlidalur:** ...25. ág. 1877. Þann dag féll svo mikil skriða fyrir framan Litladal, að ekki varð komist yfir hana, nema með því að fara yfir um á. (*Steindór Steindórsson, Lýsing Eyjafjarðar, 1949*).

– **Strjúgsá/Þrjúgsá:** ...Túninu hefur fyrir vel um 30 árum grandað eitt stórkostlegt snjóflóð með skriðufalli úr einu gili, og er enn hætt við þeim skaða, þó er túnið mikinn part uppræktað. Engið er og stórlega af skriðum fordjarfað og víða óvinnandi. Úthagarnir eru nægir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og jafnvel smalanum. ...Ekki er bænum óhætt fyrir áðursögðu snjóflóði, sem túninu grandí, en þó sakaði bæjarhúsin ekki en lamb og fjárhús tók á vellinum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Strjúgsá:** ...Skriðuhætt er víða í dalnum, einkum á Strjúgsá. Þar spilltust engjar í skriðuhlaupi 5.–6. okt. 1866 og 25. ág. 1877. ...Snjóflóð hafa stundum fallið úr giljum hjá Kambfelli. Þá tók snjóflóð bæinn á Stjúgsá 1755. Mun það hafa komið úr klettagjá, er Katla heitir fyrir ofan bæinn (*Steindór Steindórsson, Lýsing Eyjafjarðar, 1949*).

– **Strjúgsá:** ...Bærinn stóð á miklum skriðuvæng undir Strjúgsárfjalli, skammt austan Djúpadalsár og nokkru norðar Strjúgsár. ...Upp undan bænum er mikið klettagil sem Kötlugil heitir. Úr þessu gili þessa hafa oft fallið skriður og snjóflóð. Á seinni hluta 17. aldar féll mikið snjóflóð sem tók útihús og stórskemmdi túnið. Árið 1759 fórst ábúandinn í skriðu og enn urðu tjón árin 1877 og 1925 (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).

## Eyjafjarðardalur

– **Hleiðargarður:** ...Túninu spillir skriðufall úr fjallinu sem eyðilaggt hefur undir þriggja daga slátt með öðru skriðufalli frammar í vellinum, sem áeykst meir og meir. Engjarnar spillast og stórkostlega af skriðum úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Hleiðargarður:** ...Grjótgarður er um Útitúnið frá áðurnefndu húsi, út fyrir ofan og niður með túninu að utan. Utan við garðinn er hæðarhryggur mikill niður á barð. Er það gamalt jarðfall og ætíð nefnt Jarðfall, allt undir Smérhnattarhól. Stóristeinn er neðan til og syðst á jarðfallinu. Þessi mikli steinn er talinn hafa komið úr fjallinu fyrir meir en 150 árum í jarðfalli. ...Ytra-Bæjargil, stundum nefnt líka Jarðfallsgil, er út og upp af bænum. ...Fyrir utan Nesskál er Hrutaskál. Þar tók sig upp jarðfallið, er féll fyrir nokkrum árum sunnan við Hleiðargarð. (*Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Hleiðargarður:** ...Um þessar mundir var laug ein góð á milli Hleiðargarðs og Hleiðargarðskots, en síðar, eða stuttu fyrir aldamótin átján hundruð, hljóp jarðfall mikið úr fjallinu fyrir ofan hana og tók hana af með öllu, svo ekki vita menn, nú hvar hún var (*Bragi Sveinsson og Jóhann Sveinsson frá Flögu, Sópyngja II, 1951*).

– **Hleiðargarður:** ...Utan við næstu spildu, er heitir Gryttaspilda, tekur við Laugaengi og Laugarspilda. Í miðri spildunni, út við Jarðfallið, er lítið eitt volg uppspretta, kölluð Laug. Á 18. öld var þarna laug og skáli eða kofi byggður við. Var þvegið við laugina, og sagt er, að þæft hafi verið þar á stórri hellu. Um aldamótin 1800 hljóp jarðfall þar yfir, Er nú óvíst hvar laugin hefur upphaflega verið. ...Utan við garðinn er hæðarhryggur mikill niður á barð. Er það gamalt jarðfall og ætíð nefnt

Jarðfall, allt út undir Smérhnattarhól. Stóristeinn er neðan til og syðst á Jarðfallinu. Þessi mikli steinn er talinn hafa komið úr fjallinu fyrir meira en 150 árum í jarðfalli (um 1800?) (*Angantýr H. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Hleiðargarður:** ...Íbúðarhúsið stendur undir Hleiðargarðsfjalli skammt vestan Eyjafjarðarbrautar og eru útihúsin litlu sunnar. Upp við fjallsræturnar er gamli bærinn sem nú er aflagður. ...Hleiðargarðsfjall er bratt og skriðurunnið. Hafa oft hlaupið úr því skriður en ekki til verulegs tjóns á síðustu árum. Nokkurn spöl sunnan við fjárhúsið er mikill skriðuhryggur sem nefnist Jarðfall. Þar var laug sem notuð var til þvotta þar til hún grófst undir framhlaupi um aldamótin 1800. Á þessari öld hafa a.m.k. tvær skriður hlaupið á Jarðfallið (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar I (2. útg.), 1993*).

– **Hleiðargarðskot:** ...Fóðrast kunni, seinast byggt var ij kýrþungi en nú miklu minna sakir óræktar og skriðna, sem á engið hefur fallið síðan, og er þetta áður talið með heimajörðunni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Hleiðargarðskot:** ...Á milli þessara hryggja er eyðibýlið Hleiðargarðskot, er fór í eyði 1705, vegna skriðufalla. Sjást enn bæjarrústir og fjárhúsatóftir, því að beitarhús voru þar frá Hleiðargarði fram yfir 1900 (*Angantýr H. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Hleiðargarðskot:** ...Löngu eftir að þeir atburðir urðu, er hér hafa verið sagðir, gerðust þau tíðindi, að jörðin lagðist í eyði af ógurlegum skriðuföllum. Urðu þau með undarlegum hætti. Snjór var leystur úr fjallinu, og þurrkatíð hafði gengið, en þó geystist mikill vatnsflaumur eina nótt fram og ofan fjallið. Bar hann með sér feikn af grjóti og leir. Komu skriðuföllin ofan beggja megin bæjarins og tóku af mest allt túni og mikið af engjum þar fyrir neðan. Varð nú óbúandi þar og líklegt, að svo yrði um langan aldur. Var þá landi kotsins bætt við land Hleiðargarðs, sem á þessum tímum var líka kóningsjörð. Sjást enn glögglega bæjarrústirnar svo og fjárhúsa, er staðið hafa sum nokkuð frá bænum (*Bragi Sveinsson og Jóhann Sveinsson frá Flögu, Söpdýngja II, 1951*).

– **Gilsá:** ...Landsskuld i c í næstu 6 eða 7 ár, áður ii c, svo lengi sem menn minnast, en var aftur færð fyrir smáskriðum á tún og engjar. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Gilsá:** ...Fyrir ofan alla bæi frá Gilsárgili og út og upp að Djúpadalsá virðist hafa verið garður til forna, sennilega vörslugarður. Sjást þess enn merki á stöku stað, nema þar sem skriður hafa fallið og þar sem jarðvegur linur og deiglendur, þar er hann siginn í jörð eða horfinn með öllu. ...Steinagerðishæð er utan og ofan við túnið. Sunnan til á hæðinni var býlið Steinagerði, er lagðist í eyði um 1707 eða 1708, að líkindum vegna skriðufalla úr fjallinu. Túngarður sést þar á parti, og hefur túnið náð upp að garðinum, sem lá fyrir ofan bæina og áður eru nefndur. ...Einnig lifir nú sögn ein, að Steinagerði hafi verið aðaljörðin, en ekki Gilsá. ...Suður og upp frá bænum (Gilsá), á gróinni skriðu, var hesthúskofi, er nefndist Skriðukofi og túnið í kring Skriðukofatún. (*Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

- **Gilsá I:** ...Íbúðarhús og útihús standa neðst í hlíðinni skammt vestan Eyjafjarðarbrautar. ...Skriðuhætta (á tún og úthaga) er nokkur en ekki hafa skriður valdið miklum skaða hin síðari ár (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).
  
- **Gullbrekka:** ...Þar niður undan eru Grænutóftir. Þar er talið að hafi verið bær til forna og sjást þar enn tóftarbrott. Munnmæli herma, að býli þetta hafi heitið Gulltunga. Eitt sinn féll skriða á bæinn. Fórst þar bóndinn og fannst höndin af honum síðar. Sagt er, að bærinn hafi þá verið byggður aftur (*Angantýr H. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).
  
- **Skáldsstaðir:** ...Túninu granda skriður bæði að fornu og nýju til stórskaða og horfir til eyðileggingar með framtíðinni. Engjarnar fordjarfa og svo skriður stórlega, og sakir þessa skaða hvorutveggja eru byggingarkostir ringaðir. Ekki sýnist fjósinu og fjárhúsum óhætt fyrir því skriðufalli sem túninu grandar, þó hefur það ekki hingað til að meini orðið. ...Í kringum fornt stekkjarsæði suður frá hér í landinu er girðing forn ei ólík tunganarði og eru munnmæli að þar hafi í fyrndinni byggð verið, þó þar muni nú engin. Ekki má hér byggð setja því túnstæðið er yfirfallið af skriðu, og því var stekkurinn burt færður að hún fyllti hann upp af grjóti (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).
  
- **Skáldstaðir:** ...Bærinn stendur undir Skáldastaðafjalli skammt vestan Eyjafjarðarbrautar. ...Miklar skriður hafa fallið á Skáldastaðaland, bæði að fornu og nýju, og urðu stundum verulegar skemmdir á túni og engjum. Ýtt hefur verið upp gördum til varnar túninu (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).
  
- **Ártún:** ...Bærinn stendur á fornum bakka Eyjafjarðarar við Eyjafjarðarbraut að vestanverðu. ...Á Ártúnsland hafa nokkrum sinnum fallið skriður úr Skáldastaðafjalli en ekki valdið umtalsverðu tjóni (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).
  
- **Jórunnarstaðir:** ...Landskuld i c xx álnir í næstu 3 ár, áður i c lxx álnir. Túninu spillir lítið smágrjót og sandur, sem stórviðri ber á úr nálægum melum, og þykir því seinunnið. Engið er fordjarfað af skriðum úr fjallinu, og fyrir því hefur landsskuldin verð aftur færð. Úthagarnir eru mjög litlir og skriðurunnir til fjallsins. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).
  
- **Leyningur:** ...Túninu spillir grjót og sandfok úr melhólum og er því seinunnið. Engjarnar eru smáfengnar innan um melhóla, sem spillast af grjóti og sandfoki. Úthagarnir eru til fjallsins mjög skriðurunnir eru þó með Leyningsdal bjarglegir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).
  
- **Leyningur:** ...Básgilið náði áður niður í á, en skriða, sem hljóp í það vorið 1939, fyllti það að mestu neðan Bása. (*Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).



– **Villingadalur fremri/syðri:** ...Engið er grýtt af fornri skriðu, sem á það hefur hlaupið, en er síðan mikið upp vaxið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Villingadalur:** ...(Sverrisdalur) Á undirlendinu í Botninum er Stóristeinn. Er hann stærstur af þeim steinum, sem borist hafa þangað með snjóflóðum, og þekktist enn fremur á því, að hann er með klofi, sem skriða má í gegnum. ...Snjóflóðamýrin er út af Flóanum. (*Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Torfufell:** ...Túninu spillir sandfok og grjót úr melum nálægt túninu, og er þar fyrir steinrunnið. Engið er mikinn part af skriðum eyðilaggt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Torfufell:** ...(Torfufellsgil) Steinboginn og Steinbogahylur sunnarlega í gilinu. Jarðfallið er upp frá Steinboganum og Jarðfallsklettnir þar ofan við. Hafi einhvertíma verið um nokkra Lágöxl að ræða, hefur hún verið Jarðfallsklettnir, en nafnið er að líkindum ekki gamalt á þeim, því það er til þess að gera ekki langt síðan að jarðföll fóru að hlaupa neðan við klettana. Síðasta jarðfallið fór þar sumarið 1924. Var svo mikil ferð á því, að það spýttist yfir gilið og stíflaði ána við Steinbogann, svo að stór uppistaða myndaðist sunnan við. Þegar áin spýtti stíflunni burt, var flóðið svo mikið, að hnausarnir úr jarðfallinu dreifðust niður um Torfufellseyrar. (*Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Hólsgerði:** ...Kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina (Torfufell). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Úlfá:** ...Túninu spilla leirskriður úr fjallinu skaðlegar og hafa eyðilaggt af því þriggja daga slátt. Skriður granda og enginu stórkostlega og er varla teljandi það sem nú er eftir óspjallað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Úlfá:** ...Heimarlega í Torfunum hefur áin grafið sig alldjúpt niður og myndað þar foss eða háa flúð, og verður þar um sinn allmikið gljúfur að henni, og kallast þar Torfnaklif. ...Hellismunni var áður undir klifinu, og sagði þjóðsagan, að þaðan væri gangur allt í Surtshelli. Hrunið er nú fyrir munna þennan. ...Úlfá fór í eyði árið 1925. En það ár féll snjóflóð og mun hafa skemmt tún og fjárhús. (*Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Magnúsartóftir:** ...Á því eru munnmæli að Úlfá hafi þar í fyrndinni staðið og þaðan færð verið undan skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Tjarnir:** ...Í miðju fjalli, er Ytri–Rauðhóll, og niður frá honum er breiður rimi, sem heitir Reitur. Hann er nú sundurskorinn af skriðufalli. ...Sunnan við lágarnar er Kvennastillisgilið. Neðan við gilið er mjög stór steinn, sem Kvennastillir heitir. Sú sögn er til um hann, að einhvern tíma í fyrndinni hafi margt kvenfólk utan af bæjum verið að ríða á Tjarnarrétt. Hafi þá steinninn hrunið úr fjallinu, en við það varð kvenfólkið svo hrætt að það sneri við og varð ekki meira úr réttarferðinni. ...Ytra–Bæjargil er sunnan rimans. Þá kemur Bæjargilsmelur, síðan Syðra–Bæjargil, en það er

klofið ofan til og heitir Bæjargilstunga á milli. Skriður falla öðru hvoru úr báðum Bæjargiljunum, og er skriðan í syðra gilinu venjulega nefnd Nýja-Skriða. ...Nokkru út og yfir af Sandá eða á móti Bröttuhlíð er Hrauntangi (hann er snjóflóðadyngja). (*Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Halldórsstaðir:** ...Túninu spilla skriður úr fjallinu að sunnanverðu og hafa tekið af því nokkurn part. Enginu spilla svo leirskriður. Hætt sýnist bænum fyrir skriðuhlaupi úr bæjargilinu, en ekki hefur það hingað til að meini orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Halldórsstaðagerði:** ...Er sagt að jörðin (Halldórsstaðir) hafi þar í fyrndinni staðið og þaðan undan snjóflóðum bærinn fluttur verið þangað sem nú er hann, en ekki sést þar til garðlaga fyrir skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Halldórsstaðir:** ...Syðst og efst í túninu er gróin skriða, sem heitir Steinastaðahryggur. ...Dálítinn spöl sunnan við Sandinn er Halldórsstaðagerði. Þar var bær til forna, en seint á 17. öld fór hann í snjóflóð. Það var að nóttu til, svo fólk allt var í rúmum sínum og beið bana í snjóflóðinu. Bóndinn, sem hét Kolbeinn, fannst í rúmfötum sínum niðri á Kolbeinsbakka. Árið 1919 hljóp aftur snjóflóð á Gerðið og tók fjárhús, sem þar voru, og drap 54 kindur, 4 lifðu og 1 naut og 2 hestar. ...Þegar bærinn á Halldórsstaðagerði fór í snjóflóð á 17. öld, kom heljarstór steinn inn í baðstofuna og kramdi þar til bana stúlku, er Sesselja hét. Steinn þessi sést enn í tóftunum og er kallaður Settusteinn. Þar var talið reimt. (*Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Halldórsstaðir:** ...Íbúðarhúsið er á eystri bakka Eyjafjarðarar og fjárhús lítið eitt sunnar. Gamli bærinn er upp við fjallið allmiklu norðar og stendur enn að hluta. ...Hér hafa oft fallið bæði skriður og snjóflóð til verulegs tjóns. Halldórsstaðagerði er fornt eyðibýli upp við fjallið suður af gamla bænum. Á 17. öld tók snjóflóð þar af bæinn og fórst allt heimilisfólkið. Síðar var byggt fjárhús á Gerðinu. Á það féll snjóflóð árið 1919 og drap flestar ærnar (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).

– **Jökull:** ...Túninu spilla skriður stórlega allt í kringum bæinn og er þar fyrir af því nokkur partur óvinnandi. Engið er og svo af skriðum fordjarfað. Ekki er bænum óhætt fyrir því stóra skriðufalli, sem á túnið hefur hlaupið og þá gaus á baðstofuna en skaðaði ekki húsin í það sinn. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Jökull:** ...Bærinn stóð í brekku undir Hólafjalli skammt austan Eyjafjarðarar. Allt land er í halla og fjallshlíðin brött og skriðurunnin. Hafa oft fallið skriður á Jökulsland og valdið verulegum skemmdum á engi og túni. Svo var árið 1933 þegar mikið af slægjulandi jarðarinnar lenti undir skriðum sem einnig skemmdu eða eyðilögðu stóran hluta bæjarhúsanna. Fór Jökull þá í eyði um tíma en aftur var það uppbyggt og búið til ársins 1948 (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).

- **Vatnsendi:** ...Túninu granda skriður úr fjallinu sem hlaupið hafa um þvert túnið, bæði að fornu og nýju, sem eyðilagð hafa af því stórt stykki að utanverðu. Enginu granda og skriður stórkostlega, og er það eina eftir, sem hent er innan um þessar skriður, og þar að auki lítill bakki fyrir neðan völlinn. Úthagarnir eru bjarglegir. Ekki sýnist bænum óhætt fyrir skriðum úr fjallinu, en ekki hefur það hingað til að meini orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).
- **Vatnsendagerði:** ...Ekki má hér aftur byggja, því að túnið er mest allt af skriðum eyðilagð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).
- **Vatnsendi:** ...Haustið 1946 féllu skriður yfir mestallar Grundirnar, svo að nú er tæpast hægt að kalla þær Grundir lengur. (*Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).
- **Vatnsendi:** ...Áður stóð bærinn upp við fjallið og voru tún og engi meðfram fjallshlíðinni. Skriðuhætta er umtalsverð og orðu slægjulönd stundum fyrir verulegum skemmdum, síðast árið 1946 (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).
- **Hólar:** ...Engið er mestan part eyðilagð af skriðum úr fjallinu, nema hvað hent er með smáblettum innan um grjótið og skriðurnar. Úthagarnir eru til fjallsins mjög blásnir og skriðurunnir, en þó nokkurn veginn bjarglegir heim um sig. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).
- **Hólakot:** ...Kostir og ókostir sem segir um heimajörðina (Hólar). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).
- **Geldingagerði:** ...Kostir og ókostir sem segir um heimajörðina Hólar), nema skriður granda túninu skaðlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).
- **Hólastekkur:** ...Varaði byggðin til næstu 14 ára, síðan í auðn, því skriða féll á kotið, sem það eyðilagði. Heyskapur að mestu eyðilagður af skriðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).
- **Hólastekkur:** ...Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er getið um Hólastekk, hjáleigu frá Hólum, er fór í eyði 1688 (1698?) með þeim hætti, að skriða hljóp á bæinn. Einnig eru Hólavellir byggðir, þegar manntalið er tekið 1703. Eigi er nú vitað, hvar þessir tveir síðastnefndu bæir hafa verið. Má vera, að þeir hafi verið í landi Hólakots, en sá bær var ekki til 1703 (*Angantýr H. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).
- **Arnarstaðir:** ...Túninu granda skriður úr fjallinu, sem eyðilagð hafa hér um tveggja daga slátt, og svo spillir Eyjafjarðará því að neðan með landbroti. Enginu spilla skriður úr fjallinu skaðlega, og svo Eyjafjarðará með sandáburði. Úthagarnir eru mjög uppblásnir. Ekki sýnist bænum óhætt fyrir skriðum úr fjallinu, en ekki hefur það hingað til að meini orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Arnarstaðir, Arnarfell:** ...Skammt sunnan og ofan við túnið er Lindarhöfði og framan undir honum Kúabollinn. Sunnan við hann er kallað Jarðfall. Munnmæli herma, að þegar þetta jarðfall féll, hafi það tekið lofthlaup fram af Miðgirðingunum, svo sá undir það fram í Hólahóla og Torfufellshnjúk. Ytri-Bræður í Brekkunesi eru taldir vera komnir úr því. (*Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

## Sölvadalur

– **Sölvadalur (alm.):** ...Bær allir í Sölvadal hafa fina landkosti, en liggja allir meir eður minna undir skemmdum af jarðföllum, skriðum og snjóflóðum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Grundar- og Möðruvallasókn, 1840*).

– **Sölvadalur (alm.):** ...varð dalurinn (Sölvadalur) fyrir áfalli miklu haustið 1934 (rétt 1935), er þar féllu ótal skriður úr snarbröttum fjöllum í langvarandi rigningum. Svo mátti þá kalla, að heilar landareignir væru gapandi sár. Þá ollu og skriður stórsþjóllum kringum Möðruvelli (*Árbók FÍ, 1938*).

– **Draflastaðir:** ...Neðan við Smiðjuhólinn voru fjárhús, en þau, ásamt Sundpolli, Kvíum, og nokkrum hluta Smiðjuhóls lentu undir jarðfalli árið 1949. ...sunnan og ofan við bæinn var hús, sem Lambhús hét og lenti í jarðfallinu. (*Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Draflastaðir:** ...Árið 1949 féll geysimikið jarðfall á Draflastöðum. Kom það niður rétt sunnan við bæinn, eyðilagði útihús er þar stóðu og fór yfir mikinn hluta túnsins. Var mjög lítið grjót í þessu framhlaupi og reyndist auðvelt að rækta túnið upp (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).

– **Æsustaðatungur:** ...þar fyrir norðan er Nýja-Skriða, sem fallið hefur úr fjallinu og niður í á. ...Suður og upp af Beitarhúsunum er gil, sem nefnist Skálagil, og liggur upp í fjall. Suður frá því að ofan eru svonefndar Skálar. Hafa fallið niður í þær skriðusléttur hér og þar. (*Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Ánastaðir:** ...Túninu spilla skriður til stórskaða, og hefur eyðilagð meir en til helminga. Engið fordjarfa og skriður úr fjallinu, sem áeykst (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sölvadalur 1712*).

– **Ánastaðir:** ...Bærinn stóð á smáhæð undir Ánastaðafjalli í austanverðum Sölvadal lítið eitt sunnar en gegnt Draflastöðum. ...Skriður og snjóflóð hafa fallið á Ánastöðum og valdið verulegu tjóni á húsum og slægjulandi. Árið 1871 féll mikið snjóflóð sem eyðilagði útihús, drap sauðfé og spillti heyjum. Fór bærinn nær því á kaf en skemmdist furðu lítið. Ekki varð fólkíð fyrir teljandi meiðslum þótt mikill snjór kæmist í baðstofuna inn um glugga. Snjóflóð þetta var talið um einn kílómetri á breidd þar sem það var breiðast (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).

– **Kerhóll:** ...Jarðardýrleiki xxxc allt til þess fyrir 23 árum (1689) þá féll stórkostlegur skaði af skriðum á tún og engjar, og því hefur jörðin tíundast fyrir xc

fjórum tíundum. Túnið er mikinn part af skriðum eyðilagt, sem enn þá áeykst meir og meir og er lítill partur þess vinnandi. Engið er og svo merkilega fordjarfað af skriðum og mikinn part eyðilagt. Úthagarnir mjög skriðurunnir og uppblásnir. Ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir því stóra skriðufalli sem túnið hefur fordjarfað þó hefur það hingað til ekki að meini orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sölvadalur 1712*).

– **Kerhóll:** ...Bærinn stóð austan í miklum hól undir Kerhólsfjalli í Sölvadal litlu norðar en gengt Eyvindarstöðum. ...Land jarðarinnar nær allt í hjalla og undirlendi lítið. ...Skriðu- og snjóflóðahætta er hér mikil. Árin 1689, 1926 og 1935 varð mikið tjón á landi vegna skriðuhlaupa. Árið 1919 flýði fólk af bænum vegna snjóflóða sem þar féllu en ekki urðu skemmdir á húsum (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).

– **Finnastaðir:** ...Jarðardýrleiki xxx c inn til næstu 23 ára, þá féll skriða á tún og engjar (1689). Túninu spillir skriðufall úr fjallinu og hefur eyðilagt af því meir en tveggja daga slátt, sem áeykst árlega. Enginu spilla og lækir stórlega með grjótsáburði og fyrir því er dýrleikurinn aftur færður að tún og engjar eru svo fordjarfaðar. Úthagarnir eru fordjarfaðir af skriðum, en eru þó enn nokkun veginn bjarglegir fyrir fáar kindur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sölvadalur 1712*).

– **Finnastaðir:** ...Fyrir sunnan Merkjahól (var alltaf nefndur Markhóll), heitir Jarðfall, gömul framhlaup. ...Ofarlega í fjallshlíðinni við nefndan læk er melhóll, Nýjuskriðuhóll. (*Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Finnastaðir:** ...Bærinn stóð á grónum skriðuhrygg neðst í Finnastaðaheiði í Sölvadal. ...Skriðuhætta er nokkur og urðu landskemmdir vegna skriðufalla 1689 og 1935 (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).

– **Björk:** ... (1689) Í Eyjafirði bar það til á þessu ári (rétt 1689), að skriða féll á eina jörð (Björk í Sölvadal), og urðu fyrir því tvær kvenpersónur og barn eitt, er sér ætlaði að forða (*Desjarmýrarannáll*). ... (1689) Á bæ þeim, sem heitir Björk í Eyjafirði norður, tók skriða mikinn hluta túnvallar; urðu þar til konur tvær og barn, en karlmaður komst undan lerkaður (*Fitjaannáll*). ... (1689) Á bæ þeim, sem heitir Björk í Eyjafirði, tók skriða mikinn hluta túns. Urðu þar fyrir konur tvær og barn, en karlmaður komst undan lerkaður (*Hestsannáll*). ... (1689) Konur tvær urðu fyrir skriðu, með þremur börnum, í Sölvadal í Eyjafirði, hlupu af bænum, er skriðan heyrðist, og vildu forða sér, en urðu fyrir henni (*Mælifellsannáll*).

– **Björk:** ...Landskuld tíutíu álnir í næstu 23 ár, því þá féll skaðinn á jörðina (1689). Leigukúgildi engin undir eður yfir 20 ár, en j þegar að skaðinn féll á jörðina, þar fyrir er sagt að hér hafi verið viii kúgildi um nokkurn tíma. ...Túnið hefur skriðufall fyrir vel 20 árum eyðilagt hér um bil til helminga, og önduðust í því sama skriðufalli 3 manneskjur, sem hér voru staddar á einum hól í vellinum og flúið höfðu bæinn, og fyrir þennan skaða var jörðin aftur færð. ...Engið er og svo af skriðum stórlega fordjarfað og mikinn part eyðilagt, nema hvað hent er úr þessu grjóti með smáblettum. Úthagarnir eru víða skriðurunnir og varla bjarglegir. Ekki sýnist bænum óhætt fyrir því stóra skriðufalli, sem túnið hefur fordjarfað, þó hefur ekki hingað til húsum grandað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Sölvadalur 1712*).

– **Björk:** ...Viða er skriðuhætt og snjóflóða í Sölvadal. Er þess skemmst að minnast, að hann varð fyrir þungum búsisfjum af skriðuhlaupum haustir 1934 (rétt 1935), einkum að austanverðu. Hjá Björk féll einnig skriða mikil í október 1866. Þar féll einnig ægileg skriða 1689, og olli hún manntjóni. Snjóflóð varð fé að bana á Draflastöðum snemma vetrar 1877. Í janúar 1871 féll ægilegt snjóflóð á Ánastaði. Var það 540 faðma breitt. Braut það hús, banaði fé og sópaði brott heyjum, en mannbjörg varð með naumindum. Þar féll einnig snjóflóð og olli tjóni 1881 (*Steindór Steindórsson, Lýsing Eyjafjarðar, 1949*).

– **Björk:** ...Sunnan og neðan við bæinn er hár hóll á merkjunum milli Bjarkar og Finnastaða, er heitir Merkjahóll. Landið á Björk hefur oft orðið fyrir miklum áföllum af skriðuhlaupum og snjóflóðum eins og aðrir bæir þar að austanverðu í dalnum. Haustið 1689 fórust tvær konur og þrjú börn frá Björk í skriðu– eða jarðfalli ægilegu. Höfðu þau flúið bæinn á hól í túninu, sennilega Merkjahól. Skriður féllu þar í október 1866. Haustið 1935 féllu skriður víða að austanverðu í dalnum (*Angantýr H. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Björk:** ...Bærinn stóð á grónum skriðuhrygg neðst í Finnastaðaheidi. ...Í þeim hluta Finnastaðaheiðar sem liggur undir Björk er fjöldi smágilja og skriðu– og snjóflóðahætta mikil. Árið 1689 féll skriða og fórust þá tvær konur og barn sem flúið höfðu bæinn. Hús skemmdust ekki en túnið eyðilagðist að hálfu. Þá varð mikið tjón í skriðuhlaupi árið 1866 og aftur 1935 (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).

### **Eyjafjörður** (Möðruvallapláss)

– **Skriða:** ...Útigangur og aðrir kostir og ókostir sem áður segir um Stekkjarfleti, nema hér hefur áður skriða grandað túninu, sem nú er að mestu uppvaxið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Skriða:** ...Skriða fór í eyði árið 1936 og var þá lögð undir Fjósakot. En skriðuföllin miklu haustið 1935 skemmdu mikið í bili lönd þessara jarða. (*Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Hríshóll/Fjósakot, Skriða:** ...Hríshóll hét áður Fjósakot og var breytt um nafn árið 1964. Skriðuhætta er hér eins og víðar í Möðruvallapláss. Haustið 1935 féllu miklar skriður bæði á Fjósakot og Skriðu sem var næsta býli sunnan við. Urðu verulegar skemmdir á tünnum sem leiddi til þess að búskapur lagðist af í Skriðu og jarðirnar sameinaðar (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).

– **Kálfagerði:** ...Í Kálfagerði eru tvö íbúðarhús, bæði skammt austan Eyjafjarðarbrautar. Stendur það eldra í smáhól neðst í brekku. Fjosið er það rétt norðan við og Kálfagerði II nokkru norðar. ...Bak við bæinn er hóll og þaðan aflíðandi til fjalls. Beitiland er í fjallinu. Skriðuhætta er nokkur en ekki hafa skriður valdið tjóni á síðustu áratugum. ...Íbúðarhúsið (Kálfagerði II) stendur á skriðuhrygg austan Eyjafjarðarbrautar, nokkurn spöl norðan bæjarins í Kálfagerði. Gerðislækurinn fellur skammt norðan við húsið. Hafa stundum hlaupið smáskriður niður

lækjarfarveginn. (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).

– **Helgastaðir:** ...Túnið er stórlega fordjarfað af skriðum, og er enn mjög hætt við því. Engið er og svo stórlega fordjarfað að skriðum. Ekki sýnist bænum óhætt fyrir skriðuhlaupum, þó hefur það ekki hingað til að meini orðið (Heimajörð er Möðruvellir). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Helgastaðir:** ...Beint upp undan bænum á Helgastöðum er djúpt gil, sem kallað er Hesthúsgil. Þar er hár foss í hjallanum ofan við bæinn. ...En komi þrálátar haustrigningar, er vissara að hafa gætur á fossinum í Hesthúsagilinu. Hann er þá orðinn mikill og illúðlegur og veltur fram af berginu í mórauðum hnyklum, og grjótkastið heyrir langar leiðir. Þá kemur máski stór skriða af aur og grjóti fram úr gilinu, og alla leið niður Kvíahrygginn, fram hjá fjárhúsunum og hesthúsinu efst á túninu og þvert á túnið rétt hjá bæjarveggnum. Þannig var það árið 1881. Mörg dagsverk fóru í það að hreinsa burt stórgrýtið og lengi voru hryggirnir að gróa upp aftur. Í Bæjargilinu, sem er litlu sunnar, falla einnig oft skriður á tún og engi. ...Það er haust og regnið streymir úr loftinu. Baðstofugólfíð er blautt af leka og ílát í rúmum til þess að taka á móti vatninu undan glugganum. Þá er kallað í baðstofudyrnum. „Það er stór skriða að falla niður rétt hjá fjósinu“. Fát á öllum, flestir fara út. ...Eitt af því, sem Jón afi minn gerði á Helgastöðum, var að láta byggja stórann grjótgarð, þar sem Hesthúsgilið þrýtur, þegar niður á jafnsléttu kemur. Átti hann að bæja skriðum frá túninu, út í mýrarsund norðan við það. Að þessum garði unnu margir menn og mörg björg voru í hann færð úr gömlu skriðuhryggjunum. Mannvirki þetta varði túnið fyrir skriðuföllunum um því nær hálfa öld, En fyrir nokkrum árum (sennilega frekar 1926 en 1935), í aftaka haustrigningum, hlupu víða fram skriður og aurflóð úr fjallinu á einni nóttu. Braust þá skriða úr Hesthúsgilinu gegnum garðinn og alla leið heim að bænum. Tók hún mikinn hluta af túninu og sléttaði við austurvegg baðstofunnar (*Kristín Sigfúsdóttir, Rit I, 1949*).

– **Helgastaðir:** ...Sumarið 1926 féllu miklar skriður á Helgastöðum, og barst þá svo mikið stórgrýti á túnið sunnan við lækinn, að það mun seint gróa. (*Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Helgastaðir:** ...Íbúðar- og útihús standa rétt austan Eyjafjarðarbrautar. ...skriður hafa oft fallið á Helgastaðaland og valdið verulegu tjóni. Árið 1926 tók skriða af nær þriðjung túnsins og 9 árum síðar (1935) urðu skemmdir svo miklar að jörðin var vart byggileg um (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).

– **Guðrúnarstaðir:** ...Túnið er mjög harðlent og sprettur lítt og er nokkur partur þess í mel uppblásinn. Enginu granda skriður úr fjallinu og Eyjafjarðará með landbroti, hvorutveggja til stórskaða. Úthagarnir eru nokkurn veginn bjarglegir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Saurbæjarhreppur 1712*).

– **Guðrúnarstaðir:** ...(1797) Þetta haust féllu víða skriður í Eyjafirði og Öxnadal. Þann 18. Septembris tók stór skriða bæinn Guðrúnarstaði í Eyjafirði. Fólk allt komst þar af (*Espihólsannáll*).

– **Guðrúnarstaðir:** ... (1811) Skriða tók af Guðrúnarstaði í Eyjafirði (*Annáll níttjándu aldar*).

– **Guðrúnarstaðir:** ... (Fyrrum prestssetur) Þessi bær hefur á einustu 45 árum 2svar sinnum aldeilis eyðilagst af jarðföllum og liðið stórskemmdir bæði á túni og engjum, en þó aftur uppbyggst (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Grundar- og Möðruvallasókn, 1840*).

– **Guðrúnarstaðir:** ... Er þar skriðuhætt, og hafa oft fallið þaðan skaðræðisskriður, einkum eftir stórrigningar seinni hluta sumars og á haustin. Þannig tók jarðfall bæinn Guðrúnarstaði 1797. Munnmæli herma, að svo hafi nærri legið manntjóni, að þegar fólkið flýði bæinn, vegna ótta við að fjallið hlypi fram, hafi aurflóðið fallið á afturfætur síðasta hestsins, er það helsta af búslóðinni var flutt á, en hundur, sem eftir varð á hlaðinu og sleikti skyrkollu, sem eftir var skilin, lenti í jarðfallinu og fórst (*Steindór Steindórsson, Lýsing Eyjafjarðar, 1949*).

– **Guðrúnarstaðir:** ... Bæjarlækurinn rennur lítinn spöl sunnan við bæinn. Kemur hann úr Bæjargilinu, sem nær langt upp í fjall. Þar fyrir sunnan er Ytra–Jarðfall. Þar stóðu eitt sinn gömlu Guðrúnarstaðir. Eyðilagðist bærinn, er jarðfallið féll, og var hann þá færður sunnar, þar sem nú heitir Syðra–Jarðfall. Nokkrum árum síðar, þegar jarðfallið féll þar, tók það bæinn. Mun það hafa verið jarðfallið, sem féll 1797. Var þá bærinn byggður upp, þar sem hann er nú (*Angantýr H. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Guðrúnarstaðir:** ... Guðrúnarstaðir í Eyjafirði standa nálægt bröttu fjalli. Hefir sá bær farist tvisvar sinnum í skriðuhlaupi úr fjallinu. Í fyrra skiptið þegar bæinn fórst gengu að haustlagi langvarandi rigningar. Féllu þá skriður víða úr fjöllum. Fólkið á Guðrúnarstöðum varð hrætt um bæinn og flýði yfir um Eyjafjarðará. Einn dag voru tveir menn sendir heim á bæinn, til þess að sækja matvæli handa fólkinu. Voru þeir ríðandi og höfðu hund með sér. Þeir fengu sér skyr í aska og borðuðu það úti á hlaði, því ekki þorðu þeir að vera inni. En meðan þeir sátu og borðuðu, heyrðu þeir skriðudrunur í fjallinu. Þeir fleygðu frá sér öskunum, hlupu á bak og hleyptu á sund í Eyjafjarðará. Um leið og þeir komust upp úr ánni kom skriðan fram í ána frá hinum bakkanum. Hafði hún þá sópað burtu bænum með öllu, sem í honum var. Hundurinn hafði orðið eftir hjá öskunum til að sleikja skyrið, og fórst hann þar í skriðunni. ... Frásögn þessi er í handritum Páls J. Árdals í Landsbókasafni nr. 2754 4to. Er að sýnilega skrifað á efri árum hans. Í hinu mikla riti Ólafs Jónssonar, Skriðuföll og snjóflóð, er skýrt frá þremur skriðuhlaupum, sem eytt höfðu bæ á Guðrúnarstöðum 1797, 1811 og um 1853. Um fyrsta skriðuhlaupið er til nákvæm frásögn eftir síra Jón Jónsson, lærða. En varla getur frásögn Páls fallið inn í þá umgerð. Þar sem Páll talar um tvö hlaup, þá er sennilegt að hann eigi við skriðurnar 1811 og 1853, og ætti þá frásögnin við um fyrri skriðuna (1811). En að vísu verður ekkert fullyrt um það (*Steindór Steindórsson, Skriðuhlaup á Guðrúnarstöðum, Heima er best, 1988*).

– **Guðrúnarstaðir:** ... Ofan við Guðrúnarstaði og sunnan við Guðrúnarstaðagil er sprunga á löngu svæði, samhliða fjallsbrúninni, og gæti þar e.t.v. verið hætta á berghlaupi (*Helgi Hallgrímsson, Náttúruminjaskrá Eyjafjarðar, Náttúrugripasafnið á Akureyri, 1985*).



– **Guðrúnarstaðir:** ...Bærinn stóð á smáhól rétt austan Eyjafjarðarbrautar og er þar enn nokkur húsakostur. Skammt austur frá bænum er hátt hall. Þegar upp á það kemur er land aflíðandi til fjallsins. ...Búskapur var aflagður 1967. ...Skriðuhætta er hér mikil og hefur tjón hlotist af skriðum nokkrum sinnum. Árið 1797 tók bæinn af og urðu miklar skemmdir á landi. Bjargaðist heimilisfólkið en svo skall hurð nærri hælum að klæði þeirra ötuðust leir á flóttanum. Fjórtán árum (1811) síðar féll þar aftur geysimikil skriða og orða heimildir það svo að þá hafi tekið af til fulls jörðina Guðrúnarstaði og allt hennar land. Um 1850 varð skriðuhlaup og aftur árið 1935 en ekki urðu verulegar landskemmdir þá (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).

– **Víðines:** ...Sunnan við Fellshlíðarland er Víðinesland, sem liggur undir Öxnafell. Er það allbreið spilda neðan frá á og upp í fjallsbrún. ...Í Víðinesinu stóð bærinn Víðines. Var þar byggt þegar á söguöld. ...Bærinn var kominn í eyði líklega allöngu fyrir 1700. ...Í Víðinesi hafa allt til þessa sést greinileg tóftarbrott, en stekkur mun hafa verið þar um tíma. Tóftarbrott hafa verið víðar um nesið og einnig í Stóranesmel eða nesinu, eða hvort eru rústir af peningahúsum. Hefur og jarðfall, líklega Gamla-Jarðfall, eyðilaggt ummerki þar sumstaðar. ...Gamla-Jarðfall er nær merkjum að norðan (1866), en suður við merki er Nýja-Jarðfall, líklega frá 1920. Á milli jarðfallanna er mýrlendi, sem er engi. (*Angantýr Hjörvar Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Fellshlíð/Öxnafellskot:** ...Þá féllu miklar skriður eða jarðföll hjá Öxnafellskoti 5.–6. október 1866. Spilltust þá bæði tún, engjar og úthagi, var jarðfallið 120 faðmar á breidd (*Steindór Steindórsson, Lýsing Eyjafjarðar, 1949*).

– **Öxnafellskot:** ...Neðan við Háuskriðu er Gamla-Jarðfall. Er það líklega að einhverju leyti frá í október 1866. Þá féllu miklar skriður eða jarðföll hjá Öxnafellskoti og spilltu bæði túni, engjum og úthögum (*Angantýr H. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson, Örnefni í Saurbæjarhreppi, 1957*).

– **Litli-Hamar:** ...Túninu spillir sandur, sem rennur á það úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öngulstaðahreppur 1712*).

## Staðarbyggð

– **Mjaðmárdalur:** ...en Mjaðmárdalur er fjöllum girtur og hefur hann spillst mjög af skriðuhlaupum að austanverðu. Vesturhlíð hans er hins vegar sögð allgrösug (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

– **Þverárdalur:** ...Framhlaupið suður og upp frá Fremri-Glúmsstöðum heitir Nýjaskriða (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Öngulstaðahrepps, handrit*).

– **Munkaþverá:** ...Aðrir ætla, að akurinn (Vitasgjafi) sé nú hulin undir skriðubreiðu þeirri hinni miklu, sem áin (Syðri-Þverá) hefir borið þar fram á sléttlendið. ...Hrísateigur mun þar á móti vera hulin undir áðurnefndri skriðubreiðu. (*Brynjúlfrur Jónsson, Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905, Árbók Fornleifafélagsins, 1906*).

– **Sigtún:** ...Enginu spillir vatnsgangur úr fjallinu, sem ber á það leir og étur úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öngulsstaðahreppur 1712*).

## Garðsárdalur

– **Uppsalar:** ...Uppsalar hjá Almenningi, eyddust af skriðuhlaupi (*Ólafur Olavíus, Ferðabók 1775–1777*).

– **Þröm:** ...Enginu spillir nokkuð smáskriður og grjóthrun, og er því mjög seinunnið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Öngulsstaðahreppur 1712*).

## Kaupangssveit

– **Skálpagerði:** ...en efst Flatamýri. Liggur hún að Efrihöllum við fjallsræturnar og neðanvert við framhlaupsdyngju mikla, er Jarðfall nefnist. ...Skammt þar sunnan við hefur Merkjaskriða fallið fram úr Krókagili. Þetta gil nær upp að svonefndum Skálabrekkum, en skriðan allt til fjallsbrúnar (*Jóhannes Óli Sæmundsson, Örnefnaskrá Öngulstaðahrepps, handrit*).

– **Brekka:** ...Bærinn stendur á hól við rætur Kaupangssveitarfjalls. ...Fjallið er allbratt en nokkuð gróið neðan til. ...Á Brekkuland hafa fallið til skaða bæði skriður og snjóflóð (*Guðmundur Steindórsson o.fl. (ritstj.), Byggðir Eyjafjarðar II (2. útg.), 1993*).

## Suður Þingeyjarsýsla

### Svalbarðsströnd

– **Veigastaðir:** ...Enginu hefur spillt til skaða eitt jarðfall, sem á það hljóp fyrir tveimur árum (1710). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svalbarðsströnd 1712*).

– **Efri-Dálksstaðir:** ...Bjargsvík var norðan undir Dálksstaðabjargi. ...Í Bjargsvík er urð mikil í fjöru, er hrúnið hefur úr bjarginu (*Júlíus Jóhannsson, Svalbarðsstrandarbók, 1964*).

– **Sveinbjarnargerði:** ...Hnúta er hæð sunnan við bæjarlækinn, beint suður af Gerðishjalla. Þarna yfir fór stór skriða 1916 (*Júlíus Jóhannsson, Svalbarðsstrandarbók, 1964*).

– **Sveinbjarnargerði:** ...Bærinn stendur upp við fjallsrætur, en sléttlendi frá honum niður til sjávar. Fjallið er bratt og hljóp úr því skriða 1916, er færði mestan hluta túnsins í kaf (*Byggðir og bú Suðurþingeyinga 1985*).

- **Sveinbjarnargerði, Garðsvík:** ... (1853) Skriður féllu á Svalbarðsströnd og skemmdu mikið land í Garðsvík og Sveinbjarnargerði (*Annáll nitjándu aldar*).
- **Garðsvík:** ...Túninu hefur skriða spillt í einum stað fyrir nokkrum árum, sem nú er að mestu afræktuð og uppgróin. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Svalbarðsströnd 1712*).
- **Garðsvík:** ...Svalbarðsströndin er einna breiðust um Svalbarð og byggðin er þar mest. Brátt fer ströndin að mjókka og hliðin verður brattari. Hafa þar oft fallið skriður miklar, og sjást þess ljósast merki hjá Garðsvík (*Árbók FÍ, 1938*).
- **Garðsvík:** ...Þegar kemur út hjá bæjunum Garðsvík og Garðsvíkurgerði, er hliðin snarbrött og hjallalaus. Er þar allskriðuhætt, og hefir stundum orðið tjón mikið að. Þannig féllu þar skriður miklar 21. maí 1852 (rétt 1853), og vissu menn þá eigi til þess, að þar hefðu fyrr fallið skriður. Stærsta skriðan var um 50 faðmar á breidd. Miklar skriður féllu þar einnig 1916 (*Steindór Steindórsson, Lýsing Eyjafjarðar, 1949*).
- **Garðsvík:** ...Faxafall. Vegurinn lá frammi á brekkubrúninni, því þar svellaði síðast. En síðan um aldamót (1900) hefir hrunið svo úr brúninni, að oft þurfti að færa veginn ofar. Voru þá steiptir stólpar nokkuð frá brúninni og strengd keðja á milli. En þegar þjóðvegurinn var lagður, var bakkinn hrunninn undan þeim flestum. Nær nú urðin hátt upp í klettana (*Júlíus Jóhannsson, Svalbarðsstrandarbók, 1964*).

## Kjálki

- **Kjálki (alm.):** ...Allar jarðir þessarar sóknar ... (Miðvík, Ystavík, Saurbrúargerði, Fagribær, Nollur, Þorsteinsstaðir, Laufás, Lómatjörn ...eru mjög svo af sér gengnar og ganga árlega af snjóflóðum, skriðum og vatnaágangi, þar þær flestu standa á og undir bröttum fjallahlíðum sem nær því eru orðnar einberir melar og grjót. Ég vil í þessu tilliti einstaka taka til dæmis kirkjujarðirnar ...nefnilega Noll, ...Fyrrum var Nollur að dýrleik 20 hndr. með fjórum kúgildum og C og xx álna landsskuld, þann 22 júlí 1793, var hún niðursett til 15 hundraða og 80 álna landskuldar með tveimur kúgildum. ...En engu minni afgang og tjón hefur þó sjálft prestssetrið Laufás mátt líða af áðurtöldum orsökum, nefnilega skriðum, vatnságangi og landbroti af Fnjóskánni, svo vel á túni sem engjum. Til dæmis fóðraði tún hér forðum daga 10 til 12 kýr, en nú 3 til 4 (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Laufássókn, 1839*).
- **Fagribær:** ...Jarðardýrleiki xx c, eftir því sem jörðin hefur tíundast í vel 30 ár. ...Orsakaðist dýrleikans afturfærsla af skriðufalli á tún og engjar. Túninu hefur fyrir vel 30 árum grandað stórkostlegt skriðufall úr fjallinu og eyðilaggt af því mikinn part, og svo nokkuð annað skriðufall að framanverðu og sýnist líklegt að þessi skaði muni á aukast. Enginu hefur og grandað það sama stóra skriðufall til stórs skaða og eyðileggingar, sem áeykst árlega, og sakir þessa mikla skaða hefur jörðin verið niður sett að dýrleika og byggingarkostum. ...Ekki er kvikfé óhætt fyrir snjóflóðum, þó hefur að því hingað til ekki stórt mein orðið. ...Ekki sýnist bænum óhætt fyrir skriðum úr fjallinu, þó hafa þær hingað til ekki honum grandað en heim undir

húsgarðinn gekk sú mikla skriða sem áður um getur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtabakkahreppur 1712*).

– **Fagribær:** ...Fagrabæjargil heitir á milli hnjúkanna, en Fagribær stóð þar undir bröttu fjalli og lá í vegi fyrir skriðum og snjóflóðum á öllum öldum. T.d. tók skriða af hálf túnið þar seint á 17. öld. Bærinn var fyrir nokkrum áru fluttur niður að sjó, alllangt frá gamla bæjarstæðinu og úr öllum háska. Þar hefur núverandi ábúandi, Sæmundur Guðmundsson frá Lómatjörn, ræktað mikið tún, sem hið forna tún hélst þó enn í rækt til 1946, að skriða féll yfir mikinn hluta þess og mikla jarðeplagarða (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Nollur:** ...Enginu spillir grjóthrun úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtabakkahreppur 1712*).

– **Laufás:** ...Enginu fer eigi síðar hnignandi af skriðum og árbroti. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

– **Laufás:** ...Laufás á megin hluta þessa flatlendis, hjallann og hliðina inn undir Noll, og suðurhlið Dalsmynnis að Gæsagili, móts við Skarð. Þangað eru um fimm kílómetrar. Sú hlið er nefnd Selland. Þar eru hamrar í hliðarbrún og aðrir við árgilið. Miðhliðin var öll gróin og sumstaðar vaxin skógi. Þar hafði verið sel áður, en síðar beitarhús austarlega í hliðinni. Haustið 1946 hljóp fram í skriðum meginhluta þessa lands, jarðvegstorfurnar hlupu niður í Fnjóská. Skógurinn eyddist þó ekki að mun, en beitarhúsatættur hurfu. Þetta mun þó gróa aftur furðu fljótt (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

## Dalsmynni

– **Dalsmynni (alm.):** ...Allar jarðir þessarar sóknar ...(Miðgerði, Pálsgerði, Litlagerði, Skarð, Þverá, Skuggabjörg, Þúfa (á Flateyjardalsheiði)) ...eru mjög svo af sér gengnar og ganga árlega af snjóflóðum, skriðum og vatnaágangi, þar þær flestu standa á og undir bröttum fjallahliðum sem nær því eru orðnar einberir melar og grjót (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Laufássókn, 1839*).

– **Skuggabjörg:** ...Bæði skógurinn og engið urðu fyrir stórskemmdum af skriðuhlaupunum 1946 (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Skarð:** ...Enginu spilla skriður úr fjallinu, þó ekki um nálæga tíma til merkilegs skaða. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtabakkahreppur 1712*).

– **Skarð:** ...Mjög er hér hætt fyrir skriðum og snjóflóðum og varasöm leið í vetrarhríðum (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Litlagerði:** ...Kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina (Pálsgerði), nema kotinu sjálfu er óhætt fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtabakkahreppur 1712*).

– **Pálsgerði:** ...Túnið spillist nokkuð af grjóthruni. Enginu granda skriður úr fjallinu og snjóflóð til stórskaða. ...Hætt er bænum mjög svo fyrir snjóflóðum og hefur eitt í hann hlaupið fyrir 35 árum, sem braut fjósið og drap 2 kýrnar og fótbraut þá þriðju. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

– **Miðgerði:** ...Jörðin hefur jafnan legið undir áföllum. Í nóvember 1772 féll þar snjóflóð á bæinn og deyddi fimm menn. Síðar var bærin fluttur þangað, sem hann er nú, og hafa skriðuföll eigi grandað honum sjálfum síðan. Haustið 1946 féll mikil skriða á túnið, og hreinsaði Aðalbjörn hana brutu með mikilli kostgæfni. Í mars 1947 féll snjóflóð á fjárhúsin, drap helming fjárens og eyðilagði mikil hey. Þá tók af heimilisrafstöð, sem Aðalbjörn hafði reist (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

## Höfðahverfi

– **Höfðahverfi:** ...Allar jarðir þessarar sóknar ...(Lómatjörn, Grund, Borgargerði,) ...eru mjög svo af sér gengnar og ganga árlega af snjóflóðum, skriðum og vatnaágangi, þar þær flestu standa á og undir bröttum fjallahlíðum sem nær því eru orðnar einberir melar og grjót. Ég vil í þessu tilliti einstaka taka til dæmis kirkjujarðirnar ...Lómatjörn og Grund. ...Lómatjörn og Grund, forðum 30 hundraða jarðir hvor um sig með 6 kúgildum og tveggja hndr. landskuld, en þann 8 júní 1754 eru þær niðursettar, súr fyrri til 20 hndr. með 100 álna landskuld og 3 kúgildum og sú síðari til 15 hndr. með 80 álna landskuld og 3 kúgildum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmennafélagsins – Laufássókn, 1839*).

– **Grund:** ...Túninu hefur skriðulækurinn að fornu spillt með grjótsáburði, sem nú er uppvaxið, þó er enn mjög hætt við sama skaða. Úthagarnir eru bjarglegir, en þó til fjallsins mjög skriðurunnir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

– **Syðrigrund:** ...Torfhóll hét þar, sem nú er býlið, of voru þar engar rústir sjáanlegar né sagnir um byggð, en Magnús kom þar ofna á rústir gamals bæjar. Þannig geta bæjarrústir druknað í framburði (sennilega skriða) og sagnir glatast, ef þær hafa ekki lengur stoð í sýnilegum menjum (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Ártún:** ...Ártún nefnist syðsta Grundarbýlið. ...Á túnið féll aurskriða ofan úr fjalli haustið 1946, allt heim að bæ (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Ártún:** ...Býli stofnað 1930 í syðsta hluta Grundar. ...Haustið 1946 féll skriða úr fjallinu yfir þriðjung landsins, þó tókst á næstu árum að græða það upp (*Byggðir og bú í Suðurþingeyinga 1985*).

– **Lómatjörn:** ...Engjar eru mjög litlar, áfastar við völinn, og spillast af leirsáburði úr skriðulæk. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

– **Grýtubakki:** ...Austan við Höfðahverfið er mikill og hár fjallgarður, sem er allur skorinn smádölum og skálum að vestan, og eru víðast mjóar axlir eða múlar á milli þeirra, og kallast þær Hjúkar, enda mest áberandi neðan úr byggðinni séð. Framan í flestum þessum hnjúkum eru berghlaup, mismunandi gömul og mismunandi áberandi, og mynda þau nær samfellda og nokkuð beina röð frá Grundargili og norður fyrir Grýtuskál, sem er utan og ofan við Grýtubakka. ...Skammt þar fyrir sunnan, eða beint upp af Grýtubakkabænum, er nýlegt berghlaup allstórt, með miklu stórgrýti og lítið gróið, sker sig vel úr landslaginu vegna hins áberandi gráa litar (grjótltitar). Þetta hlaup eða a.m.k. hluti þess, hlýtur að vera frá sögulegum tíma en ekki er mér kunnugt hvort til eru um það ritaðar heimildir (mér (HGP) var tjáð á Kolgerði í Grýtubakkahrepp, fyrir nokkrum árum að þeim hefði verið sagt að hrunið væri frá 18. öld) (*Helgi Hallgrímsson, Náttúruminjaskrá Eyjafjarðar II, Fnjóskadals og Flateyjarskaga, Náttúrugripasafnið á Akureyri, 1986*).

– **Höfði:** ...Sögðu mér það elstu menn á tíræðis aldri, þá er ég hingað kom 1804, að á þeirra ungdómsárum hafi hliðar þessar – á Höfðanum vestanverðum, allar ljómað af sóleyju, alls lags virkt og töðugresi á sumrum. Nú eru þær gjörvallar komnar í skriður, og varla vottur til grass í þeim nema á einstaka rinda (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Höfðasókn, 1840*).

– **Svæði:** ...Túnið liggur á klett og sprettur því mjög lítt. Engið spillist af skriðum og grjóthruni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

– **Svæði:** ...Bærinn stendur á hól norðan í Höfðanum. Hliðar höfðans eru hér brattar, og hlupu þar fram margar skriður 1946 (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

## Látraströnd

– **Látraströnd:** ...Mikið snjóþung er ströndin öll, einkum utan Steindyra, einkum af norð- og þvert austanátt, er setur hengjur í fjallið, sem er afar bratt, með klettabeltum af stuðlagrjóti og geysilega hátt. Er þá engum manni upp á lífið óhætt um hana að fara úr því Svínárnesi sleppir, því allt í einu springur hún þá fram, en fer nú þar í óttalegustu snjóflóðum, sem rífa upp allan grasveg sums staðar úr fjöllunum, en vera klungur og hnausa á engi og úthaga, til mestu skemmda. Bæjum hafa þau ekki grandað í minni tíð hér, en þrávalt skipum og sjóargögnum, og eitt sinn, mig minnir vorið 1817 í miðjum majo, þremur skipum í einu á Skeri, er öll fóru í rúst, þá báru til Grímseyjar í hákallaver, og einum manni fyrir fáum árum, er var á ferð á milli Grímsness og Skers í góðu veðri, hvörjum það kastaði á sjó fram og hefur sá ei aftur fundist (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Höfðasókn, 1840*).

– **Látraströnd:** (jarðskjálftar 1872) ...úr flestum fjöllum hljupu snjóflóð og skriður, og á Látraströnd hljóp hver stórskriðan af annarri. (*Þorvaldur Thoroddsen, Landskjálftar á Íslandi, 1905*).

– **Látraströnd:** ...Norður frá Svínárnesi mjókkar jafnt og þétt láglendisræman nær sjó, en yfir rísa snarbrött fjöll með hömrum og urðarhliðum og giljum, er teygjast upp á milli tindana, sem eru 1000–1100 m háir. Fjöll þessi gapa beint á móti norðvestri.

Úrkomman verður því ógurleg uppi í þessum tindastóli í norðvestanátt, hvort sem vatn er eða snjór, og veðurhæðin að sama skapi. En fjallrisarnir hrinda frá sér. Niður um gilin falla þrífaldlegar skriður á sumrum og snjóflóð á vetrum. ...Allar jarðirnar norður frá Svínárnes voru í miklum háaska fyrir snjóflóðum og skriðum. (*Jón sigurðsson frá Ystafelli, Frá Norðurhjara, Heima er best, 1963*).

– **Látraströnd:** ...En sveitin (Látraströnd) hafði sína ókosti. Hún var undir snjóflóðahættu á vetrum, eins og fyrr segir, og skriðuföllum, eiginlega á öllum tímum ársins, sem grófu í sundur vegi og spilltu túnnum og engjum (*Þormóður Sveinsson, Minningar úr Goðdölum og misleitir þættir I–II, 1967–68*).

– **Finnastaðir:** ...Engjar eru mjög litlar og spillast þar með af aur og sandi, sem rennur á þær úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

– **Hjalli:** ...Engjarnar eru mikinn part eyðilagðar af leirskriðum úr fjallinu og sumpart uppblásnar í hrjóstur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

– **Hringsdalur:** ...Úthagarnir eru fordjarfaðir af skriðum og því haglitlir fyrir stórgripi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

– **Svínárnes:** ...Enginu spillir til stórskemmda snjóflóð og skriður úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

– **Miðhús:** ...Túninu spilla snjóflóð með grjótsáburði, þó ekki til eyðileggingar allt til þessa. Engið er fordjarfað og að vísu til helminga eyðilagt af snjóflóðum og skriðum. Úthagarnir eru mjög litlir og skriðurunnir. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. Ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir snjóflóðum, þó hafa þau ekki í manna minni honum grandað, en á fjárhúsin hafa þau hlaupið nokkrum sinnum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

– **Steindyr:** ...Árið 1926 eyðilagði skriða engjar á Steindyrum en bærinn fór endanlega í eyði árið 1930 (*Árbók FÍ, 1992*).

– **Skær:** ...Hætt er túninu við skaða af snjóflóðum, sem hingað til hefur þó orðið ræktað. Enginu hafa spillt snjóflóð og skriður til skaða. Úthagarnir eru bjarglegir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Grýtubakkahreppur 1712*).

– **Skær:** ...12 hndr. bóndaeign, er fyrir þrífaldar skriður og snjóflóð hefur tapað næstum öllum útheyskap, og því lagt undir sig fyrir 30 árum, 10 hundraða kot, sem þar er á milli, Miðhús kallað, fyrrum stólseign, en nú er sami eigandi beggja kotanna. Ekki ónotalegt til heyskapar, en hættukot mesta, því seint á tíð míns næsta formanns hér í embætti hljóp snjóflóð á bæði kotin í einu Miðhús og Steindyr, og gjörtýndi mönnum og skepnum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Höfðasókn, 1840*).

– **Skær:** ...Á öllum öldum lá Skær undir áföllum og skemmdum af snjóflóðum úr Ausugili, og varð það að lokum byggðinni að falli. Árið 1926 féll snjóflóð á fjárhúsin,

og fyrst flestallt féð. Feðgarnir, sem þar bjuggu, fluttu næsta vor að Látrum (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður–Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Skær:** ...Skær lá jafnan undir miklum áföllum af skriðum og snjóflóðum. Haustið 1926 féll úr Ausugili feikileg aurskriða, sem nálgadist bæinn. Þá bjuggu á Skeri ágætir bændur, Steingrímur Hallgrímsson og Hallur sonur hans. Fyrir jól um veturinn féll mikið snjóflóð úr Ausugili yfir fjárhúsin og drap flest fé þeirra feðga, um 120 fjár. Nú var sýnt að skriðan um haustið hafði beint leið snjóflóðanna heim að bænum og fjárhúsunum, og hlaut hér eftir að verða ótryggur bólstaður á Skeri. Þeir fluttust brott næsta vor, feðgarnir, og jörðin fór í eyði. (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Frá Norðurhjara, Heima er best, 1963*).

– **Grímshús:** ...Allt var í háska fyrir snjóflóðum, svo sem í Miðhúsum og Skeri (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður–Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Grímsnes:** ...Yst á láglendisræmuni stóð bærinn Grímsnes. ...Slétt nes gengur fram í sjó, þar sem bærinn stóð, og varðist hann því skriðum og snjóflóðum, en annars var hér allt í voða vegna snjóflóðanna, því að svo var mjótt undirlendi, að öllu gátu þau sópað í sjó fram. (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Frá Norðurhjara, Heima er best, 1963*).

– **Látur:** ...(milli Látra og Grímsnes, Látrakleifar). Ekki heldur verða fjörurnar farnar, ef linun er á vetur í veðri eða regn, því þá er úr björgunum sífellt hrun, ýmist af ísstönglum eða grjóti, sem banar hverri skepnu, er það áhittir (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmennafélagsins – Höfðasókn, 1840*).

– **Látur:** ...Norðan við Grímsnes skaga fram Látrakleifar, ógöngufjall með sjó. Leiðin um þær seilist upp í 400 m hæð í brattanum, einstigi sums staðar, sem ryðja þarf vegna aurrenslis og grjóthruns á vori hverju. (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Frá Norðurhjara, Heima er best, 1963*).

– **Látur:** ...Hægt er að komast fjörur undir Látrakleifum ef ládautt er og lágsjávað. Það er varasamt vegna grjóthruns. Við Messuflúð fyrst messufólk frá Látrum af grjóthruni úr bjarginu. Á vetrum er auk þess hætta af íshruni úr bjarginu (*Árbók FÍ, 2000*).

– **Skálmarmbjarg:** ...Skammt fyrir utan Látur, austanvert við Eyjafjörð, eru sjávarhamrar hér um 80 faðma háir og nokkur hundruð faðmar á lengd. ...Undir bjarginu er urð, sem svo er til komin, að einu sinni rak hval undir bjarginu. Fóru menn þá á hvalfjöruna og lentu þar í rifdeilum og illindum. Hjóp þá stórt hraun fram úr bjarginu og gróf undir sér bæði hvalinn og mennina (Frásögn þessi var mér sögð 27. mars 1847, um leið og við sigldum með Skálmarmbjargi). (*Séra Jón Norðmann, Allrahanda, Menn og minjar III, 1947*)

## Keflavík

– **Keflavík:** ...Túninu grandar sjávargangur með landbroti og hellugrjót, sem vindur ber á það í stórviðrum úr fjöllunum. Engið er að mestu eyðilagt fyrir skriðum og snjóflóðum og grjóthruni. Úthagarnir eru bæði litlir og mestan part í hrjóstur komnir



af skriðum og grjóthruni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðahverfishreppur 1712*).

## Í Fjörðum

– **Fjörður (alm.):** ...Rigningar koma hér geysilegar, sérdeilis af austri og norðaustri, sem oftar skeður um sumartímann, frá miðjum júní til ágústmánaðar útgöngu. Svo verða rigningar þessar stórkostlegar að ekkert hús nema súðað verst fyrir lekum. Harðlendið verður kviksyndismýri. Heilum grastorfum flettir úr fjallahlíðum og taka af tvöfalt meira graslendi á láglandinu. ...Flestar af þessum fjarðarfjörðum liggja undir skemmdum af skriðuföllum og snjóflóðum, því þegar ofsarigningar koma flettast heilar torfur úr fjallahlíðum sem falla með ógnar vatnsgangi og grjótburði yfir engi og beitoland, svo að þar sem elstu menn, sem nú lifa, muna til að verið hafi grasgróin jörð í hálsunum, höfðum og fjallahlíðum, sést nú ekki utan sandar og grjótöldur fyrir utan grjótskriðurnar, sem liggja niðrum láglandið og hafa tekið af köflum saman heilar og hálfar dagsláttur. Munu þær flestar óþekkilegar í samanburði við það sem þær hafa verið fyrir 100 árum, þó ekki sé tekið meira til (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Þönglabakka– og Flateyjarsóknir, 1839*).

– **Botn:** ...Úthagarnir nægir en spillast þó af skriðum og vatni, sem grefur þá í sundur. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Höfðahverfishreppur 1712*).

– **Þönglabakki:** ...Helstu hlunnindi eru a: tjáviðarreki, en sá ókostur hans að mesti partur rekalandisins er undir háum hamrabjörgum utan undir Þorgeirshöfða ...verður og ekki alltið ofan komist sökum þess annað hvort er gjárnar ófærar yfir klaka, bólgnar af svelli, eða sé hláka er grjóthrun úr björgunum og snjóflóða von, ef hrið er of fannkoma (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Þönglabakka– og Flateyjarsóknir, 1839*).

– **Kussungsstaðir:** ...(Þverárdalur) Mikil skriðuföll hafa orðið, ekki fyrir löngu, úr Bolafjallinu, NV við dalsmynnið (*Helgi Hallgrímsson, Náttúruminjaskrá Eyjafjarðar II, Fnjóskadals og Flateyjarskaga, Náttúrugripasafnið á Akureyri, 1986*).

– **Jóreiðarstaðir í Hvalvatnsfirði:** ...kot þetta byggðist seinast um eins árs tíma nú eftir seinustu aldamót, var aftur eyðilagt til fulls og alls sökum vetrarríkis og snjóflóða (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Þönglabakka– og Flateyjarsóknir, 1839*).

– **Kaðalstaðir:** ...Jörðin liggur undir miklum og skæðum áföllum af skriðuhlaupum úr því stóra Bjarnarfjalli, sem er úr og upp undan bænum. Hlaupa þessi skriðuföll efst ofan úr fjalli og lengst fram um engi, ekki til alltils skaða (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Þönglabakka– og Flateyjarsóknir, 1839*).

– **Kaðalstaðir:** ...Gamlir Fjarðamenn telja Kaðalstaði óhappajörð að fornu og nýju. ...Hinn 12 apr. 1919 féll mikið snjóflóð á fjárhús og drap flestan fénaðinn (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Kaðalstaðir:** ...Kaðalstaðir voru löngum talin óhappajörð, aðallega vegna snjóflóðahættu og má geta þess að á síðari hluta aldarinnar sem leið (1872) missti

bóndinn meginhluta bústofnsins í snjóflóði og skriðuföllum er urðu samfara jarðskjálftanum þar nyrðra. (*Ágúst Guðmundsson, Fagurt er í Fjörðum, Frá Þönglabakka í Köldukinn, Áfangar, 1987*).

– **Kaðalstaðir:** ...Þrátt fyrir góða landkosti voru Kaðalstaðir löngum taldir óhappajörð, aðallega vegna snjóflóðahættu. Árið 1872 missti bóndinn meginhluta bústofnsins í snjóflóði og skriðuföllum sem urðu samfara jarðskjálftum (*Árbók FÍ, 1992*).

## Flateyjardalur

– **Flateyjardalur (alm.):** ...Rigningar koma hér geysilegar, sérdeilis af austri og norðaustri, sem oftast skeður um sumartímam, frá miðjum júní til ágústmánaðar útgöngu. Svo verða rigningar þessar stórkostlegar að ekkert hús nema súðað verst fyrir lekum. Harðlendið verður kviksyndismýri. Heilum grastorfum flettir úr fjallahlíðum og taka af tvöfalt meira graslendi á láglandinu. ...Margar af Flateyjardalsjörðum liggja undir landbroti ss. Eyri sem undirorpin er skriðnaföllum og snjóflóðum, Hof sömuleiðis vatnagangi og landbroti úr ánni etc., ganga því af sér meir eða minna sökum fjallskriðna og vatnshlaupa. Í leysingum á vorin og þeim ofsarigningum sem koma hér árlega niðist því óðum grasvegur í þessum fjöllum, sem er kostabesta beitalandið. ...Í þeim ofsarigningum sem komu hér í ágústmánuði síðastliðið sumar (1839), var ég (Páll Halldórsson, prestur á Þönglabakka) sjónarvottur að því að vatnið hleypti grænni og fagri grasigróinni torfu úr fjallinu Lút, ofan á sléttlendi. Torfa þessi var um 11/2 dagslátt, en það hefur ekki vantað 3–4 dagsláttur sem hún fordjarfaði af besta landi með æðigangi sínum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Þönglabakka– og Flateyjarsóknir, 1839*).

– **Brettingsstaðir:** ...Enginu hefur ein skriða spillt fyrir 60 árum sem nú er uppvaxin til beitar en ekki slægna. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

– **Brettingsstaðir:** ...Um miðja sautjándu öld féll skriða á tún Brettingsstaða á Flateyjardal og breytti í foraurð. Sextíu árum síðar var skriðan gróin til beitar. Í september árið 1946 féllu víða skriður á svæðinu en þá gerði fádæma úrkomu (*Árbók FÍ, 1992*).

– **Eyvindarárklif:** ...Hjá Langahólma hjá Eyvindará fór Dalsá úr farvegi. Þar hafði hún fallið um nokkur ár vestur undir Eyvindarárklifi. Var gjörður vegur í þetta klif, en sá vegur þurfti mikið viðhald því að jarðvegur svo þar laus og féllu tíðum aurskriður á veginn (1926–1940) (*Páll G. Jónsson, Flateyjardalsheiði, 2000*).

– **Eyri:** ...Túninu spillir grjóthrun, og svo ber á það stórveður helluleir úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

## Flateyjardalsheiði

– **Flateyjardalsheiði:** ...Ekki hafa nema tvisvar í minni tíð (1910–1940) komið stórfelldir vatnavextir, en það voru líka stórflóð sem undrun vakti. Allir lækir, hve

smáir sem þeir voru, fylltust yfir bakka sína, fóru úr farvegi sínum og flæddu yfir gróna jörð. Flutu ofan á jörðinni, sprengdu fram jarðföll og skriður, grófu niður djúpa farvegi og mynduðu nýja. Jörðin varð svo meyr að hestar lágu í melum og holtum svo til meins varð. Mest bar á þessu fyrir innan Ytri Jökulsá. Minna þar fyrir norðan, nema á Dalsá, sem hljóp í hroðavöxt. Fyrri þetta hlaup var í ágúst 1926 en það síðara 15. september 1936. ...Syðstaá, kemur ofan úr Syðstuárbotnum, er jafnaðarlega lítil en þó getur brugðið úr af því eins og í flóðinu mikla 1926. Þá ruddi hún fram feikna aur og grjóti og eyðilagði að mestu 30 hesta engi í Syðstanesi. Í þriðja lagi Miðá, kemur ofan úr Miðárbotnum, á þessi er eins og Syðstaárin, jafnaðarlega vatnslítill en reif sig niður í ófæran stökk í fjallsrótum og bar fram mikinn leir og grjót í stórflóðinu. Bæjará, hún kemur ofan úr botnunum sunnan við Stórhæðina, er hún eins og hinar árnar, jafnaðarlega lítil en í stórflóðinu (1926) reif hún sig niður, braut land og ruddi fram feikna skriðum niður undir Dalsá (*Páll G. Jónsson, Flateyjardalsheiði, 2000*).

## Fnjóskadalur

– **Fnjóskadalur (alm.):** ...Sveitin er öll umgirt hærri og lægri fjöllum í hverjum óvíða eru mikil klettabelti, heldur móhellu– og lausagrjót, sem í snjóleysingum og stórríngingum hleypur ofan og spillir engi og haga, hvers menjar víða má sjá. ... hverjar jarðir, eins og sjálfs staðarins (Háls) og meginhluti sveitajarðanna, liggja undir skriðum, uppblæstri og sandfokum, sem hér eru ærin allvíðast og mesta umbreytingu unnið hafa til skaða frá landnámstíð landi og skógum (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Illugastaða– og Draflastaðasóknir, 1839*).

– **Draflastaðir:** ...Enginu granda skriður úr brattlendi og grjóthrun skaðlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

– **Grímsgerði:** ...Kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina (Draflastaðir). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

– **Víðivellir:** ...Túninu spillir stórlega skriðufall einkanlega á forna bæjartúninu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

– **Illugastaðir:** ...Enginu spilla og skriður úr fjallinu skaðlega sem á eykst meir og meir. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

– **Kotungsstaðir:** ...Kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina (Illugastaðir), nema túninu grandar hér ekki. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

– **Selland:** ...Nokkuð sunnan við Illugastaði gengur snarbrattur malarhóll úr hlíðinni fram til árinna. ...Hér heitir Illugastaðaklif. Vegur liggur þar neðst í malarbrekku og verður fyrir sífelldum skemmdum bæði af Fnjóská, er fellur þar þröngt og flæðir hátt, og af grjóthruni að ofan (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður–Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Reykir:** ...Engjarnar eru smáfengnar á dreif um skóginn og spillast stórlega af skriðum úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

## **Bleiksmýrardalur**

– **Bleiksmýrardalur (alm.):** ...Framdalirnir eru fagrir, luktir mikilúðlegum fjöllum, vel grónir og veðursælir. Undrast mætti, hve byggðin hefur verið þar stopul. En benda má á, hve hér er afskekkt, og eigi síður hitt, hve miklar sagnir eru um skriður og snjóflóð, sem fallið hafa yfir bæina eða tættur þeirra. Sá, sem fer um dalina, verður eigi aðeins snortinn af náttúrufegurð þeirra. Gamlar sagnir með ævintýrasvip laða fram sérstakan hugblæ. En hinar sagnlausu tóttir, sem eru að hverfa undir huliðsblæju molda í skriðum og framburði orka þó máttugast á ímyndunaraflið (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Bleiksmýrardalur (alm.):** ...Vorið 1818 voru miklar rigningar eftir hvítasunnu og héldust fram að messum. Urðu þá skaðar miklir og vatnavextir. Einkum spilltist land á afréttum Fnjóskdæla, Bleiksmýrardal og Hjaltadal (*Sigurður Bjarnason, Fnjóskdælasaga, Nýjar Kvöldvökur, 1932–33*).

– **Bleiksmýrardalur (alm.):** ...er mjög langur, en nú óbyggður. Hafa þar þótt landkostir góðir og afrétt ágæt, en mjög er hann nú genginn af sér vegna sandfoks og skriðufalla og hrís og skógur eyddur og fallinn (*Jón Árnason, Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*).

– **Smiðjusel:** ...Smiðjusel var nokkru utar hjá gljúfragili er Smiðjugil heitir. Úr því gili hefir skriða borist yfir sléttu þá sem rústirnar hafa verið á og túnið. Er sú skriða ærið breið. (*Brynjúlfur Jónsson, Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905, Árbók Fornleifafélagsins, 1906*).

– **Flausturbalar:** ...Flausturbalar heita nálægt miðju dalsins norðanmegin. Þar sér til rústa á 3 stöðum, en tún hafa skriður hulið. Sagt er, að á einum bæ þar hafir verið 24 hurðir á járnum að þar hafi verið kirkja. (*Brynjúlfur Jónsson, Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905, Árbók Fornleifafélagsins, 1906*).

– **Bleiksmýri:** ...Bleiksmýri er mjög langt suður í dalnum austanmegin. Þar er helst nokkurt undirlendi. Þar er grösug mýrarspilda, en þó spillt af skriðum. (*Brynjúlfur Jónsson, Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905, Árbók Fornleifafélagsins, 1906*).

– **Andrésarskriða:** ...Fer suður úr Bleiksmýrinni og framhjá nafnlausu en engan veginn lágkúrulegu landslagi. Votihvammur minnir þó á sig. Alls staðir úir af skriðum og grúir af grjóti, en mýrar sökum í hvömmum við árbakkann. Ein skriðan vestan ár hljóp á hann Andrés í fornöld, og síðan ekki söguna meir, nema hún heitir Andrésarskriða (*Ferðir (32), 1973*).

– **Bleiksmýrardalur:** ...(Göngur á Bleiksmýrardal í september 1935). Í fyrsta áfanga fórum við til baka að tjaldinu sem við höfðum látið standa. Veður fór heldur batnandi og við fórum að sjá til fjár og smöluðum norður dalinn. Ferð okkar að austanverðu gekk sæmilega framan af degi, þrátt fyrir mikla úrkomu og kalsaveður í fangið, en bót

í máli var að ekki var mjög hvasst. Snjó festi ekki lengur. Þegar kom norðar í dalinn kom í ljós að hlaupið hafði úr einu gili í hlíðinni. Ekki var það þó til að tefja ferð okkar því fénu komum við vandræðalaust yfir. Þetta sama hafði svo gerst í fleiri giljum á leið okkar, en allt þó án vandræða með yfirferð, utan í einu gili. Þar lá við að skriðufall mætti kalla enda vatnsaginn orðinn mjög mikill. ...Í Hamarslækjargilinu hafði hlaupið fram a.m.k. 150 m breitt jarðfall, sem þó átti ekki upptök nú ofar en í miðri hlíð. Hafði þó víða skafist ofan á klöpp á leið þess. ...Var nú ráðið ráðum sínum og sú ein leið talin fær að koma rekstrinum yfir fyrir ofan upptök skriðunnar í miðri hlíð. ...Vorum við komnir niður að ánni að sækja hesta sem þangað höfðu leitað þegar við heyrðum feiknalegan hvin ofan úr hlíðinni. Kemur þá öll fyllan ofan við það sem áður hafði fallið, og nú svo langt ofan frá, sem nokkur jarðvegur var (svæðið sem hér er verið að fjalla um, er framan/sunnan við Skarðsá). Slíkur var kraftur spýjunnar að hún fór yfir ána og í land hinum megin og stíflaði ána (Fnjóská) um stund. Þessum ósköpum fylgdi þéttur leirlitaður vatnsúði. Ekkert af fénu var svo nærri læknum þegar skriðan féll fram að því yrði að granda. ...Fnjóskáin var orðin viðsjárverð, kolmórauð í hrokavexti, og sem verra var, mikill reki af hríslum og rötum, sem borist höfðu í ána með skriðuspýjunum. ...Þegar við riðum vestur yfir Tunguna er mér það minnisstætt, að slíkur var vatnsaginn orðinn í jarðveginum, að jafnvel á harðvellisgrundum sluppu fætur hestana í, jafnvel svo til vandræða var. (*Magnús Aðalsteinsson, Göngur á Bleiksmýrardal, Súgur, 1997*).

## Hjaltadalur

– **Hjaltadalur (alm. ):** ...Framdalirnir eru fagrir, luktir mikilúðlegum fjöllum, vel grónir og veðursælir. Undrast mætti, hve byggðin hefur verið þar stopul. En benda má á, hve hér er afskekkt, og eigi síður hitt, hve miklar sagnir eru um skriður og snjóflóð, sem fallið hafa yfir bæina eða tættur þeirra. Sá, sem fer um dalina, verður eigi aðeins snortinn af náttúrefugurð þeirra. Gamla sagnir með ævintýrasvip laða fram sérstakan hugblæ. En hinar sagnlausu tóttir, sem eru að hverfa undir huliðsblæju molda í skriðum og framburði orka þó máttugast á ímyndunaraflið (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður–Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Hjaltadalur (alm.):** ...Vorið 1818 féllu fjarska miklar skriður á framdölunum ofan í árnar. Voru þá svo miklar skógviðarrastir með Hjaltadalsá, út og niður frá bænum, að gerðar voru tvær kolagrafir úr röstunum. Fnjóská bar þá skógarhríslur til sjóar og rak af þeim á tíu hesta á Svalbarðsströnd (*Úr dagbók Guðmundur Davíðsson frá Fjósatungu, Ársrit Skógræktarfélags Íslands, 1981*).

– **Hjaltadalur:** ...Túninu spillir nokkuð lítið bæjarlækurinn með leirsáburði. Engið er stórlega fordjarfað og mikinn part eyðilaggt af skriðum og grjótsáburði úr lækjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

– **Bæjarstæði:** ...Bæjarstæði er kallað innar en í miðjum Hjaltadal að vestanverðu. Það er fyrir innan hólana. Er þangað 3 tíma lestaferð frá bænum Hjaltadal. Nafn þessa bæjar er týnt. En sögn er, að bærinn Hjaltadalur hafi verið þar til forna, en síðar verið fluttur þangað sem hann er nú: utarlega í dalnum að norðanverðu. Í Bæjarstæði saúst rústir fram á 19. öld. Þá var það eitt vor, að Árni Dínusson bóndi í Hjaltadal fór með 2 dætur sínar inn á dal að tína fjallagrös. Tjölduðu þau í rústunum í bæjarstæði og ætluðu að dvelja þar nokkra daga. Og til þess að geta lesið húslestur á sunnudaginn,

hafði Áрни með sér húslestrarbækur og voru þær varðveittar í keraldi. Á sunnudagsnóttina gjörði ákaft regn og tóku skriður að falla. Tóku þau það ráð, að halda heim snemma á sunnudagsmorguninn, en létu tjaldið og farangurinn vera eftir í rústunum. Þá er þau komu þar er Heimastaklif heitir, féll skriða fyrir utan klifið og voru þau teppt. Eftir nokkra stund bar þar að smalamann, er Grímur hét. Hann óð skriðuaurinn upp fyrir hné og komst til þeirra. Síðan tókst þeim Árna að koma stúlkunum yfir skriðuna og gengu síðan heim. Hestarnir voru eftir, og höfðu þau sprett af þeim og lagt reiðtýgin afsíðis. Litlu síðar kom skriða, sem stefndi á hestana; en hún klofnaði, og stóðu þeir á geiranum heilir; en reiðtýgin fórust. Þá er fært þótti, fór Áрни að vitja um farangur sinn í Bæjarstæði. En þá hafði skriða tekið burt rústirnar með öllu saman. Bæjarstæði er því horfið. En þó sér þar á tungarösspotta á einum stað. Á báðum jöðrum skriðunnar höfðu myndast rastir af skógviði, sem hún hafði rífið með sér. Í þeim röstum fundust ýmsir munir úr farangri Árna; en allt var það ónýtt nema keraldið, sem bækurnar voru í: það hafði orðið léttast fyrir af öllu og kastast heilt út röstina. Þar fannst það með bókunum óskemmdum. (*Brynjúlfrur Jónsson, Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905, Árbók Fornleifafélagsins, 1906*).

– **Bæjarstæði:** ...Vorið 1818 voru miklar rígingar eftir hvítasunnu og héldust fram að messum. Urðu þá skaðar miklir og vatnavextir. Einkum spilltist land á afréttum Fnjóskdæla, Bleiksmýrardal og Hjaltadal. ...Áрни bóndi í Hjaltadal hafði farið til grasa í byrjun ríginganna með tveim dætrum sínum. Tjaldaði hann í Bæjarstæði í gamalli hústóft og gekk svo fólkið til grasanna fram á Kollugilsbala, en þegar það kom aftur, var skriða fallin. Missti Áрни þar tjald sitt og nesti og eina tunnu af fjallagrösum, sem búið var að láta í poka og reima vandlega fyrir opið. Þóka þenna rak úr ánni með grösunum í, í Skógarnesi fyrir utan og neðan Hjaltadal.

...Sjöunda býlið er langt frammi á Hjaltadalnum að vestanverðu. Þar eru fornar bæjarrústir. Hefur vallargarður verið umhverfis túnið, en skriða hefur fallið yfir bæjartóftirnar (1818). Ekki vita menn neitt, hvað bær þessi hefur heitið, en staðurinn er ævinlega nefndur á Bæjarstæði (*Sigurður Bjarnason, Fnjóskdælasaga, Nýjar Kvöldvökur, 1932–33*).

– **Bæjarstæði:** ...Nálægt því 10 km suður frá Hjaltadalsbæ eru miklar, sléttar mýrar, nefndar Bæjarstæðismýrar. Þær liggja um 400 m yfir sjó, og eru þó engjar góðar. Oft hefur þar verið heyjað á seinni öldum. Það mun hafa verið skömmu eftir aldamótin 1800, að Dínus í Hjaltadal lá viðgrös þar syðra. Þá voru tóttir enn svo glöggar, þar sem hét Bæjarstæði uppi við fjallið, að tjaldað var brekánunum yfir eina tóttina, og bjó grasafólkið þar. Það hafði með sér postillu og las húslestur. Nesti hafði það, og þar á meðal skyr í kollu. Þegar nær var fullgrasað, gerði regn mikið. Var þá tæmd skyrkollan, og var guðsorðið látið í hana og í skjóðu til þess að verja það vatni. Fólkið sneri heim frá öllum farangri. En þegar aftur var um vitjað, hafði skriða hlaupið yfir tættur og farangurinn og hulið allt, nema skjóðan með guðsorðinu lá ofan á skriðunni. Þessi saga hefur gengið mann fram af manni sem sönnun guðlegrar forsjónar, en hún vitnar líka um endalok eins bæjarstæðisins, þar sem bæði nafn og tættur er grafið í jörðu (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Bæjarstæði:** ...Fjallið sunnan Litluskálar er sundurskorið af grófum og smágiljum og heitir hið stærsta Bæjarstæðisgil og niður undan því Bæjarstæðiskriða. Á grasfleti norðan við skriðuna var fyrrum bær, en eigi er vitað um nafn hans. Vottar þar enn fyrir tóttarbotunum, óglöggt þó. Þar heitir Bæjarstæði. Fátt er vitað um þennan bæ,

en mjög langt mun vera síðan hann fór í eyði og hafa skriðuhlaup vafalaust valdið (*Ferðir (32), 1973*).

– **Sláttugil, Stífluhólar:** ...Vorið 1818 voru miklar rigningar eftir hvítasunnu og héldust fram að messum. Urðu þá skaðar miklir og vatnavextir. Einkum spilltist land á afréttum Fnjóskdæla, Bleiksmýrardal og Hjaltadal. Fyrir framan Stífluhóla í Hjaltadal voru þá víðrar miklir og engjablettir góðir á milli, á svæðinu frá Stífluhólagili og fram að Sláttugili, en fögur grashlíð á milli giljanna. Brást aldrei spretta á engjablettum þeim sem á láglandinu voru, og heyjuðu bændur frá Kambfelli og Hjaltadal þar á sumrin. Fjallshlíð þessi hljóp fram þetta vor, ónýtti engið og víðrana og drap fjölda fjár, svo að sagt var að 300 kindaskrokka hefði rekið úr Fnjóská, hið efra og neðra. Bergþór á Öxará hafði rekið fé sitt á Hjaltadal rétt fyrir rigningarnar og hleypt því fram í víðrana framan við Stífluhóla að austanverðu. Voru það 50 kindur, sauðir og gemlingar. Hann heimti aðeins fimm kindur af þeim um haustið. (*Sigurður Bjarnason, Fnjóskdælasaga, Nýjar Kvöldvökur, 1932–33*).

– **Sláttugil, Stífluhólar:** ...Vorið 1818, eftir hvítasunnu, í mikilli rigningatíð, skeði það, að skriður hlupu víða á Hjaltadalnum. Hljóp þá fram, á breiðu svæði, fjallið sunnan Stífluhóla á Kambfellskjálka og fóru þá sláttumýrar, að mestu, undir skriðu og fyrirfinnst þar varla votlendi síðar. Í þessu voðaveðri fórst fjöldi fjár, sem búið var að sleppa á dalinn, lenti það bæði í ánni og skriðunum, sannaðist síðar að það hafði skipt hundruðum. Víða urðu skaðar af völdum þessa óveðurs (*Ferðir (32), 1973*).

– **Bjarnasel:** ...Bjarnasel þar langt inn með hlíðinni er eytt af skriðum. (Brynjúlfrur Jónsson, Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905, Árbók Fornleifafélagsins, 1906).

– **Kambfell:** ...í eyði frá því í fyrndinni. ...Ekki má hér aftur byggja, því túnstæðið er komið í skriðu, en heyskapur enginn. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

– **Kambfell:** ...Milli austari dalanna stendur hátt fjall, Kambfellsjúkur nefnt. Stóð þar fyrir skömmu norðvestan undir kot eitt að nafni Kambfell, sem eyðilagðist vegna skriðufalla á tún og engi (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Illugastaða- og Draflastaðasóknir, 1839*).

– **Kambfell:** ...Kambfell var vestur undir Kambfellsnibbunni og ysti bær í Hjaltadalnum austanmegin. Þar er graslendi, en þó allmiklar skriður. 1818 sprakk jarðvegurinn langs eftir hlíðinni fyrir ofan bæinn. Þó varð eigi af því, að skriðan félli. En nær því að búið var að, að hún félli þó seinna yrði, þó fluttist fólkið þaðan vorið eftir (1819). Hefir þar ekki byggst síðan. Þó féll skriðan aldrei og gleri sprungan aftur. Rústir sjást vel og tún allstórt, en víða hlaupnar á það skriður. Engjar voru í mýrardögum, en þær hafa skriður eyðilaggt. (*Brynjúlfrur Jónsson, Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905, Árbók Fornleifafélagsins, 1906*).

– **Kambfell:** ...Vorið 1818 voru miklar rigningar eftir hvítasunnu og héldust fram að messum. Urðu þá skaðar miklir og vatnavextir. Einkum spilltist land á afréttum Fnjóskdæla, Bleiksmýrardal og Hjaltadal. ...Fólkið í Kambfelli flýði bæinn. Hafði sést sprunga í fjallið þar fyrir ofna og var búið við að jarðskriða mundi falla yfir bæinn þá og þegar, en aldrei varð þó úr því. Síðan hefur ekki verið búið á Kambfelli. Á Snæbjarnarstöðum varð fólkið svo hrætt, að það flýði úr bænum í stórrigningu og

hafðist við á vallarbarði í meira en sólarhring. Tjaldaði það þar yfir sig með ábreiðum (*Sigurður Bjarnason, Fnjóskdælasaga, Nýjar Kvöldvökur, 1932–33*).

– **Kambfell:** ...Kambfell er eina eyðibýlið, sem ÁM (Jarðabókin) getur um á þessum slóðum. Hann segir tóttir nær því horfnar og óbyggilegt, því túnstæðið sé allt í aurskriðu og engar engja. Enginn efi er á því, að þarna hefur verið fornbyli, sem hefur farið alveg í eyði vegna skriðuhlaupa, allöngu fyrir 1700. Á 18. öld gróa síðan upp skriðurnar, og á seinni hluta 18. aldar hefst byggð að nýju. Vitað er fyrir víst um þrjá bændur, er þar bjuggu, og var hinn fyrsti Hermann Hermannsson. Síðastur bjó þar Halldór Jónsson, tengdafaðir Kristjáns á Illugastöðum. Árið 1818 gerði ægilegar úrkomur með fádæma skriðuföllum í framdölum. Þá rak úr Fnjóská full 300 fjár, sem skriðurnar höfðu borðið með sér. Halldór í Kambfelli gekk þá upp í fjallið. Hann sá sprungu í brúninni yfir bænum. Næsta vor flýði hann Kambfell, og hefur ekki verið búið þar síðan. Enn þá sést sprungan í fjallinu, en ekki hefur skriðan fallið enn og er nú allt vafið grasi um Kambfellsbæ (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

## Timburvalladalur

–**Timburvalladalur (alm. ): ...**Framdalirnir eru fagrir, luktir mikilúðlegum fjöllum, vel grónir og veðursælir. Undrast mætti, hve byggðin hefur verið þar stopul. En benda má á, hve hér er afskekkt, og eigi síður hitt, hve miklar sagnir eru um skriður og snjóflóð, sem fallið hafa yfir bæina eða tættur þeirra. Sá, sem fer um dalina, verður eigi aðeins snortinn af náttúrufegurð þeirra. Gamlar sagnir með ævintýrasvip laða fram sérstakan hugblæ. En hinar sagnlausu tóttir, sem eru að hverfa undir huliðsblæju molda í skriðum og framburði orka þó máttugast á ímyndunaraflið (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Timburvellir:** ...Timburvellir voru vestanmegin í dalnum, gegnt Fagranesi. Þar sjást allmiklar rústir og tún svo stórt, að það var kallað tólf eyrisvellir. Það er grasi vaxið. Þó hefir skriða fallið sunnan til á túnið. Önnur skriða er utanvert við það. Sjá má að lækur hefir verið leiddur heim að bænum. (*Brynjúlfrur Jónsson, Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905, Árbók Fornleifafélagsins, 1906*).

– **Hvítáarkot:** ...Hvítáarkot var langt inni í dalnum hjá ársprænu, er Hvítá heitir og hefir nafn af fossafalli. Þar er nú allt undir skriðu. (*Brynjúlfrur Jónsson, Rannsókn á Norðurlandi sumarið 1905, Árbók Fornleifafélagsins, 1906*).

– **Hvítáarkot:** ...Hvítáarkot stóð sunnan við mýrarnar við Hvítá, sem fellur hvítfyssandi niður alla hlíð. Þar hurfu tættur undir skriðu fyrir fáum árum. Engar fylgdu sagnir. Hvítármýrar eru um 10 km sunnar Sörlastöðum og 310 m yfir sjó. Þar hefur verið nægt engi og aðrir landkostir til byggðar (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Fagraneskot:** ...Fagraneskot heitir nálægt tveimur km sunnan Skarðssels. Þar eru hlíða skógivaxnar og engjar á milli. Þar hefur byggð horfið snemma, og tættur að mestu orpnar skriður (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).



## Fnjóskadalur

- **Sörlastaðir:** ...Jón Árnason hét bóndi sá, sem bjó á Sörlastaðum fyrir hallærið. ...Skriða hafði fallið fast að bænum, svo að Jón færði hann syðst í túnið (um 1770–1780). Stóð hann þar meira en 80 ár, þangað til Jón Sigfússon færði hann þangað sem hann stendur nú, árið 1862 (*Sigurður Bjarnason, Fnjóskdælasaga, Nýjar Kvöldvökur, 1932–33*).
- **Sörlastaðir:** ...standa Sörlastaðir á stóru, hallalitlu túni undir brattri fjallshlíð. Skriðuhryggi eru undir brekkunni, og hefur bærinn tvisvar verið færður til í túninu, og í annað sinn vegna skriðufalls úr fjallinu (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður–Þingeyjarsýsla, 1954*).
- **Bakki:** ...Skógur er að kalla eyddur til raftviðar mest fyrir snjóflóðum. Engið er mikinn part eyðilaggt af skriðum og snjóflóðum, og er það eina til slægna, sem hent er innan um þessi skriðuföll. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).
- **Belgsá:** ...Útigangur mjög svipull fyrir fannlögum og snjóflóðum. Túninu hefur fyrir nokkrum árum spillt eitt stórt skriðufall, sem á það hljóp úr fjallinu, og er þó mikinn part uppvaxið, með því að skriðunni var komið saman í stórhauga. Enginu spilla og skriður úr fjallinu skaðlega, en þar sem óspjallað er, hvítnar upp og sprettur lítt. ...Ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir snjóflóðum og hafa þau nokkrum sinnum nálægt honum gengið og eitt sinn tekið hesthús á vellinum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).
- **Belgsá:** ...Bærinn er á fornum aurskriðum. ...Belgsá er annmarkajörð vegna snjóflóða (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður–Þingeyjarsýsla, 1954*).
- **Þórðarstaðir:** ...Túninu spillir Fnjóská með landbroti til stórskaða og því hefur landsskuldin áður verið aftur færð, og svo hefur eitt jarðfall fyrir nokkrum árum hlaupið á túnið að ofanverðu, þar með eitt skriðufall, sem nú er nokkun veginn upp vaxið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).
- **Vaglir:** ...Túninu spilla smáskriður að ofanverðu á vorin. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).
- **Háls:** ...Túninu spillir aur og grjót, sem hleypur á þa með smáskriðum úr brattlendi á vorin, sem þó verður afræktað. Engið er bæði slitrótt og smáfengið og víði vaxið, og spillist þar með af skriðum úr fjallinu. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).
- **Háls:** ...Prestsetrið Háls hefir skóg nokkurn til kolagjörðar, en ókosti marga af skriðuföllum, moldar- og sandfoki, til tjóns túni og engjum. (*Johnsens Jarðatal, 1847*).

## Ljósavatnsskarð

- **Ljósavatnsskarð:** ...Ljósavatn, sem dregur nafn sitt af hinum ljósgræna lit sínum, er vestan við Bárðardal í stóru skarði, er Ljósavatnsskarð nefnist, og liggur um það vegur til Fnjóskadals, vestan skarðsins. Fjöllin eru há og brött á þessum slóðum og sveitin í hættu fyrir skriðuföllum (*Sveinn Pálsson, Dagbók 1794, Ferðabók, 2.útg. 1983*).
- **Akur:** ...Ekki má hér aftur byggja, því skriða hefur eyðilaggt túnið, og því féll byggðin af (eyði í um 40 ár). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).
- **Birningsstaðir:** ...Enginu spilla skriður úr fjallinu og lækir með grjótsáburði skaðlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).
- **Kambsstæðir:** ...Túninu spilla skriður úr fjallinu og er það undir dagsláttu, sem ekki verður unnið, því spillir og grjótfok af háum melum. Enginu spilla og stórlega skriður úr fjallinu, sem árlega fer í vöxt. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).
- **Bessastaðir/Bessakot:** ...Kostir og ókostir sem víðar segir um staðinn Ljósavatn, nema hér um fyrir vel 60 árum tók skriðufall þetta kot og var það síðan fært niður betur þangað sem nú stendur það í sama túni. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).
- **Litlutjarnir:** ...Engið er mikinn part eyðilaggt fyrir snjóflóðum og skriðum úr fjallinu, en það sem eftir er, ef lítt vinnandi fyrir grjóti. Úthagarnir eru nægir, en spillast mjög af skriðum. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).
- **Litlutjarnir:** ...Skriðuhætta og snjóflóða– er mikil á Litlutjörnum, og hefur hvorttveggja orðið til mikils бага og landspjalla, þó ekki hafi bæinn sakað. Stór skriða féll heim undir bæinn haustið 1946 (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður–Þingeyjarsýsla, 1954*).
- **Hólagerði:** ...Fornt eyðiból. ...Munnmæli að Litlu Tjarnir hafi hér í fyrndinni staðið og héðan fluttar verið undan skriðum, og því má hér ei aftur byggjast. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).
- **Hólagerði:** ...Hólagerði er eyðiból fornt í hólunum austur með vatninu. Gömul sögn er, að þar hafi Litlutjarnir áður staðið, en farið í eyði af skriðuhlaupum (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður–Þingeyjarsýsla, 1954*).
- **Sigríðarstaðir:** ...Túninu grandar ein skriða úr fjallinu til skaða, og horfir þó til meiri spjalla með framtíðinni. Engið er stórlega fordjarfað af snjóflóðum, sem borið hafa í það mól og grjót. ...Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og svo fyrir dýjum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

– **Sigríðarstaðir:** ...Jörðin liggur undir áföllum af skriðum og snjóflóðum og vexti lækja, er bera fram mól á tún og grundir (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

## Fnjóskadalur

– **Hallgilsstaðir:** ...Túninu spillir leirságangur úr brattlendi skaðlega og langvarandi órækt. Hætt er kvikfé fyrir holgryfjum og lækjum og svo fyrir snjóflóðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

– **Veisusel:** ...Túninu spillir skriðufall úr fjallinu og hefur tekið af því nokkurn part. Enginu spillir og skaðlega sama skriðufall, og er óvinnandi nokkur partur þess fyrir því. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

– **Veisa:** ...Túninu grandar leirsáburður úr bæjarlæknum og brattlendi á báðum þörtunum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

– **Veisa:** ...Fjallið ofan við bæinn er hátt og bratt og gróðurlaust hið efra, og hafa þar margar skriður fallið og liggja sem dyngjur við fjallsrætur (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Végeirsstaðir:** ...Enginu spillir jarðfall á einum stað úr brattlendi, sem á það hefur hlaupið. Jarðfall hefur og hlaupið á völlinn og tekið eitt hesthús, sem stóð við útgarða. Er nú að mestu upp sprottið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

– **Böðvarsnes:** ...Landsskuld ic í næstu 4 ár, fyrir 15 eður 16 árum í cxi álnir, þess í milli fór landsskuldin smám saman til rýrðar, eftir því sem skriðufall jókst á túni og engjum. ...Túninu spillir stórlega eitt gil úr fjallinu með grjótsáburði, og hefur eyðilagt hér um tveggja daga slátt af vellinum. Enginu grandar sama gil stórlega með grjóti og sandi, og því er landsskuldin aftur færð. Ekki sýnist bænum öldungis óhætt fyrir skriðufalli úr því sama gili, sem túninu granda, þó hefur það ekki hingað til að meini orðið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Fnjóskadalshreppur 1712*).

## Náttfaravíkur

– **Náttfaravíkur:** ...Í Víkurfjörum fórst maður af grjóthruni 1848 (*Árbók FÍ, 2000*).

– **Naustavík:** ...Túnið var lítið og nú mestallt af skriðu eyðilagt. Engið er svo af skriðum fordjarfað. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).

– **Naustavík:** ...Við hornið norðan við Naustavík sprakk fram geysistór fylla úr brekkunni vorið 1995. Er þar nú þverskorið stál í brúninni, tugir metra á hæð og fleiri hundruð metrar á lengd frá norðri til suðurs. Skriðan hefur að nokkru hlaupið í sjó fram en þó liggur megnið af henni þarna í brekkurótunum og er mjög ógreiðfært yfir

hana. Þessi skriða er mjög til trafala fyrir göngufólk því að áður lá aðalgatan frá Naustavík út í Vargsnes einmitt þarna um (*Ferðir (55), 1996*).

– **Kotamýrar:** ...Það nefnist Kotaskarð eða Nípurárskarð og er eina hestfæra leiðin í Náttfaravíkur, og þó erfið og ógreið. Norðan við skarðið er mikill fjallstöpull. Snarbrött skriðuhlíð veit að Kotudal, og þaðan er mikið grjóthrun í Purká. Fjallið heitir Brakandi(?) að vestan. ...Neðan við bæinn beljaði áin stórgrýtt og straumhörð, en á móti bænum var Bakranginn með snarbröttum skriðum, og var oft mikið grjóthrun í ána. (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Frá Norðurhjara, Heima er best, 1963*).

– **Kotamýrar:** ...Purká kemur úr þröngum dal af háfjöllum, og er jökull þar innst í dalbotni. Nokkurt undirlendi er í dalnum vestan ár. Kotamýrabær stóð þar utarlega. Á móti bænum er Bakrangi, snarbrattur og gróðurlaus með skriðum og klettum. ...Í hverri regnskúr eða leysingu heyrðist inn í bæinn, nætur og daga, grjóthrun og smáskriðuföll úr fjallinu á móti (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

## Kinn

– **Bakrangi/Ógöngufjall:** ...Aðalleiðin í Náttfaravíkur er um fjörur undir hömrum fjallsins (Ógöngufjall) aðeins fær gangandi mönnum um fjöru og í brimlausum sjó og gat þó verið háskaleið. Á 19 öld dauðrotaðist þar maður af steinhruni. (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Frá Norðurhjara, Heima er best, 1963*).

– **Bakrangi/Ógöngufjall:** ...Leiðin liggur um Hellisvík og Stóruurð. ...Norðan Stóruurðar er Stapinn, forvaði þar sem 2 menn drukknuðu haustið 1924, en 2 björguðust naumlega. Síðan hefur mikið hrunið framan af Stapanum og þurfti þar lítt að sæta sjávarföllum, ef sjór var sléttur. Í fyrravor (1976) sprakk þarna fram bergfylla og þarf að klöngrast yfir nokkurt torleiði ef frá ber háfjöru (*Hlöðver Hlöðversson, Víknafjöll, Árbók Þingeyinga, 1977*).

– **Bakrangi/Ógöngufjall:** ...Norðan Stóruurðar er Stapinn, forvaði þar sem 2 menn drukknuðu haustið 1924 en 2 menn björguðust naumlega. Síðan hefur mikið hrunið framan af Stapanum og þurfti þar lítt að sæta sjávarföllum, ef sjór var sléttur. Í fyrravor (1980) sprakk þarna fram bergfylla og þarf að klöngrast yfir nokkurt torleiði ef frá ber háfjöru (*Ferðir (40), 1981*).

– **Bakrangi:** ...Frá Straumslæk og allt á bak við Bjargabæ nefnist það Makki eða Bjargafjall. Grasvegur er fallinn niður úr fjalli þessu að mestu (skriður). Lækkar þá fjallgarðurinn og er þá með jarðvegi (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Þóroddsstaða- og Ljósavatnssóknir, 1840*).

– **Björg:** ...Úthagarnir eru nokkurnveginn bjarglegir en spillast þó af skriðum til fjallsins og grjóthruni undir bjarginu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).

– **Björg:** ...Útræði var talið til forna frá Björgum og sémilega góð lending, en skipum hætt í nausti fyrir grjóthruni úr fjallinu (Bakranga) (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Litlubjörg:** ...Munnmæli um byggð. ...Ekki má hér aftur byggja fyrir grjóthruni úr bjarginu, sem eyðilagð hefur þetta pláss. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).

– **Litlubjörg:** ...Litlubjörg heita tættur fornlegar út og upp við hamrana. Þar hefur verið býli, og hafa þar fundist öskuhaugar. Sögn er, að bærinn hafi verið fluttur undan grjóthruni þangað, sem hann er nú (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Þóroddsstaðir, Gissurhús:** ...Í eyði í 40 ár. ...Ekki má aftur byggja fyrir túnstæðisleysi, þar með hljóp skriða úr fjallinu á kotið, sem það eyðilagði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).

– **Gissurarhús:** ...Gissurarhús, út með fjallinu, voru í byggð skamma hríð um líkt leyti (seint á 17 öld). Skriða hljóp yfir það og eyddi (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Geirbjarnarstaðir, Þoroddstaðir:** ...(1863) Með 19. september gekk aftur að rík norðanátt með hvassviðri og dæmafáum úrkomum, einkum 18.-23., drupu þá hey manna víða, skriður og jarðföll hlupu hingað og þangað fram, ein milli Þóroddstaðar og Geirbjarnarstaðar í Köldukinn, féll þar jarðfall 100 faðma breitt ofan frá fjallsbrún og allt niður Skjálfafljót, svo það stíflaðist að nokkru. Létti fyrst ótíð þessari nokkuð hinn 7. október (*Annáll níjtjándu aldar*).

– **Halldórsstaðir:** ...Enginu spilla lækir með leirsáburði úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).

– **Landamót:** ...Túninu spillir nokkuð grjótsáburður úr tveimur giljum sem falla í gegnum það. (um Landamótasel segir: Kostir og ókostir sem segir um heimajörðina (Landamót), ...nema hér spilla ekki skriður). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).

## Bárðardalur

– **Stóruvellir:** ...Gamli bærinn stóð við fjallsrætur. En árin 1887–1890 var reist tvílyft fjölbýlishús úr höggnum steini syðst og neðst í gamla túninu, því bænum þótti ekki óhætt fyrir snjóflóðum við fjallið (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður-Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Litluvellir:** ...Túninu hefur að fornu grandað skriðufall, sem saman hefur verið komið í hauga, og er mikinn part grasi vaxið, þó grýtt sé, því spillir og leirságangur skaðlegur oft og tíðum. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).

– **Litluvellir:** ...en ekki er jörð þeirri óhætt fyrir skriðuáföllum (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Eyjadalsá- og Lundarbrekkusóknir, 1839).

– **Halldórsstaðir:** ...Hlíðin sunnan við ána (Halldórsstaðaá) er brött og skógi vaxin og lág til brúnar. Þar hafa hlaupið skriður og borið skóg með fullu lífi niður á sléttlendi og hann vaxið þar (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður–Þingeyjarsýsla, 1954*).

– **Mýri:** ...Túninu spillir í einum stað vatnsgröftur úr bæjarlæknum, sem gjörir jarðfall, þó það sé enn lítið. Enginu spillir stórlega skriður og leir úr fjallinu, það liggur og í snarbrattri fjallshlíð á dreif, erfitt til að sækja. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).

– **Íshóll:** ...Túninu spillir fyrir utan bæinn leirskriða úr fjallinu og hefur tekið af undir hálfu dagsláttu. Engið spillist og af skriðum úr fjallinu árlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).

– **Hofgarður, Helgastaðir:** ...Hofgarður (Horngarður í landi Íshóls, gamalt prestsetur), eyddist af sandi og skriðuhlaupum. Helgastaðir (upp með Skjálfafljóti) sömul. sömu orsakir (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).

– **Sigurðarstaðir:** ...Túninu spillir ein skriða úr fjallinu og hefur eyðilagt af því fulla dagsláttu. Enginu spillir skriðugil með sands og malar áburði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).

– **Hrappsstaðir:** ...Enginu spillir lítið í einum stað skriða úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).

– **Jarlsstaðir:** ...Túninu spillir skaðlega skriða úr fjallinu, sem eyðilagt hefur hér um dagsláttu, og svo bæjarlækurinn með grjótsáburði og svo sandfok til stórspjalla. Enginu spilla smáskriður úr fjallinu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).

– **Arndísarstaðasel:** ...Í eyði um 40 ár. ...Ekki má hér aftur byggja, því túnstæðið er yfirfallið af skriðu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ljósavatnshreppur 1712*).

## Skriðuhverfi

– **Rauðaskriða:** ...Norðan bæjar er landið um Núpinn (Garðsnúp) vestanverðan, nær því á ysta horn. Brött er hlíðin, þegar norðar dregur, og kjarri vaxin. Oft hafa það hlaupið smáskriður og myndað geilar í skóginn (*Jón Sigurðsson frá Ystafelli, Lýsing Þingeyjarsýslu – Suður–Þingeyjarsýsla, 1954*).

## Aðaldalur

– **Aðaldalur (alm.):** ...Á engum þessarar sóknarbæjum hefur svo ég viti orðið mein af skriðum eða snjóflóðum. Þó hafa stöku sinni á vorum snjóflóð borið grjót og aur á engi eða úthaga í Garði, Hafralæk og Ytrafjalli (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenn tafélagsins – Nessókn, 1840*).

– **Mýlaugsstaðir:** ...Túninu spillir leirságangur úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykjadalshreppur 1712*).

– **Árbót:** ...Túninu hefur spillt fyrir nokkrum árum skriðufall úr bæjarlæknum, sem nú er að mestu uppvaxið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykjadalshreppur 1712*).

## Reykjadalur

– **Höskuldsstaðir:** ...Undir jörð þessa sem hrapalega er af sér gengin fyrir skriðum eins liggur einn hólminn í Vestmannsvatni (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Helgastaðasókn, 1839*).

– **Daðastaðir:** ...Túninu spillir skriðufall úr fjallinu og hefur tekið nærri þriggja daga slátt, sem nú er nokkuð upp vaxið og afræktuð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykjadalshreppur 1712*).

– **Litlu-Laugar:** ...Enginu spilla skriður úr fjallinu og svo vatnsagi, sem étur úr rótina. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykjadalshreppur 1712*).

## Laxárdalur

– **Birningsstaðir:** ...Túninu spillir lítið í einum stað leirskriða úr fjallinu, sem ekki verður afræktuð. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykjadalshreppur 1712*).

– **Brettingsstaðir:** ...Túninu spillir leir sem rennur á það úr brattlendi til skaða. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykjadalshreppur 1712*).

– **Hólar:** ...Hætt er við að skriða hlaupi á túnið, sem hingað til hefur orðið með garði við varðað, og svo af vatni, sem étur úr rótin. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykjadalshreppur 1712*).

## Mývatnssveit

– **Búrfell:** ...gengið á Búrfell. ...Betra er þó að fara þarna með gætni, því að berglögin eru mjög klofin, svo hætt er við grjóthruni. (*Ólafur Jónsson, Ódáðahraun 1945*).

## Herðubreið

– **Herðubreið:** ...Við skulum fara að sunnanverðu við fjallið. Þar eru sléttir sandar meðfram fjallinu, en á þeim standa hér og þar stór björg, sem hrunið hafa úr hömrnunum. Suðvestan í Herðubreið er dálítill öxl. Upp af henni er þröng gilskora, sem liggur upp í gegnum hamrana og upp í trektлагаða hvilft efst í brúninni. Þarna mun

hægt að ganga á fjallið, en hættulaust er það ekki, því að steinkast er mikið úr skálinni niður gilið. (*Ólafur Jónsson, Ódáðahraun 1945*).

– **Herðubreið:** ...31.07 1938 (gengið á Herðubreið). Suðaustur úr fjallinu skagar öxl allmikil. ...Þegar þangað kom, sáum við þrönga gilskoru, sem klauf hamrana upp af öxlinni. Gil þetta gekk upp í skál í fjallsbrúninni. Hjarn var í gilinu, en engin hamrabelti eða aðrar hindranir sjáanlegar. ...Þegar við komum í gilsmynnið, sáum við, að einn ljóður var á þessari leið, sem við ekki höfðum gert ráð fyrir. Í gilinu var mikið steinflug. Steinvölur, sumar á stærð við krúegg, aðrar hnefastórar eða meira, þeyttust í sífellu með geysihraða niður gilið, og mundi ein þeirra nóg til að rota mann eða meida, ef illa tækist til. Svo sem fyrr er getið lá gilið upp í dálitlu skál í fjallsbrúninni. Hver steinn, sem losnaði þar upp í skálinni, hlaut að fara niður gegnum gilið með feikna hraða. (*Ólafur Jónsson, Ódáðahraun 1945*).

– **Herðubreið:** ...Um mánaðarmótin ág.–sept. sumarið 1935 komu ung, frönsk hjón að Víðikeri og báðu um fylgd í Öskju og Herðubreiðarlindir. ...Frönsku hjónin voru alvön fjallgöngum í Ölpunum og renndu því hýrum augum til Herðubreiðar, sem nú var þó hulin þoku. Vildu þau óvæg freista til uppgöngu á fjallið austanvert, þrátt fyrir mótmæli okkar. Varð það því úr, að ég fór með þeim, og klifum við upp snarbrattar hlíðar svo klukkustundum skipti. ...segir nú ekki af ferðum okkar upp fjallið, fyrr en við komum að gildragi einu, sem við fylgdum nú um stund, þar til við komum að snarbrattri hjarnfönn, er lokaði leið okkar í bráðina. Settumst við þar niður og hvíldum okkur um stund, áður en við freistuðumst að klífa hana. Þá bar svo við, að grjót- og snjóskeiða geystist ofan úr fjallshlíðinni og stefndi að okkur með ærnum krafti. Sluppum við þó fyrir guðs mildi upp úr gilinu og forðuðum okkur inn undir hamrabelti sem slútti yfir gilið á hægri hönd (*Kári Tryggvason, Víðikeri, Ferð um Öræfi, Stígandi (5), 1947*).

## Askja

– **Þorvaldsfjall:** ...Þetta er næsta fjall í Dyngjufjöllum og heitir Þorvaldsfjall í höfuðið á Þorvaldi Thoroddsen. Norðan í þessu fjalli eru miklir móbergshamrar efst og svo snarbrattar skriður suður í vatn. Aðeins er hægt að klöngrast þar meðfram vatninu eftir skriðum og móbergsklöppum, en hættulaust er það ekki, því að skriður og grjóthrun eru þar daglegir viðburður. Engin fjara er með vatninu. (*Ólafur Jónsson, Ódáðahraun 1945*).

– **Þorvaldsfjall:** ...Suðurhlíðar fjallsins eru þaktar margra metra þykku vikurlagi úr grófum, ljósum eða brúnleitum vikri. Leysingarvatn hefur skorið margra djúpa skorninga niður í gegnum vikurinn, en uppi á fjallinu, þar sem vikurinn hefur getað stöðvast, hangir hann eins og snjóhengur norðan í fjallsbrúninni. Öðru hvoru springa stórar fyllur þar úr brúninni og falla sem skriðu niður fjallshlíðina. ...Í vorleysingum og regnhryðjum steypast þar (í Öskju) stórskriður úr fjöllum, einkum Þorvaldsfjallinu (*Ólafur Jónsson, Dyngjufjöll og Askja, 1962*).

– **Þorvaldsfjall:** ...Á kyrrum dögum í Öskju kveða einatt við drunur frá Þorvaldsfjalli, stundum lágværar, stundum miklar og langvarandi. Þá falla skriður úr fjallinu. Þverhnipt rís fjallið frá mjórri strandræmu Öskjuvatns. Brotsárið er rétt rúmlega hundrað ára gamalt og langt frá að veðrunin hafi máð sárið svo að þar sé allt í



jafnvægi. Fjögur hundruð metra hár veggurinn er gerður úr lausu efni þar sem skiptist á lög af gjósku, morknum hraunum og óhörðnuðu molabergi. Grjóthrun verður með svo skömmu bili að hæpið er að hægt sé að ganga meðfram suðurbakka vatnsins án þess að einhvers staðar verði grjóthrun í fjallinu meðan á göngunni stendur. Tíðni skriðufalla er þó mismikil eftir árstíma og tíðarfari, en enginn ætti að tefla á tvær hættur til þess eins að fara skemmtilega gönguferð. (*Guðmundur E. Sigvaldason, Dagar í Dyngjufjöllum, Áfangar, 1986*).

## Kverkfjöll

– **Hveradalur:** ...Suðausturhluti dalsins, handan við gufuhverinn mikla er unglegri, hlíðarnar hömróttari, víða þverhníptar, og botninn flatur leirbotn, og er stráð um hann stórum grágrýtisbjörgum, og eru brotpletir þeirra ákaflega nýlegir. (*Ólafur Jónsson, Ódáðahraun 1945*).

## Þeistareykir

– **Þeistareykir:** ...Túninu spillir sandfok að sunnanverðu til skaða. Enginu hafa áður skriður spillt úr fjallinu en ekki nýlega. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Reykjadalshreppur 1712*).

– **Ketilfjall:** ...Túnið byrjar norðan undir Bæjarfjalli, og norðan við það er vítt svæði af óræktaðri jörð. ...Síðan liggur leiðin undir háu fjalli (Ketilfjall), sem mikið grjót hefur hrunið úr, og verða menn að þræða þar milli steinanna, sem er þó allægilegt, því að mörgum þeirra virðist tyllt þannig hverjum ofan á annan. Að bráður bani sé búinn þeim, er fram hjá fara (*Skýrsla Ole Henckels um Brennisteinsnámur á Íslandi, 1776, í Ferðabók Olaviusar*).

## Tjörnes

– **Laxamýri:** ...Hér um fyrir vel 30 árum sprakk bjargið fram undann fossinum (í Laxá) og féll í kerði. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tjörnes 1712*).

– **Húsavík:** ...aðfaranóttina hins 18. aprílmánaðar (1872) kl. 11 um kvöldið kom á Húsavík jarðskjálfti. ...kl. 4. um nóttina, þá kom einn svo harður, að húsin léku til og frá. ...bóndinn Sigurjón Björnsson á Kaldbak sem býr hér skammt frá, missti 6 ær, sem orsakaðist með þeim hætti, að skepnur hans voru í fjöru skammt frá bænum, en mjög háir hamrar voru yfir; hafði því sprungið úr björgunum og þær orðið undir hruninu (Kaldbakshöfði) (*Þorvaldur Thoroddsen, Landskjálftar á Íslandi, 1905*).

– **Ytri-Tungur:** ...Túninu spillir kulda snjóvatn, sem gjörir hvíta rotbletti. Engjarnar eru mjög spilltar til skaða af grjóthruni og grjótsókn á allar síður, því þær liggja í hvömmum með einu gili en háir melar allt um kring, hafa og alltið verið smáfengnar. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum við sjóinn. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tjörnes 1712*).

- **Hallbjarnarstaðir:** ...Engið spillist á sama hátt sem áður segir um Ytri–Tungu. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tjörnes 1712*).
- **Ísólfstaðir:** ...Enginu spillir grjót og sandfok í suðvestanveðrum, sem ber úr björgum og bökkum þar fyrir neðan. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Tjörnes 1712*).
- **Bangastaðir:** ...Þann 25. janúar næstl. (1885) kl. 10.50 f.m. kom hér voðalegur jarðskjálfti og stóð hann yfir 2–3 mínútur. ...Í björgunum austanverðu á Tjörnesinu varð ógurlegt bjarghrun, hrapaði á bát í Bangastaðahöfn (*Jarðskjálftarnir í Kelduhverfi 1885 – samtíma frásögn, Heima er best 1979*).
- **Tjörnes:** (Jarðskjálfti 1885) ...úr björgunum á austanverðu Tjörnesi varð ógurlegt grjóthrun. (*Þorvaldur Thoroddsen, Landskjálftar á Íslandi, 1905*).

## Norður Þingeyjarsýsla

### Kelduhverfi

- **Kelduhverfi** (sprungur): ...Alls staðar er hér fullt af stórum sprungum í hrauninu eins og annars staðar um allt Kelduhverfi. ...Það getur oft verið hættu að síga í gjár. Nú í vor (1895) missti maður, er seig eftir kind, hægri handlegginn. Bjarg hrapaði á hann og molaði handlegginn (*Þorvaldur Thoroddsen, Ferðir á Norðausturlandi sumarið 1895, Ferðabók III, 2. útg. 1958–60*).
- **Sultir:** ...Þann 25. janúar næstl. (1885) kl. 10. 50 f.m. kom hér voðalegur jarðskjálfti og stóð hann yfir 2–3 mínútur. Meðan á honum stóð gat enginn, hvorki úti né inni, nokkuð aðhafst, því allir lágu fallnir. ...Umhverfis bæinn á Sultum eru björg á tvær hliðar, þar varð bjarghrun hroðalegt svo að tók af töluvert af vallendi, sem voru hestahagar þáðan. (*Jarðskjálftarnir í Kelduhverfi 1885 – samtíma frásögn, Heima er best 1979*).
- **Sultir:** ...landskjálfti mikill í Kelduhverfi og nálægum héruðum hinn 25. janúar (1885). Landskjálfti þessi kom kl. 10:50 f. h. og stóð yfir í 2–3 mínútur. ...kippkorn fyrir vestan Víkingavatn stendur bærinn Sultir uppi í hrauninu í skoti undir hárra hraunrönd, þar varð hroðalegt bjarghrun úr hömrunum í kring og tók af töluvert vallendi, sem voru hestahagar frá Sultum. (*Þorvaldur Thoroddsen, Landskjálftar á Íslandi, 1905*).
- **Sultir:** ...Í Sultum er afar einkennilegt bæjarstæði. Klettabelti kringja um túnið á þrjá vegu og halda bænum sem í faðmi sér. En lélega er þar hýst og túnið grýtt af hruni úr björgunum (*Árbók FÍ, 1941*).

## Öxarfjörður

- **Vestara-Land, Landsbjörg:** ...Skammt suðvestur af Vestara-Landi í Landsbjörgum er Gloppa, stórt op eða klettagöng á ská niður í gegnum bjargið. Var þar áður aðalleið með fé og gripi niður í haglendið undir björgunum, meðfram ánni. Nú er sú leið torfarin vegna hruns úr björgunum (*Árbók FÍ, 1934*).
- **Hafrafellstunga:** ...Í vestanverðu Hafrafelli hefur orðið tjón af snjóflóðum, en af þeim stafar bænum þó engin hætta (*Gísli Guðmundsson (ritstj.), Lýsing Þingeyjarsýslu – Norður-Þingeyjarsýsla, 1959*).
- **Öxarnúpur:** (Jarðskjálfti 1885) ...steinhrun varð mikið úr Axarnúpi, svo heyrðist langar leiðir. (*Þorvaldur Thoroddsen, Landskjálftar á Íslandi, 1905*).

## Slétta

- **Einarsstaðir:** ...Tún sæmilega slétt, en sem liggur undir áföllum af skriðum úr fjallinu (Valþjófsstaðafjall) (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Presthólasókn, 1839*).
- **Leirhöfn:** ...Túninu spillir í einum stað skriðufall úr fjallinu og fordjarfaði í vetur dagsláttuvídd. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Presthólahreppur 1712*).
- **Rauðinúpur:** ...Við norðausturhorn Núpsins stendur drangur mikill, nær jafnhár Núpnum, hefur hann frá fornu fari verið nefndur Karl. Skammt vestan Karlsins gekk brík, ca. 80–100 m löng, en fremur þunn, fram úr Núpnum, jafnhá honum, hét það Sölvanöf. ...Fyrir nokkrum árum kom gat í gegnum Sölvanöf framarlega, og var það að smá stækka. Vorið 1962 tóku menn svo eftir því að komin var sprunga við aðalbjargið, þar sem Sölvanöf byrjar, og þóttust menn þá sjá að til stærri tíðinda mundi draga. Leið svo fram til sunnudagsins 20. maí, en þá varð sá atburður að Sölvanöf hrundi að mestu, eftir stendur aðeins fremsti hlutinn, en hann stendur alla leið upp úr (*Stefán Kr. Vigfússon, Frá Rauðanúp, Árbók Þingeyinga, 1963*).
- **Krossavík:** ...Vetrarríki, bjarghættur fyrir menn og skepnur, bjarghrun, snjóflóð (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Svalbarðssókn, um 1875*).
- **Borgir í Kollavík:** ...Landbrot af skriðum úr Viðarfjalli (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Svalbarðssókn, um 1875*).

## Þistilfjörður

- **Vellir í Viðarvík:** ...Landbrot af skriðum úr fjallinu (Viðarfjall) (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Svalbarðssókn, um 1875*).
- **Rauðanes:** ...Framan við Stakkatorfu (yst á Rauðanesi) er tveir stakir drangar. Kallast þeir Stakkar. Sá sem nær er torfunni er nokkru lægri. Hefur hrunið ofan af

honum í jarðskjálftakipp á fyrstu árum þessarar aldar (1910?) (*Gísli Guðmundsson (ritstj.), Lýsing Þingeyjarsýslu – Norður–Þingeyjarsýsla, 1959*).

– **Garður:** ...Landbrot af skriðum úr Flautafelli að austanverðu (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Svalbarðssókn, um 1875).

– **Flautafell:** ...Túnið spillist af langvarandi órækt og eitt skriðufall úr fjallinu sem eyðilaggt hefur nokkurn part af honum (þ.e. vellinum). (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Þistilfjörður 1712*).

– **Norðurhús:** ...Munnmæli að bærinn (Flautafell) hafi þar í fyrndinni staðið og þaðan undan snjóflóðum fluttur verið. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Þistilfjörður 1712*).

– **Flautafell:** ...Í fjallinu (Flautafellsfjall) er lítið graslendi og hefur það eyðst af skriðum. ...Landbrot af skriðum úr fjallinu. ...Skriðugarða þarf hér eigi við, enda eru þeir hvergi, nema vallargarðurinn að Flautafelli er jafnframt skriðuvörslugarður, þeim megin sem að fjalli veit (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Svalbarðssókn, um 1875*).

– **Bægisstaðir:** ...Svalbarðsgnúpar eru hæstu fjall í Svalbarðssókn. Þeir eru vestur af Balafelli, en í suðvestur frá Stóra-Kvígindisfjalli. ...Austurhlíðin heitir Bægisstaðahlíð og liggur hún suður frá Bægisstöðum. Hún er vallend en klettur í brúninni, víða eydd af skriðum. ...Landspell er af skriðum í Bægisstaðahlíð (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Svalbarðssókn, um 1875*).

– **Áland:** ...Túninu spillir leirvatn, sem á það rennur í leysingum úr brattlendi. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Þistilfjörður 1712*).

## Langanes

– **Langanes:** ...Á þessum bæjum (Skálar, Kumblavík, Selvík, Hrollaugsstaðir) og í Landsendunum, er svo nefnast, fyrir framan Hrollaugsstaðavöll og utan Skálatún, er áður voru einkaengi á báðum þeim bæjum, verður nú ei eitthögg slegið vegna grjóts og skriðuhlaups (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Sauðanessókn, 1840*).

## Eyjafjarðarsýsla

### Grimsey

– **Grimsey:** ...Á undan því fór landskjálftinn, sem hristi allt Norðurland 11. september sama ár (1755). ...Í Grimsey urðu hræringarnar svo ákafar, að hús skemmdust, en mikið hrundi úr björgunum, og biðu hinir fátæku eyjarskeggjar mikið tjón við það, því að skarvakáls- og fuglahillur hröpuðu niður. Mest kvörtuðu þeir þó yfir tjóninu á fuglabjörgunum, því að mörg ár líða, áður en fuglarnir geta aftur orpið á sömu stöðum (*Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, 1752–57*).

- **Grímsey:** ...er aðeins farið í bjargið í stuttum og veigalitlem handfestum, og sumir láta sér nægja að hirða fugl þann, sem lendir í fjörunni af ofanfalli eða drepst af grjóthruni í bjarginu (*Ólafur Olavius, Ferðabók 1775–1777*).
  
- **Grímsey:** ...12. júní (1838) kom allmikill landskjálfti fyrir norðan, og gekk mest yfir landtangana millum Skjálfanda- og Húnaflóa. ...Hrundi þá og grjót úr fjöllum og sjávarhömrum, og spilltust fuglabjörg í Grímsey og Drangey. (*Jónas Hallgrímsson, Um landskjálfta á Íslandi, Rit IV, 1934*).
  
- **Grímsey:** ...Eins og eyjan öll ganga björgin af sér, bæði brotnar úr þeim af jarðskjálftum (er koma hér miklu oft en í landi) og líka hrynur úr þeim í leysingum á vorin og framan af sumri (*Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Grímseyjarprestakall, 1839*).
  
- **Grímsey:** ... (1842) 13. júní var Gunnar Jónsson hreppstjóri í Grímsey að snara fugl undir Efri-Sandvíkurbjargi. Kom hrún á hann og skaðaðist hann mjög, einkum í andliti. Var fluttur heim með lífsmarki og dó daginn eftir (*Annáll nítjándu aldar*).
  
- **Grímsey:** ... (1865) 3. desember var Vilhjálmur sonur Guðmundar Jónssonar í Syðri-Grenivík í Grímsey að bjarga trjávið undan sjó, gekk hann þá hjá steini einum miklum eða bjargi, er hrundi á hann og kostaði svo að hann lifði þaðan frá einungis þrjár klukkustundir (*Annáll nítjándu aldar*).
  
- **Grímsey:** ... (1881) 13. s.m. (okt.) voru menn í Grímsey að bjarga spýtum undan bjargi. Kom hrún á þá, og var Kristján Magnús Guðmundsson, bóndi á Básum, borinn heim með lífsmarki og dó hann daginn. Hann var 18 ára að aldri. Þá lærbrotnaði og Guðmundur Guðmundsson, vinnumaður á sama bæ. Var bundið um og varð hann jafngóður (*Annáll nítjándu aldar*).
  
- **Grímsey:** ...Mestu slysför í björgum er sú, sem nú skal greind eftir munnlegri frásögn á Grímsey, en hún er svona: Einu sinni bar það við, að 19 manns í einu fórust undir Sandvíkurhálsi, en sá 20., er afsíðis var, komst af. Þeir voru að reyna fræknleik sinn að ganga lausir á hillu þar ofarlega og höfðu farið þangað á spottum, festum við hnífa, sem þeir stungu niður í brúninni. Síðan fóru þeir að hafa ólæti mikil á hillunni, en sá 20. gaf sig frá, bað þá gæta sín og fara varlega. Regnmolla var um daginn, og þegar minnst varði sprakk stykki fram úr hlýranum og fórust þeir þá allir 19. ...Aðrir segja þeir hafi verið að sækja kál og er það öllu sennilegra. (*Séra Jón Norðmann, Grímseyjarlýsing (ritað 1846–49), Menn og minjar III, 1947*)
  
- **Grímsey:** ...Landskjálftakippir kvað heldur ekki vera óalgengir í Grímsey, og mikið hrundi þar úr björgunum í jarðskjálftanum 1755 og 1838 ...Oft hrynur úr björgum í leysingum og eins, þegar jarðskjálftakippir koma, og er steinhrunið hér sem í öðrum björgum aðalhætta fyrir sigmenn. Steinhrun drepur og mikið af fugli (*Þorvaldur Thoroddsen, Rannsóknafærðir sumarið 1884. Ferðabók I, 2. útg. 1958–60*).
  
- **Grímsey:** ...Sigurður er maður nefndur Gamlason og bjó að Básum (ca. 1750–70). ...Eitt sinn rak í Grímsey, hval undir bjargi og fór Antoníus með húskörllum sínum að skera hann, og vildi eigi láta aðra menn af vita. Sigurður komst þó brátt að þessu,

gekk suður á Grenivíkurbjarg og felldi skriðu yfir hvalinn, fór síðan andsælis um eyrna fram á hvert andnes með þeim ummælum, að aldrei síðan skyldi hval reka í Grímsey (*Jón Þorkelsson, Frá Antoníusi galdramanni og öðrum Grímseyingum, Þjóðsögur og munnmæli, 1899*).

– **Grímsey:** ...Básavík er örðugust. Þar eru hamrar miklu hærri en annars staðar í vesturhlíð eyjarinnar. ...Þangað sækir sauðfé mjög, einkum á vorin, því fljótt grær þar í skjóli hamranna. En ekki er þeim hættulaus vistin sakir bjarghruns og einnig þess, hve tæp er þar víða ganga, en lífi og limum hætt ef fótaskortur verður (*Arbók FÍ, 1938*).

– **Grímsey:** ...Dauðaslys hefur ekki orðið í Grímseyjarbjargi síðan 1924, er Daníel Willard Fiske sonur séra Matthíasar Eggertssonar först í sigi vegna grjóthruns úr bjarginu. ...Ég vil aðeins til umhugsunar segja hér undir lokin frá þrekaun og hættu, sem gamall sigmaður í Grímsey komst í og skýrði mér frá. Stefán Eðvaldsson heitir hann og býr í Vallakoti ...Sumarið 1934 gengu mjög snarpir jarðskjálftakippir um Mið–Norðurland ...Jarðskjálfta þessara gætti líka talsvert í Grímsey. Stefán bóndi var hangandi í vaðnum þegar ósköpin dundu yfir. Eyjan hristi sig hraustlega, björgin riðuðu og klofnuðu, og lausagrjót tók að hrynja. Horfði þá heldur þunglega fyrir sigmanninum og þeir sem festarinnar gættu, þjuggust ekki við að sjá hann koma kvikan upp fyrir brúnina. Hvorki hann eða þeir gátu ímyndað sér annað en festin hyggist í sundur, eða að grjóthrunið gerði út af við hann á hverri stundu. En ófeigum varð ekki í hel komið. Stefán sá stóreflis björg og bjargfyllur losna fyrir ofan sig og þeytast niður með ferlegum hraða og gný, en hann sakaði ekki heldur. Því varnaði klettanös eða sylla rétt yfir höfði hans, en á henni steytti grjótið og kastaðist fjær bergveggnum, en hvorki hefði sigmaður mátt vera faðminum ofar eða neðar, ef vel átti að fara. Þegar ósköpunum létti, var Stefán dreginn upp heilu og höldnu (*Rósberg G. Snædal, Fólki og fjöll, 1959*).

– **Grímsey:** ...Maður hét Antoníus. Hann bjó á bæ þeim í Grímsey, er heitir Sandvík. ...Var hann ei við alþýðuskap og þótti miðlungi góðgjarn. Mjög var hann dreifður við fjölkyngi. ...Það var einu sinni, að reyður mikla rak austan undir bjargið á rekum Antoníusar. Var það um vetur og var veðráttu hörð mjög, og vissu ekki eyjamenn aðrir með fyrstu af hvalrekanum. ...Antoníus lét á laun skera hvalinn nótt og dag og færa undan, svo hann hafði ærið mikið unnið, þegar bændur vissu, og fyllt hús sín, og hugðu þeir nú að vinna að því, er eftir var. Fór þá Antoníus til um nótt með fjölkyngi sína og hleypti fram bjarginu ofan yfir hvalinn, svo hann huldust allur, og sér þá skriðu enn í dag. Síðan seldi hann bændum hvalföng frá sér með fullkomnu verði (*Hjálmar Jónsson frá Bólu, Frá Grímseyingum hinum fornu, Amma 2. útg. 1961*).

– **Grímsey:** ...Margar sögur hef ég heyrt um slysfarir við bjargsig, en þær sögur hirði ég ekki að segja hér, en allir vita að slysin voru alltof tíð. En eina sögu sagði mér gamall sigmaður í Grímsey, og hana vil ég segja hér, því að hún er eiginlega engin slysasaga, heldur frásaga af undraverðu kraftaverki, þótt áhættan væri í augnablikinu hræðileg. Saga þessi gerðist vorið 1934, en þá voru jarðskjálftar miklir við Eyjafjörð og skemmdust hús og jafnvel hrundu í héruðunum við Eyjafjörð. Jarðskjálftahræingar voru líka miklar í Grímsey. Á þeim tíma, er fyrsti jarðskjálftakippurinn reið yfir, var sigmaður í Grímsey neðarlega í miðju bjargi á niðurlíð. Allt í einu reið kippurinn yfir. Sigmaðurinn hékk með venjulegum útbúnaði í vaðnum, er grjót tók að hrynja úr bjarginu í kringum hann. Þeir, sem voru á

bjargbrúninni gátu ekkert gert og þorðu ekki að snerta vaðinn til að draga hann upp. Loks leið kippurinn hjá, og sigmaðurinn var dreginn í flýti upp, alheill, áður en næsti kippur reið yfir. „Hvernig leið þér þessar sekúndur, sem grjóthrunið úr bjarginu flaug allt í kringum þig?“ spurði ég gamla sigmanninn. „Ég var í raun og veru ekkert hræddur um grjóthrunið fyrir sjálfan mig, en ég var mest hræddur um að einhver steinninn lenti á vaðnum og hyggi hann í sundur, því að þá var ég dauðans matur“ sagði hann við mig, 30 árum seinna. Þetta virðist í frystu vera einkennileg tilfinning, að óttast ekki mest grjóthrunið úr bjarginu, heldur það, að vaðurinn kubbaðist í sundur. En ég skil vel gamla sigmanninn. Vaðurinn var líftaug hans, og ef vaðurinn brast var lífi hans lokið. En mikil þrekaun hafa þessar sekúndur verið. (*Stefán Jónsson, Vestmannaeyjar, Heima er best, 1970*).

– **Grímsey:** ...Eyjan er hluti af miklu stærra svæði, sem hefur smátt og smátt eyðst af sjógangi, jarðhræringum ...Mikið hrundi þar úr björgum í landskjálftum 1755, 1838 og 1934 (*Pétur Sigurgeirsson, Grímsey, 1971*).

– **Grímsey:** ...Háir hólar eru nefndir Litli- og Stóri-Bratti. Sunnan við þá er nef, er áður gekk langt fram úr bjarginu. Var það kallað Hafsúlunef og ofan í það Hafsúlusig. Í jarðskjálftanum 1934 hrundi nefið að mestu og virðist hafa grandað hafsúlum flestöllum er þar byggðu hreiður. Þær sem eftir voru, reyndu aftur hreiðurgerð á sama stað. En aftur hrundi. Þá gáfust þær upp og munu hafa farið austur að Rauðunúpum (*Pétur Sigurgeirsson, Grímsey, 1971*).

– **Grímsey:** ...Verst var það jarðskjálftavorið 1934. Ég (Stefán Eðvaldsson í Vallakoti) var niðri í miðju Miðgarðabjargi, þegar jarðskjálftinn kom. Klöppin næst fyrir ofan mig ríðaði til. Það sem ég hugsaði fyrst um, hvort sjónarbjargsigmaðurinn hefði hrapað niður af brúninni. Fleiri þúsund punda klappir flugu fram hjá mér. Bjargið varð einn reykjarmökkur af steinkastinu. Ég var fljótur að láta þá draga mig upp. Þeir héldu að ég hefði steinrotast. „Á að draga?“ heyrði ég að þeir kölluðu til mín. „Já, og vera fljótir nú“ ansaði ég. Fleiri þúsund punda klappir flugu sitt hvorum megin við mig. Óttaðist ég að grjótið hyggi í sundur trássuna. Varpið í björgunum þurrkaðist út. Daginn eftir fékk ég úr einu bjargi 24 egg, en hefði átt að fá 300–400. Það, sem hlífði mér, var klöppin fyrir ofan mig. Það var eins og þoka með fram björgunum af grjótreyk (*Pétur Sigurgeirsson, Grímsey, 1971*).

– **Grímsey:** ...Í annað skipti vorum við á svipuðum slóðum að bjarga 10 álna rekavið. Við sátum báðir á viðnum. Allt í einu finn ég (Stefán Eðvaldsson í Vallakoti), að við verðum báðir að standa upp. „Komdu“ segi ég við Sigurð og stekk upp af spýttunni. Rétt í því sem við erum báðir komnir spölkorn í burtu, hrynur úr bjarginu á staðinn, þar sem við sátum. Hefðum við báðir farist ef ég hefði ekki fengið þetta hugboð (*Pétur Sigurgeirsson, Grímsey, 1971*).

– **Grímsey:** ...(Bergfoss strandar við Grímsey 27. sept. 1957. Mannbjörg varð og komust skipbrotsmennirnir upp í fjöru austan á Eyjunni. Eyjarskeggjar komu þeim hjálpar og upp bjargið). ...Leiðin upp Almannagjá sóttist seint, því að mennirnir voru orðnir mjög þrekaðir og grjóthrun var í gjánni, sem þurfti að forðast (*Pétur Sigurgeirsson, Grímsey, 1971*).

– **Grímsey:** ...Norðan við Köldugjá var Hafsúlustapi, sem hrundi í jarðskjálftanum 1934. Drapst þá mikið af súlunni. Hún flutti sig í Stóra-Bratta. Þar hrundi líka (*Árbók FÍ, 2000*).